

Snæbjörn og Baldur Ragnarssynir
**PUNGAROKK OG ÞJÓÐLAGAPÖNK**
▶26



**SÍÐASTA BALLIÐ Á BROADWAY**
▶74



**NORRÆNI TÍSKU-TVÍÆRINGURINN**
▶34


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
29. mars 2014
75. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




# ÉG ER EKKI KRÚTT

**Embla Guðrúnar Ágústsdóttir segir eingöngu fordóma hindra sig í lífinu. Hún ögrar staðalmyndinni um fatlað fólk með því að vera á háum hælum með rauðan varalit því hún vill að samfélagið viti að hún er fullorðin manneskja.** ▶24

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**50 BÖRN HALLGRÍMS** Megas frumflytur lög sem hann samdi fyrir fjörutíu árum við alla Passíusálmana. ▶56



**KVIKMYNDIN NOAH FÆR FIMM STJÖRNUR**
▶65

**GALDRA-DRENGURINN**



Jón Arnór Pétursson töfraði alla upp úr skónum í Ísland Got Talent.
▶46










## FRÉTTIR 2→12

**TÖKUM EKKI SÉNS EINS OG MEÐ REYKINGAR 4**
Formaður bæjarráðs Kópavogs segir heilbrigðiseftirlitið verða að ákveða hvort Waldorfskólinn fái aftur starfsleyfi í Lækjarbotnum þar sem brennisteinsvetni frá Hellisheiðarvirkjun mælist yfir mörkum.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**REKTOR VILL SAMEINAST HÍ 6**
Rekstraráætlun Landbúnaðarháskóla Íslands gerir ráð fyrir sjötíu milljóna króna niðurskurði á næsta ári. Skólinn sendi menntamálaráðuneytinu nýja rekstraráætlun fyrir 2014 til 2016 í gær, sem á að takast á við erfiða fjárhagsstöðu skólans.

**NÆSTU KYNSLÓÐIR BORGA REIKNINGINN 6**
Lektor og aðjunkt við Háskóla Íslands segja að stjórnvöld verði að hækka skatta í framtíðinni til að bæta sér upp tap af skattfrjálsum séreignarsparnaði. Þeir eru sammála um að það borgi sig að greiða niður verðtryggð fasteignalán með sparnaði.

**FÁ RÍKI Í HEIMINUM TAKA FÓLK AF LÍFI 12**
Samkvæmt nýrri skýrslu frá samtökunum Amnesty International hefur aftökum í heiminum fjölgað um fimmtán prósent. Langflestir eru teknir af lífi í Kína.

## SKOÐUN 16→18



**ROKKAR HAGRÆÐINGARHÓPSINS PAGNAÐIR 16**
Þorsteinn Pálsson um kerfisbreytingar og hagræðingu.

**YELLOWSTONE, HEILÖG VÉ – ÍSLAND, VIRKJANASVÆÐI 18**
Ómar Ragnarsson um náttúruvernd og virkjanir.

**STRÍÐSÆSINGUR OG EINHLIÐA FRÉTTAFLUTNINGUR 18**
Jón Ólafsson um frásögn af viðhorfum og misskilning.

## HELGIN 20→48

**HUNDRAÐ ÍSLENSKIR FÁNAR 20**
Sýning á tillögum um þjóðfána.

**HVERS EIGA BÖRN AÐ GJALDA 28**
Rætt við Ásdísi Bergþórsdóttur sem kærði skólastjóra sonar síns til Persónuverndar.

**UMLUKINN DULÚÐ 32**
Skyggnst inn í líf Nick Cave.

**VILL KJÓSA BORGARSTJÓRA BEINT 36**
Halldór Auðar Sveinsson, oddviti Pírata, í Pólitíkinni.

**FLÆKJUSAGAN 42**
Illugi Jökulsson skoðar val á eftirmönnum.



## MENNING 56→58

**PIRRAÐUR Á PASSÍUSÁLMUNUM 56**
Megas um börnin hans Hallgríms.

**KVEÐJA DOMUS VOX 57**
Matthildur og Ingibjörg halda kveðjutónleika.



## LÍFIÐ 62→74



**EKKI LITLAR LENGUR 62**
Kíkt aftur í tímann á nokkrar leikkonur sem stigu sín fyrstu skref á rauða dreglinum barnungar.

**MIKIL FEGURÐ GETUR VERIÐ ÓHUGNANLEG 64**
Ásgrímur Már sýnir teikningar sínar á HönnunarMars.

## SPORT 68

**INNRÁS Í SKANDINAVÍU 68**
Ísland á 24 knattspyrnumenn í sænsku og norsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu.

**NONNI MÆJU KVEÐUR 68**
Einn besti körfuboltamaður landsins, Jón Ólafur Jónsson, er búinn að henda skónum upp í hillu.




## FIMM Í FRÉTTUM BROTTHVARF OG SKULDANIÐURFELLINGAR



**ÁRNI ÞÓR SIGFÚSSON,** bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir um 2,8 milljarða tap Reykjaneshafnar á fimm árum tilkomið vegna þess að tekjur hafi staðið á sér. Þegar verkefni í Helguvík fari af stað muni dæmið snúast fljótt við.



**LAUFEY MARÍA JÓHANNSDÓTTIR,** formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema, sagði í vikunni nemendur komna að þolmörkum vegna verkfalls framhaldsskólakennara. Mikil hætta væri nú á brotthvarfi úr skólunum.



**ÁRMANN FANNAR MAGNÚSSON,** formaður Ungmennafélagsins Eyfellings sem á Seljavallalaug, segir moldviðri hafa verið skapað um laugina. Hún sé í ágætu ástandi.



**ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR,** lögmaður hjá Acta, segir íslenskt læknasamfélag svo lítið og mikil tengsl innan samfélagsins að erfitt sé að finna hlutlausan sérfræðing í skaðabótamálum vegna mistaka í heilbrigðiskerfinu.



→ **SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON** forsætisráðherra kynnti á miðvikudag frumvörp um skuldaleiðréttingar og séreignarsparnað. Ráðherrann sagði hjólin fara að snúast þegar fólk geti farið inn á vef ríkisskattstjóra 15. maí og skráð sig.

# Telur rafmynt henta Íslendingum afar vel

Kanadamaðurinn Christopher Carmichael, vinur Vine-stjörnunnar Jerome Jarr, telur að Ísland geti bjargað heiminum með notkun rafmyntar eins og Auroracoin.

**VIÐSKIPTI** Christopher Carmichael, 26 ára Kanadamaður, kom hingað til lands í byrjun ársins ásamt vini sínum Jerome Jarre, stjörnu samskiptamiðilsins Vine. Allt ætlaði um koll að keyra í Smáralind þegar Jarre mætti þangað því hundruð ungmenna söfnuðust þar saman til að berja hann augum.

Carmichael hreifst svo af landi og þjóð að hann langar til að búa hér til frambúðar og stofna fyrirtæki. Á Facebook-síðu sinni heldur hann því fram að Ísland geti bjargað heiminum með notkun rafmyntarinnar umdeildu, Auroracoin, sem Íslendingar gátu í fyrsta sinn notað á miðnætti, aðfaranótt þriðjudags. Reyndar telur hann að mögulega ætti Ísland að búa til sína eigin útgáfu af myntinni þar sem engin leynd hvíldi yfir því hver væri á bak við hana.

Aðspurður segist Carmichael ekki tengjast Auroracoin með beinum hætti. „Það var skrítið þegar ég kom hingað í janúar. Þá var ég að tala um að einhver ætti að búa til nýjan gjaldmiðil og skrifaði á Reddit [vefsíðuna] um að fólk ætti að koma með Bitcoin og Dotcoin til Íslands. Það væri eina landið þar sem aðstæður væru fullkomnar fyrir rafmynt til að ná fótfestu. Þremur vikum síðar tilkynnti einhver að hann væri að stofna Auroracoin. Ég trúði því ekki og hélt að það tæki mörg ár fyrir Íslendinga að búa til eitthvað þessu líkt,“ segir Carmichael, sem hefur fylgst með Íslandi síðan bankahrunið varð 2008.

„Ísland þarf augljóslega á nýjum gjaldmiðli að halda. Öll stjórnvöld í heiminum reyna að halda aftur af rafmynt af ýmsum toga og passa upp á að hún verði ekki of stór í sniðum,“ segir hann en Seðlabanki Íslands og fleiri stofnanir hafa varað við myntinni. „Menn voru ekki heldur sammála því að jörðin væri hnöttótt. Í gamla daga var fólk drepið fyrir að koma fram með hugmyndir sem hljómuðu klikkaðar en núna getum við talað um þær, sem er svalt.“

Hann bætir við að Ísland gæti vel orðið efnahagsveldi í heiminum. „Fyrsta landið sem mun leyfa svona gjaldmiðli að þrífast mun byggja upp nýja tækni fyrir fjármálakerfið sem hefur ekki sést áður, þannig að peningar munu flæða inn í landið frá öðrum löndum. Þess vegna tel ég, að vegna fámennisins á Íslandi gæti rafmynt haft gríðarmikla fjárhagslega kosti fyrir hverja einustu manneskju.“ freyr@frettabladid.is


**Á ÍSLANDI** Christopher Carmichael er yfir sig hrifinn af Íslandi og ætlar að búa hér í framtíðinni.

## Kennitölur ganga kaupum og sölum

Íslendingar geta sótt sér sína 31,8 aura hver á slóðina Auroracoin.org í gegnum kennitölu sína. Eitthvað hefur verið um það að kennitölur fólks hafa gengið kaupum og sölum, til dæmis í Háskóla Íslands. Auk þess er myntin sjálf seld, meðal annars í opnum Aurora-hópi á Facebook. Þar eru ýmsar vörur sömuleiðis boðnar til sölu fyrir Auroracoin, þar á meðal leikjatölva, mánaðaráskrift af Skjá einum og ljósmyndavél.

Dæmi eru einnig um að fólk hafi skipt Auroracoin yfir í aðra rafmynt, Bitcoin, og fengið fyrir hana Bandaríkjadali greidda út á Paypal en á þeim reikningi er hægt að senda peninga á milli fólks í gegnum tölvupóst.

Manneskjan á bak við Auracoin, sem gengur dulnefninu Baldur Friggjar Óðinsson, segir myntina vera tækifæri til að segja skilið við verðbólgu, gjaldeyrishöft og gengisfellingu hins hefðbundna fjármagnskerfis.



**AURORACOIN** Gengur kaupum og sölum á netinu.






Formaður stéttarfélags á Húsavík spyr hvar samfélagslega ábyrgðin sé:

# Fiskvinnslu lokað fyrirvaralaust

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það ljóta er að enginn reiknaði með þessu,“ segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar stéttarfélags á Húsavík, um lokun fiskvinnslu í bænum þar sem sextíu manns starfa.

Eins og fram kom í fréttum RÚV áformar útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið Vísir að flytja alla fiskvinnslu sína til Grindavíkur og loka vinnslum á Þingeyri, Húsavík og Djúpavogi.

Starfsmönnum var tilkynnt í gær að lokað yrði eftir mánuð en að þeim byðist öllum starf við fiskvinnsluna í Grindavík. Aðalsteinn segir ákvörðunina vera áfall fyrir bæjarfélagið og á Húsavík ríki mikil sorg og reiði.


**AÐALSTEINN BALDURSSON**

„Fólk hefur fest rætur hér og fjárfest í eignum. Það bjóst enginn við þessu enda nýbúið að kaupa nýja flæðilínu og talað um að byggja vinnsluna upp sem nýtískulegt frystihús. Þetta er því bæði áfall fyrir starfsfólkið og bæinn enda er þetta vinnustaður sem önnur fyrirtæki þjónusta og leggur mikið til samfélagsins í sköttum og gjöldum,“ segir Aðalsteinn og spyr í leiðinni hvernig standi á því að menn hafi enga samfélagslega ábyrgð.

„Þeir fara með kvótann á einu bretti burt, kvóta sem varð til hér á Húsavík.“ - ebg


**GRINDAVÍKURHÖFN** Öll starfsemi Vísis verður eftirleiðis í Grindavík. Reiði og sorg ríkja í bæjarfélögum þar sem starfsemi leggst af. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET








Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## 23.03.2014 → 28.03.2014



**4.600 tonn**
af hvalkjöti voru í frystigeymslum í Japan í lok árs 2012.



**2,2% PRÓSENT**
mælist tólf mánaða verðbólga í þessum mánuði.

**2.000 tonn**
af ilmvötnum og öðrum snyrtivörum flytja Íslendingar inn á hverju ári.



**7.700 manns**
voru að jafnaði án vinnu og í atvinnuleit í febrúar síðastliðnum.



**2,8 MILLJÖRÐUM**
hefur Reykjaneshöfn tapað á síðustu fimm árum.



**26 þúsund hrafnar**
voru veiddir á Íslandi árin 2005 til 2012.



**45% SKULDAÞAK**
er markmið í frumvarpi um opinber fjármál sem fjármála- og efnahagsráðherra kynnti.





**BJÖRGUNARSTÖRF** Starfsmenn kjarnorkuversins skömmu eftir flóðbylgjuna sem reið yfir í mars árið 2011. NORDICPHOTOS/AFP

Gróft undir aurskriðu nærri geymslusvæði í Fukushima:

## Banaslys við kjarnorkuver í Japan

**JAPAN,AP Verkamaður í kjarnorkuverinu í Fukushima í Japan lét lífið þegar hann gróft undir aurskriðu í gær. Maðurinn var að störfum skammt frá geymslusvæði kjarnorkuversins þegar slysið varð, en þúsundir verkamanna hafa að undanförnu unnið við hreinsun á svæðinu. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús en komst ekki aftur til meðvitundar.**

**„Það fylgir alltaf einhver hætta þessu starfi,“ sagði talsmaður kjarnorkuversins. „Okkur þykir þetta mjög leitt.“**

**Slysið er það fyrsta sem verður í kjarnorkuverinu síðan þrír kjarnaofnar sprungu í Fukushima 11. mars 2011 í kjölfar þess að flóðbylgja reið þar yfir.** - fb

Aðalfundur RARIK var í gær:

## Hagnaðist um tvo milljarða

**VIÐSKIPTI** RARIK hagnaðist um rúma 1,9 milljarða króna í fyrra samkvæmt nýbirtum ársreikningi. Hagnaðurinn jókst um 26 prósent á milli ára.

Á aðalfundi RARIK í gær var ákveðið að greiða 310 milljónir króna í arð til íslenska ríkisins.

Þá var ákveðið að auka verðjöfnun ríkisins til raforkudreifingar í dreifbýli. Hjá meðalheimili með rafhitun í dreifbýli lækkar flutnings- og dreifikostnaður rafmagns um 15 til 20 prósent og heildarkostnaður rafmagns um átta til níu prósent. Á fundinum var einnig kosin ný stjórn RARIK. - fb

## Benedikt Örn Árnason látinn

Benedikt Örn Árnason, leikari og leikstjóri, lést 25. mars síðastliðinn.



Benedikt, sem nam leiklist í London, var mestallan sinn starfsferil í Þjóðleikhúsinu, sem leikari en þó fyrst og fremst sem leikstjóri. Á löngu tímabili var hann helsti leikstjóri Þjóðleikhússins og setti þar upp á sjötta tug sýninga.

Eftirlifandi eiginkona hans er Erna Geirdal. Synir hans eru Einar Örn og Árni.

# Enn er óvíst hvort samið verði í bráð

Engar upplýsingar um gang kjaraviðræðna fást en verkfall hefur nú staðið yfir í tvær vikur. Kennarar fá ekki að vita hvaða tilboð hafa borist frá ríkinu en treysta því að samninganefnd sé að vinna að þeirra hag. Auknar áhyggjur eru af brottfalli.

**VERKFALL** Ekki fást upplýsingar um hvar náðst hefur saman og hvað skilur að í yfirstandandi kjaradeilu framhaldsskólakennara og ríkisins.

Kennarasamband Íslands vill ekki gefa upp hvernig launatilboð ríkisins hafa hljómað. Aðspurð segir Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, að það geti verið óþægilegt fyrir kennara að vita ekki hver staðan sé. „Það er óþægilegt fyrir þá en það er auðvitað bara þannig að þeir sem sitja við samningaborðið eru fulltrúar stéttarinnar í heild sinni og því verður að treysta því að þeir semji ekki nema þeir telji að sá samningur sé félagsmönnum þóknanlegur. Auðvitað myndi maður vilja geta úttalað sig meira en það er bara ekki heppilegt þegar við erum ekki búin að lenda neinu.“

Í upphafi síðustu viku bárust þær fréttir að líkur væru á að samningar myndu nást innan fárra daga. Fyrr en varði var þó allt komið í hnút á ný. „Það ræðst í dag hvort samið verði um helgina, boltinn er hjá samninganefnd ríkisins. Þetta er heilmikil textavinna sem þarf að fara fram og þá skiptir máli að hlutirnir séu orðaðir rétt,“ segir Guðríður.

Eiríkur Brynjólfsson, kennslustjóri við Fjölbrautaskólann við Ármúla, segir að ríkið hafi sýnt kennslustörfum ákveðna lítilsvirðingu. „Ég er búinn að kenna í 36 ár og mér finnst okkur vera sýnd ákveðin fyrirlitning með því að neyða okkur alltaf til að fara í verkfall.“

Yfirstandandi verkfall er fjórða verkfallið sem Eiríkur tekur þátt í. Hann hefur þungar áhyggjur af brottfalli nemenda. „Sumir nemendur hafa veikt bakland heima hjá sér. Það eru þessir nemendur sem við kennarar höfum mestar áhyggjur af.“ Hann segir að margir muni ekki eiga afturkvæmt ef þeir hætta nú. „Ef nemandi hættir í skólanum þá hefur hann enga tryggingu fyrir skólavist í haust. Þetta er í alla staði mjög vont.“

Í dag er þrettándi dagur verkfallsins. Þann 12. apríl hefst páskafrí sem stendur til 23. apríl. Síðasti kennsludagur fyrir próf er síðan 30. mars. Áætlað er að próf hefjist 2. maí og standi til 15. maí. Sé þetta tekið saman kemur í ljós að alls eru 16 kennsludagar eftir á vorönninni.

Ómögulegt er að spá fyrir um hvenær kennsla getur hafist á ný enda virðast viðræður á viðkvæmu stigi. Alls sitja 1.800 kennarar og 25.000 nemendur heima í óvissunni. snaeros@frettabladid.is



**ÞÉTT SETINN BEKKUR** Framhaldsskólarnir hafa staðið tómir í tvær vikur og búast má við að enn ein vikan bætist við. MYND/STEFÁN



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR**



**EIRÍKUR BRYNJÓLFSSON**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Friedrichshafen | 18° | New York | 12° |
| Aþena | 18° | Gautaborg | 12° | Orlando | 26° |
| Basel | 19° | Kaupmannahöfn | 12° | Ósló | 14° |
| Berlín | 18° | Las Palmas | 21° | París | 20° |
| Billund | 11° | London | 16° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 20° | Mallorca | 19° | Stokkhólmur | 12° |




**Á MORGUN**
3-8 m/s, en hvassara syðst.




**MÁNUDAGUR**
3-8 m/s, en hvassara syðst.

**BJARTVIÐRI** víða á landinu um helgina og hæglætisveður en þó strekkingur allra syðst og dálítil súld. Von á næturfrosti en hiti að 10 stigum yfir daginn.



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# ALMENNU HLUTAFJÁRÚTBOÐI SJÓVÁR LÝKUR MÁNUDAGINN 31. MARS KL. 16.00

SJÓVÁ

Almennt útboð á 23% útgefinna hluta í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. („Sjóvá“) fer fram dagana 27. mars til 31. mars 2014 og stendur áskriftartímabil útboðsins frá kl. 10.00 þann 27. mars til kl. 16.00 þann 31. mars 2014.

Útboðið er opið fyrir bæði almenna fjárfesta og fagfjárfesta og skiptist í tvær tilboðsbækur, A og B. Tilboðsbækurnar eru ólíkar hvað varðar verðlagningu, stærð áskrifta og úthlutunarreglur.

Í tilboðsbók A geta fjárfestar skráð sig fyrir áskriftum að kaupverði kr. 100.000 til kr. 10.000.000. Áskriftirnar geta verið á verðbilinu kr. 10,7 til 11,9 á hlut.

Í tilboðsbók B óska seljendur eftir tilboðum frá fjárfestum sem skulu vera að lágmarki kr. 10.000.001 að kaupverði og að hámarki í 9,99% eignarhlut í félaginu. Áskriftir í tilboðsbók B geta að lágmarki verið á verðinu kr. 11,9 á hlut.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur umsjón með almennu útboði og töku á hlutum Sjóvár til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. er enn fremur söluaðili tilboðsbóka A og B. Verðbréfamiðlun Íslandsbanka hf. er annar söluaðili tilboðsbókar B.

**Skráning áskrifta**
Áskriftum skal skilað í gegnum sérstakan rafrænan áskriftarvef Íslandsbanka sem aðgengilegur verður fjárfestum á vef Íslandsbanka, www.islandsbanki.is, við upphaf útboðsins. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og að þátttaka í útboðinu er skuldbindandi.

**Úthlutun og skerðing áskrifta**
Komi til þess að áskriftir sem borist hafa jafngildi fleiri hlutum en þeim sem boðnir eru til sölu í útboðinu kemur til skerðingar á áskriftum og verður úthlutun í höndum úthlutunarnefndar.

**Nánari upplýsingar**
Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér upplýsingar um Sjóvá og skilmála almenna útboðsins í lýsingu Sjóvár, dagsettri 11. mars 2014, sem aðgengileg er á vefsíðu félagsins, www.sjova.is/fjarfestar.

vib

Íslandsbanki

VÍB – Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka mun veita upplýsingar í tengslum við útboðið sem og tæknilegar upplýsingar er varða áskriftarvefinn. Upplýsingar verða veittar í síma 440 4900 og í gegnum netfangið vib@vib.is milli klukkan 09.00 og 17.00 meðan á áskriftartímabili stendur.

Tvöhundruð viðburðir í boði:

# Hátíð leyndardóma hafin

**HÁTÍÐ** Leyndardómar Suðurlands, tíu daga leyndardómsfull hátíð, hófst formlega í gær.

Á hátíðinni verður boðið upp á um tvö hundruð viðburði og frítt er í strætó alla dagana.

Ráðherrarnir Sigurður Ingi Jóhannsson og Ragnheiður Elín Árnadóttir, ásamt Gunnari Þorgeirssyni, formanni Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, klipptu á borða á Suðurlandsveginum og opnuðu þar með formlega hátíðina. - ebg

Rekstraráætlun Landbúnaðarháskóla Íslands gerir ráð fyrir sjötíu milljóna króna niðurskurði á næsta ári:

# Rektor á Hvanneyri vill sameinast háskólanum

**MENNTAMÁL** Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri sendi menntamálaráðuneytinu í gær nýja rekstraráætlun fyrir árin 2014 til 2016 um hvernig eigi að takast á við erfiða fjárhagsstöðu skólans.

Ágúst Sigurðsson, rektor skólans, segir að staðan sé þröng. „Við erum að draga saman í rekstri um 70 milljónir á ári. Fjárlagarammi okkar er 630 milljónir svo það er engin smá blóðtaka fyrir okkur.“

Haraldur Benediktsson, fyrrverandi formaður Bændasamtakanna og þingmaður Sjálfstæðisflokksins í NV-kjördæmi, fagnaði því að ekki yrði af sameiningu Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskólans. Hann og aðrir þingmenn kjördæmisins funduðu með yfirstjórn skólans á miðvikudag.

„Á þessum fundi með þingmönnum Norðvesturkjördæmis lýstum við yfir miklum vonbrigðum með þetta enda viljum við sameinast háskólanum og teljum að það sé best í stöðunni þegar til lengri tíma er litið. Ég er viss um að Haraldur Benediktsson vill okkur vel en okkur greinir á um leiðir til að takast á við framtíðina.“

Vel hefur tekist til við sameiningar í öðrum löndum, svo sem Danmörku og Finnlandi, að sögn Ágústs. „Kollegum okkar í þeim skólum líður bara ágætlega. Það eru nýir tímar og nýjar áherslur. Ef það á að verða til nýsköpun og nýir hlutir verður að hugsa hlutina upp á nýtt og breyta. Það er ekki hægt að hjakka í sama farinu um árabil.“ - ssb



**ÁGÚST SIGURÐSSON** Rektor LBHÍ er ósáttur við að fallið hafi verið frá sameiningaráformum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýtt!
2í1
Kvef?
Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli



Otrivin Comp
Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópíumbrómíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xýlómetazólínhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjusjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.



**SÉREIGNARSPARNAÐUR** Fræðimenn við HÍ segja skynsamlegt að nota skattfrjálsan séreignarsparnað til að greiða niður verðtryggð húsnæðislán. Þeir segja hins vegar að kynslóðir framtíðarinnar borgi brúsann. FRÉTTABLAÐIÐ /VILHELM

# Næstu kynslóðir borga reikninginn

**Lektor og aðjunkt við Háskóla Íslands segja að stjórnvöld verði að hækka skatta í framtíðinni til að bæta sér upp tap af skattfrjálsum séreignarsparnaði. Þeir eru sammála um að það borgi sig að greiða niður verðtryggð fasteignalán með sparnaði.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það borgar sig í dag fyrir fólk að greiða niður fasteignalán með séreignarsparnaði. Skattgreiðendur framtíðarinnar munu hins vegar borga reikninginn og svo hefur fólk minna til ráðstöfunar á efri árum,“ segir Gylfi Magnússon, lektor við Háskóla Íslands, um nýtt frumvarp ríkisstjórnarinnar. Það gerir ráð fyrir að fólk geti annað hvort nýtt séreignarsparnað til íbúðakaupa, eigi það ekki húsnæði, eða til að greiða niður lán.

Samkvæmt frumvarpinu verður þak á því hversu háar upphæðir má nota til þessara hluta og er miðað við 1,5 milljónir á þriggja ára tímabili á heimili, sama hvor leiðin er farin.

Nokkur umræða hefur spunnist um hvort það borgi sig fyrir fólk að nýta séreignarsparnað sinn til þessara hluta.

Gylfi segir að það sé fundið fé að gera það því ekki þurfi að greiða skatt af þessum peningum og í sama streng tekur Marías Gestsson, aðjunkt við Háskólann og sérfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

„Þar sem fólk greiðir ekki skatt af þessari upphæð má segja að skatturinn sé ávöxtun,“ segir Marías.

„Ef fólk hefur ekki verið að nýta sér séreignarsparnaðinn ætti það að fara að gera það. Það er góð ákvörðun. Launþegar leggja fram tvö prósent af tekjum sínum á móti jafnháu framlagi frá atvinnurekandanum,“ segir Gylfi.

Hann segir að það borgi sig alltaf að greiða fasteignalánin, verðbólguskot breyti þar engu um.



**GYLFI MAGNÚSSON**



**MARÍAS GESTSSON**

„Verðbólguskot auka ekki raunvirði láns heldur fjölgar krónunum sem menn skulda eða greiða í hverjum mánuði, á móti kemur að hver króna er minna virði,“ segir Gylfi.

Marías segir að þótt það sé skynsamlegt að nota skattfrjálsan séreignarsparnað til að greiða niður lán þá komi það einhvers staðar niður.

„Stjórnvöld verða að hækka skatta í framtíðinni eða að spara í ríkisbúskapnum og það hefur þá væntanlega í för með sér að ekki verður hægt að eyða jafn miklu í heilbrigðis- og skólakerfi svo dæmi séu tekin,“ segir Marías.

johanna@frettabladid

## Lánið óx í upphaflega stöðu

Eyjólfur Lárusson, framkvæmdastjóri Allianz á Íslandi, sagði meðal annars í Fréttablaðinu í gær að verðtryggð lán gætu hækkað á svipstundu og þá væri allt inngreitt, þar á meðal séreignarsparnaðurinn, farinn. Eyjólfur segir að í tilefni af umræðu, vegna orða hans í blaðinu í gær vilji hann koma því á framfæri, talandi mannamál, að miðað við meðalverðbólgu síðastliðinna ára hafi heildarskuld á verðtryggðu láni vaxið upp í upphaflega stöðu þrátt fyrir að greitt hafi verið samviskusamlega í fimm ár. „Ég held að hinn almenni Íslendingur sem hefur verðtryggt lán hafi fundið þetta á eigin skinni,“ segir hann.

Jafnframt kvaðst Eyjólfur hvetja alla til að skoða sína stöðu og vega og meta sín mál út frá sínum eigin hagsmunum.



**EYJÓLFUR LÁRUSSON**

Síminn svarar breyttu landslagi og lætur gagnamagnið ráða verðinu:

# Mínútur hverfa af reikningnum

**FJARSKIPTI** Síminn býður upp á nýjar áskriftarleiðir sem eru hannaðar fyrir snjallsíma. Verðið á símreikningnum ræðst af gagnamagninu sem keypt er en lengd og fjöldi símtala og sms-skilaboða hættir að skipta máli.

Orri Hauksson, forstjóri Símans, telur að nýjar áskriftarleiðir muni breyta landslagi fjarskiptamarkaðarins á Íslandi til frambúðar.

„Aukinn fyrirsjáanleiki einfaldar viðskiptavinum að fylgjast með reikningnum og vangaveltur um hvað mínútan kostar hætta. Gömlu pakkarnir verða enn í boði en til lengri tíma litið held ég að mínútur sem einingar á símreikningnum muni hverfa,“ segir Orri.

Gagnamagnið mun ráða verðinu, hægt verður að kaupa pakka sem kosta 5.990 til 8.990 krónur og greitt verður fyrir umframgagnamagn.

„Viðskiptavinir fá að vita þegar þeir eru komnir að hámarkinu. Það fer svo eftir notkun og mynstri hvers og eins, hversu mikið fólk halar niður efni, hve stóran pakka það þarf.“ - ebg



**ORRI HAUKSSON** Forstjóri Símans telur að nýja þjónustan muni breyta landslagi fjarskiptamarkaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM HERRAFATNAÐI OG HERRASKÓM**
27.-31. MARS.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 31. mars.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Framkvæmdastjóraskipti verða hjá Atlantshafsbandalaginu í haust:

# Stoltenberg tekur við NATO

**NOREGUR** Jens Stoltenberg, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, tekur við framkvæmdastjórastarfi Atlantshafsbandalagsins af Anders Fogh Rasmussen, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur.

Fastaráð NATO kom sér saman um þetta í gær.

Framkvæmdastjóraskiptin fara fram í byrjun október, eftir að leiðtogafundur NATO í Wales hefur verið haldinn. Um svipað leyti lýkur að mestu þátttöku NATO-ríkjanna í hernaðaraðgerðum í Afganistan.



**FOGH RASMUSSEN OG STOLTENBERG** Núverandi og verðandi framkvæmdastjórar NATO. NORDICPHOTOS/AFP

Fogh Rasmussen hefur verið framkvæmdastjóri NATO frá 2009, en Stoltenberg var forsætisráðherra Noregs á árunum 2000 og 2001, og síðan aftur frá 2005 til 2013.

Þeir koma úr ólíkum áttum, því Fogh Rasmussen er hægri maður en Stoltenberg sósíaldemókrati. Stoltenberg var forsætisráðherra Noregs þegar Anders Behring Breivik myrti tugi manna sumarið 2011, flest ungmenni úr ungliðahreyfingu Sósíaldemókrataflokks Stoltenbergs. - gb




**MÓTMÆLI** Fjöldi manns hefur lagt leið sína á Austurvöll síðustu vikur til að krefjast þess að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna við ESB. Rúmlega 50 þúsund manns hafa skrifað undir áskorun um sama efni á vefnum. Margir vilja líka koma skoðunum sínum milliliðalaust til utanríkismálanefndar Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Margir gera athugasemdir

Einstaklingar, hagsmunasamtök og félagasamtök hafa sent inn athugasemdir við þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um að draga til baka umsókn Íslands að ESB. Minnt er á loforð og krónan sögð gengin sér til húðar.

**STJÓRNMÁL** Á þriðja tug athugasemda og umsagna hafa borist utanríkismálanefnd Alþingis vegna umdeildrar þingsályktunartillögu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra um að draga umsókn Íslands að ESB til baka.

Það eru þekktir sem óþekktir einstaklingar, félagasamtök og hagsmunaaðilar sem senda inn athugasemdir, ályktanir og umsagnir og þar kennir ýmissa grasa. Flestir árétta loforð sem stjórnvöld voru búin að gefa í aðdraganda kosninganna um að almenningur fengi að gefa svör við því hvort ganga ætti í sambandið, eins og Sverrir Bjarnason sem segir að með vísun til loforða forystumanna núverandi meirihluta á Alþingi um aðkomu þjóðarinnar að umræddu máli, sé þess hér með krafist að staðið verði við þau orð og þingsályktunartillagan dregin til baka.

Aðrir sem vilja halda viðræðum áfram telja upp kosti þess að ganga í Evrópusambandið. Einn þeirra er Guðmundur Gunnarsson, fyrrverandi formaður Félags rafiðnaðarmanna. Hann minnir á að skýrslur fjármálastofnana sýni að tilvist krónunnar kalli á 3 til 4 prósent hærri vexti hér á landi en ella. Með aðild að myntbandalagi ESB sé gert ráð fyrir að vextir á íbúðalánum lækki auk þess sem talið sé að matarverð myndi lækka um fjórðung.

„Ég hef verið mikið á Spáni og á góða vini þar. Ég hef séð greiðsluseðlana þeirra af fasteignalánum þar sem höfuðstóll lánanna lækkar um hver mánaðamót og greiðsluáætlun sem skrifað var undir fyrir 20 árum stenst upp á sent. Ég sé verðlag standa í stað þannig að þó það sé kreppa þá getur fólk áfram keypt sér mat og nauðsynjavörur án þess að fara á hausinn,“ segir Eyjamaðurinn Sigurður Guðmundsson.

Stór sveitarfélög á borð við Kópavog hafa sent inn umsagnir og vilja þjóðaratkvæði. Á Akureyri klofnaði bæjarstjórnin í þrennt en meirihlutinn vill að þjóðin fái að segja sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Sama vill meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur.

Fæstir þeirra sem hafa sent inn umsagnir eru hlynntir tillögu Gunnars Braga. Þó eru dæmi um slíkar umsagnir. Má þar nefna umsögn frá Samtökum mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja sem hvetja til að tillaga Gunnars Braga verði samþykkt óbreytt. johanna@frettabladid.is

## Umsagnir um þingmál

Að jafnaði kalla nefndir Alþingis eftir umsögnum um öll þingmál sem þær hafa til umfjöllunar. Veittur er tveggja til þriggja vikna frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri. Fresturinn getur þó verið styttri eða lengri og fer það eftir aðstæðum hverju sinni. Ákvörðun um hverjum skuli send mál til umsagnar er tekin á nefndarfundi. Öllum er og frjálst að senda nefnd skriflega umsögn um þingmál að eigin frumkvæði og hefur hún sömu stöðu og þær sem berast samkvæmt beiðni nefndar.

Landsvirkjun




Landsvirkjun auglýsir eftir samstarfsaðilum að verkefninu *Margar hendur vinna létt verk* sumarið 2014.

Landsvirkjun hefur um áratugaskeið starfrækt sumarvinnuflokka ungs fólks. Hóparnir sinna viðhaldi, uppbyggingu og fegrun starfsstöðva Landsvirkjunar og vinna jafnframt að ýmsum samstarfsverkefnum víða um land. Samvinna sumarvinnuflokka Landsvirkjunar og félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana hefur skilað sér í auknum umhverfisgæðum og betri aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

**Í boði er** vinnuframlag sumarvinnuflokka og flokksstjórn yfir þeim. Verkefnin lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

**Óskað er eftir** að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni. Umsóknareyðublað með nánari upplýsingum er að finna á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.

**Nánari upplýsingar** í síma **515 9000**, og hjá **thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is**.

**Umsóknarfrestur rennur út 30. apríl. Umsóknareyðublöð er að finna á landsvirkjun.is.**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Fylgstu með fyrirtækinu í snjallsímanum eða spjaldtölvunni

Hágæða eftirlitsmyndavélakerfi frá Aver er ódýr og einföld lausn fyrir fyrirtæki. Fylgstu með í spjaldtölvunni eða farsímanum, hvenær og hvar sem þú ert.

Kerfið býðst nú á frábæru verði, frá **179.000** kr.

Komdu og skoðaðu í glæsilegri verslun okkar að Askalind 1.



Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

PIPAR\TBWA • SÍA • 140479




Hyundai Santa Fe

# Sparneytinn lúxusjeppi

## Hyundai Santa Fe dísil, 197 hestöfl, sjálfskiptur
## Verð frá: 7.450.000 kr.

LED fram- og afturljós / LCD mælaborð / regnskynjarar á framúðu
íslenskt leiðsögukerfi / leðuráklæði / bakkskynjarar / panorama glerþak
rafstýrð sæti með minni / aksturstölva

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun beinskipts ix35 í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM61797

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

**OPIÐ Í DAG, LAUGARDAG FRÁ 12–16**

Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

BL Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

Biskup Íslands tók þátt í athöfn í Þýskalandi í gær:

## Plantaði tré þjóðkirkjunnar

**TRÚMÁL** Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, tók ásamt starfsfólki Biskupsstofu þátt í athöfn þar sem tré þjóðkirkjunnar var plantað í Lúthersgarðinum í þýsku borginni Wittenberg í gær.

Agnes mokaði mold að trénu og vökvaði það. Hópurinn var staddur í Wittenberg til að fræðast um siðbótina og kynnast sögu lúthersku kirkjunnar. Verkefnið hófst 2008 og eru trén í garðinum orðin 183 talsins. Markmiðið er að trén verði orðin 500 1. nóvember 2017 á fimm alda afmæli siðbótarinnar.

- fb



**TRÉÐ VÖKVAÐ** Biskup tók þátt í plöntun trés þjóðkirkjunnar. MYND/ÞJÓÐKIRKJAN

HÖNNUN FYRIR LÍFIÐ

ÞÝSK ÍSLENSK SAMVINNA



Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Hagnaður 365 eykst um 148% á milli ára

365 miðlar högnuðust um 757 milljónir króna á síðasta rekstrarári. Eigið fé fyrirtækisins var rúmir 3,3 milljarðar í lok árs 2013. Póstmiðstöðin, sem dreifir Fréttablaðinu, var seld á árinu. Öll starfsemi 365 miðla er nú í Skaftahlíð 24 í Reykjavík.

**VIÐSKIPTI** 365 miðlar ehf. högnuðust um 757 milljónir króna á síðasta ári samkvæmt ársreikningi. Hagnaður fyrirtækisins eykst um 148 prósent á milli ára, en árið áður nam hagnaðurinn 305 milljónum króna.

Heildarvelta fyrirtækisins í fyrra var 9.473 milljónir króna og og EBITDA-hagnaður 1.454 milljónir. Afskriftir og fjármagnsliðir námu 541 milljón króna á árinu.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir að sala Póstmiðstöðvarinnar, sem meðal annars dreifir Fréttablaðinu, á árinu og aðrir óreglulegir liðir hafi haft jákvæð áhrif á niðurstöðu ársins, sem nemi um þriðjungi rekstrarhagnaðar.



**ARI EDWALD**

Skuldir fyrirtækisins lækkuðu um tæpar 600 milljónir króna á árinu og segir Ari ekki mörg fyrirtæki sem státað geti af betra skuldahlutfalli. Langtímaskuldir félagsins stóðu um áramót í 2,7 milljörðum króna. „Þarna bæta náttúrulega óreglulegir liðir afkomu síðasta árs, en engu að síður er verið að horfa til reglulegrar afkomu þegar talað er um að skuldir verði innan við tvöfaldur rekstrarhagnaður [EBITDA] fyrirtækisins í lok þessa árs,“ segir Ari. „Það er ljóst að félagið er að komast í ágætt form ef horft er til þessara kennitalna.“



**MERKI 365 MIÐLA** Öll starfsemi 365 er nú í Skaftahlíð í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ari bendir á að síðasta ár sé fjórða árið í röð þar sem félagið skili hagnaði, sem sé ánægjulegt í ljósi efnahagsumhverfisins.

Þá bendir hann á að í tengslum við flutning allrar starfsemi 365 miðla í Skaftahlíð 24 í Reykjavík hafi mikið verið fjárfest í innviðum félagsins. Meðal annars hafi sjónvarpsútsending verið háskerpuvædd og keyptur nýr útsendingarbíll til að auka innlenda framleiðslu. Framleiðsla á innlendu efni tvöfaldast á árinu. „Svo hafa 365 miðlar keypt smærri fyrirtæki sem falla vel að áherslum og þróun félagsins, svo sem Midi.is, Tónlist.is og Emax, sem veitir þráðlausa fjarskiptaþjónustu,“ segir Ari.

Í tilkynningu um afkomu 365 miðla kemur jafnframt fram að fyrirtækið hafi á síðasta ári byggt upp nýtt Fjarskipta- og tæknisvið, sem stýri áherslum félagsins í fjarskiptaþjónustu. „Félagið tryggði sér 4G fjarskiptaleyfi til 10 til 25 ára í upphafi árs 2013 og hóf sölu á breiðbandsþjónustu og heimasíma síðasta haust,“ segir þar. olikr@frettabladid.is




AKTU FRAMFÖRUM

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Við kynnum þriðju kynslóðina af BMW X5 með sparneytnari vél en nokkur annar bíll í þessum flokki. Nýi BMW X5 er léttari og með minni loftmótstöðu en keppinautarnir. Hann kostar frá 10.490 þús. kr. með 218 hestafla dísilvél og 8 gíra sjálfskiptingu og notar einungis 5,8 l/100 km í blönduðum akstri.

**Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5!**

**BMW X5 - 5,8 l/100 km.* Verð frá 10.490 þús. kr.**

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

ENNEMM / SÍA / NM61736

B|L

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

12.000 styrkja Barnaþorp:

# Um fjórir milljarðar til SOS

**HJÁLPARSTARF** Á þeim 25 árum sem liðin eru frá stofnun SOS Barnaþorpanna á Íslandi hafa landsmenn stutt starf samtakanna um rúma fjóra milljarða.



**RAGNAR SCHRAM**

Um tólf þúsund Íslendingar eru styrktaraðilar.

„Þegar maður skoðar listann yfir þá sem gerðust styrktarforeldrar á fyrstu árunum, í kringum 1990, kemur skemmtilega á óvart hve margir þeirra eru enn að styrkja börn. Svona á barnahjálparstarf að vera. Árangurinn er svo áþreifanlegur,“ segir Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi. - ebg



**FSA** Skipulagsbreytingar voru gerðar á geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Þörf á þjónustu við börn:

# Ítreka áhyggjur af slæmri stöðu

**HEILBRIGÐISMÁL** Barnageðlæknafélag Íslands ítrekar áhyggjur sínar af stöðu geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga á Norður- og Austurlandi í tilkynningu frá félaginu.

Á síðastliðnu ári voru gerðar skipulagsbreytingar á geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni á svæðinu og í kjölfar þess sögðu yfirlæknir og sálfræðingur barna- og unglingageðdeildar FSA upp störfum þar sem þrengt hafði verið að henni og hún síðan lögð niður.

Í tilkynningunni leggur félagið áherslu á að þörf sé á áframhaldandi þjónustu á svæðinu. - ebg



**LINDEX** Fyrsta verslun keðjunnar hér á landi var opnuð í Smáralind árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ný verslun á Akureyri:

# Lindex opnar á Glerártorgi

**VERSLUN** Tískufatakeðjan Lindex ætlar að opna 470 fermetra verslun í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi á Akureyri þann 16. ágúst næstkomandi.

Samningur þess efnis hefur verið undirritaður af hálfu Eikar fasteignafélags, eiganda verslunarhúsnæðisins, og forráðamanna Lindex.

Verslunin verður staðsett í norðurhluta Glerártorgs. Forráðamenn Lindex gera ráð fyrir að um tólf ný störf skapist á Akureyri við opnunina. - hg

Skurðlæknir sérfróður um ristil og endaþarm segir að stórar fjárhæðir muni sparast með skimun fyrir krabba:

# Krabbamein í ristli tvöfaldast næstu 45 ár

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjöldi krabbameina í ristli og endaþarmi mun tvöfaldast á næstu 45 árum verði ekkert að gert. Fjölgunin er vegna hækkandi aldurs þjóðarinnar. Þetta segir Tryggvi Stefánsson, skurðlæknir og sérfræðingur í skurðaðgerðum á ristli og endaþarmi.



**TRYGGVI BJÖRN STEFÁNSSON**

Hann segir að grípa eigi til reglubundinnar skimunar hjá einstaklingum eldri en 55 ára. „Krabbameinsmeðferðin sem við erum að veita er alltaf að verða dýrari og dýrari og lyfjakostnaður hefur aukist. Kostnaðurinn við að skima einn árgang á ári væri 400 milljónir en kostnaður heilbrigðiskerfisins vegna ristilkrabba sem lengra er genginn er einn og hálfur milljarður króna árlega. Það er fyrir utan þann kostnað samfélagsins sem liggur utan spítalanna sjálfra.“

Tryggvi segir að hægt sé að helminga tíðni krabbameins í ristli á 10 árum. Stjórnvöld verði að taka af skarið og láta fjármagn fylgja reglubundinni skimun í sama mæli og gert hefur verið við skimun leghálskrabba og brjóstakrabba. - ssb



**Á KRABBAMEINSDEILD** Með skimun er talið að megi helminga tíðni krabbameins í ristli. NORDICPHOTOS/AFP






ÍSLENSKAR LÆKNINGAJURTIR

mánudagur 7. apríl. 4.900 kr.

ANNA RÓSA
starfar við ráðgjöf sem grasalæknir, framleiðir vinsælar vörur úr jurtum, skrifar bækur og hefur haldið fjölda námskeiða um lækningajurtir.

Námskeið með Önnu Rósu grasalækni um áhrifamátt íslenskra lækningajurta

Á NÁMSKEIÐINU VERÐUR FARIÐ YFIR:
Hvernig grasalæknar vinna og hvað sjúkdóma er algengt að þeir fáist við.
Áhrifamátt algengra lækningajurta sem auðvelt er að finna og tína.
Einfaldar uppskriftir og aðferðir við vinnslu úr jurtum.

Nánari upplýsingar og skráning á annarosa@annarosa.is eða í síma 662 8328.

HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 19:30 – 21:30



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979




**TEKNIR AF LÍFI** Íran kemur næst á eftir Kína hvað varðar fjölda dauðarefsinga.
NORDICPHOTOS/AFP

# Fá ríki taka fólk af lífi

Samkvæmt nýrri skýrslu frá samtökunum Amnesty International hefur aftökum í heiminum fjölgað um fimmtán prósent. Langflestir eru teknir af lífi í Kína.

**MANNRÉTTINDI** Kínverjar eru allra ríkja stórtækastir í dauðarefsingum og aftökum. Á hverju ári eru þúsundir manna teknir þar af lífi, en nákvæm tala er ekki þekkt vegna þess að farið er með hana sem ríkisleyndarmál.

Fyrir utan Kína er vitað til þess að 778 manns hafi verið teknir af lífi á síðasta ári. Raunveruleg tala er líklega nokkru hærri, en víða hefur reynst erfitt að sannreyna tölur um aftökur.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá mannréttindasamtökunum Amnesty International, sem árlega birta yfirlit yfir aftökur í heiminum.

Samkvæmt þessum tölum hefur staðfestum dauðarefsingum fjölgað um fimmtán prósent á milli áranna 2012 og 2013.

Einungis 22 ríki framfylgdu dauðarefsingum á síðasta ári. Fyrir utan Kína eru Íranar, Írakar og Sádi-Arabar stórtækastir á þessu sviði, en Bandaríkin eru fimmta ríkið í hópi þeirra sem taka flesta af lífi.

Alls voru 39 manns teknir af lífi í Bandaríkjunum á síðasta ári, en Bandaríkin eru eina landið á Vesturlöndum sem enn í dag stundar það að taka fólk af lífi.

Á árinu 2013 gerðist það síðan að aftökum í Sómalíu fjölgaði verulega. Þær urðu 34 á árinu, þannig að Sómalía stendur ekki langt að baki Bandaríkjunum í þessum efnum.

Ekki var hægt að fá staðfestingu á því hvort fólk hefði verið tekið af lífi í Egyptalandi eða Sýrlandi á síðasta ári. Í Egyptalandi voru hins vegar 539 manns dæmdir til dauða á einu bretti í síðustu viku, og var sú dómsuppkvaðning sögð einstök í sögunni, að minnsta kosti á síðari tímum.

gudsteinn@frettabladid.is

## Aftökum hefur fjölgað um 15 prósent

**Þegar Kína er frátalið voru að minnsta kosti 778 manns teknir af lífi árið 2013. Góðu fréttirnar eru þær að dauðarefsing hefur verið afnumin í 98 löndum, nærri helmingi allra landa heims. Einungis 22 ríki framfylgdu dauðadómum á síðasta ári.**




Heimild: Amnesty International Mynd: AP © GRAPHIC NEWS


Umhverfisstyrkir Landsbankans

Samfélagssjóður Landsbankans veitir árlega fimm milljónir króna í umhverfisstyrki. Markmið umhverfisstyrkja er að styðja við einstaklinga og félagasamtök sem starfa á sviði umhverfismála og náttúruverndar.

Verkefni sem einkum koma til greina:
» Verkefni á sviði náttúruverndar, t.a.m. skógrækt, landgræðsla og hreinsun landssvæða.
» Verkefni er nýtast til verndar landssvæðum, t.d. vegna ágangs búfénaðar eða ferðamanna.
» Verkefni er styðja betra aðgengi fólks að náttúru landsins.
» Verkefni er auka þekkingu og vitund almennings á umhverfismálum.
» Verkefni er hvetja til umhverfisvæns hátternis.

Umsóknarfrestur vegna umhverfisstyrkja er til og með miðvikudeginum 16. apríl 2014. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru ferns konar styrkir veittir: Námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir en afreksstyrkir eru veittir annað hvert ár.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT




*Frumsýning í dag*

# Sendibíll ársins 2014.

## › Hvað réði úrslitum?

Var það framúrskarandi vinnuumhverfið og sveigjanlega flutningsrýmið? Lága eyðslan? Var það bensínvélin sem var valin Engine of The Year tvö ár í röð? Eða var það sparneytna dísilvélin með Start-Stop tækninni? Það að hann er búinn olíumiðstöð og því standard heitur á morgnana? Eða ríkulegur staðalbúnaðurinn, eins og til dæmis Bluetooth og brekkuaðstoð? Mögulega spilaði hátt endursöluverð og lág bilanatíðni líka inn í?

**Nýr Ford Transit Connect er frumsýndur í dag milli kl. 12 og 16. Komdu og prófaðu sendibíl ársins.**

FORD **TRANSIT**
**CONNECT**

MEÐ BENSÍNVÉL FRÁ:
**2.382.470** KR. ÁN VSK

MEÐ DÍSILVÉL FRÁ:
**2.589.641** KR. ÁN VSK

FÁANLEGUR Í TVEIMUR LENGDUM
FÆR FRÍTT Í STÆÐI

International Van of the Year 2014 – Transit Connect

Euro NCAP – www.euroncap.com – Test 2013

ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. $CO_2$ losun 129 g/km. Verð með bensínvél frá 2.990.000 m/vsk.
Ford Transit Connect, 1,6TDCi dísil 75 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. $CO_2$ losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.250.000 m/vsk.
Transit Connect með 1,6TDCi dísilvél og Start-Stop spartækni uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðbæ Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI I | REYKJ

BARA
4 DAGAR
LAUGARDAGUR–ÞRIÐJUDAGS
KOMDU NÚNA

SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR | BORÐ | BORÐSTÓ

NÚ STANDSETJUM VIÐ 3JU HÆÐINA

30-5

AF SÝNINGAREINTÖKUM OG

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OG Dalsbraut 1 • Akureyri

AVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI I | REYKJAVÍK

OFUSTÓLAR | SVEFNSÓFAR | BORÐSTOFUSKÁPAR | BAKBORÐ | HORNBORÐ | SMÁVARA | O.FL. | O.FL.

Í HÚSGAGNAHÖLLINNI Í REYKJAVÍK

# 50%

## AFSLÁTTUR

G ÚTLITSGÖLLUÐUM VÖRUM

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– fyrir lifandi heimili

OPIÐ Virka daga 10-18, laugardag 11-17 og sunnudag 13-17 EITT SÍMANÚMER 558 1100

Er afnám verðtryggingar næst á dagskrá?

# Órökrétt framhald

Framlagning frumvarpanna um skuldaleiðréttingu á kostnað ríkissjóðs er dálítill sigur fyrir ríkisstjórnina, sem var búin að koma sér í þrönga stöðu með tillögunni um viðræðuslit við Evrópusambandið.

Skuldaleiðréttingin er raunar miklu umfangsminni en gefin voru fyrirheit um fyrir kosningar, þegar framsóknarmenn töluðu um 240-300 milljarða „svigrúm“ sem ætti að myndast í samningum við kröfuhafa föllnu bankanna og mætti nota til skuldaniðurfærslu. En þær hugmyndir voru hvort sem er aldrei raunhæfar og margir bentu á það. Nú er gert ráð fyrir að 80 milljarðar fari í skuldaleiðréttinguna.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ekki gekk heldur eftir að skuldaleiðréttingin ætti sér stað án kostnaðar eða áhættu fyrir ríkissjóð. Vissulega hefur verið ákveðið að fjármagna hana með bankaskatti, en deilt er um lögmæti hans og áhættan liggur hjá skattgreiðendum öllum.

Sömuleiðis er hætt við að margir sem vonuðust eftir peningum úr þessum potti verði fyrir vonbrigðum af því að þeir fá ekki neitt og aðrir af því að þeir fá minna en þeir héldu. Og þá er alveg eftir að tala um hvort þetta var yfirleitt skynsamlegasta ráðstöfunin á því fé, sem ríkið telur sig geta náð út úr þrotabúum föllnu bankanna.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur lítið gert með varnaðarorð þeirra sem hafa bent á að skuldaleiðréttingin sé líkleg til að valda þenslu og verðbólgu í samfélaginu. Hann ætlaði til dæmis „ekki að láta Seðlabankann stoppa sig“ þegar sú stofnun var með eitthvert múður. Nú þegar útfærslan liggur fyrir eru flestir greinendur samt sammála um að áhrifin verði til þessarar áttar og þannig muni auknar ráðstöfunartekjur heimila vegna skuldalækkunarinnar að einhverju leyti hverfa í gin verðbólgunnar.

Forsætisráðherrann er þó greinilega hróðugur með að hafa komið stóra málinu sínu í framkvæmd, þrátt fyrir varnaðarorðin. Hann er strax farinn að tala um hvað gerist næst. Í þættinum Í bítið á Bylgjunni í fyrradag sagði hann að það væri „eðlilegt framhald að ráðast í afnám verðtryggingar á neytendalánum“.

Sumir muna kannski að í janúar skilaði nefnd forsætisráðherra um afnám verðtryggingar á neytendalánum skýrslu, þar sem meirihluti nefndarinnar, skipaður ýmsum sérfræðingum, komst að þeirri niðurstöðu að afnám verðtryggingar á slíkum lánum væri ógjörningur við núverandi aðstæður og raunar algjört glapræði. Afnámið myndi draga úr hagvexti, þyngja greiðslubyrði lántakenda, valda hruni húsnæðisverðs og setja stöðu lífeyrissjóðanna í uppnám. Forsætisráðherrann er augljóslega hundfúll með þetta nefndarálit og hefur gert mikið úr því að einn nefndarmaður, Vilhjálmur Birgisson verkalýðsleiðtogi, hafi skilað séráliti þar sem hann er sammála forsætisráðherranum um að afnema verðtryggingu í hvelli.

Í skýrslu nefndarinnar var raunar ekkert fjallað um þá grundvallarstaðreynd að verðtryggingin er verðið sem við greiðum fyrir veikan og óstöðugan gjaldmiðil. Án hennar virkar peningakerfið ekki. Við losnum aldrei við verðtrygginguna nema skipta um gjaldmiðil – en ríkisstjórnin vill skella í lás dyrunum að eina möguleika Íslands á nýrri mynt.

Full ástæða er til að hafa áhyggjur af að forsætisráðherrann, hafandi komið stóru skuldaleiðréttingunni framhjá efasemdamönnum í samstarfsflokknum og í hópi greinenda og hagfræðinga, sé svo fullur sjálfstrausts að hann keyri næst afnám verðtryggingarinnar í gegn. Þá fyrst erum við í vondum málum.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871



OPEL AMPERA rafbíll
Nýskr. 10/12, ekinn 7 þús. km.
Sjálfskiptur. Búnaður m.a.:
Bluetooth símkerfi, BOSE hljómkerfi, lyklalaust aðgengi, bakkmyndavél, DVD kerfi o.m.fl.
Var valinn bíll ársins 2012 í Evrópu.
Frábært verð
6.480 þús.
bílaland
Klettháls 11 Sími 525 8000
bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Rokkar hagræðingarhópsins þagnaðir



Kerfisbreytingar eru gjarnan andsvar við stöðnun. Oft er það þó svo að vinsælla er að tala um þær sem almenna hugmynd en að framkvæma þær í einstökum atriðum. Framförum fylgja jafnan vaxtarverkir. Allir kjósa að njóta ávaxta af kerfisbreytingum en fáir vilja bera ábyrgð á óhjákvæmilegum fylgjum þeirra.

Á síðasta ári varð hér meiri hagvöxtur en menn höfðu vænst. Það er smá rós í hnappagat fyrri stjórnar. Nýja ríkisstjórnin er til muna áhugasamari um hagvöxt. Því má reikna með að hann haldi áfram. Vandinn er hins vegar sá að framleiðni er ekki að vaxa að sama skapi. Bilið milli lífskjara hér og í grannlöndunum gæti því haldið áfram að breikka þrátt fyrir vöxt.

Ein ástæðan fyrir þessu er sú að ríkisstjórnin er andvíg þeim kerfisbreytingum í peningamálum sem líklegastar eru til að stuðla að aukinni framleiðni. Vöxturinn verður því einkum í greinum með lága framleiðni eins og ferðaþjónustu og svo nýjum orkufrekum iðnaði sem þarfnast ívilnana og sérkjara á kostnað skattborgaranna.

Framleiðniaukning er ekki aðeins mikilvæg í atvinnulífinu. Hún er líka brýn í ríkiskerfinu. Þar hefur víða náðst umtalsverður árangur. Aftur á móti er það íhugunarefni við þessar aðstæður hversu lítil athygli beinist að kerfisbreytingum og framleiðniaukningu í búskap atvinnuveganna.

Þegar þannig stendur á er enn mikilvægara að knýja á um kerfisbreytingar á þjónustusviðum ríkisins eigi að komast hjá stöðnun. Kjarabætur opinberra starfsmanna verða þá í mun ríkari mæli en ella að byggjast á skipulagsbreytingum og framleiðniaukningu í ríkiskerfinu sjálfu.

## Menntamálaráðherra einn á báti

Það eru nokkur býsn að menntamálaráðherra hefur verið einn á báti í rökræðunni fyrir kerfisbreytingum. Hann sendi þau skilaboð strax, (í gömlu merkingu þess orðs), að þær yrðu eitt af stóru verkefnum kjörtímabilsins. Það sem skipti þó meira máli var að hann reyndist vera tilbúinn að ræða jöfnum höndum óþægindin og ávinninginn.

Með öðru móti verður kerfisbreytingaboðskapurinn ekki trúverðugur. Sú umræða sem staðið hefur síðan um það eðlilega sjónarmið að íslenskir grunn- og framhaldsskólar skili nemendum út í lífið eða til háskólanáms á jafn mörgum árum og í grannlöndunum hefur því smám saman fengið hljómgrunn.

Kröfur kennara um kjarabætur umfram það sem samdist um á almennum markaði mættu velvilja í almenningsálitinu. Það er ekki nýtt. Hitt kom meira á óvart að andsvar menntamálaráðherra um kerfisbreytingu til að mæta þeim kostnaði féll einnig í frjóan akur almenningsálitsins. Samúðin með kröfugerðinni náði einfaldlega ekki til andspyrnu við breytingar.

Ugglaust hefði menntamálaráðherra mátt koma fyrr með tæknilegar útfærslur í einstökum atriðum. Það væri einfaldlega slæmt ef hann félli á tíma. En það breytir ekki hinu að hann hefur með pólitískri rökræðu fengið víðtækan stuðning við sjónarmið sín úti í samfélaginu.

Almenningur skilur að sérhver launahækkun er pólitísk efnahagsaðgerð. Í þessu tilviki voru þrjár leiðir færar: Ein var framleiðniaukning í skólakerfinu. Önnur var hækkun skatta. Og sú þriðja að skera niður hjá öðrum þjónustusviðum ríkisins. Ráðherrann benti á sanngjörnustu og hagkvæmustu leiðina til lausnar þótt enn sé ekki ljóst hvort hann hefur erindi sem erfiði.

## Samtök sem hlustað er á!

Hitt voru ill tíðindi, sem menntamálaráðherra kynnti í vikunni, að áformuð sameining Landbúnaðarháskólans og Háskóla Íslands væri komin í saltpækil. Mótspyrna Bændasamtakanna virðist hafa ráðið mestu um það. Þar er sannarlega ekki við menn úti í bæ að eiga sem skella má skollaeyrum við.

Tillögur ráðherrans voru vel rökstuddar og í þágu almannahagsmuna. Þeir urðu að víkja fyrir öðrum hagsmunum. Annaðhvort verða skattgreiðendur að borga þann brúsa eða háskólakennarar með lægri launum. Eðlilegt hefði verið að stilla Bændasamtökunum upp andspænis þeim kosti að kostnaðurinn yrði dreginn frá framlögum til landbúnaðarins. Það hefur ekki þótt við hæfi.

Á fyrstu mánuðum ríkisstjórnarinnar stóð hún í skugga svonefnds hagræðingarhóps sem talaði hærra og meira en hún. Formanni hans var síðan lyft til þeirra metorða að verða sérstakur aðstoðarmaður forsætisráðherra til að vinna að framgangi umbóta í ríkisrekstrinum.

Ætla hefði mátt að þessi hópur hefði tekið hitann og þungann af menntamálaráðherra og verið sverð hans og skjöldur í umræðum um skipulagsbreytingar í skólakerfinu. Að réttu lagi hefði verið ærið tilefni til að halda neyðarfund í hagræðingarhópnum í vikunni þegar tíðindin bárust um Landbúnaðarháskólann. En er til átti að taka höfðu rokkar hópsins snarþagnað. Hávaðapólitík sem endar þannig er heldur haldlítil.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# GÓÐ KAUP UM HELGINA Í HÚSASMIÐJUNNI

## Frábær hjól fyrir alla fjölskylduna

AUTHOR®

Author er einn af leiðandi framleiðendum reiðhjóla og fylgihluta í Evrópu. Author framleiðir gæðahjól á frábæru verði fyrir hinn almenna hjólreiðamann jafnt sem atvinnumenn. Author reiðhjólin hafa slegið rækilega í gegn hjá Húsasmiðjunni.



AUTHOR VECTRA
32.900 kr.
26"

**Reiðhjól Vectra**
18 gírar Shimano Revoshift.
3899998



AUTHOR ENERGY
33.900 kr.
20"

6 gírar Shimano Revoshift.
3899947



AUTHOR MATRIX
39.900 kr.
24"

18 gírar Shimano Revoshift.
3899948



AUTHOR TROPHY
32.900 kr.
26"

**Reiðhjól Trophy**
18 gírar Shimano Revoshift.
3899997



HELGAR SPRENGJA
46.900 kr
~~63.900 kr~~

**Þurrkari Bomann**
WT5016
Bomann 6 kg.
1805654



HELGAR SPRENGJA
54.900 kr
~~63.900 kr~~

**Uppþvottavél Bomann**
GSP777.1
12 manna, hljóðstyrkur 55dB.
Orkunýting A+, Þvottahæfni A, Þurrkhæfni A.
1805655



Höggborvél
3.495 kr
Frábært verð

**Höggborvél**
Power Plus 600W, flýtipatróna.
5245308

Electrolux



Helluborð
69.995 kr
Electrolux keramik, snertitakkar

**Helluborð EHF 6342XOK**
Stærð 380x576x516 mm.
1850524



Frystikista
78.900 kr
Frigor 248 ltr.

**Frystikista 248 ltr.**
Orkunýting B.
1805487



Juðari
1.995 kr
Frábært verð

**Juðari**
Power Plus 135W.
5245212



Hnífasett
9.990 kr
5 stk í standi

**Hnífasett 5 stk í standi**
2001317



BEKA

Panna 20 cm
4.699 kr
Keramikhúð

**Panna Forza með keramikhúð**
Non-stick, á allar hellur.
2006769-71

Meðan birgðir endast.



Páskaliljur
Tet a tet
399 kr
~~479 kr~~



Rósir
7 stk
999 kr



Túlípanar
10 stk
999 kr
~~1.499 kr~~

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

# Stríðsæsingur og einhliða fréttaflutningur

UTANRÍKISMÁL



Jón Ólafsson
prófessor við Háskólann á Bifröst

➜ **Þetta er svo fráleitt að ég ætla ekki að svara því. Bendi Þresti bara á vef RÚV og bið hann að hlusta betur.**

Ég hef fylgst daglega með rússneskum fjölmiðlum í allmörg ár og ég veit nokkuð vel hvar línurnar liggja í málum sem hafa verið til umræðu í Rússlandi árum saman. Eitt slíkra mála er Krímskaginn. Umræður um framtíð hans hafa endurtekið sig á opinberum vettvangi aftur og aftur í gegnum tíðina og alltaf verið á sömu lund: Yfirgnæfandi meirihluti Rússa telur að ríkið eigi að gera tilkall til hans. Eins og við höfum séð síðustu vikur beita rússnesk stjórnvöld allskyns rökum til að styðja þá skoðun á alþjóðavettvangi.

Þegar maður segir frá slíkum viðhorfum eða reynir að skýra þau, gerist það stundum að hlustendur telja að markmiðið sé að réttlæta þau. Fréttamenn verða iðulega fyrir þessu: Þegar Ríkisútvarpið sagði ítarlegar fréttir af makríldeilunni fyrir nokkrum vikum var kvartað yfir því að það væri að „flytja málstað Norðmanna“.

## Fráleitt

Þröstur Ólafsson fellur í þessa gildru í grein í Fréttablaðinu í gær þar sem hann heldur því fram að með því að segja í fréttaviðtali frá sjónarmiðum sem ég þekki vel og skipta máli, hafi ég fallist á og reynt að réttlæta þau. Þetta er svo fráleitt að ég ætla ekki að svara því. Bendi Þresti bara á vef RÚV og bið hann að hlusta betur.

Var ekki klisjan eitthvað á þá leið að sannleikurinn væri fyrsta fórnarlambið í stríði? Í kringum Úkraínudeiluna hefur myndast stríðsæsingur. Hann birtist meðal annars í því að ráðist er á þá sem reyna að draga fram mikilvægar hliðar málsins. Rússneskir fjölmiðlar, sérstaklega sjónvarpið, eru fullir af einhliða og heimskulegum áróðri þessa dagana þar sem stjórnvöldum í Kiev er lýst sem fasistum og ofbeldismönnum og hæðst að öllum samskiptum Úkraínu við umheiminn. En sama sjáum við hinumegin. Stöðugar fréttir eru af því að Rússar séu að undirbúa allsherjar stríð gegn nágrönnum sínum, menn velta vöngum yfir því hvað Pútín „ætli sér“ eins og í Kreml sé verið að leggja á ráðin um heimsyfirráð.

Það hjálpar öllum að skilja hvað er að gerast að sagt sé frá sem flestum hliðum mála. En því miður er alltaf við því að búast að sumir misskilji og haldi að það sé sami hlutur að segja frá viðhorfi og að réttlæta það.

# Yellowstone, heilög vé – Ísland, virkjanasvæði

NÁTTÚRUVERND



Ómar Ragnarsson
sjónvarpsmaður

Á afmælisráðstefnu Ísor í haust hélt einn af fremstu jarðvarmavirkjanasérfræðingum Bandaríkjanna erindi um fyrirhugaða nýtingu jarðvarmans þar í landi.

Hann benti á korti á mikinn fjölda fyrirhugaðra virkjanasvæða í landinu sem merkt voru með litlum blettum og rakti stöðu þessara mála vestra.

Í miðju erindi benti hann eitt augnablik á risastóran eldrauðan blett í Wyoming og sagði: „Hér er langmesta samanlögð jarðvarma- og vatnsorka í allri Norður-Ameríku. Þetta er Yellowstone, en þar verður ekki snert við neinu, því þetta eru heilög vé.“

Í vandaðri erlendri handbók um 100 mestu undur veraldar, þar af fjörutíu náttúruundur, er hinn eldvirki hluti Íslands á blaði sem eitt af sjö mestu náttúruundrum Evrópu og annað af tveimur á Norðurlöndunum, sem komast á blað.

Í Norður-Ameríku komast hin heilögu vé Yellowstone hins vegar ekki á blað í þessari bók. Þó er þessi níu þúsund ferkílómetra bandaríski þjóðgarður og svæði í kringum hann, sem er álíka stórt og allt Ísland, friðað fyrir öllum borunum eða raski vegna hugsanlegra virkjana. Hver sú stofnun eða fyrirtæki í Bandaríkjunum sem myndi voga sér að impra á því að snerta við Yellowstone yrði talin gengin af göflunum.

Í Yellowstone eru stórir óbeislaðir fossar og tíu þúsund hverir á mörgum stórum hverasvæðum og sjálfsagt væri hægt að reisa þar tugi stórvirkjana og búa til blá lón, gul lón, rauð lón og græn lón til að baða sig í.

Allt yrði það gert með rökum um „atvinnuuppbyggingu og sátt milli virkjana og friðunar“ af því að þetta tvennt fari svo vel saman.

## Gereyðingarhernaður

Í ljósi þess að í fyrrnefndri bók um mestu undur veraldar kemst Yellowstone ekki á blað eins og hinn eldvirki hluti Íslands má nærri geta hvað væri búið að gera þarna vestra ef þar réðu ferðinni menn með sama hugsunarhátt og hafa ráðið ferðinni hér á landi og sækja nú í sig veðrið sem aldrei fyrr. Samanburðurinn á hugsunarhætti okkar og Bandaríkjamanna er sláandi, svo ekki sé meira sagt.

Halldór Laxness nefndi það hernaðinn gegn landinu, fyrir 44 árum, en miðað við altæka sókn í alls 122 virkjanir að meðtöldum þeim sem þegar eru komnar hér á landi, myndi hann líklega nota orðið „gereyðingarhernað“ nú.

Síðustu 140 ár hafa allir Bandaríkjaforsetar, 27 að tölu, staðið vörð um hin „heilögu vé Yellowstone“ á sama tíma og þeir Íslendingar sem dirfast að andæfa virkjanaæðinu hér á landi eru kallaðir „öfgamenn, sem eru á móti rafmagni, á móti atvinnuuppbyggingu og vilja fara inn í torfkofana á ný“.

➜ **Samanburðurinn á hugsunarhætti okkar og Bandaríkjamanna er sláandi svo ekki sé meira sagt.**

Framleiðir þjóðin þó nú þegar fjórum til fimm sinnum meira rafmagn en hún þarf til eigin nota en samt er talin knýjandi nauðsyn að þessi tala verði minnst tvöfölduð og hækkuð upp í það að framleiða meira en tíu sinnum meira rafmagn en við þurfum sjálf.

Þrýst er á um þetta og lagningu sæstrengs til Skotlands til þess að við Íslendingar „björgum Evrópu í orkuvanda hennar“ og verðum „Bahrein norðursins“ og moldríkir stjórnendur orkuverðs í Evrópu í krafti „gífurlegrar orku“. Þegar tölurnar eru skoðaðar kemur samt í ljós að með því að fórna öllum samanlögðum náttúruverðmætum Íslands fyrir virkjanir muni það aðeins gefa langt innan við 1% af orkuþörf Evrópu!

Það er kominn tími til að við Íslendingar förum loks að átta okkur á því hvað er raunverulega í húfi. Um er að ræða ómetanleg náttúruverðmæti á heimsvísu, sem við núlifandi landsmenn eigum ekki, heldur höfum að láni frá afkomendum okkar og ber siðferðileg skylda til að varðveita fyrir komandi kynslóðir og mannkyn allt.


Öflugt stéttarfélag fit.is aukin réttindi

AÐALFUNDUR
Félags iðn- og tæknigreina

verður haldinn í Fundarsal félagsins Borgartúni 30, Reykjavík, laugardaginn 5. apríl kl. 11.00

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og samninganefndar, kjörstjórnar, skoðunarmanna reikninga og uppstillinganefndar lýst.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Tillögur um fulltrúa á þing ASÍ.
7. Tillögur um fulltrúa á ársfundi lífeyrissjóða sem FIT er aðili að.
8. Önnur mál.

Hádegismatur í boði félagsins.

Stjórnin

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA


# Gallað vinnumatskerfi HÍ vinnur gegn gæðum vísinda

VÍSINDI



Pétur Henry Petersen
taugalíffræðingur og dósent við HÍ



Arnar Pálsson
erfðafræðingur og dósent við HÍ

➜ **Stjórnvöld þurfa að átta sig á því að nýsköpun og menntun þarfnast fjárfestingar í háskólum...**

Við HÍ er notað matskerfi, sem metur rannsóknarframlag hvers vísindamanns. Punktar eru gefnir fyrir framleiddar einingar svo sem vísindagreinar, bækur, einkaleyfi o.s.frv. Punktarnir, eða stundum einfaldar talningar á greinum, stjórna dreifingu fjármagns, styrkjum til einstakra vísindamanna, styrkjum til framhaldsnema, launum kennara, framgangi kennara og fjárframlögum til deilda (sem sagt öllu sem skiptir máli).

Kerfið, sem upprunalega átti að vera ritlaunakerfi, hefur tekið yfir stjórn skólans. Að okkar mati grefur þetta kerfi (sem reyndar er sameiginlegt fyrir alla opinbera háskóla) sérstaklega undan gæðum. Vandamálið í hnotskurn er að kerfið verðlaunar framleiðni á kostnað gæða. Við HÍ eru stunduð afar fjölbreytt vísindi og á mismunandi forsendum. Það er erfitt að bera saman framleiðni í rannsóknum, t.d. í fornleifafræði, kennslufræði og líffræði, m.a. vegna munar á fræðigreinum, aðferðum, kostnaði og birtingartíðni.

## Gallar punktakerfisins

Á kerfinu eru margir og alvarlegir gallar. Sá helsti er að magn og gæði fara sjaldnast saman. Verst er að kerfið mótar hegðun vísindafólks, og ógnar þar með akademísku frelsi og vinnur gegn gæðum. Punktakerfi HÍ umbunar fyrir fjölda vísindagreina, á meðan lítið tillit er tekið til gæða. Að mestu er horft framhjá mun á eðli mismunandi fræðigreina.

Kerfið hvetur til skammtímarannsókna á kostnað langtímarannsókna. Kerfið gerir það nánast ómögulegt að stunda kostnaðarsamar rannsóknir sem taka tíma. Kerfið hvetur fólk til að gera auðveldar rannsóknir, sem líklegar eru til að skila afurð sem fyrst eða sem oftast.

Á svipaðan hátt vinnur kerfið gegn nýsköpun – því henni fylgir nánast samkvæmt skilgreiningu, mikil áhætta. Punktar hafa bein áhrif á launaflokk og framgang í starfi. Punktar eru einnig notaðir til að borga akademískum starfsmönnum launabónus (kallast þá vinnumatspunktar) sem getur numið margra mánaða launum, einkum hjá þeim sem lært hafa að spila á kerfið. Punktakerfið tekur lítið tillit til fjölskyldufólks og vinnur líklega gegn velgengni kvenna og barnafólks. Kerfið eins og það er notað í HÍ vinnur einnig markvisst gegn vissum tegundum vísinda. Ef hliðstæðu matskerfi væri beitt á íþróttir, færu flest stig til körfuboltafólks og knattspyrna legðist af.

Flestir sem tala fyrir kerfinu (eða allavega ekki gegn því) eru í þeirri aðstöðu að vera á sviðum þar sem punktaframleiðni er einfaldlega mikil. Margir sem græða á kerfinu eru í þeirri stöðu að tengjast einfaldlega mörgum birtingum. Þannig er gríðarlegur aðstöðumunur milli fólks og fræðigreina og kerfið í raun að mæla hann.

Í síðustu úthlutunum vísindanefndar háskólaráðs var byggt að mjög miklu leyti á einfaldri talningu á birtum greinum. Einbeittari trú á gildi framleiðni sem mati á vísindastarfi má vart finna. Ef ekkert er að gert mun kerfið grafa hægt og örugglega undan tilraunavísindum og öllum fræðum sem ekki standa undir mikilli og hraðri framleiðslu vísindagreina. Það mun rýra gæði og draga úr fjölbreytileika rannsókna og að lokum gjaldfella HÍ. Að reka rannsóknaháskóla án nægjanlegs fjármagns með kerfi sem verðlaunar framleiðni en ekki gæði, leiðir til framleiðslu á því sem lítið er á bak við.

## Leggjum niður eða endurskoðum kerfið

Stjórnvöld þurfa að átta sig á því að nýsköpun og menntun þarfnast fjárfestingar í háskólum og rannsóknasjóðum. Háskólaráð HÍ verður að skilja að magn er ekki gæði. Hugsa þarf reiknilíkan HÍ upp á nýtt og aðgreina laun og fjárframlög til deilda frá hrárri framleiðni. Horfa þarf til hvernig þessi mál eru leyst erlendis. Lagfæringar á kerfinu kosta ekki fé, heldur þor, framsýni og vilja stjórnar skólans og starfsmanna. Vegna þess að HÍ er ein mikilvægasta eign íslensku þjóðarinnar og starfsemi hans varðar almannaheill er bréf þetta birt á opinberum vettvangi.

Við óskum eftir því að menntamálaráðherra láti gera utanaðkomandi úttekt á matskerfi opinberu háskólanna hið fyrsta, með áherslu á gæði og jafnræði fræðigreina.






**DEVOLD ACTIVE ULLARBOLUR**
Dömu- og herrastærðir
**10.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE ULLARBUXUR**
Dömu- og herrastærðir
**10.990 KR.**



**ZAMBERLAN VIOZ PLUS GÖNGUSKÓR**
Stærð 37–48
**49.990 KR.**



**MHW DIRETTSSIMA BAKPOKI**
46–50 ltr.
**54.990 KR.**



**TATONKA BARREL TASKA**
130 ltr
**27.990 KR.**



**RECTA DS-50 ÁTTAVITI**
**11.990 KR.**



**COLEMAN TAOS SVEFNPOKI**
1,68 kg
**10.490 KR.**



**LEATHERMAN WAVE**
Fjölnota verkfæri
**19.900 KR.**



**TRAFFICO RAFSKUTLA**
Svört, blá, rauð, grá og bleik
**139.900 KR.**



**MERIDA CROSSWAY 100**
**129.990 KR.**



**NATURE TREK P. 8X42**
Handsjónauki
**19.990 KR.**



**COLEMAN TAURI CONNECT X2**
Létt 2ja manna tjald
**35.900 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

Munið gjafabréfin!




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# HELGIN



**Hallgrímur Helgason, rithöfundur**

### Bað, afmæli og Billinn

Laugardagur: Leggjast í bað og hlusta á Vikulokin, þ.e.a.s. ef Birgir Ármannsson er ekki gestur, á alltaf nett erfitt með að liggja með honum í baði. Fara út með hundinn og svo á fundinn, og svo er vinkona mín Guðrún Vilmundardóttir að fagna sextugsafmælinu sínu. Sunnudagur: Flug til Akureyrar kl. 12.30, held svo þaðan á Sigló þar sem við Lukka ætlum að vera næsta mánuðinn í skafrennandi einangrun að skrifa. Stefni á að ná Gylfaleiknum á Billanum og svo beinni útsendingu úr Þjóðleikhúsinu um kvöldið.



**Ásdís María Viðarsdóttir, söngkona**

### Leir og ópera

Leira afmælisgjöf handa bestu vinkonu minni, Þorbjörgu Roach, og síðan fer ég á íslensku óperuna Ragnheiði með hinni bestu vinkonu minni, mömmu.



**Ágúst Bent, rappari**

### Blautur löns og RFF

Byrja á blautum löns, svo á HönnunarMars, þaðan á opnun hjá Sunnu Ben, svo blautari dinner. Þá liggur leiðin í RFF-partí og svo loks í þrítugs-afmæli hjá gömlum manni.



**Þorbjörg Marinósdóttir, rithöfundur**

### Flensa og barnaföt

Ég var að koma frá New York með flensu en ef ég hressist mun ég sitja og flokka barnaföt. Fer samt á HönnunarMars og í hádegismat á Coocoos Nest.


Dreglar og mottur
á frábæru verði!



Ódýrar mottur
40x60 cm frá kr.
399

Breidd: 1 metri
Verð pr. lengdarmeter
1.795

PVC mottur 50x80 cm 1.490
66x120 cm kr 2.790
100x150 cm kr 4.990

Breidd: 66 cm
Verð pr. lengdarmeter
1.495

Margar stærðir og gerðir

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Klettháls 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Aðalfundur KEA

KEA

Aðalfundir deilda KEA verða haldnir sem hér segir:

Deildarfundur Vestur-Eyjafjarðardeildar
Verður haldinn þriðjudaginn 1. apríl kl 16:00
í Leikhúsinu á Möðruvöllum

Deildarfundur Út-Eyjafjarðardeildar
Verður haldinn þriðjudaginn 1. apríl kl 20:00
í Safnaðarheimili Dalvíkurkirkju

Deildarfundur Austur-Eyjafjarðardeildar
Verður haldinn miðvikudaginn 2. apríl kl 16:00
á Öngulsstöðum í Eyjafjarðarsveit

Deildarfundur Þingeyjardeildar
Verður haldinn miðvikudaginn 2. apríl kl 20:00
á Veitingahúsinu Sölku á Húsavík

Deildarfundur Akureyrardeildar
Verður haldinn fimmtudaginn 3. apríl kl 20:00
á Hótel KEA á Akureyri

Á fundunum verða venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum um störf deilda félagsins

Deildarstjórnir



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT




**NÝIR FÁNAR** Hörður Lárusson veltir fyrir sér hvernig þjóðfáni Íslands myndi líta út ef efnt væri til samkeppni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hundrað útgáfur af íslenska fánanum

Hörður Lárusson er grafískur hönnuður sem fer fyrir óformlegri fánanefnd þar sem hann leitar til almennings eftir nýjum tillögum að þjóðfána Íslands. Rúmlega 120 tillögur að nýjum fána má berja augum í Galleríi Þoku yfir Hönnunarmars.

„Í ár eru akkúrat 100 ár síðan fánanefnd auglýsti eftir tillögum að þjóðfána Íslands og mér fannst áhugavert að sjá hvernig við myndum bregðast við í dag ef sömu spurningu yrði varpað til almennings, hvaða tillögur hann kæmi með,“ segir Hörður Lárusson.

Hörður er grafískur hönnuður og aðstandandi sýningarinnar Skjótum upp fána sem fer fram í Gallerí Þoku. Þar má sjá rúmlega 120 tillögur að nýjum þjóðfána Íslendinga. Tæplega hundrað ár eru liðin frá því að íslenski fáninn var staðfestur með konungsúrskurði en þá, árið 1914 bárust 28 tillögur. Af því tilefni ákvað Hörður að efna til nýrrar samkeppni. „Ég fékk þau Atla Þór Árnason og Unnie Arendrup í lið með mér og við settum upp vefsíðu. Þar buðum við fólki að senda inn tillögur og það endaði í 120 tillögum að nýjum fána,“ segir Hörður, en eingöngu var í boði að senda inn skriflegar tillögur sem þau síðan teiknuðu upp.

Sýningin var opnuð á fimmtudaginn og er aðallega hugsuð yfir Hönnunarmars, sem er nú í fullum gangi þar til á sunnudag. Þá eru þessar 100 ára gömlu tillögur, á fánastöngum hér og þar um borgina um helgina til sýnis. Til dæmis við Hörpu, Ráðhús Reykjavíkur, í Lækjargötu og við þessa fána stendur textaskýring hver á hugmyndina.

„Ég tek niður gömlu fánana eftir helgi, en hef sýninguna í Þoku opna til 6. apríl. Allir velkomnir.“

**Hvað?** Sýningin Skjótum upp fána
**Hvar:** Gallerí Þoka, Laugavegur 25
**Hversu lengi:** Stendur til 6. apríl

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...




**VERJANDI JAKOBS** eftir William Landay. Frábær réttarfarskrimmi. Bókin sem Stephen King kallaði besta réttardrama sem út hefur komið árum saman.



**Á KVIKMYNDAHÁTÍÐINA** Evrópa hlær á Borgarbókasafninu. Í dag klukkan 15 verður sýnd myndin Rauðlitaður grár trukkur frá Serbíu.



**Á PLÖTUNA** Glamúr í geimnum með Dj. flugvél og geimskip. Platan kom út í lok árs 2013 og var skemmtileg frumraun listamannsins.



**Á BEINA ÚTSENDINGU** frá Ísland got talent en hæfileikakeppnin hefur slegið í gegn hjá ungum sem öldnum. Hún er í opinni dagskrá á Stöð 2 annað kvöld klukkan 19.45.

# SNJALLSJÓNVARP FRÁ Panasonic




Fæst hvítt eða silfurlitað!

39"

42"

## GLÆSILEG HÖNNUN

**Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan LED skjá. Vandað, umhverfisvænt og í orkuflokki A+**

**Panasonic TXL39E6**

**119.990**

VERÐ ÁÐUR **149.990**

**Panasonic TXL42E6**

**129.990**

VERÐ ÁÐUR **169.990**

**Framúrskarandi myndgæði**
100Hz Backlight Blinking tryggir flöktlausa mynd og Vreal Smart örgjörvinn gerir alla myndvinnslu óaðfinnanlega.

**Viera Connect WiFi snjallsjónvarp**
Með nýjustu Panasonic tækni er boðið upp á allt það besta í samhæfni við net og tölvur. Með „My Home Screen" getur notandinn aðlagað að sínum þörfum hvað birtist á skjánum. Swipe & Share 2.0 gerir svo einfalt að senda myndir og myndbönd frá spjaldtölvum og snjallsímum yfir á tækið og Microsoft Smooth Streaming technology hámarkar gæði efnis sem náð er í gegnum netið.

FULL HD 1920X1080 • 100Hz Back Light Blinking • my Home Screen • HIGH CONTRAST • SWIPE & SHARE • VIERA Connect • Wireless LAN built-in • SLIM LED

AVForums HIGHLY RECOMMENDED AWARD • Trusted Reviews RECOMMENDED • HDTVtest HIGHLY RECOMMENDED • EDITORS' CHOICE MAR 2013 cnet

„It offers excellent picture quality with good upscaling, deep black levels and natural colors, and packages it up in an atrractively slim design" cnet – Editors choice

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner Panasonic

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# KJÚKLINGA-VEISLA!



**839 kr. stk.**

Danpo heill danskur kjúklingur, frosinn, 1,2 kg

**699 kr. kg**







21% afsláttur

## SÚPUKJÖT KJÖRIÐ Í HELGAR-MATINN

**668 kr. kg**

Verð áður ~~849~~ kr.stk.
Goða súpukjöt í poka






15% afsláttur

**1358 kr. kg**

Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Kjötrétta pönnur, 3 tegundir




4 í pk.

**698 kr. pk.**

Grillborgarar m/brauði, 4 stk.




20% afsláttur

**1598 kr. kg**

Verð áður ~~1997~~ kr. kg
SS ítalskt lambalæri

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

# FERMINGAR-TILBOÐ!

**1990** kr. stk.
Verð áður ~~2499~~ kr. stk.
Quality Street 1,25 kg dós

**790** kr. kippan
Pepsi eða Pepsi Max 4 x 2 lítrar

FRÁBÆRT VERÐ!
**88** kr. stk.
Hátíðarblanda, 0,5 lítrar

## ER FERMING FRAMUNDAN?

50% afsláttur
**449** kr. stk.
Verð áður ~~898~~ kr. stk.
Odense marsípan, 400 g

33 kr./stk.
30 kr./stk.
29 kr./stk.
27 kr./stk.
**2399** kr. pk.
Libero bleiur, 4 stærðir

STJÖRNUSPÁ & SPÁDÓMUR FYLGIR MEÐ!
**2099** kr. stk.
Góu spádómsegg

Nýtt
Nivea Sensitive

| | |
|---|---|
| Dagkrem, 50 ml | 1699 kr. |
| Næturkrem 50 ml | 1699 kr. |
| Hreinsivökvi, 200 ml | 939 kr. |
| Hreinsimjólk, 200 ml | 939 kr. |
| Sturtusápa, 250 ml | 399 kr. |

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

EMBLA UM FORDÓMA GAGNVART FÖTLUÐU FÓLKI

### Fötlunin er ekki vandamálið

Það sem hefur markað líf mitt eru fordómar. Fötlunin sem slík hefur ekki markað líf mitt því ég hef aldrei verið ófötluð. Oft gleymi ég að ég sé fötluð en man þá um leið og ég fer út því allir glápa á mig eða enginn talar við mig. Fólk fattar ekki að það er vandamálið en ekki að ég geti ekki hlaupið eða þurfi aðstoð við dagleg verkefni.

### Fatlað fólk er alltaf svo duglegt

Ég er dugleg að keyra bílinn minn, dugleg að borða kvöldmat, dugleg að fara í háskóla, dugleg að búa ein. Meira að segja þegar ég fór að djamma 17 ára og langt undir lögaldri, þá var ég samt voða dugleg. Þetta veldur því að hugtakið dugleg hefur enga merkingu fyrir mig í dag, því ég geri bara venjulega hluti eins og allir aðrir en er samt svo dugleg af því að ég er fötluð.

### Ögrar staðalmyndinni

Ég klæði mig upp í kjóla, mála mig og fer í háa hæla til að kaupa mér ákveðna stöðu og ögra staðalmyndinni um fatlaða fólkið í flíspeysunni. Viðbrögðin láta ekki á sér standa. „Vá, hvað þú ert fín, bara með varalit og allt. Voðalega ertu dugleg að vera í háum hælum, svo fín.“ Í leiðinni næ ég að ögra staðalmyndinni um lesbíur. Tvær flugur í einu höggi.

# Fæ aldrei að vera fullorðin

**Embla Guðrúnar Ágústsdóttir** segir fötlunina aldrei hafa hamlað sér heldur fordómana sem hún finnur í samfélaginu. Hún er kona, kynvera, háskólastúdent og ýmislegt annað. En samfélagið sér hana eingöngu sem duglega og fatlaða hetju.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is





**Á STÚDENTAGÖRÐUM** Embla flutti á Skógarveg fyrir rúmu ári en þar eru margar fjölskylduíbúðir fyrir stúdenta. Hún segist njóta þess að hafa börnin í kringum sig því það geri umhverfið svo líflegt. Hún er alin upp í Mosfellsbæ en vildi flytja miðsvæðis, nær skólanum og vinunum, og fannst ómögulegt að halda matarboð heima hjá mömmu og pabba. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það eina sem ég vissi um Emblu Guðrúnar Ágústsdóttur áður en ég hitti hana var að hún er fötluð, samkynhneigð kona á þrítugsaldri og hún skrifar ögrandi pistla um fordóma gegn fötluðum á blogginu Tabú, ásamt Freyju Haraldsdóttur.

Hún nemur félags- og kynjafræði við Háskóla Íslands, býr á stúdentagörðum og ég sá bíl á bílastæðinu með númeraplötunni „Emblan“. Meira vissi ég ekki en þetta dugði til að ég gerði mér hugmyndir um að hún væri sterk og kröftug hetja. Vá, hvað hún er sjálfstæð og dugleg, hugsaði ég.

Þessar hugmyndir eru eitthvað sem ég þurfti að taka til endurskoðunar eftir að Embla tók mig í klukkustundar kennslustund í fordómum gegn fötluðu fólki. Embla býður mér inn og er með súkkulaði á borðum eins og hún var búin að lofa. Aðstoðarkona hennar útbýr kaffibolla fyrir mig og fer svo inn í herbergi á meðan við spjöllum.

**Þörf til að setja fólk í box**

*Fyrsta spurningin kemur frá mér ósjálfrátt. Hvernig lýsir fötlun þín sér?* „Af hverju þarftu að vita það? Ekki spyrðu hvernig ég sé samkynhneigð,“ segir Embla glottandi og slær mig strax út af laginu. „Það er áhugavert af hverju fólk hefur svona mikla þörf á að vita allt um fötlun mína og af hverju það telur leyfilegt að spyrja að því. Þetta er einhver þörf til að setja mann í box og þess vegna er fatlað fólk spurt mörgum sinnum á dag út í fötlun sína. Aldrei myndi ég spyrja konu yfir fimmtugt hvort hún sé með þvagleka þrátt fyrir að ég viti að það sé algengt vandamál eða fullorðinn karlmann hvort hann sé með risvandamál. En það er fyndið hvað það pirrar marga að fá ekki skilgreiningu á fötlun minni.“

**Var ekki hugað líf**

Eftir smá stríðnisþögn segir Embla mér að hún sé greind með hreyfihömlunina CP sem hefur áhrif á hreyfigetu allra útlima. Þegar Embla fæddist var henni vart hugað líf og foreldrum hennar var tilkynnt að hún gæti aldrei gengið eða talað, en það getur hún hvort tveggja í dag. Foreldrar hennar þurftu beinlínis að fara á móti straumnum við uppeldið. „Þau ákváðu ekkert fyrirfram og gengu út frá því að ég gæti allt. Ég veit ekki hvernig líf mitt væri ef þau hefðu hlustað á alla læknana og ráðgjafana. Það er alltaf verið að passa að fatlaðir og foreldrar þeirra hafi ekki of miklar væntingar en það er miklu hættulegra að hafa engar væntingar.“

**Fordómar hafa markað líf mitt**

Embla fór að láta sig varða réttindi fatlaðs fólks þegar hún kynntist öðrum fötluðum við íþróttaiðkun á unglingsárunum. Þá uppgötvaði hún að fordómarnir sem hún hafði alltaf upplifað á eigin skinni væru ekki hennar persónulega vandamál, heldur lentu allir hinir líka í þeim. Fordómarnir væru samfélagslegt vandamál.

„Það sem hefur markað líf mitt eru fordómar. Fötlunin sem slík hefur ekki markað líf mitt því ég hef aldrei verið ófötluð. Oft gleymi ég að ég sé fötluð en man það um leið og ég fer út því allir glápa á mig eða enginn talar við mig. Fólk fattar ekki að það er vandamálið en ekki að ég geti ekki hlaupið eða þurfi aðstoð við dagleg verkefni.“

**Fatlað fólk er svo duglegt**

Embla segir fordóma gegn fötluðu fólki vera flókna því þeir þyki í lagi og maður verði ekki var við þá nema finna þá á eigin skinni. „Það er pólitískt rétt að vorkenna fötluðu fólki. Okkur er kennt að vera góð við þá sem minna mega sín en birtingarmynd þessarar gæsku er mjög erfið fyrir sjálfsmyndina. Ég hef aldrei fengið að vera fullorðin. Mér er klappað á kinnina eins og smábarni og ég þyki svo krúttleg. Það er talað við mig með blíðri krúttröddu, ef það er þá yrt á mig. Þegar ég fer út í búð þá er vinkona mín spurð „vill hún poka?“. Svo erum við fatlaða fólkið alltaf svo dugleg. Það er sama hvað það er. Ég er dugleg að keyra bílinn minn, dugleg að borða kvöldmat, dugleg að fara í háskóla, dugleg að búa ein. Meira að segja þegar ég fór að djamma 17 ára og langt undir lögaldri, þá var ég samt voða dugleg. Þetta veldur því að hugtakið dugleg hefur enga merkingu fyrir mig í dag, því ég geri bara venjulega hluti eins og allir aðrir en er samt svo dugleg af því að ég er fötluð. Fólk heldur að það sé að hrósa en það væri gaman ef það fyndi sig ekki knúið til að líta alltaf á mig sem hetju.“

**Fatlað fólk enn talið skrítið**

*Á þessu augnabliki roðnar blaðamaður eilítið og lítur undan. Reynir að krafsa í bakkann. Er fólk ekki bara óöruggt og veit ekki alveg hvernig það á að nálgast fatlað fólk?* „Ég skil ekki hvað þú ert að tala um,“ svarar Embla skellihlæjandi. „Tekur þú viðtal við Kristínu Eysteinsdóttur og hrósar henni fyrir hvað hún sé dugleg að geta verið leikhússtjóri þrátt fyrir að vera samkynhneigð? Veistu ekki hvernig þú átt að nálgast hana? Vandamálið er kannski að fatlað fólk er ekki nægilega sýnilegt í samfélaginu. Maður glápir ekki á homma leiðast eða á svartan mann labba fram hjá manni. Jú, það er mannlegt að kíkja á eitthvað sem er skrítið. Og það segir okkur að fötlun er enn skrítin á Íslandi. Ef fatlað fólk væri að vinna við ýmis störf, í bankanum, á spítalanum og í skólunum þá held ég að allir myndu missa áhugann á að glápa á það.“

**Ögrar staðalmyndum**

*En er eitthvað sem þú getur ekki gert, Embla?* „Myndir þú spyrja Kristínu Eysteinsdóttur að þessu?“ (Embla hlær og blaðamaður roðnar aftur). „Ég geri það sem ég get og vil gera. Ég þarf oft að finna leiðir til þess en ef það er flókið þá lít ég á það sem áskorun. Það er skemmtilegast þegar ég næ að ögra fólki.“

*Hvernig ögrar þú fólki?* „Ég klæði mig í kjóla, mála mig og fer í háa hæla til að kaupa mér ákveðna stöðu og ögra staðalmyndinni um fatlaða fólkið í flíspeysunni. Viðbrögðin láta ekki á sér standa. „Vá, hvað þú ert fín, bara með varalit og allt. Voðalega ertu dugleg að vera í háum hælum, svo fín.“ Færð þú þessi viðbrögð þegar þú mætir í vinnuna á háum hælum? Í leiðinni næ ég að ögra staðalmyndinni um lesbíur. Tvær flugur í einu höggi. Samfélagið lítur samt á mig sem fyrst og fremst fatlaða. Svo kannski samkynhneigða og síðan sem konu. Mikið væri hressandi að vera einu sinni kölluð „lessan“ í staðinn fyrir „fötluðu stelpuna“. Ég læt mig líka dreyma um að vera yfirheyrð eins og aðrar konur á mínum aldri um hvort ég eigi kærasta eða hvort ég ætli ekki að koma með kríli. Ég er aldrei spurð slíkra spurninga.“

**Út úr skápnum fimmtán ára**

*Ég er fljót að grípa orðið. Ertu í sambandi?* „Ég hef verið í sambandi en ekki eins og er. Ef það kemur er það bara gaman, en ég er ekki allar helgar að bíða eftir því. Einhvern tímann langar mig að eignast börn. Ég hlakka til að sjá hvað samfélagið gerir í því – það fer örugglega á hliðina. Barnið ég, að eignast barn. Það er merkilegt hvað fólk hefur miklar skoðanir á barneignum fatlaðs fólks. Tengt því þá er ekki litið á fatlað fólk sem kynverur. Þegar ég kom út úr skápnum fimmtán ára, þá fannst fólki það skrítið og velti fyrir sér hvernig ég, kynlausa konan, gæti vitað hvort ég væri samkynhneigð. Ég hef mikinn áhuga á fötluðu fólki sem kynverum og væri gaman að starfa tengt því í framtíðinni enda margt sem á eftir að vinna þar. Kannski fer ég til Ástralíu eftir kynjafræðina, læri kynfræði og starfa sem ráðgjafi með fötluðu fólki.“

**Sprengja kerfið og hólfin**

Embla hefur ekki látið samfélagið hafa áhrif á væntingar sínar til lífsins og draumarnir eru ótakmarkaðir. Líka draumurinn um fordómalaust samfélag.

„Mig langar svo að komast á þann stað að okkur detti ekki í hug að tala svona eða koma svona fram við fatlað fólk. En að við þurfum ekkert að vanda okkur eða einbeita okkur að gera það ekki heldur sé það ósjálfrátt. Í staðinn fyrir að troða öllum í kerfið og passa í eitthvað hólf, þá vil ég miklu frekar sprengja það upp. Taka þetta kerfi og troða því eitthvert annað,“ segir Embla kankvís.




**ÖRNÁMSKEIÐ SEM GÆTI BJARGAÐ MANNSLÍFUM**

Öryggismiðstöðin býður viðskiptavinum sínum á **FRÍTT** skyndihjálparnámskeið.

Viðskiptavinir okkar geta skráð sig og sinn hóp á **oryggi.is/skyndihjalp**

Þér sem viðskiptavini Öryggismiðstöðvarinnar er boðið á námskeiðið auk þess sem þú færð að bjóða fjórum vinum með þér. **Styrktu hópinn þinn,** hvort sem um er að ræða saumaklúbbinn, gönguhópinn, briddsfélagana eða vini og fjölskyldu og bjóddu þeim með á **2ja klst.** skyndihjálparnámskeið þar sem áhersla verður lögð á endurlífgun.

Námskeiðin hefjast 7. apríl.

PIPAR\TBWA • SÍA • 140947

**Sími 570 2400 · oryggi.is**
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN



**BRÆÐUR Í TÓNLISTINNI** Snæbjörn er í fimm hljómsveitum og Baldur í sex. Skálmöld á þó sérstakan sess í hjarta þeirra beggja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Ég vissi frá upphafi að ég ætlaði að yrkja svona texta, um þetta efni. Mér fannst bara svo skrítið að það væri enginn búinn að gera þetta.**

*Snæbjörn*

**Hljómsveitir**
Skálmöld, Ljótu hálfvitarnir, Bófar, Innvortis, Danshljómsveitin Hommar

**Ég er reyndar í á bilinu sex til tíu hljómsveitum, þannig að þungarokkið er engin þungamiðja í minni tónlistarsköpun.**

*Baldur*

**Hljómsveitir**
Skálmöld, Ljótu hálfvitarni, Bófar, Innvortis, Danshljómsveitin Hommar, Dætrasynir

# Tónlistin öskrar alltaf á mann

Hljómsveitin Skálmöld hefur notið ótrúlegra vinsælda undanfarið miðað við þungarokkshljómsveit og nú er í uppsiglingu leiksýning byggð á fyrstu plötu þeirra, Baldri. Bræðurnir **Snæbjörn** og **Baldur Ragnarssynir** eru ekki í neinum vafa um að vinsældirnar séu mikið því að þakka hvað hljómsveitarmeðlimum þykir gaman að flytja þessa tónlist.



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

*Bræður munu berjast*
*og að bönum verðast,*
*munu systrungar*
*sifjum spilla;*
*hart er í heimi,*
*hórdómur mikill,*
*skeggöld, skálmöld,*
*skildir eru klofnir,*
*vindöld, vargöld,*
*áður veröld steypist,*
*mun engi maður*
*öðrum þyrma.*

Þetta erindi úr Völuspá á ekki við bræðurna Snæbjörn og Baldur Ragnarssyni. Þótt þeir séu báðir í hljómsveitinni Skálmöld og geri sitt besta til að koma á skeggöld þá eru þeir mjög nánir og segjast ekki einu sinni hafa slegist sem börn. Þeir eru saman í fjölmörgum hljómsveitum, hafa unnið saman í leikhópnum Lottu og fleiri leikverkum, segjast hittast um það bil 200 daga á ári og vera í meira og minna sambandi þess á milli. Þessa dagana æfa þeir baki brotnu á Stóra sviði Borgarleikhússins þar sem plata þeirra Baldur, frá 2010, mun birtast áhorfendum í formi leikverks á föstudaginn kemur. En hvernig þróaðist þessi þungarokksplata yfir í leikhúsverk?

**Snæbjörn:** Við höfum flestir unnið mikið í leikhúsi og það lá alltaf sú hugsun að baki Baldri að þetta væri leikverk. Hvernig það nákvæmlega þróaðist að samræður við Borgarleikhúsið hófust man ég reyndar ekki, en hugmyndin hvarfaðist mjög hratt og nú er næstum komið að frumsýningu.“

Snæbjörn hefur skrifað nokkur leikrit og Baldur samið tónlist við þó nokkur leikverk en þeir segjast voðalega lítið skipta sér af því hvaða leið leikstjórinn, Halldór Gylfason, fari við uppfærsluna. „Allavega ekki ennþá,“ bætir Baldur við.

Áður en Skálmöld varð til voru þeir bræður þekktastir sem meðlimir hljómsveitarinnar Ljótu hálfvitanna frá Húsavík, þar sem þeir ólust upp. Hvernig þróuðust þeir frá sakleysislegum þjóðlagapönkurum yfir í þungarokksjötna?

**Snæbjörn:** „Við tveir höfum bara alltaf verið að spila tónlist. Það var mikil tónlist heima og okkur var kennt að tónlist væri bara tónlist. Ljótu hálfvitarnir voru bara enn eitt skrefið og Skálmöld eitt í viðbót. Reyndar er hugmyndin að baki eldgömul, við Björgvin, söngvari Skálmaldar, spiluðum þungarokk áður en við fengum bílpróf. Og auðvitað kom Baldur inn í þetta með okkur þegar hann var orðinn nógu gamall. Við erum voða lítið að búa til tónlist nema hinn bróðirinn sé með.“

**Baldur:** „Þegar þið Björgvin voruð að spila þungarokk og pönk var ég náttúrulega bara barn. Nokkrum árum seinna ert þú fluttur suður og ég að spila hardcore með félögum mínum á Húsavík. Það er geysilega aggressíft tónlistarform og skemmtilegt þannig að skrefin yfir í þungarokkið voru ekkert stór. Rætur okkar beggja liggja miklu nær þungarokkinu en Hálfvitunum.“

Faðir bræðranna var skólastjóri Tónlistarskóla Húsavíkur og þeir voru aldir upp við klassískt tónlistarnám. Kom aldrei til greina að leggja klassíkina fyrir sig?

**Snæbjörn:** „Pabbi, og mamma reyndar líka, studdi okkur bara í því sem við vildum gera. Ef við vildum ekki verða snillingar á fiðlu, til dæmis, þá var það bara allt í lagi og fullur stuðningur við það. Helga systir okkar er miklu meiri pælari en við, hún er til dæmis góð á hljóðfæri, enda menntað tónskáld, á meðan við erum bara í þungarokkshljómsveit. Við fengum mjög klassískt uppeldi tónlistarlega, en skilaboðin voru samt alltaf að tónlist væri bara tónlist og það eina sem skipti máli væri að gera þetta almennilega.“

**Baldur:** „Við höfum ekki þennan metnað að vilja verða einleikarar. Okkar tónlistaráhugi hefur alltaf legið miklu meira í því að búa til tónlist. Ég er reyndar í á bilinu sex til tíu hljómsveitum, þannig að þungarokkið er engin þungamiðja í minni tónlistarsköpun. Þetta fordómaleysi gagnvart tónlistartegundinni var góður grunnur og ekki síður þau skilaboð að maður ætti að leggja sig allan í hana sama hvaða skilgreiningu hún fengi.“

**Snæbjörn:** „Já, og setja eitthvað nýtt í þetta, pabbi hamraði mikið á því. Ekki reyna að semja eða spila eins og einhver annar heldur alltaf að setja eitthvað af sjálfum sér í tónlistina. Það er held ég lykillinn að því hvað við erum óhræddir við að gera furðulega hluti.“

*Talandi um furðulega hluti, þú ert á leið í Eurovision, hvað finnst þér um það?*

„Já, andskotinn, en ef það er hringt í mann og maður beðinn að syngja bakrödd með Óttari Proppé þá segir maður auðvitað bara já, annað kemur ekki til greina. Þetta verður bara skemmtilegt. Góðir drengir, gott lag og bara gleði.“

Það eru sex ár á milli bræðranna og eðlilegt að álykta að Snæbjörn hafi að einhverju leyti alið Baldur upp í tónlistinni en þeir harðneita því.

**Snæbjörn:** „Ég var ekkert að ala hann upp og það voru aldrei nein átök á milli okkar. Við vorum strax bara voða miklir einstaklingar. Baldur fór til dæmis ekkert sömu leið og ég í tónlistinni framan af, alls ekki. Við erum líka mjög ólíkir í tónlistarhugsun í dag.“

**Baldur:** „Já, það er sko alveg óhætt að segja það.“

Textar Snæbjarnar við tónlist Skálmaldar hafa líka vakið athygli og þykja ólíkir því sem aðrir eru að gera. Skiptir það hann miklu máli að endurlífga gömlu bragformin?

**Snæbjörn:** „Pabbi kenndi mér þetta allt þegar ég var lítill. Bæði bragfræði og goðafræði. Svo hrærðist þetta bara svona saman í höfðinu á mér. Það var mikill áhugi á goðafræðinni, upprunanum og Íslendingasögunum á heimilinu, án þess að því væri neitt troðið ofan í okkur og það var í rauninni stór partur af því að Skálmöld varð til. Ég vissi frá upphafi að ég ætlaði að yrkja svona texta, um þetta efni. Mér fannst bara svo skrítið að það væri enginn búinn að gera þetta. Það hentar mjög vel að yrkja montið og kjarnyrt því það syngst svo ofboðslega vel. Mér finnst líka gaman að þetta hefur orðið til þess að fólk á okkar reki og yngra er allt í einu farið að pæla í bragfræði, goðafræði og upprunа okkar.“

*Þessi áhersla á upprunann og goðafræðina hefur oft verið tengd við stefnu þjóðernissinna eða nýnasista, hefur ekkert verið reynt að klína þeim stimpli á ykkur?*

**Baldur:** „Jú, jú, það hefur verið reynt. Við höfum fengið alls konar óhróður inn á heimasíðuna okkar, en við bara hjólum í það og kæfum það í fæðingu. Það er svo himinlangt frá því sem við trúum á.“

**Snæbjörn:** „Það er líka óþolandi þegar einhverjir svona drullusokkar eru að reyna að eigna sér það sem maður er að gera. Þetta stendur engan veginn fyrir það sem nýnasistar trúa á.“

Þið eruð báðir í öllum þessum hljómsveitum, Snæbjörn vinnur á auglýsingastofu frá níu til fimm virka daga, Baldur hefur verið á kafi í leikhústónlistinni. Er einhver tími til að sinna einhverjum öðrum áhugamálum?

**Snæbjörn:** „Já, já, en þau fara nú ekkert hátt núna. Tónlistin hefur alltaf verið áhugamál númer eitt. Leiklistin hefur minnkað, en hún er nú samt alltaf bak við eyrað.“

**Baldur:** „Tónlistin er eina áhugamálið sem maður getur ekki hunsað. Hún öskrar alltaf á mann og það er enginn séns að sinna henni ekki. Og með öllu þessu spilerí þá fer ekki hjá því að sófinn heima skori hátt þegar maður á frí. Ég reyndar lét það eftir mér að drífa mig í ferðalag, er rétt kominn heim eftir þriggja mánaða flakk um Suður-Ameríku, en svo kom maður auðvitað bara heim aftur til að spila.“

*Er ekkert erfitt að hafa svona mörg ólík prójekt í gangi í einu?*

**Snæbjörn:** „Við eigum ekki börn, það munar miklu. Langflestir í kringum okkur, allir í Skálmöld til dæmis, eru með fjölskyldur og þurfa að sinna þeim. Við eigum bara kærustur og komum heim þegar okkur sýnist. Þær eru auðvitað frábærar og það þarf að sinna þeim, ekki misskilja mig, en það er auðveldara að hagræða tímanum með kærustu en með börn.“

**Baldur:** „Þær eru voðalega duglegar. Þarf ekki að hátta þær klukkan níu og þær sjá alveg um að fá sér að borða sjálfar. En svona í alvöru þá munar það svakalega miklu að vera ekki með börn. Hinir í hljómsveitunum græða líka á því þar sem þeir geta verið að sinna börnunum sínum á meðan við erum að vasast í málunum.“

Þungarokk er oft tengt uppreisn unglingsáranna, sjáið þið fyrir ykkur að vera enn á sviðinu með Skálmöld um sextugt?

**Snæbjörn:** „Já, hvers vegna ekki? Ég sé allavega ekki sjálfan mig fyrir mér að stofna ballband sem syngur bara „Ú, beibí, ég elska þig mikið.“

**Baldur:** „Það gildir það sama um Ljótu hálfvitana og Skálmöld. Þær eru drifnar áfram af ofboðslegum áhuga allra meðlima á því sem verið er að gera. Hálfvitarnir eru níu ára band og Skálmöld að verða fimm ára og þetta er ennþá bara ofboðslega skemmtilegt. Á meðan okkur finnst það get ég ekki séð nokkra ástæðu til að hætta. Það skilar sér líka til áhorfenda og ég held að stór hluti af vinsældum Skálmaldar sé því að þakka hvað við sjálfir höfum brennandi áhuga á tónlistinni.“


opið
allar helgar
20%
afsláttur
af kösturum
RAFVÖRU MARKAÐURINN
KASTARADAGAR
Litir: HVÍTT, STÁL, GYLLT OG ANTIK
7.992
Verð áður 9.990
6.392
Verð áður 7.990
6.392
Verð áður 7.990
7.992
Verð áður 9.990
4.792
Verð áður 5.990
4.792
Verð áður 5.990
2.392
Verð áður 2.990
4.792
Verð áður 5.990
9.596
Verð áður 11.995
3.996
Verð áður 4.995
7.196
Verð áður 8.995
3.996
Verð áður 4.995
1.996
Verð áður 2.495
3.196
Verð áður 3.995
3.996
Verð áður 4.995
3.996
Verð áður 4.995
5.596
Verð áður 6.995
4.796
Verð áður 5.995
4.796
Verð áður 5.995
5.596
Verð áður 6.995
5.596
Verð áður 6.995
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# Hvers eiga börnin að gjalda?

Sonur **Ásdísar Bergþórsdóttur** var rekinn úr skóla vorið 2011, hann var tekinn aftur inn um haustið en þá voru úrræði fyrir drenginn óásættanleg að hennar mati. Ásdís taldi aðstæður til þess fallnar að valda honum skaða og tók hann úr skólanum. Í kjölfarið hóf hún að leita réttar síns í gegnum stjórnsýslu og löngu síðar, raunar fyrr í þessum mánuði, komst niðurstaða í málið með áliti frá umboðsmanni Alþingis og Persónuvernd. Málið fór mæðginunum í hag. En hvers á barnið að gjalda? Stjórnsýslukæruleiðin er gríðarlega tímafrek og ef börn og foreldrar þeirra þurfa á annað borð að fara þessa leið virðist lögfræðimenntun eða rúm fjárráð það eina sem gerir fólki kleift að heyja baráttuna.



**Höfundur greinar**
**Ásdís Bergþórsdóttir**

Ásdís segir umkvörtunarefni sem varða réttindi barna verða helst að vera þess efnis að barnið geti beðið í næstum heilt skólaár eftir svari. Ef það þarf úrlausn fyrr er stjórnsýsluleiðin ekki sú heppilegasta fyrir barnið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Börn, stjórnsýsla og pennavinir

Vont er þeirra ránglæti…“ Þessi fleygu orð Halldórs Laxness komu upp í hugann þegar tveggja ára og fjögurra mánaða gömlu stjórnsýslumáli lauk hjá mér þann 17. mars.

Best að taka það strax fram að málið fór mér í hag. Hví er ég að trufla þig lesandi góður með röfli um stjórnsýslu þegar alvarleg mál eru í gangi, verkföll, efnahagur þjóðarinnar er erfiður og heimsmálin á heljarþröm eins og venjulega? Hver nennir að hlusta á vælandi kellingu sem fékk sitt í gegn þegar alvarlegir hlutir eru að gerast. Jú, af því að þetta stjórnsýslumál snerist um eitt það mikilvægasta málefni sem til er, réttindi barna og ég tel að við sem þjóðfélag getum lært smávegis af þessari litlu sögu minni.

Fyrir löngu síðan, um vorið 2011, gerist sá atburður að sonur minn er rekinn úr skóla. Í sjálfu sér skiptir það litlu máli nema fyrir það að brottvikningin var ólögleg þar sem réttar hans var ekki gætt. Næsta vetur aðskilur skólastjóri son minn frá öðrum börnum. Til að stytta söguna mikið enda óþarfi að skrifa ævisöguna í blöðin þá endar málið þannig að ég tek son minn úr skólanum þegar ég tel fullreynt að semja við skólastjórann.

Í kjölfarið leita ég réttar míns. Ég leita til menntamálaráðuneytisins og bið um álit á þeim úrræðum sem syni mínum var boðið upp á og minnist á þennan brottrekstur. Menntamálaráðuneytið hugsar og rúmum tveimur mánuðum síðar berst mér bréf. Málinu er vísað frá án rökstuðnings. Ég vil nú einhverja skýringu á þessu og bið um rökstuðning og ég fæ hann mánuði síðar. Í bréfinu er lagalegur frasi sem þýðir á mannamáli að af því að ég tók drenginn úr skólanum þá hafi ég engra hagsmuna að gæta af því að fá álit þeirra.

Ekki gefst ég upp við smámótlæti og kvarta til umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaður hefur mikið að gera og það tekur tíma að komast að í biðröðinni til hans. Þegar hann kemst að lokum í málið skrifar hann ráðherra dálítinn bréfstúf og útskýrir að ráðuneytið hafi eftirlitsskyldu. Ráðherra tekur málið upp aftur. Málsmeðferð umboðsmanns Alþingis tekur aðeins rúma sex mánuði og ráðuneytið tekur málið upp áður en hann lýkur málinu formlega.

Ráðuneytið fer og skoðar málið, það skrifar mér bréf og það skrifar skólastjóra bréf og við svörum. Ráðuneytið les bréfin, skrifar okkur fleiri bréf, fær fleiri svör og hugsar og pælir. Eitt merkilegt gerist á þessum tíma, ég fæ afrit af bréfi skólastjóra. Þar eru færslur úr dagbók hans. Mér finnst það ekki fallegar færslur, hvorki um son minn né mig. Ég verð að játa að ég varð aðeins skapvond við þetta og ég bendi ráðuneytinu á að þessar færslur brjóti í bága við lög um persónuvernd. Ráðuneytið skilar svo þessu fína áliti. Þetta tók ráðuneytið rúmt ár. Ég hef fullan skilning á því. Það þarf mörgu sinna í ráðuneytum og það er ekki hægt að einhver kona úti í bæ tefji menn við undirbúning lagafrumvarpa á Alþingi og álíka. Ráðuneytið vísar hluta málsins til Reykjavíkurborgar og tekur undir það sjónarmið að ekki standist allar færslur í dagbókinni lög um persónuvernd.

Ég kvarta til Persónuverndar. Það er líka mikið að gera hjá Persónuvernd en að lokum kemst ég fremst í biðröðina. Persónuvernd skrifar mér bréf og skrifar skólastjóranum bréf og við verðum öll miklir pennavinir. Persónuvernd skrifar meira að segja ráðuneytinu bréf til að fá upplýsingar.

Inni á milli skrifar Reykjavíkurborg ráðuneytinu bréf sem ráðuneytið sendir mér. Það tók Reykjavíkurborg sjö mánuði að skoða sinn hluta málsins. Reykjavíkurborg skrifar mér aldrei bréf og ég verð aðeins skapvond af því að ég tel þeir hafi ekki virt andmælarétt minn. Ég velti því fyrir mér að leita réttar míns en ég hef misst trúna á stjórnsýslunni og ég nenni þessu ekki. Ég sé fram á að það taki 1-2 ár að klára það mál svo ég hætti bara að vera skapvond. Það er hraðvirkara.

Persónuvernd úrskurðar að lokum í málinu. Hún kemst að því að sumar færslurnar séu ómálefnalegar og ekki í samræmi við lög. Hún kemst líka að því að skólastjóra var óleyfilegt að senda ráðuneytinu þessi gögn. Ég verð Persónuvernd mjög þakklát að úrskurða í málinu rúmum tíu mánuðum eftir að ég kvartaði. Mig er nú farið að langa til að snúa mér að öðru en stjórnsýslukvörtunum og pennavinum. Þetta er ekki beint það skemmtilegasta sem ég geri og svo hleypur þetta aðeins í skapið á mér.

Hvað hef ég svo lært af þessu máli annað en að það er mikið að gera hjá stjórnsýslustofnunum og það er slæmt að vera skapvondur? Jú, ef barn á að fá rétti sínum framfylgt innan stjórnsýslunnar þá er heppilegast fyrir barnið að foreldri þess sé lögfræðingur. Ef barnið getur ekki útvegað sér slíkt foreldri þá er betra að foreldrarnir hafi góða þekkingu á stjórnsýslu og lögum eða eigi fullt af peningum til að geta borgað lögfræðingi fyrir að lesa og skrifa mikið af bréfum. Svo þarf barnið að eiga foreldra sem eru í góðu andlegu jafnvægi. Þetta tekur nefnilega ansi mikið á andlega og þá er nú jafngott að hafa efni á að fá aðstoð úti í bæ.

Þetta snýr allt að foreldrum barnsins. Hvað þarf barnið sjálft að uppfylla til að það sé raunhæft að ná rétti sínum fram? Það er einfalt. Umkvörtunarefnið má ekki skipta barnið of miklu máli. Meðaltals afgreiðslutími á efnislegri umfjöllun stjórnvalds í mínu máli er níu mánuðir og ein vika. Það er næstum heilt skólaár. Umkvörtunarefnið verður sem sagt helst að vera þess efnis að barnið geti beðið í næstum heilt skólaár eftir svari. Ef það þarf úrlausn fyrr þá er stjórnsýsluleiðin ekki sú heppilegasta fyrir barnið.

Stjórnsýslukæruleiðin er þannig aðeins heppileg fyrir örfá börn. Hver er afleiðingin? Hver er afleiðing þess ef lögum er ekki framfylgt og ef borgarnir eiga ekki raunhæfan kost á því að leita réttar síns? Menn komast upp með lögbrot og læra ekki að virða lögin. Lögbrot aukast.

Hverjum er um að kenna? Ég hef í gegnum þetta pennavinasamband mitt við stjórnsýsluna ekki kynnst neinu vondu fólki, bara fólki sem er að reyna sitt besta til að vinna vinnuna sína. Hverjum er þá um að kenna? Einhver hlýtur að bera ábyrgð á þessu? Hver ber á ábyrgð á samfélaginu? Því er auðsvarað: Við. Við erum ekki að tryggja rétt barna okkar. Við höfum búið til þjóðfélag þar sem það er gífurlega erfitt að ná fram rétti barna í gegnum stjórnsýsluna og greinilegt að í mörgum tilfellum er það ekki raunhæfur möguleiki vegna þess að barnið þarf úrlausn fljótt. Niðurstaða mín við lok þessa máls er einföld: Vont er okkar ránglæti, verra okkar réttlæti.

Grein þessi er birt með leyfi sonar míns. Þeim sem vilja kynna sér málið er bent á mál nr. 6926/2012 hjá umboðsmanni Alþingis og mál nr. 2013/626 hjá Persónuvernd. Þeir sem vilja gera eitthvað gagnlegt geta velt fyrir sér hvernig í ósköpunum við eigum að tryggja réttindi barna í stjórnsýslu sem hefur kappnóg að gera.

*Höfundur er móðir og fyrrverandi pennavinur.*

## Álit umboðsmanns Alþingis

**Ólöf Skaftadóttir**
olof@frettabladid.is

Menntamálayfirvöld virðast ekki hafa kannað málið sem skyldi í upphafi því þegar Ásdís leitaði til umboðsmanns Alþingis eftir að málinu var vísað frá ákvað mennta- og menningarmálaráðuneytið að taka það til meðferðar að nýju.

Ráðuneytið óskaði þá meðal annars eftir umsögn skólans um þá málsmeðferð sem höfð var uppi um skólagöngu sonar Ásdísar. Umboðsmaður taldi því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna málsins að svo stöddu og lauk athugun sinni. Hann tók hins vegar fram að ef Ásdís teldi sig og son sinn enn beitt rangindum að fenginni niðurstöðu ráðuneytisins í málinu gæti hún að sjálfsögðu leitað til hans að nýju vegna þess. Yrðu tafir á afgreiðslu málsins í ráðuneytinu gæti hún jafnframt leitað til sín með sérsaka kvörtun þar að lútandi.

Að lokum ákvað umboðsmaður að rita mennta- og menningarmálaráðherra bréf þar sem hann lagði áherslu á nauðsyn þess að svör stjórnvalda við erindum borgaranna yrðu að vera bæði ákveðin og skýr til þess að málsaðili gæti skilið þau og metið réttarstöðu sína. Umboðsmaður benti einnig á að almennt bæri að gjalda varhuga við að vísa kærumáli í stjórnsýslunni frá á þeim grundvelli að úrlausn málsins hefði ekki raunhæfa þýðingu fyrir viðkomandi.

## Úrskurður Persónuverndar

Persónuvernd úrskurðaði í málinu að skráning skólastjóra á persónuupplýsingum um kvartanda og afhending á persónuupplýsingum um Ásdísi og son hennar til menntamálaráðuneytis samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þannig hafi skólastjórinn gert rangt í því að birta dagbækur skólastjórans í bréfi til ráðuneytisins, en hann sagði dagbókarfærslurnar hafa verið til einkanota. Skorið var úr um að skólastjóri hefði skráð persónuupplýsingar um Ásdísi og son hennar í dagbók sem hann hélt í tölvu sinni við skólann og ekki var eingöngu um að ræða upplýsingar sem vörðuðu einkahagi skólastjórans, heldur þvert á móti upplýsingar til upprifjunar við störf hans. Þannig sker Persónuvernd uppúr með að skólastjórinn hefði ekki átt að senda færslur úr dagbókunum sínum í ráðuneytið og gera dagbækurnar þar með opinberar.



Vnr. 55900055
Laufhrífa, plast, 24 tanna.
995 kr.
Vnr. 68583100
LUX strákústur með skafti, 40 cm.
895 kr.
Vnr. 74830004
EINHELL hekkklippur, 570W, 53 cm spjót.
8.995 kr.
Einhell
LENGD BLAÐS 53 CM
KLIPPA MEST 14 MM ÞYKKAR GREINAR
SKIL
Vnr. 74097000
SKIL háþrýstidæla, 1400W, 100 bör.
9.995 kr.
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
Vnr. 53521026
Sorppokar, 750x1150 mm, 25 stk.
895 kr.
Vnr. 68316070
LUX garðsekkur, 50x70x70 cm, 245 l.
1.945 kr.
BOSCH
Vnr. 74810233
BOSCH AQT 33 háþrýstidæla, 100 bör.
19.995 kr.
Vnr. 79290094
Hjólbörur, 80 l.
3.995 kr.
BLÁKORN
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
www.expo.is / EXPO auglýsingastofa
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.
facebook.com/BYKO.is


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA


Vodafone RED er komið til Íslands
Ótakmörkuð símtöl og SMS óháð kerfi í alla farsíma og heimasíma á Íslandi
Skiptu yfir í Vodafone RED
Vodafone
Góð samskipti bæta lífið



# NICK CAVE UMLUKINN DULÚÐ

**Heimildarmyndin 20.000 Days on Earth er opnunarmynd hátíðarinnar Reykjavík Shorts&Docs sem hefst 3. apríl. Myndin fjallar um tónlistarmanninn og Íslandsvininn Nick Cave sem er einn virtasti og hæfileikaríkasti listamaður samtímans.**

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
liljakatrin@frettabladid.is



Nick Cave státar ekki aðeins af fjöldamörgum stórkostlegum plötum á ferlinum sem spannar fjörutíu ár. Hann hefur einnig samið tónlist fyrir bíómyndir og leikrit, skrifað bækur og honum hefur brugðið fyrir í nokkrum kvikmyndum í gegnum tíðina. Vinsæl þemu í textaskrifum hans eru trú, dauði, ást og ofbeldi en lífshlaup hans er afar skrautlegt. Fyrstu tuttugu ár ferilsins var hann í heróínmóki og óttaðist að frægðarsól hans myndi hnigna seint á tíunda áratugnum þegar hann sigraðist á sprautufíkn sinni. Margar sögur hafa gengið um Nick eftir fyrstu heimsókn hans til Íslands árið 1986 og skapaðist mikið neyðarástand þegar ekkert heróín fannst á landinu fyrir kauða. Í flestum sögunum, sem oft hafa birst nafnlausar á prenti hér og þar, er Nick lýst sem miklum listamanni sem var aðframkominn af eiturlyfjaneyslu.

Áhyggjur Nicks reyndust á veikum grunni byggðar því að þótt tónlist hans á síðari árum sé talsvert frábrugðin því sem aðdáendur hans vöndust snemma á ferlinum stígur hann varla feilspor þegar kemur að tónsmíðum. Persóna hans hefur þó ekkert breyst eins og hann sagði frá í viðtali við The Guardian árið 2005.

„Fólk heldur að maður verði góð manneskja bara af því að maður hættir að drekka og neyta eiturlyfja. Það era algjört kjaftæði.“

## LÍFSHLAUP

**1957** **Nicholas Edward Cave** fæðist í Warracknabeal, smábæ í Victoria í Ástralíu.

**1966** Byrjar í **kór í Holy Trinity-dómkirkjunni** í Wangaratta.

**1970** Rekinn úr miðskólanum í **Wangaratta.**

**1973** Kynnist **Mick Harvey**, **Phill Calvert**, **John Cochivera**, **Brett Purcell** og **Chris Coyne**. Þeir stofna hljómsveit með Nick sem söngvara. Árið 1977 fær hljómsveitin nafnið **The Boys Next Door** eftir örlitlar mannabreytingar. Seinna breyttist nafn bandsins í **The Birthday Party.**

**1976** Faðir hans, **Colin**, deyr í bílslysi.

**1977** Hættir í **Monash-háskóla** til að einbeita sér að tónlist. Á svipuðum tíma byrjar hann að nota heróín.

**1984** **The Birthday Party** hættir. Í kjölfarið var stofnuð hljómsveitin **The Bad Seeds** sem er enn starfandi.

**1986** Heldur tónleika á Íslandi með hljómsveit sinni **The Bad Seeds.**

**1989** Gefur út sína fyrstu skáldsögu, **And the Ass Saw the Angel.**

**1996** Er guðfaðir **Heavenly Hiraani Tiger Lily**, dóttur rokkarans **Michaels Hutchence** sem framdi sjálfsmorð árið 1997. Nick söng lag sitt **Into My Arms** af plötunni **Boatman's Call** í jarðarförinni hans.

**2002** Heldur sólótónleika á **Hótel Íslandi.**

**2005** **Nick** og **Warren Ellis** semja tónlist við leikritið **Woyzeck** í uppfærslu Vesturports.

**2005** Kvikmyndin **The Proposition** er frumsýnd. **Nick** skrifaði handritið en leikstjórn var í höndum **Johns Hillcoat.**

**2006** **Nick** og **Warren Ellis** semja tónlist við leikritið **Hamskiptin** í uppfærslu Vesturports.

**2006** Stofnar hljómsveitina **Grinderman** með **Warren Ellis**, **Martyn P. Casey** og **Jim Sclavunos.** Hún gaf út tvær plötur – **Grinderman** árið 2007 og **Grinderman 2** árið 2010. Hljómsveitin hætti 2011.

**2006** **Nick** og **Warren Ellis** semja tónlistina fyrir kvikmyndina **The Assassination of Jesse James by the Coward Robert Ford.**

**2006** Skrifar framhald af kvikmyndinni **Gladiator** að beiðni leikarans **Russell Crowe** en myndverið hafnaði handritinu.

**2006** Heldur tónleika með hljómsveit sinni **The Bad Seeds** í Laugardalshöll.

**2009** Gefur út sína aðra skáldsögu, **The Death of Bunny Munro,** sem fjallar um sölumann með kynlífsfíkn.

**2010** **Nick** og **Warren Ellis** semja tónlist við leikritið **Faust** í uppfærslu **Vesturports.**

**2012** Kvikmyndin **Lawless** er frumsýnd en **Nick** skrifaði handritið **The Wettest County in the Worl**d sem var notað við gerð myndarinnar sem var leikstýrt af **John Hillcoat.**

**2013** **Nick Cave** og hljómsveit hans **The Bad Seeds** halda tónleika á hátíðinni **All Tomorrow's Parties** á Ásbrú.

## Aðrir listamenn um Nick Cave

### Hann er fullkomnunarsinni

**„Hann efast og hefur áhyggjur af öllu … hann er fullkomnunarsinni. Stundum er eins og hann vinni of mikið að hlutum en þrátt fyrir það og þrátt fyrir vandamál hans með eiturlyf og svo framvegis hefur hann aldrei tapað skýrri sýn.**

*Peter Milne, ljósmyndari og vinur hans*

### Hrokafullur og hefur efni á því

**„Ég heyrði fyrst í Nick Cave á sjálfstætt starfandi útvarpsstöð í Ástralíu og orðanotkun hans er hrífandi. Hann er mjög hrokafullur en hann hefur efni á því.**

*Portia de Rossi, leikkona*

### Kenndi mér að fara lengra

**„Hann kenndi mér að hvarfla ekki um of frá mínu innra eðli heldur að fara lengra, prófa öðru vísi hluti og missa ekki sjónar á mínum innsta kjarna.**

*Kylie Minogue, söngkona og vinkona hans*

## Engin venjuleg mynd

Það kom mörgum aðdáendum Nicks Cave í opna skjöldu þegar tilkynnt var að Iain Forsyth og Jane Pollard væru með heimildarmynd um hann, 20.000 Days on Earth, í bígerð. Mikil dulúð hefur fylgt þessum merka listamanni og hefur hann ávallt haldið einkalífi sínu fyrir sig.

En 20.000 Days on Earth er engin venjuleg tónlistarheimildarmynd. Í myndinni spinnur Nick sjálfur senur um sköpunarferlið sem hann fer í gegnum í tónlist sinni og magnar myndin enn meira upp þá dulúð sem umlykur Nick frekar en að veita innsýn í daglegt líf hans.

Í viðtali við Rolling Stone segist hann ekki hafa viljað gera hefðbundna tónlistarheimildarmynd.

„Það er mikið af tónlistarheimildarmyndum til. Við horfðum á sumar þeirra og þær gáfu okkur frekar vísbendingu um hvað við ættum að forðast,“ segir Nick. „Ég vildi ekki að ráðist yrði inn í líf mitt. Flestar tónlistarheimildarmyndir þjóna bara kynningartilgangi. Ég var tregur til að gera myndina í byrjun því ég hafði engan áhuga á að gera þannig heimildarmynd,“ bætir Nick við. Í myndinni sést Nick ræða við sálfræðing en hann segist aldrei hafa hitt manninn áður en tökur hófust.

„Hann er freudískur sálgreinir. Ég hafði aldrei hitt náungann. Þetta er í raun ekki skrifstofa einhvers. Þetta er myndver. En við hittumst á settinu og byrjuðum á samræðum sem vörðu í tvo daga,“ segir Nick í viðtalinu við Rolling Stone. Þá talar hann líka um sína fyrstu kynlífsreynslu í myndinni með konu sem klæddi hann upp í kvenmannsföt. Hann segir það að hluta til satt.

„Þessu er ritstýrt auðvitað en ritstýring getur skemmt sannleikann. Þegar maður situr með einhverjum og talar við hann í langan tíma, nánast án hádegishlés, verður ómögulegt eftir smástund að passa svörin sín. Þá segir maður bara „Æi, til andskotans með þetta.““

## Fjölskyldumaðurinn



**Nick kvæntist bresku fyrirsætunni Susie Bick** árið 1999 og eiga þau saman tvíburasynina Arthur og Earl sem fæddust ári síðar. Fyrir átti Nick tvo syni, Luke, þrettán ára, með fyrrverandi eiginkonu sinni, blaðakonunni Viviane Carneiro, og Jethro, einnig þrettán ára, sem hann á með Beau Lazenby. Jethro starfar í fyrirsætubransanum og hitti föður sinn ekki fyrr en hann var sjö eða átta ára.

# OPNUNARTILBOÐ

*Við höfum opnað nýja verslun í Vesturbergi.*
*Fjöldi opnunartilboða í báðum verslunum.*

**798** kr. pk.
HAMBORGARAR OG STÓR BRAUÐ
4 STK. 115 G

**998** kr. kg.
LAMBALÆRI
FJALLALAMB

**1998** kr. kg.
KJÚKLINGABRINGUR
ÍSLANDSFUGL

**398** kr. pk.
Kókómjólk
6 stk.

**648** kr. kg.
Kjúklingaleggir
Matfugl

**1698** kr. kg.
Lambahryggur
Fjallalamb

**198** kr. pk.
Jarðarber
250 g

**2 FYRIR 1**

**348** kr.
Smurostur

**368** kr.
Nizza Bitar

**198** kr. pk.
Pizza
Pepperoni

**348** kr. pk.
Bláber
125 g

**198** kr. pk.
Toppar
6 stk.

**68** kr. stk.
Pepsi Max, Pepsi
og Appelsín, 0,5 l

**398** kr. pk.
WC pappír
12 rúllur

**178**
Floridana
3 saman í pk.

**368** kr. pk.
Cocoa Puffs
335 g

**198** kr. pk.
Heilhveitibrauð
Iceland, 770 g

**48** kr. stk.
Rúnstykki
Gróft

**118** kr. stk.
Snúður

**68** kr. stk.
Coke og Coke
Light, 0,5 l

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

PIPAR\TBWA • SÍA • 140904

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA OG
VESTURBERGI

Iceland



**SÝNINGARSALUR** Margt forvitnilegt er að skoða.




**SÝNINGARSTJÓRAR** Listakonurnar Sarah Cooper frá Bandaríkjunum og Nina Gorfer frá Austurríki.



**VINSÆL** Steinunn Sigurðardóttir stýrði vel sóttri vinnustofu í hrynprjóni.



**HÖNNUÐIR** Hér má sjá hönnuðina Jóhönnu Metúsalemsdóttur og Munda í góðum félagsskap.



**ÞEYTTI SKÍFUM** Mundi sá um að skemmta gestum.



**FLOTTAR** Hrafnhildur Arnardóttir ásamt vinkonu í Frankfurt.

# Norrænn tískutvíæringur í Frankfurt

Veðuröflin voru rauður þráður í Norræna tískutvíæringnum sem fór fram í Frankfurt á dögunum. Þær **Júlía B. Björnsdóttir** og ljósmyndarinn **Rut Sigurðardóttir** kortlögðu hátíðina í máli og myndum.

Norræni tískutvíæringurinn var opnaður í Museum Angewandte Kunst í Frankfurt í Þýskalandi 21. mars síðastliðinn. Tískutvíæringurinn er nú haldinn í þriðja sinn en titill sýningarinnar er The Weather Diaries eða Veðurdagbækurnar, þar sem íslensk, færeysk og grænlensk fatahönnun og list voru í brennidepli.

Sýningarstjórar þriðja tískutvíæringsins eru listakonurnar Sarah Cooper frá Bandaríkjunum og Nina Gorfer frá Austurríki, en þær búa og starfa í Svíþjóð. Cooper og Gorfer hafa á undanförnum árum vakið mikla athygli fyrir ljósmyndir sínar af fólki hvaðanæva úr heiminum, og einkennast verk þeirra af frásögnum fólksins með skírskotun í menningu og sögu svæðisins sem fólkið kemur frá.

Fyrir Norræna tískutvíæringinn ferðuðust Cooper og Gorfer um Ísland, Færeyjar og Grænland, tóku viðtöl við fjölmargt fólk og völdu hönnuði og listamenn til þátttöku í verkefninu. Veðrið hafði mikil áhrif á þær við rannsóknina fyrir verkefnið og töldu þær sig finna sameiginlegan þráð sköpunar í gegnum veðuröflin í löndunum þremur, þangað sem titill sýningarinnar vísar.

Sýningin í Frankfurt samanstendur af ljósmyndum Cooper og Gorfer af verkum hönnuðanna og listamannanna, sem og innsetningum eftir hönnuðina og listamennina.

Á opnunarhelginni var vegleg dagskrá í boði á safninu tengd norrænni hönnun og listsköpun. Ragna Fróða, fatahönnuður í Berlín, stýrði málþingi um norræna hönnun og tískuheiminn. Á málþinginu fluttu David Shah og Christine Boland, sem bæði eru þekktir fyrirlesarar og fræðimenn innan tískuheimsins, erindi um tískustrauma og norræna hönnun í alþjóðlegu samhengi.

Íslenski fatahönnuðurinn Steinunn Sigurðardóttir stýrði vel sóttri vinnustofu í svokölluðu hrynprjóni eða „rhythm knitting“. Þá héldu sýningarstjórarnir Cooper og Gorfer leiðsögn fyrir gesti um sýninguna.

## Hönnuðir og listamenn sem tóku þátt í Norræna tískutvíæringnum 2014

**Ísland**
STEiNUNN,
Mundi Vondi
JÖR by Guðmundur Jörundsson
Kría jewelry
Hrafnhildur Arnardóttir a.k.a. Shoplifter

**Færeyjar**
Gudrun&Gudrun
Barbara I Gongini
Rammatik

**Grænland**
Bibi Chemniz
Nikolaj Kristensen
Najannguaq Lennert
Jessie Kleemann.


Laugardagar eru
vængjadagar
25
Hot Wings á
2.399
kr.
KFC
Delicious
Vertu með
vængjaslátt á
laugardögum
HOT
Sauce
Hot
Sauce
fylgir
KFC
svooogott™
WWW.KFC.IS

# Aukið gegnsæi dregur úr spillingu

**Halldór Auðar Svansson,** oddviti Pírata í Reykjavík, vill auka íbúalýðræði í borginni og opna stjórnsýsluna. Hann segir að með auknu gegnsæi sé hægt að draga úr spillingu og koma í veg fyrir sóun á peningum skattgreiðenda.



## Á AÐ SELJA ORKUVEITUNA?

**Við höfum ekki rætt það sérstaklega. Það eru skiptar skoðanir á því hvert rekstrarformið á að vera. Ég er persónulega ekki hrifinn af því að fara geyst í það að einkavæða eitthvað sem tilheyrir grunnþjónustunni.**

## FYRSTA VERK SEM BORGARSTJÓRI

**Mitt fyrsta verk væri að boða til opins íbúafundar þar sem allir borgarbúar geta mætt og fengið upplýsingar um okkar áherslur og hvað við hefðum fram að færa. Svo myndi ég halda fleiri fundi þar sem fólk getur komið og rætt málin. Það er í samræmi við okkar áherslur að opna stjórnkerfið fyrir borgarbúum.**

## Á AÐ LEYFA HÚSTÖKUFÓLKI AÐ TAKA YFIR TÓMAR ÍBÚÐIR?

**Mér finnst þetta eitthvað sem megi skoða út frá lagalegum forsendum og einnig kostum og göllum. Vandinn er náttúrulega brýnn og það eru tómar íbúðir sem er ekki verið að nýta. Mér finnst ekkert að því að skoða allar mögulegar lausnir á því. Sérstaklega ef það er mikill vandi. Hann bitnar mjög á fólki sem er með lágar tekjur en ekki það lágar að það komist inn í félagslega kerfið.**

„Í núgildandi kerfi liggja upplýsingar ekki á borðinu heldur þarf að sækja sérstaklega um þær. Draumaumhverfið er þannig að þetta verði allt saman sett út á Netið fyrir utan viðkvæm persónugögn. Það eru engin vitræn rök gegn því að halda upplýsingum frá fólki. Svo geta einhverjir komið og unnið úr þessum gögnum. Gert eitthvað við þau. Ég á t.d. vin sem er með vefsíðu þar sem hann birtir upplýsingar um leiguhúsnæði. Þar er hægt að leita og flokka og fá skilaboð þegar eitthvað kemur upp sem maður hefur áhuga á. Þetta er bara gert með því að sækja upplýsingar af öðrum síðum og taka þær saman. Þetta er hluti af þessari pælingu að dreifa upplýsingum og dreifa valdinu þannig að þetta sé ekki allt á höndum hins opinbera,“ segir Halldór.

Hann nefnir Orkuveituna einnig sem dæmi um aukið gegnsæi. „Við erum með þá stefnu að gera bókhald opinbert, þar með talið fyrirtækja í eigu borgarinnar. Það myndi opna fyrir aðhald og skapa hvata til þess að hagræða því þá gætu allir séð hvar menn væru að eyða peningum.“

### Nýr í pólitík

Píratar á Íslandi buðu fyrst fram í síðustu alþingiskosningum og margir í hreyfingunni hafa aldrei komið nálægt stjórnmálum áður. „Ég hef ekki verið virkur áður í einhverju pólitísku starfi. Það vildi bara þannig til að ég heillaðist af því sem Píratar voru að gera fyrir síðustu kosningar. Ég þekkti fólk sem var þarna og núna er ég kominn hingað,“ segir Halldór. Hann segir að reynsluleysi Pírata hafi bæði góð og slæm áhrif á flokkinn. „Góðu áhrifin eru að fólk er ekki með fyrirframgefnar hugmyndir. Það hristir sig saman og er óhrætt við að vera það sjálft. Læra á meðan það gerir þessa hluti og finna sig í þessu starfi. Það slæma birtist kannski í pínu agaleysi en það er líka gott að sumu leyti,“ segir Halldór. „Við vinnum [málefnavinnu] í sameiningu í mjög opnu ferli þar sem allir sem vilja fá að vera með.“

### Vill kjósa borgarstjóra sérstaklega

Halldór vill að borgarstjóri verði kosinn í beinni kosningu. „Borgarstjóri myndi þá sækja umboð sitt beint til allra borgarbúa. Miðað við núverandi sveitarstjórnarlög þá er þetta staða framkvæmdastjóra og æðsta yfirmanns stjórnsýslunnar. Það er hann sem ber ábyrgð á því að ákvörðunum sé fylgt eftir. Miðað við þetta er eðlilegt að okkar mati að hann sæki umboð sitt beint til borgarbúa í sérstökum kosningum,“ segir Halldór.

### Vinsælir meðal yngri kjósenda

Píratar sækja mikið fylgi til yngri kjósenda og virðast höfða sérstaklega til þess aldurshóps. „Við erum ekki endilega að höfða markvisst til þessa aldurshóps. En það virðist vera að okkar áherslur höfði betur til þessa hóps. Þetta er fólk sem er ekki alið upp í því að fylgja hinum eða þessum flokkum eða ríkjandi kerfi í einhverri blindni. Okkar áherslur eru hins vegar að höfða til allra aldurshópa og til allra landsmanna. Það er okkar markmið,“ segir Halldór.

Viðtalið við Halldór er hægt að sjá í þættinum Pólitíkin á vísir.is

## STJÓRNMÁLAÞÁTTTAKA, MENNTUN OG HELSTU STÖRF

- BS í tölvunarfræði frá HÍ 2003
- Forritari hjá Arion banka
- Forritari hjá Kaupþingi
- Forritari hjá Hagstofu Íslands
- Oddviti Pírata í Reykjavík frá 2014

Höskuldur Kári Schram
hoskuldur.schram@frettabladid.is



visir.is
Viðtalið við Halldór er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á visir.is**

# SAMSTÖÐUFUNDUR 5

Fjölmennum á Austurvöll kl. 15-16
laugardaginn 29. mars

Slástu í hóp

**53.138**

hagsmunaðila!

Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmálaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.

Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.

Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum **Þjóð.is** þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.

Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.

**www.þjóð.is**



# Spennandi íslensk hönnun til að fylgjast með á HönnunarMars



**ÖRK** Hliðarborð eftir Kristbjörgu Maríu Guðmundsdóttur. Til sýnis í Kraumi í Aðalstræti.



**ELDLEIFTUR** Ljós eftir Jón Helga Hólmgeirsson vöruhönnuð, hluti af verkefni Studiobility sem bauð vel völdum hönnuðum að hanna nýja og spennandi vörulínu, Selected by Bility. Er til sýnis í Aurum í Bankastræti.



**HYLUR** Skrifborð eftir Guðrúnu Valdimars vöruhönnuð. Hægt að skoða í versluninni Epal.



**LÍFFÆRAFRÆÐI LETURS** Plaköt eftir Sigríði Rún, grafískan hönnuð. Fæst í Spark design space á Klapparstíg.



**STAKA** Fylgihlutalína eftir Maríu Kristínu Jónsdóttur vöruhönnuð. Hægt að skoða í 38 þrepum á Laugaveginum.

## App vikunnar: FOODZY

App vikunnar að þessu er smáforritið Foodzy. Um er að ræða sniðugt app fyrir þá sem v ilja halda utan um mataræðið og fylgjast með hitaeiningunum.

Foodzy er eins konar matardagbók sem heldur utan um það sem þú borðar og drekkur og þar getur þú meðal annars séð hitaeiningarnar sem þú neytir og borið þær saman við hitaeiningarnar sem þú brennir.

Foodzy reiknar út hitaeiningarnar, próteinið og önnur efni sem þú neytir. Ef þú borðar óhollt lætur Foodzy þig vita og mælir með að þú farir í hollari fæðu.

Þú getur fylgst með hvað vinir þínir eru að borða með því að fylgja þeim og einnig með því að sjá hvar þeir eru að tékka sig inn, það er að segja, á hvaða veitingastaði, því þú getur tékkað þig inn á staði í appinu.

Foodzy er fáanlegt fyrir stýrikerfi Apple og Android en ekki fyrir Windows.




**YFIRHEYRSLAN: AUÐUNN BLÖNDAL FJÖLMIÐLAMAÐUR**

# He-Man, Jordan og Cantona æskuhetjurnar

**1 Hvað halda margir um þig sem er alls ekki rétt?**
Að ég sé snoðaður af fúsum og frjálsum vilja þegar ég er í raun sköllóttur. #Einmitt

**2 Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart?**
Virðist oftast koma fólki á óvart hvað ég er lítill. Er samt 179 cm en var í sjónvarpi í 6–7 ár með Sveppa og Pétur, sinn hvorum megin, og þeir eru vel undir meðalhæð, virkaði hávaxinn!

**3 Hvað kemur út á þér tárunum?**
Get orðið mjög meyr í þynnkunni og tárast yfir myndum eins og La Bamba og fleirum …

**4 Hvað gerir þig pirraðan?**
Að vera í troðnum klefa eftir lyftingar eða íþróttir og að bíða í troðningi fyrir utan bíósal byrjaður að svitna í úlpunni! Snertifælni mín spilar stóra rullu í hvoru tveggja.

**5 Hvað er fyndnast í heimi?**
Árni Ragnar vinur minn ofurölvi fer langt með það, hann breytist þá í Blackout Cuz sem er líklega það fyndnasta sem ég veit. (Hann er feiminn edrú.)

**6 Er líf á öðrum hnöttum?**
Já, er það ekki? Las reyndar flott kvót um daginn: „Annaðhvort erum við ein í veröldinni eða ekki, hvort tveggja jafn hræðilegt.“

**7 Hvert er fallegasta hljóð sem þú hefur heyrt?**
Fullur Old Trafford að fagna marki Pauls Scholes í vinklinum gegn Barcelona í undanúrslitum meistaradeildarinnar 2008! Fékk að taka þátt í því hljóði.

**8 Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir?**
Horfi á þætti í tölvunni.

**9 Í hvaða frægu persónu ertu skotinn?**
Jessica Alba mætti alveg detta í svona Notting Hill-pakka með mér – ég er þá Hugh Grant.

**10 Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér eyðieyjuna, hvað yrði fyrir valinu?**
Bókin yrði líklegast Biblían, ekki því að ég sé svo trúaður, hún er bara svo löng. Platan yrði Nevermind með Nirvana og Dumb and Dumber yrði myndin.

**11 Hver er fyrsta minningin þín?**
Að langa að vera í fótbolta úti.

**12 Hvað verðurðu að gera eftir fimm ár?**
Kæmi mér ekki á óvart að ég yrði kominn meira á bak við myndavélina að hjálpa og leiðbeina öðrum. En bara vonandi að vinna eitthvað í kringum fjölmiðla, hef mjög gaman af því.

**13 70 mínútur eða Tekinn?**
70 mínútur verða alltaf mitt uppáhald í fjölmiðlum.

**14 Hver var æskuhetjan þín?**
He-man, Jordan og Cantona.

**15 Er ást í tunglinu?** Er ég orðinn svona sybbinn hérna? Næ þessari ekki alveg …



**➜ Kynnir og útvarpsmaður**

Auðunn Blöndal er landsmönnum kunnur fyrir sprell fyrir framan myndavélina og hljóðnemann á FM957. Núna sér hann um að kynna hæfileikakeppnina Ísland Got Talent sem er í fyrsta sinn í beinni útsendingu annað kvöld í opinni dagskrá á Stöð 2. Auðunn skaust upp á stjörnuhimininn árið 2001 sem hjálparkokkur í þáttunum 70 mínútur á Popp Tíví.



# Brúðkaup

LAUGARDAGUR 29. MARS 2014



## Bónorð á tónleikum

**Jógvan Hansen bað Hrafnhildar Jóhannesdóttur á tónleikum Michaels Bublé síðastliðið sumar.** SÍÐA 8

## Blómatískan

**Brúðarveski, blóma-armbönd og ofurliljur geta komið í stað hefðbundinna brúðarvanda.** SÍÐA 2

## Giftast að ásatrúarsið

**Hrefna Sætran og Björn Árnason giftast að ásatrúarsið í Hvalfirði í sumar.** SÍÐA 6

MYND/VALLI







# Brúðarveski og bönd

Guðmundur A. Þorvarðarson hjá blómabúðinni Upplifun í Hörpu og Nanna Björk Viðarsdóttir í Breiðholtsblómum segja blómum skrýdd veski og armbönd verða vinsæl í stað brúðarvandar í sumar. Ljósir litir haldi vinsældum sínum og heilir vendir oft í einum lit eða litatóni.

## Nanna Björk Viðarsdóttir
**eigandi Breiðholtsblóma**

Brúðir í dag vilja hafa vendina persónulega frekar en að stæla tilbúna vendi upp úr blaði. Mín tilfinning er sú að það verði vinsælt að vera með tónaða liti og flæði í vöndunum, en ekki skarpar andstæður í litum.

Ljósir litir eru alltaf vinsælir í brúðarvendina en það er hægt að leika sér með alla liti. Hortensíur verða vinsælar í ár og rósir eru alltaf klassískar.


Rómantískur blómsveigur í hár eftir Nönnu og Auði í Breiðholtsblómum. Sveigurinn er úr bleikum hortensíum. Í vöndinn eru notaðar rósir, hortensíur og nellikkugreinar.


Í armbandið er notað gardínuband með dúsk á endanum. Á það er fest blómalengja úr rósablöðum, hortensíum og eryngíum. Armbandið er eftir Nönnu og Auði í Breiðholtsblómum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Guðmundur A. Þorvarðarson,
**blómaskreytir hjá blómabúðinni Upplifun í Hörpu.**

Í sumar verður áhersla á faglega unna brúðarvendi, oft í einum lit eða litatóni, og vendi sem unnir eru upp úr einu blómi.

Armbönd og blómaskart úr víravirki skreyttu blómum eru mikið að koma inn og brúðarveski.

Íslenskar rósir og liljur eru vinsælar ásamt vöndu og cymbidíum, orkídeum, bóndarósum, kallaliljum og brúðarslöri.

Vinsælustu litirnir á brúðarvöndum í ár eru annars vegar hvítir og ljósir litir og hins vegar sterkir, bjartir og áberandi litir. Það er mikið í tísku að nota gull, silfur, perlur eða jafnvel kristalla til að skreyta blómin.

- rat


Brúðarvöndur fyrir Upplifun eftir Jóhönnu Margréti Hilmarsdóttur, nema á blómaskreytingabraut LBHÍ. Hún notaði fleiri en tíu stilka af ástarlilju og saumaði saman í eina „ofur-lilju". Skreytt með perlu í toppinn.

Brúðarveski eftir Guðmund A. Þorvarðarson í blómabúðinni Upplifun í Hörpu. Notaðir voru yfir 100 stilkar af brúðarslöri. Efst á veskinu eru hvítar vönduorkídeur. MYND/DANÍEL










Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Ritstjórn: Vera Einarsdóttir og Sólveig Gísladóttir. Blaðamenn: Elín Albertsdóttir, Lilja Björk Hauksdóttir, Starri Freyr Jónsson, Ragnheiður Tryggvadóttir, Sólveig Gísladóttir, Vera Einarsdóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir. Brúðkaupsblaðið er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Umsjónamaður auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, s. 512-5434, bryndis@365.is Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Ertu að plana brúðkaup?

Rekstrarland býður mikið úrval af borðbúnaði og veisluvörum, s.s. dúkum, servíettum, diskum, glösum og kertum. Kíktu við og fáðu aðstoð við að strika af verkefnalistanum á hagkvæman máta.







REKSTRARLAND

- léttir þér lífið

Rekstrarland | Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

# Í upphafi skal endinn skoða

„Hvernig hjónaband vil ég?“ er spurning sem félags- og fjölskylduráðgjafinn **Sveindís Anna Jóhannsdóttir** hjá Félagsráðgjafanum ehf. telur öllum sem eru í giftingarhugleiðingum hollt að velta fyrir sér og svara. Hún segir fólk leita ráðgjafar fyrr en áður.

Sveindís Anna Jóhannesdóttir heldur námskeið fyrir verðandi hjón og sambúðarfólk sem nefnist: „Í upphafi skal endinn skoða – hvernig hjónaband/samband vil ég?“ Þar fer hún meðal annars yfir þau atriði sem einkenna gott hjónaband og ýmislegt annað sem gott er að hugleiða í upphafi. Innblástur námskeiðanna er fenginn frá hjónunum John og Julie Gottman sem reka Gottman-stofnunina í Bandaríkjunum, en þau hafa helgað líf sitt því að rannsaka hvað einkennir góð hjónabönd.



Það sem meðal annars einkennir góð hjónabönd er að fólk kann að leysa ágreining. MYND/ANDRI MARÍNÓ

> **Það tekur að lágmarki klukkutíma að róa sig niður. Hins vegar er ekki gott að geyma vandamálin í meri en sólarhring.**

### Fleiri sækja ráðgjöf fyrr

En er algengt að fólk sæki ráðgjöf í upphafi? „Það eru sem betur fer æ fleiri sem sjá ástæðu til þess en sumir koma þó ekki fyrr en allt er um seinan,“ segir hún.

Á námskeiðinu fer Sveindís yfir þau atriði sem einkenna góð sambönd. „Við tölum um traust, skuldbindingu, aðdáun og umhyggju en í góðum hjónaböndum tekur fólk hvort eftir öðru. Það er ekki nóg að gera það bara í upphafi. Í góðum hjónaböndum snýr fólk sér líka hvort að öðru með þau mál sem snerta hjónabandið. Margar konur eiga það til dæmis til að ræða það sem þeim liggur á hjarta varðandi sambandið í saumaklúbbnum en hafa kannski aldrei sagt það beint út við makann,“ segir Sveindís.

Hún segir virðingu meðal lykilatriða í góðu hjónabandi og sömuleiðis hlustun. „Það er ástæða fyrir því að við erum með einn munn og tvö eyru. Stundum er okkur hollt að hlusta meira og tala minna en stundum getur það verið öfugt.“

Einkennandi fyrir góð hjónabönd er ekki síst að fólk kann að leysa ágreining. „Hann kemur alltaf upp og flestir þurfa að læra og temja sér aðferðir til að takast á við hann. Ef fólk lærir það ekki er hætta á skilnaði. Til að taka á ágreiningi þarf að hafa í huga að makinn hefur áhrif hvort sem manni líkar það betur eða verr. Við þurfum að sætta okkur við að það er ekki bara ein skoðun sem ríkir. Það er annar aðili sem þarf að taka tillit til og hefur áhrif á þá ákvörðun sem er tekin.“

Sveindís segir mikilvægt að kunna að tala saman um vandamálin og það sem ekki ríkir einhugur um. „Það er mikil gæfa að geta talað saman á rólegu nótunum. Auðvitað kemur það fyrir alla að missa sig í æsing en þá er mikilvægt að kunna aðferðir til að stoppa og róa sig. Sumir þurfa að fara í annað herbergi, aðrir út í bílskúr en sumum dugar að hvíla umræðuna og gera eitthvað annað. Þess ber að geta að enginn ætti að setjast æstur undir stýri. Þá er gott að hafa það í huga að það tekur að lágmarki klukkutíma að róa sig alveg niður. Hins vegar er ekki gott að geyma vandamálin lengur en í sólarhring.“

### Mikilvægt að vanda sig

Sveindís segir mikilvægt að vanda sig í samskiptum við sína nánustu. „Okkur hættir til að koma verst fram við þá sem við elskum mest. Þá látum við grímuna falla og leyfum okkur óbeislaðri framkomu.“

Sveindís mælir með því að fólk leiti sér hjálpar ef það hefur glímt við einhvern samskiptavanda í meira en sex mánuði. „Oft þarf ekki nema 1-4 viðtöl til að fólki fari að líða betur og samskipti verði betri. Ráðgjafinn leysir hins vegar ekki vandamálin. Ég líki þessu oft við að vera þjálfari á kantinum. Hann skipuleggur æfingar og leggur upp plan en það eru leikmennirnir sem skapa nauðsynlega liðsheild og skora mörkin.“

Sveindís segir mikilvægt fyrir hvert par að staldra stundum við, líta fram á veg og ákveða hvert það vilji stefna. „Það er upplagt að gera það fyrir brúðkaup en þá hefur fólk oft verið saman í einhvern tíma. Á þessum tímamótum getur verið gott að fara yfir hvaða hefðir og venjur á að viðhafa, kanna hvaða afstöðu fólk hefur til starfsframa, uppeldis, barneigna og ótal annarra mála.“ *- ve*

**Næstu námskeið Sveindísar eru 23. apríl og 30. maí. Nánari upplýsingar er að finna á www.felagsradgjafinn.is**




## Brúðkaup í anda The Great Gatsby

***Sérfræðingar í brúðkaupum segja að brúðarárið 2014 verði afar rómantískt, samkvæmt því sem greint er frá í bandaríska vefmiðlinum Huffington Post.***

**Brúðkaupin verða hugljúf og hjartnæm.** Það má ganga alla leið í væmninni, fölbleikt er liturinn og rósin passar vel, eftir því sem Tara Guérard brúðarsérfræðingur segir. „Það má horfa á rómantíkina í gömlum Hollywood-myndum þar sem big band-hljómsveit spilar.

**Tónlist frá fyrri hluta síðustu aldar** á einkar vel við þennan rómantíska stíl. Skoðið líka kvikmyndina The Great Gatsby til að fá hugmyndir.

**Skreytið með rósum og kristalkertastjökum.** Blómaskreytingameistarinn Ariella Chezar sem meðal annars hefur starfað fyrir Hvíta húsið segir að bóndarós sé blóm ársins. „Hún ilmar vel og er falleg í blómsveigi og blómalengjur.“



**Boðskortin eiga að vera fíngerð** og í rómantískum stíl. Þjónustan í veislunni á að vera fáguð.

**Brúðartertan** á að vera skreytt fínlegu glimmeri. Að vetrarlagi á kakan að vera með súkkulaði en að sumrinu með sítrónubragði.

# Brúðargjafir í Bosch-búðinni.

Við bjóðum brúðargjafalista og gjafakort í Bosch-búðinni. Þar er mikið úrval traustra, fallegra og endingargóðra vara. Stór og lítil heimilistæki frá Bosch, fallegur borðbúnaður og aðrar eigulegar gjafavörur.

**Glæsilegar gjafir á óskalistann ykkar.**



Margverðlaunaðar hrærivélar frá Bosch. Kraftmiklar, fallegar og hljóðlátar.



Vinsælu Babell turnarnir eru ómissandi í veisluna.



Bosch expressó-kaffivélar.



Magisso flöskukælir heldur köldu í marga klukkutíma. Sniðug gjöf.



Tao matarstell úr hágæða postulíni.



Hnífapör í úrvali frá Mepra.



Vönduð handgerð glös frá Leonardo í öllum regnbogans litum.



Sterk vínglös úr tectron-gleri sem þola þvott í uppþvottavél.



Bosch safapressur.



Litríkur borðbúnaður frá þýska fyrirtækinu Kahla.



Eldhúsáhöld og hágæðapottasett frá Rösle.



Bosch blandarar.



Peugeot salt- og piparkvarnir með 30 ára ábyrgð á kvörn.

**Inneign**

Brúðhjónin fá inneign í Bosch-búðinni sem nemur 10% af heildarverðmæti úttekta.

**Lukkupottur**

Brúðargjafalistar fara í pott, með glæsilegum vinningum, sem dregnir verða út í lok sumars.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

# Gefa sér tíma fyrir hvort annað

Mikið verður um dýrðir í Hvalfirðinum í sumar þegar **Hrefna Sætran** og **Björn Árnason** gifta sig þar að ásatrúarsið. Við undirbúning brúðkaupsins er mest áhersla lögð á veisluna og veitingar en verðandi brúðhjón fá ekki að sjá matseðilinn fyrr en í veislunni.

Veitingahúsaeigandinn og matreiðslumaðurinn Hrefna Sætran gengur í það heilaga í sumar þegar hún kvænist unnusta sínum til fimm ára, Birni Árnasyni ljósmyndara. Athöfnin og veislan verða haldnar í Hvalfirði þann 19. júlí og verður mikið um dýrðir að sögn Hrefnu. „Við spáðum mikið í staðsetninguna og komumst að þeirri niðurstöðu að það væri skemmtilegast að smala öllum saman fyrir utan bæinn og reyna að fá sem flesta til að gista. Nú þegar eru flestir búnir að bóka herbergi eða gera aðrar ráðstafanir en um 180 manns verða í brúðkaupinu.“

Að sögn Hrefnu er Björn trúleysingi en sjálf aðhyllist hún mest búddisma þótt hún eigi sína kristnu barnatrú. „Lending hjá okkur var því ásatrúarathöfn. Það er svo létt yfir þeim og við getum stjórnað betur hvernig athöfnin sjálf fer fram. Svo hef ég heyrt að það séu geggjuð partí í Valhöll sem er eitthvað fyrir mig.“

### Óvæntur matseðill

Hrefna og Björn hafa þekkst lengi þótt einungis séu nokkur ár síðan þau hófu sambúð. „Við höfum þekkst síðan við vorum unglingar enda áttum við sameiginlega vini. Við urðum þó fyrst par árið 2009, þá bæði 28 ára gömul. Það ár hittumst við í miðbæ Reykjavíkur og höfum að spjalla saman. Við sáum strax að við áttum vel saman enda með svipaðan húmor sem skiptir miklu máli. Síðan tókum við bara íslensku leiðina á þetta; eignuðumst yndislegu börnin okkar og spáðum svo í giftingu eftir það. Bjössi bað mín uppi á spítala eftir fæðingu dóttur okkar og ég sagði strax já. Það var mjög falleg stund.“

Veitingar og ljósmyndir skipta verðandi brúðhjón miklu máli. Hrefna hefur sjálf komið að ótal brúðkaupsveislum og þekkir vel hvað virkar og hvað ekki. „Nú veit ég hins vegar ekki hvað verður boðið upp á. Nokkrir kokkar sem vinna hjá mér á Fiskmarkaðnum og Grillmarkaðnum sjá alfarið um matseðilinn þannig að við vitum ekkert hvaða kræsingar bíða okkar.“

### Gefa sér tíma

Þrátt fyrir tiltölulega stutta sambúð segir Hrefna að þau hafi bæði lært mikilvægi þess að gefa sér tíma fyrir hvort annað en ekki síður að hugsa um sjálf sig sem einstaklinga. „Ánægður einstaklingur gefur svo miklu meira af sér en óánægður einstaklingur. Svo er líka mikilvægt að gera sér grein fyrir því að maður breytir víst engum og maður þarf að læra að elska hinn aðilann, bæði kostina og gallana. Gott samband krefst mikillar vinnu sem maður stimplar sig aldrei út úr.“

> **Lendingin hjá okkur var ásatrúarathöfn. Það er svo létt yfir þeim. Svo hef ég heyrt að það séu geggjuð partí í Valhöll.**

Þrátt fyrir að hafa eytt miklum tíma í undirbúning veislunnar eru fatamál verðandi brúðhjóna ekki leyst. „Hingað til hefur aðaláherslan verið á matinn og veisluna. Við erum þó með okkar hugmyndir um hvernig við viljum líta út og erum að vinna í því með hjálp góðrar vinkonu okkar sem er snillingur þegar kemur að útliti. Svo er ég búin að velja brúðarvöndinn.“

Verðandi brúðhjón vinna ekki bara að undirbúningi eigin brúðkaups. Í haust kemur út matreiðslubók með vinsælustu réttum Grillmarkaðarins. Björn tekur allar myndir í bókinni en uppskriftirnar koma frá Hrefnu og Guðlaugi, meðeiganda hennar í Grillmarkaðnum.

*- sfj*



„Við sáum strax að við áttum vel saman enda með svipaðan húmor sem skiptir miklu máli,“ segir Hrefna Sætran sem giftist Birni Árnasyni í sumar. MYND/VALLI






## *Sögufrægt brúðkaup fyrir 50 árum*

***Eitt frægasta brúðkaup sögunnar var þegar Elizabeth Taylor og Richard Burton gengu í það heilaga í mars 1964 eða fyrir nákvæmlega fimmtíu árum. Það var á þeim tíma fimmta hjónaband Taylor en alls gifti hún sig átta sinnum, þar af Burton tvisvar.***

Samband þeirra var eldheitt og stormasamt. Elizabeth, sem var fædd árið 1932, átti þá langan kvikmyndaferil að baki, fyrst sem barnastjarna. Hjónaböndin voru skammlíf, það fyrsta lifði í átta mánuði. Sá hét Conrad Hilton og var sonur eiganda Hilton-hótelanna. Michael Wilding var eiginmaður númer tvö, tuttugu árum eldri en leikkonan og hjónabandið entist í fimm ár. Mike Todd var stóra ástin í lífi Liz, ekki síður en Burton. Hann lést aðeins ári eftir giftingu þeirra.

Besti vinur Mikes Todd, Eddie Fisher, varð næsti eiginmaður Liz en hann var í hjónabandi með Debbie Reynolds þegar þau byrjuðu saman. Þau voru hjón þar til hún kynntist Burton. Liz og Burton voru bæði í hjónabandi þegar þau byrjuðu saman og voru jafnan forsíðuefni blaða, enda bæði stórstjörnur á hvíta tjaldinu.

Taylor átti í mörgum frægum ástarsamböndum utan hjónabanda. Sjálf sagðist leikkonan hafa átt þrjár stórar ástir í lífinu, Todd, Burton og skartgripi.



Það var 15. mars 1964 sem Liz Taylor og Richard Burton giftu sig í fyrra skiptið en brúðkaupið vakti heimsathygli, enda frægar stjörnur.

JÓN & ÓSKAR
*Laugavegur / Smáralind / Kringlan*

# Sérfræðingar í giftingarhringum

**Skemmtilegustu viðskiptavinirnir**
Hjá Jóni og Óskari eru þeir viðskiptavinir sem kaupa trúlofunar- og giftingarhringi í miklu uppáhaldi. Þeir hafa ákveðið að treysta fyrirtækinu fyrir kaupum sem eiga að endast alla ævi og sú ákvörðun þeirra er tekin mjög alvarlega. Starfsmenn fyrirtækisins eru tilbúnir að leggja sig alla fram til að valið á hringunum verði sem auðveldast og að ánægja ríki með kaupin og einungis er boðið upp á vandaða hágæðavöru.







**Sígildir hringar alltaf vinsælir**
Einbaugar, þessir sígildu og klassísku hringar hafa alltaf verið mjög vinsælir hjá Jóni og Óskari. Þá má fá bæði í gulu og hvítu gulli og misjafnlega breiða. Jafnframt koma þeir í mismunandi þykkt og stundum eru þeir kúptir að innan sem mörgum finnst þægilegra. Hinn klassíski einbaugur er mjög fallegur á hendi og fer vel með öðrum hringum.

**Munstraðir hringar og íslensk hönnun**
Hjá Jóni og Óskari er í boði mikið úrval af munstruðum hringum af ýmsu tagi og hringum þar sem hvítu- og gulu gulli er blandað saman. Jafnframt hefur verið mjög vinsælt að handgrafa í hringana og hefur gamla íslenska höfðaletrið þá oftast verið notað. Þar velur fólk að setja nöfnin sín eða einhver orð eða tákn sem þeim eru kær. Gullsmiðir fyrirtækisins hafa hannað fjölmargar útgáfur af mynstri og formum sem hafa reynst mjög vinsæl og má sjá glæsilegt úrval hringa á heimasíðu fyrirtækisins www.jonogoskar.is.

**Demantar í giftingarhringum**
Undanfarin ár hefur það orðið sífellt algengara að fólk velji að setja demanta í giftingarhringana og þá einkum kvenhringinn. Demantur glæðir hringinn lífi og eykur á fegurð hans.







**Gull, hvítagull, palladium, silfur, stál**
Algengast er að giftingarhringarnir séu hafðir úr gulu gulli en hvítagull eða blanda af gulu og hvítu gulli hefur líka verið mjög vinsæl. Hringar úr palladium (sem er platínumálmur sami litur og hvítagull) standa einnig til boða.Hringar úr stáli hafa einnig notið nokkurra vinsælda enda ódýrasti kosturinn sem í boði er í dag.

**Demantshringur sem trúlofunarhringur**
Ameríska hefðin, þ.e.a.s. að daman setji upp demantshring við trúlofun hefur einnig verið að aukast mikið að vinsældum undanfarin misseri. Þegar þessi leið er valin setur karlmaðurinn ekki upp hring en konan setur upp demantshring þegar hennar er beðið. Báðir aðilar setja svo upp einbauga við giftingu. Samkvæmt amerísku hefðinni á hringurinn að kosta sem nemur a.m.k. tveimur mánaðarlaunum herrans en það er að sjálfsögðu ekki bráðnauðsynlegt að vera svo flottur á því þegar þessi leið er valin því hjá Jóni og Óskari er hægt að fá glæsilega demantshringa á verði sem flestir ættu að ráða við.

**Morgungjafir**
Sá siður að gefa morgungjafir hefur einnig verið að aukast mjög að vinsældum undanfarin ár og má segja að það sé orðin hefð í íslenskum brúðkaupum. Mega þeir herrar sem gleyma morgungjöfinni eiga von á athugasemdum frá sinni heittelskuðu.
Í morgungjöf er hefðin að gefa fallegan demantsskartgrip. Svokallaðir "alliance" hringar eru orðnir ein vinsælasta morgungjöfin en þar er nokkrum demöntum raðað eftir baugnum sem er hafður úr hvítu eða gulu gulli.







Heimasíða okkar **jonogoskar.is** veitir ferkari upplýsingar um verð og úrval. Verið velkomin í verslanir okkar að **Laugavegi 61 -Kringlunni og Smáralind**. Sími 552-4910

JÓN & ÓSKAR
*Laugavegur / Smáralind / Kringlan*




» Síðan 1844 hefur Kahla framleitt vandað postulín sem fer jafn vel í hendi og hillu. Kahla hefur unnið til fjölda verðlauna og er alltaf við hæfi hvort sem það er í matarboði með öllum vinahópnum eða yfir sunnudagskaffinu með ömmu.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47, opið mán.- fös. 10-18, lau. 11-17 | www.kokka.is | kokka@kokka.is




# Bónorð á tónleikum Michael Bublé

**Jógvan Hansen söngvari og unnusta hans, Hrafnhildur Jóhannesdóttir, ganga í það heilaga 12. júlí næstkomandi í Hallgrímskirkju. Brúðkaupsundirbúningur er í fullum gangi og gert er ráð fyrir tvö hundruð gestum í glæsilega veislu.**


Hann bað hennar á tónleikum og veislan verður glæsileg. Hún verður haldin á Hilton-hóteli en athöfnin sjálf fer fram í Hallgrímskirkju. MYND/VALLI

Jógvan, sem er einn vinsælasti brúðkaupssöngvari landsins, segist búast við að hann taki lagið fyrir Hrafnhildi á þessum stóra degi. Þau eru búin að vera lengi saman og eiga tvö börn, Sonur þeirra, Jóhannes Ari Hansen, er rúmlega tveggja ára og dóttirin, Ása María Hansen, er fimm mánaða. „Giftingin verður í Hallgrímskirkju. Okkur veitir ekki af því að hafa stóra kirkju því gestalistinn er langur,“ segir brúðguminn. „Ég á stóran frændgarð í Færeyjum og margir koma til að vera viðstaddir brúðkaupið. Hér á landi hef ég starfað í tíu ár og eignast marga góða vini. Hrafnhildur á einnig stóra fjölskyldu. Mín ósk væri að bjóða öllum en það hefði orðið ansi dýrt. Listinn hljóðaði fyrst upp á 270 manns en við urðum að skera hann niður í tvö hundruð gesti,“ segir Jógvan.

### Þjóðlegir forréttir

„Veislan verður á Hilton-hóteli um kvöldið og fyrst ætlum við að bjóða þjóðlega for-forrétti frá löndum okkar. Gestir fá meðal annars að smakka skerpukjöt frá Færeyjum og hákarl og súra punga frá Íslandi. Í brúðkaupum í Færeyjum er alltaf boðið upp á svokallaðan hurðasnaps sem er afhentur þegar gestir ganga í salinn og svo verður einnig hjá okkur. Eftir það verður glæsileg matarveisla, dans og gleði og fullt af tónlistarmönnum og öðru skemmtilegu fólki,“ segir hann enn fremur.

Hrafnhildur er búin að finna rétta brúðardressið en Jógvan er enn að velta vöngum. „Ég er varla byrjaður að pæla í þessum hlutum. Veit ekki hvort ég verð í smóking, kjólfötum, jakkafötum eða bara færeyska þjóðbúningnum,“ segir hann og hlær en bætir við að Hrafnhildi lítist ekki á það síðastnefnda.


Jógvan og Hrafnhildur með Jóhannes Ara og Ásu Maríu. Spennandi tímar fram undan hjá fjölskyldunni. MYND/VALLI

### Bónorð á tónleikum

Þegar hann er spurður hvort hann hafi farið á hnén og beðið hennar að herrasið, svarar hann: „Ég fór reyndar ekki á skeljarnar. Það hafði verið lengi í bígerð hjá mér að biðja hennar en ég beið alltaf eftir réttu stundinni. Eiginlega var ég orðinn hálf stressaður á þessu. Þegar Hrafnhildur gaf mér miða á tónleika með Michael Bublé í London síðastliðið sumar vissi ég að hin fullkomna stund væri að renna upp. Friðrik Ómar söngvari og Ingibjörg Kristjánsdóttir fóru með okkur á tónleikana og urðu vitni að bónorðinu sem fram fór þegar Bublé söng uppáhaldslagið okkar, Everything. Ég var löngu búinn að kaupa hringana og það var erfitt að fela þá allan tímann. Heitt var í London og ég þurfti að vera léttklæddur sem gerði þetta enn verra, eiginlega enginn felustaður nema nærbuxurnar,“ segir hann hlæjandi.

> **Bónorðið fór fram þegar Bublé söng uppáhaldslagið okkar, Everything.**

„Um mitt lagið stóð ég upp og bað hennar,“ segir Jógvan og bætir við að þá hafi fallið nokkur tár hjá þeim öllum fjórum. „Þetta var hátíðleg stund,“ segir hann en síðan var skálað í kampavíni eftir tónleikana. „Hrafnhildur fékk óáfengt, enda var hún ófrísk.“

### Ást og Með þér

Jógvan segir að nokkur lög séu vinsælli en önnur í brúðkaupum. „Það er sérstakt að syngja í brúðkaupum því þetta er svo persónuleg stund. Allir eru glæsilega klæddir og það myndast alltaf sérstök stemning. Ég er oftast beðinn að syngja lagið Ást eftir Magnús Þór Sigmundsson og Með þér eftir Bubba Morthens. Í einu brúðkaupi var ég beðinn um að syngja Elvis Presley-lög í kirkjunni en í það skiptið var brúðguminn mikill aðdáandi hans. Það kemur fyrir að fólk biðji um lag þar sem textinn á ekki við svona athöfn og þá bendi ég á það. Ég aðstoða brúðhjónin með lög ef þau eru ekki ákveðin og læt þau hafa viðeigandi lagalista.“

Jógvan segist ekki vera búinn að velja lögin í sitt eigið brúðkaup. Það er þó eitt lag sem verður örugglega flutt en ég get ekki sagt hvaða lag það er. Veislan verður skemmtileg, Færeyingar og Íslendingar kunna að skemmta sér saman. Ég hlakka mikið til þessa dags og tíminn líður hratt.“ *- ea*

# Vantar þig aðstoð við val á víni fyrir veisluna?



Erfitt getur reynst að velja rétta vínið fyrir brúðkaupsveisluna. Þá getur verið gott að fá ráðgjöf frá fagfólki líkt og því sem starfar hjá Haugen Gruppen. Þar geta verðandi brúðhjón fengið góðar leiðbeiningar um allt sem snýr að veislufföngum.

Haugen Gruppen ehf. flytur inn og selur léttvín frá öllum helstu vínræktarsvæðum heims og leggur áherslu á að vera með fjölbreytt úrval léttvíns og bjóða upp á gæðavín í öllum verðflokkum. Þar ættu því öll verðandi brúðhjón að geta fundið vín við sitt hæfi.

Þegar velja á vín fyrir stóra daginn getur verið gott að fá ráðgjöf frá fagfólki bæði við valið sem og við ýmis önnur praktísk atriði. Haugen Gruppen ehf. býður verðandi brúðhjónum upp á ráðleggingar við val á víni fyrir veisluna, vínsmökkun og aðstoð við afgreiðslu í gegnum Vínbúðina.



Inni á heimasíðu Haugen-Gruppen ehf, www.haugen-gruppen.is er að finna upplýsingar um öll vínin og vínhúsin og auðvelt fyrir alla að nota leitina á síðunni til að finna vín sem passar t.d. með ákveðnum mat. Þar er einnig vefverslun þar sem fólki gefst kostur á að panta vín með einföldum hætti. Pöntunin er send í þá Vínbúð sem fólk óskar eftir.

Starfsfólk Haugen hvetur öll verðandi brúðhjón til að setja sig í samband og bóka tíma í vínsmökkun, annaðhvort í gegnum netfangið pontun@haugen.is eða hringja í síma 5803800.

Hér eru nokkur vín sem vínráðgjafar Haugen Gruppen mæla með:



Veislutertan og kampavín í glösum.

## *Spænska parið*

**Crin Roja Macabeo**

Ferskt og ávaxtaríkt vín. Ljós ávöxtur, melónur og eplakjarni eru áberandi í þessu víni. Frábært sem fordrykkur og með sjávarréttum og grænmetisréttum.

**Crin Roja Tempranillo**

Létt og ávaxtaríkt vín með svolitla eik í bakgrunni. Flottur Spánverji á góðu verði. Hentar vel í stórum hlaðborðsveislum og fer vel með lambi, kjúklingi, svínakjöti, pasta, smáréttum og grillmat.







## *Ítalska parið*

**Lamberti Pinot Grigio**

Einstaklega ferskt pinot grigio. Melónur, perur og blóm eru áberandi í þessu yndislega víni. Frábært sem fordrykkur og með fiskréttum, grænmetisréttum og sjávarréttapasta.

**Lamberti Merlot**

Létt og mjúkt vín frá vínhúsinu Lamberti við Garda-vatnið í Veneto á Ítalíu. Krydduð rifsberja- og kirsuberjaangan og smá græn paprika. Mild tannín í munni. Mjög gott pastavín, ekki síst með kjötsósum. Passar líka mjög vel með ljósu kjöti, kjúklingi, kalkúni og svínakjöti.







## *Lífrænt ræktaða parið*

**Adobe Chardonnay**

Adobe-línan frá síleska vínhúsinu Emiliana samanstendur af lífrænt ræktuðum vínum líkt og önnur vín frá þessu ágæta húsi. Einstaklega gott hvítvín. Melónur, perur og suðrænir ávextir eru áberandi í þessu víni. Þetta er eitt af þeim vínum sem henta með flestu, hvort sem það er fordrykkur eða með mat.

**Adobe Cabernet Sauvignon**

Það sama gildir um Adobe Cabernet Sauvignon og hvítvínið frá sama framleiðanda. Þetta er vín sem hentar með flestum mat. Einstaklega ljúffengt vín, rauður ávöxtur, vanilla og mild tannín. Passar vel með nautakjöti, lambi og grillmat.






# Blúndum prýddir kjólar

Ermalausir satínbrúðarkjólar hafa lengi ráðið ríkjum en nú eru blúndurnar komnar aftur.

Tjull og blúnduermar eru allsráðandi í brúðarkjólum þetta árið og augljóst að áhrifa frá brúðarkjól Kate Middleton sem giftist Vilhjálmi Bretaprins árið 2011 gætir enn, en hann var einmitt prýddur síðum blúnduermum. Sá kjóll þótti innblásinn af brúðarkjól leikkonunnar Grace Kelly sem gekk að eiga Rainier fursta af Mónakó árið 1956. Kjóll hennar var mjög áþekkur kjól Kate en með ögn hærri kraga.

Fyrir nokkrum árum réðu einfaldir, ermalausir satínbrúðarkjólar ríkjum en nú er horft til fortíðar og flestir kjólar skreyttir einhvers konar blúndum. Þær gefa rómantískt og dálítið gamaldags yfirbragð og mun þeim án efa skjóta upp aftur og aftur.

- ve



Tjullkjóll með blúndum frá WTOO - Watters.

Kjóll úr haustlínu Kenneth Pool 2014.

Kjóll úr haustlínu Anna Maier / Ulla-Maija.

Áhrifa frá brúðarkjól Kate Middleton, sem giftist Vilhjálmi Bretaprins, árið 2011 gætir enn, en hennar kjóll þótti líkjast kjól Grace Kelly sem giftist Rainier fursta af Mónakó. NORDICPHOTOS/GETTY

Kjóll úr smiðju Atelier Pronovias.

KARDASHIAN BEAUTY
Snyrtivörurnar frá Kardashian Beauty er komin til landsins

Kíktu á www.verdia.is
Verdia.is





Greiðslurnar eru látlausar ● Frá brúðarsýningu í New York fyrir árið 2014. Fléttur eru enn vinsælar ● Brúðarsýning í New York, Margar fyrirsæturnar voru með háan snúð eða snúð í hnakkanum. Auðvelt er að setja skraut í hárið með þessari greiðslu eða sleppa því alveg.

# *Brúðargreiðslan* 2014

Brúðargreiðslurnar í ár eru látlausar. Mjúkir liðir, fléttur og snúðar eru hvað mest áberandi.

Það er margt leyfilegt þegar kemur að brúðargreiðslu. Fléttur eru enn vinsælar, sömuleiðis sítt, slegið hár með léttum krullum og loks hnútur í hnakka. Kjóllinn skiptir máli þegar greiðslan er valin, hvort hann er einfaldur eða mikið skreyttur. Þannig er best að ráðfæra sig við hárgreiðslumeistarann þegar kjóllinn hefur verið ákveðinn. Slör, kóróna, blóm eða hattur – allt þetta er gjaldgengt svo framarlega sem það passar kjólnum.

Engin greiðsla er rétt og hún þarf ekki að vera flókin. Samkvæmt bandaríska tískutímaritinu InStyle er einfaldleiki ríkjandi í hártísku. Það sást á rauða dreglinum þegar Óskarsverðlaunin voru afhent. Stjörnurnar á rauða dreglinum eru tískuleiðandi, enda hafa þær fengið færustu sérfræðinga til að draga fram allt það besta í útliti sínu.

Sú sem er nefnd á nafn þegar kemur að því að sækja sér fyrirmynd er Jessica Alba. Hún er með sítt hár og málar sig lítið. „Ekta brúðkaupsútlit," segir í blaðinu InStyle.

Ef þú ætlar að gifta þig á árinu skaltu skoða myndir af leikkonunni Jessicu Alba. Hún þykir hafa brúðarútlit.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## FRÍTT Í SUND

**Framhaldsskólanemar í Reykjavík fá nú ókeypis aðgang að öllum sundstöðum og menningarstofnunum Reykjavíkurborgar á meðan á verkfalli framhaldsskólakennara stendur. Nóg er að framvísa skólaskírteini.**


**NÁMSAÐSTOÐ.IS**

**íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl**

**Upplýsingar og innritun á namsadstod.is allan sólarhringinn. Öll skólastig. Reyndir kennarar.**

*Nemendaþjónustan sf* www.namsadstod.is s. 557 9233






BE LLA VISTA

ÁHRIFARÍK

LEIÐ TIL AÐ VIÐHALDA GÓÐRI SJÓN

BELLAVISTA er eitt öflugasta fæðubótarefnið á markaðnum fyrir sjónina. Náttúrulegir plöntukjarnar ásamt vítamínum og steinefnum sem gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda góðri og skarpri sjón langt fram eftir aldri. Í BELLAVISTA er hátt hlutfall af bláberjaþykkni og lúteini.

Kynntu þér BELLAVISTA á www.gengurvel.is

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna


# ALLTAF MEÐ TIGER BALSAM Í BAKPOKANUM

**BALSAM KYNNIR** *Helga María Heiðarsdóttir er ein reyndasta fjallaleiðsögukona landsins. Hún hefur klifið marga af helstu tindum Íslands og m.a. leiðbeint blaðamönnum National Geographic.*

Helga María Heiðarsdóttir hefur farið víða um íslenskt hálendi og er mikil útivistarmanneskja. Hún hefur klifið fjöll og jökla um allt Ísland og er einn reyndasti fjallaleiðsögumaður landsins. „Ég hef verið mest að leiðsegja með Fjallaleiðsögumönnum og 66° Norður hérlendis og á Norðurlöndum. Mér þykja Sólheima- og Vatnajökull fallegustu náttúruperlur sem við Íslendingar eigum og þó víðar væri leitað. Ég leiðbeindi hópi frá National Geographic þegar hann var hér á landi að fjalla um íslenska náttúru og ég held hreinlega að þeir hafi verið sammála mér," segir Helga og hlær.

**NOTAR ALLTAF TIGER BALSAM**

Helga hefur mjög gaman af útiveru og stundar einnig hlaup, skíði og hjólreiðar. „Þegar ég kem heim er ég oft þreytt í líkamanum og fæ miklar harðsperrur, vöðvabólgur og liðverki. Sérstaklega ef kalt er í veðri. Ég fæ líka stundum í bakið og hálsinn þegar ég hef verið á fjalli. Þá finnst mér ekkert betra en að bera á mig Tiger Balsam-hitasmyrsl, leggjast upp í sófa og slaka á. Verkirnir hreinlega gufa upp og daginn eftir er ég eins og ný manneskja. Ég er líka alltaf með Tiger Balsam í bakpokanum ef mér verður illt í miðri ferð. Ég hreinlega gæti ekki verið án þess.



**MÆLIR MEÐ** Helga María Heiðarsdóttir jöklajarðfræðingur og fjallaleiðsögukona mælir eindregið með Tiger Balsam.

## TIGER BALSAM VIRKAR Á VERKI

Tiger Balsam er hundrað prósent náttúrulegt hitasmyrsl sem á rætur að rekja til Kína til forna og er í dag vel þekkt um allan heim fyrir ótrúlegan lækningamátt. Tiger Balsam er unnið úr náttúrulegri jurtablöndu sem aldagömul reynsla hefur sýnt að er traust og árangursrík.

**100 ÁRA SAGA Í 100 LÖNDUM**

- Frábært fyrir alla sem upplifa líkamlega verki
- Linar verki nánast samstundis
- Mjög áhrifaríkt í vetrarkuldanum
- Öflug lausn fyrir íþróttafólk sem og aðra sem lifa athafnasömu lífi
- Eykur blóðrás og því virkilega gott til að mýkja upp vöðva fyrir æfingar
- Vinnur gríðarlega vel á harðsperrum




Tiger Balsam er 100% náttúrulegt og inniheldur engin kemísk efni. Veldur engu áreiti á húð eða höndum og er auðvelt að bera á og þvo af sér.

**UPPLÝSINGAR**

Frekari upplýsingar má finna á Facebook-síðunni: www.facebook.com/TigerBalsamIceland Tiger Balsam er meðal annars fáanlegt í fjölda apóteka um land allt og heilsuhillum Hagkaups, Heilsuvers og Fjarðarkaups.


**KVARTSBUXUR** 4 litir í 4 klukkutíma

**Aðeins 6.990 kr**
st 38-56
hvítar, svartar, beige, rauðar

**NÝJAR VÖRUR**
Fermingardressin fyrir mömmur, ömmur og frænkur

Leggings, aðhaldsbuxur

Fermingargjafir á frábæru verði

Herrapeysur og vesti

**Frábært verð**



OPIÐ 11-15
Aðeins í dag

**LOGY ehf.**
Selásbraut 98
( horni Vallarás/ áður Bónus )
Sími 661-2580



**NÝ SENDING AF SÓFASETTUM**



Teg. Giulia 3 - 1 - 1 og 3 - 2 - l leður.

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Reykjavíkurveg 66 220 Hafnarfirði sími 565 4100



**Betra blóðflæði** Betri líðan Betri heilsa




Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna **Nitric Oxide. SUPERBEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að ***30%*** æðaútvíkkun, ***30%*** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, ***20%*** meira þrek orka og úthald. Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna. **Nitric Oxide hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, ofnæmiskerfi, astma, lungnaþembu. ***Einkaleyfi Neogenis Labs á rauðrófukristall tryggir einstaka yfirburði og virkni af nitrite sem umbreytist í Nitric Oxide í líkamanum.*** Gott bragð ein teskeið blandað í vatn 100 ml sem jafngildir einni flösku 500 ml af rauðrófusafa. **Fæst í Apótekum og heilsubúðum**




Umboð: www.vitex.is - www.neogenis.com

# IBUXIN RAPID

## HRAÐVIRKT BÓLGUEYÐANDI VERKJALYF

**LYFIS KYNNIR** *Ibuxin rapid er hraðvirkt ibuprofen sem nýtist við ýmiss konar verkjum. Verkjalyfið inniheldur ibuprofen lýsinat sem leysist hratt upp í meltingarvegi, ólíkt hefðbundnu ibuprofeni. Þannig fer lyfið hraðar inn í blóðrásina og nær einnig mun meiri styrk sem skilar sér í töluvert aukinni verkjadeyfingu – miklu fyrr en hefðbundið ibuprofen*.*

LYFIS
Traust í lyfjum

* SCHETTLER T ET AL. CLIN DRUG INVEST 21(1):73-78, 2001

Rannsóknir hafa sýnt að ibuprofen lýsinat skilar sér í blóðrásina í töluverðum styrk strax á tíu mínútum á meðan hefðbundið ibuprofen nær hámarks verkjastillingu eftir hátt í 90 mínútur. Þegar tilfallandi verkir koma fram er oft óskandi að stöðva verkinn sem allra fyrst, og í sumum tilvikum, eins og með mígreni, er hægt að bregðast við þegar fyrirboðaeinkenni koma fram.

Ibuxin rapid er ætlað við vægum verkjum til meðalmikilla, svo sem höfuðverk, tannverk, bakverk og tíðaverk. Þar sem lyfið er eins hraðvirkt og raun ber vitni hentar það einnig vel við bráðum mígrenihöfuðverk, með og án fyrirboðaeinkenna. Ibuxin rapid hefur einnig hitalækkandi áhrif og er ætlað til notkunar við hita og verkjum vegna kvefs.

Ibuxin rapid er fáanlegt án lyfseðils í 10 og 30 stk. pakkningum og er ætlað fullorðnum, unglingum og börnum yfir 20 kg að þyngd (u.þ.b. 6 ára). Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér meðfylgjandi.

Ibuxin rapid fæst í öllum apótekum.

Leysist hratt upp → Frásogast fyrr → Verkar fyrr



- MÍGRENI
- TÍÐAVERKUR
- HÖFUÐVERKUR
- TANNVERKUR
- HITI OG VERKIR

**IBUXIN RAPID**
400 MG HRAÐVIRKT IBUPROFEN.
10 TÖFLUR OG 30 TÖFLUR




**Notkunarsvið:** ibuxin rapid inniheldur ibuprofen, sem dregur úr verkjum og hita (flokkur: bólgueyðandi gigtarlyf sem ekki er steri). **ibuxin rapid er notað við** vægum til miðlungi miklum verkjum, svo sem höfuðverk, tannverk, tíðaverk, bráðum mígrenihöfuðverk, hita og verkjum vegna kvefs. **Ekki má nota ibuxin rapid:** Ef þú ert með ofnæmi fyrir ibuprofeni eða einhverju öðru innihaldsefni ibuxin rapid. Ef þú hefur fundið fyrir mæði, astma, nefrennsli, þrota eða ofsakláða eftir notkun acetylsalicylsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja sem ekki eru sterar (NSAID). Ef þú ert með óútskýrða blóðmyndunartruflun. Ef þú ert með eða hefur haft endurtekin sár (ætisár) eða blæðingu í maga/skeifugörn. Ef þú hefur fengið blæðingu eða rof í meltingarvegi við fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Ef þú ert með blæðingu í heilaæðum eða aðra virka blæðingu. Ef þú ert með alvarlega skerðingu á lifrar- eða nýrnastarfsemi. Á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Ef þú ert með kransæðasjúkdóm eða alvarlega hjartabilun. Ef þú þjáist af verulegri ofþornun. **Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun ibuxin rapid:** Ef þú ert með arfgengan blóðmyndunarsjúkdóm (bráða porfýríu með hléum). Ef þú ert með ákveðna sjálfsnæmissjúkdóma (rauða úlfa og blandaðan bandvefssjúkdóm). Ef þú ert með sjúkdóm í meltingarfærum eða langvinnan bólgusjúkdóm í þörmum (sáraristilbólgu, Crohn´s sjúkdóm). Ef þú ert með skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi. Ef þú þjáist af ofþornun. Ef þú ert með eða hefur haft háþrýsting eða hjartabilun. Ef þú ert með ofnæmi (t.d. húðviðbrögð við öðrum lyfjum, astma, ofnæmiskvef), langvarandi þrota í slímhúðum eða langvarandi teppusjúkdóm í öndunarfærum. Ef þú ert með storkutruflun í blóði. Strax eftir stórar skurðaðgerðir. **Meðganga og brjóstagjöf:** Þú mátt aðeins nota ibuxin rapid á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu eftir að hafa ráðfært þig við lækninn. Ekki má nota ibuxin rapid síðustu 3 mánuði meðgöngu. Almennt er ekki nauðsynlegt að gera hlé á brjóstagjöf við skammtíma notkun í ráðlögðum skömmtum. **Algengustu aukaverkanir:** Sár, rof eða blæðing í meltingarvegi, stundum lífshættuleg, einkum hjá öldruðum, geta komið fram. Ógleði, uppköst, niðurgangur, vindgangur, hægðatregða, meltingartruflanir, kviðverkur, tjörukenndar hægðir, blóðuppköst, sáramunnbólga, versnun ristilbólgu og Crohn´s sjúkdóms hafa komið fram. **Skammtastærðir:** Fullorðnir og unglingar yfir 40 kg: 200 mg – 400 mg skammtar, að hámarki 1.200 mg á sólarhring. Börn og unglingar: Hámarksskammtur af ibuprofeni á dag er 30 mg á hvert kg líkamsþyngdar, skipt niður í 3 til 4 staka skammta. 20-29 kg: 200 mg skammtar, að hámarki 600 mg á sólarhring. 30-39 kg: 200 mg skammtar, að hámarki 800 mg á sólarhring. Ekki skulu líða minna en 6 klst. á milli skammta. **ibuxin rapid skal aðeins nota hjá börnum sem eru a.m.k. 20 kg að þyngd. Lesið vandlega leiðbeiningar í fylgiseðli sem fylgir lyfinu.** Júlí 2012.

# FÁÐU FLATAN MAGA

**RARITET KYNNIR** *Ertu með loft í maganum og þjáist af vindverkjum? Þá er lausnin fundin með hjálp vinveittra meltingargerla frá OptiBac Probiotics.*

Ég get ekki hugsað mér að vera án gerlanna," segir Marta Eiríksdóttir jógakennari sem starfar í Lifandi markaði.

Marta hefur notað Optibac Probiotics-gerlana að staðaldri síðan í haust.

„Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuóþoli," segir Marta, sem reynir eftir megni að sneiða hjá mjólkurvörum, sykri, glúteni og unnum kjötvörum.

„Líkami minn þolir ekki þessar matvörur. Meltingin fer úr skorðum og ég verð þreytt og orkulaus. Vissulega getur verið erfitt að sneiða hjá þessum fæðutegundum en þegar ég borða mat sem ég þoli illa á ég alltaf til poka af „For a Flat Stomach" í veskinu."

Marta mælir hiklaust með OptiBac Probiotics-vörunum.

„Ég nota „For a Flat Stomach" sem dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari. Það er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og svo prebioticstrefjar fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga. Einn af hverjum fimm fær þaninn maga einu sinni eða oftar í mánuði sem getur stafað af fæðuóþoli, streitu, fyrirtíðaspennu, tíðahvörfum eða lélegu mataræði."

OptiBac Probiotics er ný lína af meltingargerlum með vísindalega sannaðri virkni í meira en þrjátíu klínískum rannsóknum. Aðrar gagnlegar vörur frá OptiBac Probiotics eru:

„Bowel Calm" (Saccharomyces Boulardii) stoppar niðurgang á náttúrulegan og fljótvirkan hátt og er áhrifaríkt gegn gersveppaóþoli (Candida).

„Optibac for Every Day" (extra sterkt) inniheldur 20 milljarða lifandi baktería í dagskammti. Bakteríurnar hafa verið ítarlega rannsakaðar í yfir 75 klínískum rannsóknum. Virkar vel gegn candida og iðrabólgu (IBS), sem hrjáir tuttugu prósent manna.

„Bifidobacterium BB12" með trefjum virkar vel gegn hægðatregðu og kemur meltingu í eðlilega virkni. Gott fyrir alla og öruggt fyrir konur á meðgöngu og börn frá eins árs aldri.

OptiBac-vörurnar innihalda blöndu sýruþolinna meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrur smáþarma, þar sem þeim er ætlað að virka.

Útsölustaðir: Lifandi markaður, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfsalinn, Lyfjaver, Lyfjaval, Reykjavíkurapótek, Apótek Vesturlands, Apótek Suðurnesja, Árbæjarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar og Urðarapótek.

Sjá nánar á facebook.com/optibaciceland.



**GÓÐUR ÁRANGUR** Marta Eiríksdóttir jógakennari hefur góða reynslu af OptiBac Probiotics-trefjunum og notar „For a Flat Stomach" til að fá flatan maga.







**BIFIDOBACTERIA & FIBRE** Kemur reglu á meltinguna og hentar börnum jafnt sem fullorðnum.

# TRAUST LAUSN VIÐ HÆGÐATREGÐU

Nú er komin á markað byltingarkennd lausn fyrir þá sem þjást reglulega af hægðatregðu. Hægðatregða er algengt vandamál hjá fjölda fólks; einkum konum, börnum, unglingum og eldra fólki, auk þess sem margir upplifa meltingartruflanir af þessu tagi á ferðalögum.

„Bifidobacteria & Fibre" frá OptiBac Probiotics inniheldur einn mest rannsakaða probiotic-geril í heimi. Einnig prebiotics-trefjar í miklu magni sem koma reglu á meltinguna. Þeim sem hafa lágt hlutfall vinveittra baktería í þörmum er hættara við hægðatregðu og því dugandi heilræði að auka inntöku á góðum bakteríum, eins og virku bakteríunni Bifidobacterium lactis BB-12®.

„Bifidobacteria & Fibre" kemur meltingunni í lag og er öruggt til inntöku fyrir börn eldri en eins árs, fullorðna, konur á meðgöngu og með börn á brjósti.

Til að viðhalda reglulegri meltingu er nóg að taka einn skammt á dag en við hægðatregðu er ráðlagt að taka upp í fjóra skammta daglega; með morgunmat, hádegismat, kvöldmat og áður en farið er að sofa.

Nánari upplýsingar á www.facebook.com/optibadiceland

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

# UMBYLTING Á HEILSUNNI

**ICECARE KYNNIR** *Bio Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum (Probiotics). Öflug vörn fyrir þarmaflóruna sem hentar öllum aldri, börnum sem fullorðnum. Þórunn Þórarinsdóttir mælir með þessum góðu gerlum sem bæta meltinguna.*

Mig langar að deila reynslu minni af Bio Kult Original-gerlunum.

Ég var búin að vera veik í mörg ár. Ég ákvað að taka málin í mínar hendur, gjörbreytti mataræðinu en náði þó ekki alveg fullri heilsu. Þá fór ég að skoða hvað góðir gerlar geta gert fyrir heilsuna. Ég leitaði upplýsinga á netinu og víðar og fann út að sennilega vantaði mig einn ákveðin geril í meltingarflóruna en það er svokallaður jarðargerill (e. Bacillus Subtillis). Í framhaldinu fór ég að leita að lifandi gerlablöndum hér á landi sem innihalda þennan geril en það virtist ekki vera í neinu nema Bio Kult Original-vörunni. Ég ákvað að prófa, og viti menn, það varð algjör umbylting á líðan minni og heilsu,“ segir Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi.




**GÓÐIR GERLAR**

„Þar sem ég hef unnið við heilsuráðgjöf ákvað ég upp á mitt eindæmi að breiða út vitneskju mína og ánægju með Bio Kult Original-gerlana því þeir hafa algjörlega breytt lífi mínu. Gerlarnir hjálpa fólki meðal annars með meltingarvandamál. Ég mæli með Bio Kult Original við skjólstæðinga mína sem eiga til dæmis við hægðatregðu að stríða en þeir hjálpa til við útskilnað í meltingarveginum. Öll þurfum við að losa óæskileg efni úr líkamanum sem við fáum við neyslu á sumum matvælum og Bio Kult Original hjálpar til við það.

**LÍKA FYRIR HUNDINN**

Þá er einnig vert að geta þess að ég hef einnig notað Bio Kult Orginal fyrir hundinn minn sem er 10 ára gamall af Cavalier-kyni. Hann varð veikur í maga, alltaf að róta í mold og éta hana, það var eins og hann vantaði eitthvert efni. Ég prófaði að gefa honum Bio Kult Orginal gerlana, setti þá út í matinn daglega. Tíkin lagaðist heilmikið og hef ég síðan haldið áfram að gefa henni Bio Kult Original-gerlana á hverjum degi með góðum árangri.

Ég er ákaflega þakklát fyrir Bio Kult Original-gerlana, því þeir hafa algjörlega breytt heilsu minni og hundsins! Ég mæli hiklaust með Bio Kult Original fyrir alla.“

**Fæst í öllum apótekum.**



**BETRI HEILSA** Þórunn Þórarinsdóttir mælir með Bio Kult Original fyrir alla. MYND/GVA

# HUNGRIÐ HVERFUR OG KÍLÓIN FJÚKA

*Finnur þú oft fyrir svengdartilfinningu eða hefur mikla sykurþörf? Zotrim-jurtatöflur geta hjálpað í baráttunni við aukakílóin.*

Þeir sem hafa tekið inn Zotrim-jurtatöflur eru á einu máli um að þær hafi virkað vel á hungurtilfinningu og sykurþörf. Zotrim-jurtatöflurnar minnka matarlyst og ósjálfrátt fer fólk að borða minna og léttist um leið. Maginn minnkar og bumban hverfur. Zotrim eyðir hungurtilfinningu þannig að nasl á milli mála heyrir sögunni til. Margir hafa tekið inn Zotrim með góðum árangri og eru þeir fúsir til að deila reynslusögum sínum.

**Auður Gunnarsdóttir** segist hafa prófað marga megrunarkúra en án árangurs. „Ég svaf illa og mér leið ekki vel. Vinkona mín benti mér á Zotrim-jurtatöflurnar og ég ákvað að prófa þær. Mér leist vel á Zotrim og nýtti mér þær til að breyta um lífsstíl þar sem megrun virkar ekki fyrir mig. Núna hef ég tekið inn Zotrim í sjö vikur og hef misst 4½ kíló. Mér líður miklu betur, finn fyrir aukinni orku bæði líkamlega og andlega og er laus við alla nartþörf. Ég er virkilega ánægð með árangurinn.

**Halldór Gunnarsson** ákvað að prófa Zotrim-jurtatöflurnar til að léttast. „Fyrstu dagana fann ég engan mun á mér en fór síðan að taka eftir að ég var aldrei svangur á milli mála. Skemmst er frá því að segja að á fyrsta einum og hálfa mánuðinum léttist ég um sjö kíló og er kominn niður um tvær beltisstærðir. Það skemmtilegasta er að ég hef ekki breytt neinu varðandi hreyfingu en hef náð að skera burt allan óþarfa í mataræðinu. Öll löngun í sætindi og aðra óhollustu er horfin, engin þörf á narti á milli mála. Ég tek þrjár Zotrim-töflur nokkrum mínútum fyrir morgunmat, hádegismat og kvöldmat. Ég borða sex sinnum á dag en allar máltíðir eru minni en áður. Zotrim-jurtatöflur eru frábær vara sem ég mæli algerlega með og mun halda áfram að nota.

**Hvað eru Zotrim-jurtatöflur?**

- Blanda þriggja jurta sem hjálpa til við að minnka matarskammtana.
- 2 töflur teknar inn um leið og máltíð hefst.
- Aðalkosturinn er að fólk nær að stjórna hungurtilfinningunni og hjálpar til við að minnka neyslu á kaloríum.

***Zotrim fæst í öllum apótekum, Fjarðarkaupum, Hagkaupi, Lifandi markaði og Krónunni.***




# LOSNAÐI VIÐ RISTILKRAMPA

*Bio-Kult Candéa virkar sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla.*

Heiðrún Guðmundsdóttir er ánægð með Bio-Kult Candéa og ákvað að deila reynslu sinni með lesendum. „Dóttir mín er aðeins átta ára en hún var stöðugt að kvarta um maga- og höfuðverk síðastliðinn vetur, bæði heima og í skólanum. Hún hefur haft mikla sykurþörf og sífellt að næla sér í einhver sætindi. Þá fór að bera á ristilkrampa sem gekk mjög nærri henni. Það ágerðist með vorinu og fyrripart sumars. Hún var farin að fá ristilkrampa um hverja helgi og kvaldist mikið vegna þeirra.

Þar sem ég átti við þennan hvimleiða kvilla að stríða sem barn skildi ég líðan hennar og um hvað málið snerist. Þegar ég leitaði eftir upplýsingum á netinu rakst ég á upplýsingar um Bio-Kult Candéa gegn sveppasýkingu sem einnig væri hjálplegt við ristilvandamálum.“

**BREYTT LÍÐAN**

„Þegar ég skoðaði upplýsingar nánar sá ég að dóttir mín hafði flest einkenni sveppasýkingar í meltingarvegi. Síðasta sumar fór ég að gefa henni tvö hylki af Bio-Kult Candéa á dag. Mjög fljótt urðum við varar við breytingu, hún hætti að kvarta undan magaverkjunum, regla komst á meltinguna og ristilkramparnir hættu.

Í dag tekur hún samviskusamlega eitt hylki eftir kvöldmat og nú sjö mánuðum síðar hefur ristilkrampinn ekki látið á sér kræla. Sykurþörfin er mun minni og höfuðverkurinn heyrir nánast sögunni til. Þar með höfum við slegið tvær flugur í einu höggi. Svo má ekki gleyma því að ég tek líka Bio-Kult Candéa. Ég vil þó fyrst og fremst nota tækifærið og þakka fyrir þessa dásemdarvöru sem hefur gjörbreytt lífi dóttur minnar.“






**ÖFLUG VÖRN**

Innihald hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Fjöldi góðra gerla er í hverju hylki, styrkur gerla er einn milljarður og eru sjö mismunandi gerlastrengir í Bio-Kult Candéa.

Sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti, svo sem munnangri, fæðuóþoli, pirringi, skapsveiflum, þreytu, brjóstsviða, verki í liðum, mígreni og húðvandamálum.

Öflug vörn gegn sveppasýkingum á viðkvæmum svæðum hjá konum.

Bio-Kult Candéa er örugg vara, framleidd af viðurkenndum framleiðanda í Bretlandi. Bio-Kult Candéa hentar fyrir alla, einnig barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn.

**ÁNÆGJA** Birna Gísladóttir, sölustjóri hjá Icecare, fær margar reynslusögur frá ánægðum viðskiptavinum.



**GEFUR GÓÐA RAUN** Heiðrún Guðmundsdóttir segir að dóttir hennar hafi fengið bata af ristilkrampa eftir að hún byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa.






GAMANSÖM Carola Ida Köhler erfði gamansemina frá þýskum móðurafa sínum og tekur hrekkjum nú til dags vel. MYND/VILHELM

# GOTT HREKKJUSVÍN

**HELGIN** *Tannsmiðurinn Carola Ida Köhler er hrekkjusvín af Guðs náð og ábyrg fyrir urrandi hlátursköstum landslýðs yfir kostulegum símahrekkjum.*

Ég hef alltaf verið hrekkjótt og man eftir skelfilegu símaati sem ég gerði aðeins þrettán ára,“ segir Carola og rifjar upp símahrekk sem enn nagar samvisku hennar.

„Þá valdi ég kvenmannsnafn af handahófi úr símaskránni og þóttist vinna á saumastofu þar sem maður hefði pantað handa henni forláta kápu í óvænta gjöf. Ég þyrfti því málin hennar.“

Fórnarlamb Carolu gaf henni mál sín og aftur og aftur hringdi Carola í spennta konuna.

„Á endanum sagði ég henni að maðurinn væri hættur við og hefði fundið aðra konu. Hversu konan varð vonsvikin er mér ógleymanlegt og hversu mér þótti það fyndið, en svona var ég, samviskulaus skepnan.“

## ERFÐI STRÍÐNINA FRÁ AFA

Carola fæddist í Þýskalandi en flutti eins árs til Íslands eftir að móðir hennar kynntist Íslendingi sem þar var við tannlæknanám.

„Maðurinn var Hængur Þorsteinsson sem ættleiddi mig og hefur verið pabbi minn frá því ég man eftir mér. Ég hélt áfram sambandi við ömmu mína, afa og langömmu í Þýskalandi og þaðan á ég stórkostlegar minningar um sumardvöl og góða tíma,“ segir Carola sem fer á ættarmót með þýskum ættmennum í sumar.

„Ég erfði stríðnina frá móðurafa mínum. Hann var stórskemmtilegur maður og hrikalega hrekkjóttur. Níræð systir hans varð mest fyrir barðinu á honum og alltaf jafn auðtrúa.“

Carola varð íslenskum útvarpshlustendum að góðu kunn þegar hún framdi óborganlega símahrekki í útvarpsþættinum Tveir með öllu í umsjón Gunnlaugs Helgasonar og Jóns Axels Ólafssonar á tíunda áratugnum.

„Gulli bað mig svo að gera símahrekk fyrir Rás 2 fyrir tveimur árum og þá hélt ég að hann væri að grínast í mér. Ég þurfti þó ekki að hugsa mig lengi um því mér finnst einstaklega skemmtilegt að gera at í fólki.“

Margir furða sig á hvernig Carola nær að halda í sér hlátrinum í bráðfyndnum símahrekkjunum, en hún er nú með splunkunýja símahrekki í þættinum Í bítið á Bylgjunni.

„Auðvitað hef ég oft verið að farast úr hlátri en aðeins einu sinni þurft að hætta í miðju kafi,“ segir Carola sem setur sig sterkt inn í karakterana til að eiga minna bágt með hláturinn.

„Þá sátum við Gulli í pínulitlu, gluggalausu stúdíói og gerðum símaat í Sand- og malarsölunni. Á þeim árum reykti fólk inni á vinnustöðum og Gulli púaði stóran vindil framan í mig. Ég sá hvorki út úr augum né náði orðið andanum og þegar þögult og húmorslaust fórnarlambið fór að hósta brjálaðist ég úr hlátri. Ég skrifa það þó ekki á takmarkaða sjálfsstjórn mína heldur súrefnisleysið og vindlareykinn hans Gulla,“ segir Carola og hlær.

## KVENNAGLEÐI Í NEW YORK

Carola er gift Jóni Viðari Guðjónssyni byggingarverkfræðingi og eiga þau Andreu Idu leikkonu, Arnar háskólanema og söngvara og Þorstein Hæng grunnskólanema og dansara.

„Ég er mikil fjölskyldumanneskja og vil helst alltaf hafa hana hjá mér. Við erum heimakær en skreppum stundum í Grímsnesið til að smíða sumarhús. Mér hefur þótt gaman að skoða heiminn en er nú farin að róast og vil eiga kúrukot nálægt borginni til að hlusta á fuglasöng.“

Um helgina er Carola í kvennaferð í stórborginni New York.

„Ég er dansmamma og hef kynnst mjög skemmtilegum konum í gegnum dansnám sonar míns. Við ætlum út að borða, á söngleik, versla, drekka rauðvín og allt sem konur gera skemmtilegt saman þegar þær eru einar.“

Í frístundum hefur Carola yndi af því að mála myndir á trönum og mála á postulín.

„Nú er ég að mála jóladiska fyrir börnin og útkoman er alls ekkert lummó heldur sláandi flott. Ætli listamannsblóðið komi ekki frá mömmu og afa; svona ekta þýskt kúnstverk,“ segir hún hláturmild.

Æskudraumur Carolu var að verða dýralæknir en draumurinn var úti þegar hún féll í yfirlið við að sjá hest sinn saumaðan eftir stóran skurð á læri.

„Tennur voru vitaskuld mikið ræddar á heimilinu og því lærði ég tannsmíði þar sem handverk á vel við mig. Ég vann náið með pabba í þrjátíu ár en nú er hann hættur að vinna og ég starfa með öðrum tannsmið sem er líka yndislegt. Það er einstaklega gefandi að sjá tennur manns fara upp í fólk.“

## SKEPNA

„Hversu konan varð vonsvikin er mér ógleymanlegt og hversu mér þótti það fyndið, en svona var ég, samviskulaus skepnan.“

## HLÁTUR SKAPAR VELLÍÐAN

Carola á sér draumafórnarlamb þegar kemur að símahrekkjum og ætlar sér að ná honum einn daginn þótt hún gefi ekki meira upp að sinni.

„Ég upphugsa alla símahrekkina sjálf og þeir eru spuni frá upphafi til enda,“ segir Carola sem áður varð bálreið ef aðrir reyndu að hrekkja hana en hefur nú gaman af góðum hrekk. „Fæstir leggja þó í mig því þeir vita að þeir fá það tífalt til baka.“

En verður framhald á símahrekkjunum í Í bítið?

„Vonandi. Það er yndislegt að kitla fram hlátur fólks því það er aldrei nóg af hlátri og öllum líður vel eftir gott hláturskast.“

thordis@365.is






# HANNAÐU ÞINN EIGIN SÓFA







Komdu með málin af rýminu sem þú hefur til okkar og við aðstoðum þig við að teikna upp sófa sem hentar þínum þörfum. Ótal möguleikar af útfærslum og frábært úrval af áklæðum og leðri.



Ami - Borðstofustóll kr. 24.900



Daphne - Armstóll kr. 99.400



Gina - Borðstofustóll kr. 19.900



Gyro - Armstóll
kr. 152.000

HELGARTILBOÐ



~~kr. 16.900~~
kr. 12.990

Tímaritahilla
Eik -160 cm



Retro - Klukkur
kr. 7.990



Kubis kommóða 4 skúffur kr. 69.900
Kubis kommóða 3 skúffur kr. 52.800

## SVEFNSÓFAR



Debonair - Svefnsófi 130x200 kr. 135.900



Recast - Svefnsófi 140x200 kr. 129.900



Supreme - Svefnsófi 140x200 kr. 155.900

LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARD. 11 - 16

# ÁFANGASTAÐIR FRÆGA FÓLKSINS

**BRÚÐKAUPSFERÐIR** *Þó að fáir hafi efni á brúðkaupsferðum eins og fræga og fína fólkið fer í er gaman að skoða hvert hinar nýgiftu stjörnur halda eftir hjónavígsluna. Sólríkar strendur, eyjar í Karíbahafinu og evrópskar borgir ber þar einna hæst.*



True Blood-stjörnurnar Anna Paquin og Stephen Moyer giftust á Malibu-ströndinni í ágúst 2010 og skutust svo til til Ravello á Ítalíu.



Havaí er vinsæll áfangastaður nýgiftra hjóna. Megan Fox og Brian Austin Green dvöldu þar í brúðkaupsferð sinni.



Nicole Kidman og Keith Urban dvöldu á Bora Bora eftir brúðkaupið sitt í júní 2006.



Söngkonan Fergie og leikarinn Josh Duhamel fóru í brúðkaupsferð til Maldíveyja í janúar árið 2009.



Orlando Bloom og Miranda Kerr gengu í það heilaga 2010. Þau eyddu brúðkaupsferðinni á eyjunni Anguilla í Karíbahafinu.



Alicia Keys og Swizz Beatz giftu sig á eyjunni Korsíku 2010 en dvöldu stóran hluta brúðkaupsferðarinnar á snekkju á Miðjarðarhafinu.



Seychelles-eyjar eru eyríki í Indlandshafi um 1.600 km austan við meginland Afríku og norðaustan við Madagaskar. Aðeins fáar hinna 115 eyja eru byggðar og þykja eyjarnar því fullkomnar fyrir fólk sem vill komast langt í burt frá ys og þys hvunndagsins og ekki síður burt frá vökulu auga papparassa. Vilhjálmur prins og Kate Middleton dvöldu á einni af þessum eyjum í brúðkaupsferð sinni.

**Vilhjálmur prins** og **Kate Middleton** fóru í háleynilega brúðkaupsferð í maí 2011 og völdu hinar unaðslegu Seychelles-eyjur í Karíbahafinu.





**Meirapróf**



ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Næsta námskeið hefst 2. apríl 2014

**NIKON FERMINGARTILBOÐ**

**STAFRÆN SLR MYNDAVÉL**

VR LINSA MEÐ HRISTIVÖRN



Nikon — At the heart of the image

Þráðlaust farsímatengi að verðmæti 11.990 fylgir!

**Nú með nýrri og léttari linsu!**

**Nikon D3200KIT1855VR**
Stafræn SLR myndavél með 24,2 milljón punkta upplausn, 24,2 mm CMOS flögu á DX-sniði, EXPEED 3, ISO 100-6400 (fer í 12800), 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, umhverfis- og brellustillingum, hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl.

24,2 Megapixla C-MOS myndflaga

TILBOÐ **99.995**

FULLT VERÐ 109.995

**Nikon School námskeið fylgir!**

Heimilistæki ht.is

SELFOSS • REYKJANESBÆR • AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • REYKJAVÍK

# FERÐIR

LAUGARDAGUR **29. MARS 2014**

**Kynningarblað**
**Áfangastaðurinn Grænland, Orgelsmiðja á Stokkseyri, kínverskur skemmtigarður og Hlíðarfjall.**




Börn í boltaleik í bænum Tasiilaq á austurströnd landsins. MYND/ÚR EINKASAFNI



Einungis 5.000 manns búa á austurströnd landsins. MYND/ÚR EINKASAFNI



Það er einstök upplifun að róa um á kajak og skoða risastóra ísjaka. MYND/GETTY

# Faldi demanturinn í vestri

**Ferðaþjónusta á Grænlandi hefur vaxið hægt og rólega frá síðustu alamótum. Landið býður upp á stórkostlega og einstaka náttúru í bland við fjölbreytta afþreyingu. Flestir ferðamenn heimsækja Grænland um vor eða sumar þegar veðurfar er hagstæðara.**

Þrátt fyrir að einungis taki um tvær klukkustundir að fljúga til austurstrandar Grænlands hafa flestir Íslendingar lítið ferðast þangað undanfarin ár. Grænland er engu að síður stórmerkilegt land og eiginlega heill heimur út af fyrir sig. Ferðamenn sem þangað sækja stunda meðal annars kajakferðir, gönguferðir, fara í hundasleðaferðir, ísjakaskoðunarferðir og hvalaskoðun auk þess að stunda ýmiss konar veiði.

Einn þeirra Íslendinga sem hafa ferðast mikið um Grænland er Valdimar Halldórsson en hann hefur verið með annan fótinn á austurströnd landsins undanfarin tvö ár. „Ég gekk yfir Grænlandsjökul á skíðum fyrir tveimur árum og hreifst mjög af landi og þjóð. Síðan þá hef ég ferðast töluvert á austurströndinni en einnig á vestur- og suðurhluta landsins."

## Erfiðar samgöngur

Valdimar hefur lítillega komið nálægt rekstri ferðaþjónustu ásamt félaga sínum Jóni Grétari Magnússyni. Sú starfsemi er í bænum Tasiilaq á austurströnd Grænlands. Að sögn Valdimars er sú starfsemi ekki síður rekin af áhuga en arðsemissjónarmiðum. „Þótt straumur ferðamanna til Grænlands hafi vaxið jafnt og þétt er það ekkert í líkingu við aukninguna til Íslands undanfarin ár. Stærsti þátturinn sem takmarkar frekari vöxt eru erfiðar samgöngur. Grænland hefur aðeins einn alþjóðlegan flugvöll sem er í Syðri-Straumfirði á vesturströndinni. Ef flytja þarf ferðamenn milli þorpa og bæja þarf því oft að nota þyrlur eða báta. Menn keyra að minnsta kosti ekki á milli staða í rútum. Til Grænlands kemur gjarnan ævintýrafólk sem er tilbúið að borga aðeins meira fyrir slíka heimsókn í stað þess að borga minna fyrir ferð á sólarströnd."



Valdimar Halldórsson hefur oft ferðast til Grænlands og hreifst af landi og þjóð. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Framandi matur

Að sögn Valdimars heimsækja flestir ferðamenn vesturströnd Grænlands vegna flugvallarins í Syðri-Straumfirði. Mun færri búa á austurströndinni þar sem Valdimar þekkir betur til. „Íbúum þar gengur þó ágætlega að taka á móti ferðamönnum. Fólkið þar er öðruvísi þenkjandi enda eru þar fámenn veiðimannasamfélög. Þar eru menn ekki alltaf að horfa á klukkuna heldur snýst lífið um veiðiskap og að bjarga sér."

Hugrakkir ferðalangar bragða að sjálfsögðu á veitingum heimamanna en þær samanstanda meðal annars af fiski og spiki og kjöti af sel og náhval. „Veitingastaðir á Grænlandi bjóða margir upp á hreindýr og sauðnaut en þau ganga villt. Sjófuglinn er auk þess sérlega vinsæll matur hjá veiðimönnunum á Austur-Grænlandi."

Veðurfar er skaplegt á vorin og sumrin þótt það sé misjafnt eftir landshlutum. „Heitast er á suðurhluta eyjarinnar en kaldara eftir því sem norður dregur. Hitinn getur farið í 15-18 gráður auk þess sem það verður mjög bjart líka."

Valdimar spáir áframhaldandi vexti í ferðaþjónustunni en sem fyrr segir ræðst sá vöxtur af samgöngum. „Væntanlega munu fleiri skemmtiferðaskip koma hingað en til að vaxa hraðar þarf fleiri og betri flugvelli. Framtíðin verður að skera úr um þá þróun."




FLUGFÉLAG ÍSLANDS

EGGJANDI PÁSKAFLUG

FLUGFELAG.IS

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 68423 03/14



Skíðakennarar skíðaskólans taka vel á móti krökkum. MYND/ÚR EINKASAFNI

## *Hlíðarfjallið heillar*

Akureyri er sívinsæll viðkomustaður Íslendinga yfir páskana og í því eiga skíðabrekkurnar í Hlíðarfjalli stóran þátt. Hlíðarfjall býður upp á frábæra aðstöðu fyrir skíða- og brettafólk á öllum aldri, byrjendur jafnt sem lengra komna. Að sögn Guðmundar Karls Jónssonar, forstöðumanns í Hlíðarfjalli, er nægur snjór í fjallinu og langtímaveðurspáin góð fyrir næstu vikur. „Við bjóðum upp á sérstakan barnaskíðaskóla fyrir börn á aldrinum 5-12 ára. Það er sérstaklega hentugur möguleiki fyrir fjölskyldufólk sem á ung börn sem eru að stíga sín fyrstu skref á skíðum. Krakkarnir koma hingað kl. 10 og eru að til ýmist kl. 12 eða 14. Hér læra þau á skíði hjá fagmönnum og fá einnig léttan hádegismat. Á meðan geta foreldrar skíðað áhyggjulaust. Svo er einnig vinsælt meðal fullorðinna að fínstilla stílinn með því að fá sér skíðakennara í einn til tvo tíma."

Í vikunni fyrir páska er Hlíðarfjall opið kl. 10-19 en yfir páskana er opnunartíminn kl. 9-16.

Allar nánari upplýsingar um aðstöðuna í Hlíðarfjalli og opnunartímann má finna á www.hlidarfjall.is og á Facebook.



Starfsmenn garðsins syngja og dansa fyrir gesti. NORDICPHOTOS/GETTY

## *Umdeild dvergaparadís*



Í Kína er að finna allnokkra furðulega ferðamannastaði. Einn slíkur er „Kingdom of the Little People" eða Konungsríki smáa fólksins sem er skemmtigarður nærri borginni Kunming. Allir starfsmenn garðsins eru dvergvaxnir eða minni en 130 cm.

Garðurinn var stofnaður í september árið 2009 af Chen Mingjing, auðugum fjárfesti á fasteignamarkaði. Ári eftir stofnun garðsins voru starfsmenn orðnir um hundrað talsins en Chen vonast hins vegar til að með árunum muni dvergvöxnum starfsmönnum fjölga í eitt þúsund. Flestir gestir garðsins koma úr nærliggjandi bæjum en framtíðarstefnan er að gera garðinn að áfangastað erlendra ferðamanna í auknum mæli.

Starfsmennirnir smávöxnu búa allir saman í búðum nærri garðinum, í byggingum sem eru sérstaklega útbúnar fyrir dvergvaxnar manneskjur.

Starfsmenn syngja og dansa fyrir gesti og setja upp ævintýri og ballettsýningar með grínívafi. Þá eru af og til hip hop-danssýningar. Oft er í aðalhlutverki svokallaður Dvergakonungur, leikari sem er aðeins metri á hæð. Hann klæðist gullskikkju og ekur um á mótorþríhjóli.

Fjölmörg alþjóðleg samtök hafa gagnrýnt garðinn og telja að hann líkist helst mennskum dýragarði, geri grín að dvergvöxnu fólki og sé til þess fallinn að einangra þá fötluðu frá samfélaginu. Chen vill hins vegar meina að garðurinn veiti fólki vinnu sem að öðrum kosti fengi hvergi annars staðar starf.

# Gestagangur í Orgelsmiðjunni

**Björgvin Tómasson** orgelsmiður hefur opnað verkstæði sitt á Stokkseyri fyrir ferðamönnum. Þar mun hann leiða fólk í allan sannleikan um pípuorgel auk þess sem hægt er að fylgjast með starfi smiðanna. Í tilefni opnunarinnar verður frítt inn á laugardag og sunnudag frá 11 til 17.

Í frystihúsinu á Stokkseyri hefur Björgvin Tómasson orgelsmiður komið sér vel fyrir með Orgelsmiðju sína. Björgvin er eini orgelsmiður landsins og eftir hann liggja ófá verk í íslenskum kirkjum, í allt 37 pípuorgel af þeim 120 sem til eru á landinu.

„Árið 2005 bauðst mér pláss hér á Stokkseyri og ég sló til og flutti," segir Björgvin sem kann afar vel við sig í frystihúsinu. „Í fyrstu angaði hér allt af fiskilykt en svo múraði ég mig frá fiskvinnslusalnum og innréttaði þessa 430 fermetra fyrir mína starfsemi," segir Björgvin en frystihúsið er nokkurs konar menningarmiðstöð í bænum. Þar er rekið Draugasetur og þar hafa aðstöðu listmálarar og leirkerasmiður. „Við erum þó enn tengd sjónum því hér er líka lítil fiskvinnsla sem heitir Krossfiskur," segir hann glettinn.

Björgvin segir vel fara um sig á Stokkseyri. „Þetta er hentugur staður fyrir starfsemi á borð við mína enda í þægilegri fjarlægð frá borginni. Þá er þetta þægilegt samfélag, svipað því og þegar ég var að alast upp í Mosfellssveitinni í gamla daga," segir hann brosandi.



Björgvin er eini orgelsmiður landsins. Í íslenskum kirkjum er að finna 37 orgel sem smíðuð eru af honum. MYND/STEFÁN

### Spilar fyrir gesti

Í þau ár sem Björgvin hefur verið með Orgelsmiðju sína í frystihúsinu hefur hann tekið á móti fjölda fólks, bæði einstaklingum sem hafa komið inn á verkstæðið fyrir einskæra tilviljun og hópum sem hafa gert boð á undan sér. „Mér fannst því athugandi að opna smiðjuna fyrir gestum gegn gjaldtöku enda liggur heilmikil vinna í því að taka á móti fólki og leiða það um verkstæðið," segir Björgvin. Hugmyndin fékk góðar undirtektir og hlaut Björgvin til að mynda styrk frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga, Landsbankanum og Nýsköpunarmiðstöð til að láta hana verða að veruleika. „Frá áramótum höfum við unnið að því að breyta húsakynnunum. Við höfum málað, sett upp sýningargripi og sýningarfleka," lýsir Björgvin en með honum starfa tveir smiðir, þeir Jóhann Hallur Jónsson og Guðmundur Gestur Þórisson.

En hvað geta gestir búist við að sjá? „Ég mun sýna þeim þróun pípuorgelsins en það er gríðarlega gamalt fyrirbæri sem rekja má aftur til ársins 246 fyrir Krist. Ég mun fara yfir þróun hljóðfæranna og segja frá minni starfsemi í þau 28 ár síðan ég sneri heim úr námi," segir Björgvin sem einnig leyfir gestum sínum að njóta hljómanna úr hljóðfærunum. „Ég er hér með eitt pípuorgel frá 1754 sem ég spila stundum á og segi þá fólki frá því að allar líkur séu á að Mozart hafi spilað á þetta sama hljóðfæri," segir Björgvin glettinn en orgelið umrædda á uppruna að rekja til Austurríkis.

### Gefandi en erfitt starf

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Framhaldsmenntun á sviði tónlistar
- Reynsla af tónlistarkennslu og tónlistarflutningi
- Menntun og reynsla í stjórnun og rekstri æskileg
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum

Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt greinargerð um ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi til starfans.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

Umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar undir **www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/starfsmenn/ibodi/**

**Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl 2014.**

Upplýsingar um starfið veitir Baldur Pálsson, fræðslustjóri, netfang **baldur@seltjarnarnes.is** eða í síma 5959100.

Á Seltjarnarnesi er lögð áhersla á að reka góða skóla þar sem boðið er upp á metnaðarfullt og framsækið skólastarf, sem byggir á góðu starfsumhverfi. Áhersla er lögð á að mæta þörfum nemenda og ýta undir hæfileika þeirra. Góð samskipti og samstarf starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila er forsenda þess að vel takist til við að byggja upp gott og mannvænt samfélag

Seltjarnarnesbær seltjarnarnes.is

---

strætó.is

# Verkstjóri með allt á hreinu

**Farþegaþjónustusvið Strætó bs. leitar að verkstjóra** sem er í senn handlaginn og lipur í mannlegum samskiptum. Starfið snýst um umsjón og eftirlit með þrifum, viðhaldi og viðgerðum á búnaði og aðstöðu við skipti- og stoppistöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Verkstjóri skipuleggur vinnufyrirkomulag, raðar niður verkefnum og hefur umsjón með innleiðingu verkferla í samvinnu við þjónustuver, tengiliði sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila.

**Menntun og hæfni:**
- Iðnmenntun er kostur
- Reynsla af verkstjórn er kostur
- Tölvukunnátta
- Handlagni og verkkunnátta eru skilyrði

**Eiginleikar:**
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og frumkvæði
- Auðvelt með að tileinka sér nýjungar
- Þarf að geta unnið sjálfstætt
- Vandvirkni og samviskusemi
- Þjónustulund og reglusemi

Um er að ræða 100% starf í dagvinnu. Umsækjendur þurfa að hafa náð 25 ára aldri. Laun fara eftir ríkjandi kjarasamningum og við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Staðan er laus nú þegar og kostur væri ef viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist til Júlíu Þorvaldsdóttur, sviðsstjóra farþegaþjónustusviðs, með tölvupósti á netfangið **julia@straeto.is** fyrir **12. apríl** og nánari upplýsingar um stafið veitir Júlía í sama netfangi. Öllum umsóknum verður svarað.

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða skólastjóra við Hamraskóla

### Laus er til umsóknar staða skólastjóra við Hamraskóla.

Hamraskóli er í Grafarvogi í Reykjavík. Í skólanum eru um 140 nemendur í 1.-7. bekk og um 30 starfsmenn. Góðvild, ábyrgð og tillitssemi eru einkunnarorð skólans. Lögð er áhersla á vinsamleg samskipti og vellíðan nemenda. Unnið er samkvæmt jákvæðu agastjórnunarkerfi, PBS, þar sem góð hegðun er styrkt markvisst með hrósi og umbun. Skólinn er Heilsueflandi grunnskóli og unnið er að innleiðingu Grænna skrefa Reykjavíkurborgar. Í skólanum er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, læsi í víðum skilningi og lífsleikni. Starfsfólk skólans býr yfir víðtækri þekkingu og færni, stöðugleiki er í starfsmannahaldi og hefð fyrir öflugu þróunar- og umbótastarfi. Náið samstarf er við heimilin í hverfinu, leikskóla, frístundaheimilið, tónlistarskóla og aðrar stofnanir í nærumhverfi.

Mikilvægt er að skólastjóri sé tilbúinn til að viðhalda heimilislegum skólabrag og hafi ánægju af því að vinna með nemendum, starfsfólki og foreldrum.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, framsækna skólasýn og er tilbúinn til að leiða skólann inn í framtíðina.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2014. Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl 2014.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, **www.reykjavik.is/storf.**

**Nánari upplýsingar veita Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: audur.arny.stefansdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.**

SAMSÝN

## VILTU VERA Í ÖFLUGU LIÐI?

### SAMSÝN ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA TIL SÍN FORRITARA

**Starfssvið:**
- Forritun stórra rauntímakerfa fyrir neyðarþjónustur
- Þróun og forritun á kerfum Samsýnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla í C# og SQL
- Reynsla af WPF og WCF er kostur
- Reynsla af Windows Service er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar

**Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl.**

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á **atvinna@samsyn.is**. Öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristinn Guðmundsson, framkvæmdastjóri, í síma 570 0570.

Samsýn er framsækið fyrirtæki á sviði landupplýsingakerfa, korta- og hugbúnaðargerðar og stjórnkerfa fyrir vaktstöðvar á Íslandi. Fyrirtækið veitir fjölbreytta þjónustu og meðal verkefna má nefna stjórnkerfi fyrir Neyðarlínuna 1-1-2, Borgarvefsjá og vefkort fyrir Já.is.

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

## Starfsfólk óskast í gjafavöruverslun

Okkur vantar duglegan og kraftmikinn starfsmann í sumarafleysingar í verslun okkar í Reykjavík.

Æskilegt er að viðkomandi sé eldri en 25 ára og hafi reynslu af afgreiðslustörfum.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á husgagnamarkadur@gmail.com. Skilafrestur umsókna er til 4. apríl n.k.

AUGLÝSING



## Viltu vera með í að styrkja samstarf á Norður-Atlantssvæðinu?

Norræna Atlantssamstarfið leitar eftir verkefnastjóra til starfa á aðalskrifstofunni í Þórshöfn í Færeyjum.

Umsóknarfrestur: 2. maí 2014.

Nánari upplýsingar um NORA og um stöðuna á **www.nora.fo**

SENDISTOVAN

NORA
Nordic Atlantic Cooperation



# Tölvunar- eða kerfisfræðingur

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða tölvunar- eða kerfisfræðing í fullt starf til að vinna að uppbyggingu, rekstri og þróun upplýsingakerfa embættisins. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni, fagmennsku og áhuga á að taka þátt í krefjandi verkefnum.

**Helstu verkefni**
- Þátttaka í rekstri gagnagrunna embættisins, þ.m.t. rauntíma lyfjagagnagrunns
- Vinna við gagnagrunnsforritun og gagnaúrvinnslu
- Þátttaka í þróun vöruhúss gagna og aðstoð við rekstur þess, skýrslugerð og uppsetningu gagnamarkaða
- Forritun smærri innanhússverkefna og veflausna
- Þátttaka í rekstri hugbúnaðarkerfa almennt í samstarfi við teymisstjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun og reynsla á sviði tölvunar-, kerfis- eða verkfræði
- Góð þekking á Oracle-umhverfi og gagnagrunnsforritun (SQL o.fl.)
- Reynsla í útbreiddu forritunarmáli og notkun þróunartóla (t.d. .NET)
- Þekking á vöruhúsatólunum SAP/BO ETL, IDT og WEBI æskileg
- Góð færni í að tjá sig í rituðu og töluðu máli á íslensku og færni í ensku.

Leitað er að fjölhæfum og áhugasömum einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri og er ennfremur lipur í mannlegum samskiptum.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri heilbrigðisupplýsingasviðs en starfsmaðurinn mun vinna undir daglegri verkstjórn teymisstjóra rafrænna upplýsingakerfa.

Umsóknir með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið sendist til Embættis landlæknis, merkt „Hólmfríður Pálsdóttir, starfsumsókn“.

Umsóknarfrestur er til og með **14. apríl 2014**. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar veitir Hólmfríður Pálsdóttir, teymisstjóri rafrænna upplýsingakerfa á heilbrigðisupplýsingasviði, netfang: holmfridur.palsdottir@landlaeknir.is, sími 510 1967.

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 5101900 • Bréfasími 5101919 • mottaka@landlaeknir.is • www.landlaeknir.is



## Skólastjóri Síðuskóla

Staða skólastjóra við Síðuskóla á Akureyri er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á vellíðan og árangur nemenda í góðu samstarfi við aðra starfsmenn skólans. Starfsemin skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni, þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.

**Starfssvið:**
- Skólastjóri ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun og framgang faglegrar stefnu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu akureyrarbæjar **www.akureyri.is** þar sem sótt er um rafrænt.

**Umsóknarfrestur er til 11. apríl 2014**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



## Skóladeild Akureyrarbæjar

Laus er til umsóknar 100% staða verkefnisstjóra PMTO foreldrafærni og SMT styðjandi skólafærni við Skóladeild Akureyrarbæjar. Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á gott samstarf og góða þjónustu. Einnig er mikilvægt að viðkomandi geti unnið utan dagvinnumarka þegar það á við. Starfið er laust frá 1. júlí 2014 eða eftir samkomulagi.

**Starfssvið:**
- Ber ábyrgð á og stýrir þjónustueiningunni, en í því felst að hafa umsjón með gerð fræðsluefnis fyrir foreldra og fagfólk, halda utanum árangursmælingar, sinna PMTO foreldrameðferð, annast kennslu á PMTO foreldranámskeiðum, annast fræðslu fyrir starfsfólk SMT skóla og sjá um eftirfylgd með SMT skólum.
- Hefur eftirlit með því að framkvæmd handleiðslu, meðferðar, fræðslu og grunnmenntunar sé í samræmi við fagleg markmið og gildar starfsaðferðir.
- Önnur þau verkefni sem honum eru falin og falla að starfssviði hans.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu akureyrarbæjar **www.akureyri.is** þar sem sótt er um rafrænt.

**Umsóknarfrestur er til 11. apríl 2014**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## VAKTSTJÓRI ÓSKAST

Hæfniskröfur:
- Rík þjónustulund
- Sjálfstæði í starfi
- Skipulagshæfni
- Leiðtogahæfni
- Góð samskiptahæfni

Þarf að geta hafið störf fljótlega. Unnið er á 12 tíma vöktum 2-3-2.

**Umsóknarfrestur er 7. apríl.** Vinsamlegast sendið umsóknir á: **valdis@valdis.is**

---

## Óskum eftir vönum kokkum og aðstoðarkokkum bæði í fullt starf og helgarvinnu

**Reynsla skilyrði.**

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til:

**laundromatjob@gmail.com**

Algjörum trúnaði heitið.

**Mjög góð laun fyrir rétta aðila**

www.thelaundromatcafe.com

---

CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

---

ÖSSUR
LIFE WITHOUT LIMITATIONS

## HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR



Össur leitar að metnaðargjörnum einstaklingum til að taka þátt í uppbyggingu og rekstri viðskiptalausna á upplýsingatæknisviði fyrirtækisins. Teymið vinnur í dag að innleiðingum, uppfærslum, þjónustu og samræmingu á ferlum innan allra dótturfélaga Össurar í upplýsingakerfum eins og Dynamics NAV, Dynamics CRM, Sharepoint o.fl.

Viðkomandi þarf að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, geta unnið sjálfstætt og verið skipulagður.

STARFSSVIÐ:
- Verkefnastjórnun
- Greining á lausnum
- Þarfagreining
- Val á hugbúnaðarlausnum
- Umsjón með innleiðingum/uppfærslum
- Þjónusta við notendur

HÆFNISKRÖFUR:
- Háskólapróf
- A.m.k. 4 ára starfsreynsla
- Reynsla af ERP kerfum skilyrði
- Þekking á CRM kerfum kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð enskukunnátta

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á work@ossur.com fyrir 7. apríl nk.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 2100 manns í 18 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

YouTube

WWW.OSSUR.COM

---

nettó 24
MJÓDD



## AÐSTOÐAR-VERSLUNARSTJÓRI

### Nettó Mjódd leitar að öflugum aðstoðarverslunarstjóra til starfa sem fyrst

**STARFSSVIÐ**
- Samskipti við viðskiptavini
- Umsjón með ráðningum starfsmanna
- Almenn starfsmannastjórnun í verslun
- Ábyrgð á birgðahaldi í verslun
- Önnur tilfallandi störf

**Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af svipuðum störfum.**

**Upplýsingar veitir verlunarstjóri Nettó Mjódd
í síma: 848 6918 umsóknir sendist á mjodd@netto.is**

**Nettó starfrækja 11 lágvöruverðsverslanir á landinu, þar af 4 á höfuðborgarsvæðinu, þ.e.a.s. á Grandanum, í Mjódd, Hverafold og við Salaveg í Kópavogi**

# Viltu starfa hjá einu öflugasta íþróttafélagi landsins?

Knattspyrnufélagið Haukar óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna vallarstjórn og viðhaldi fasteigna í íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum.

Hæfniskröfur

Viðkomandi þarf að vera laghentur, hafa ríka þjónustulund og ánægju af starfi með börnum og unglingum. Þá er kostur að viðkomandi hafi græna fingur og sé annt um að umhverfi á starfssvæði félagsins sé til fyrirmyndar.

Upplýsingar um starfið veitir Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri, í síma 665 8910

Umsóknir skulu sendast á magnus@haukar.is fyrir 11. apríl. Öllum umsóknum og fyrirspurnum verður svarað og farið með þær sem algjört trúnaðarmál.

# Hellulagnir

Stjörnugarðar leita af vönduðum mönnum í hellulagnir og ýmsa jarðvinnu,næg vinna framundan. Reynsla af hellulögnum er æskileg.

**Umsóknir sendist til thorir@stjornugardar.is**
Nánari upplýsingar veitir Þórir í síma 698-0098

Stjörnugarðar er löggilt skrúðgarðyrkjufyrirtæki og aðilar að meistaradeild Samtaka Iðnaðarins.

**www.stjornugardar.is**



## Grímseyjarskóli

Laus er til umsóknar staða skólastjóra og stöður grunn- og leikskólakennara við Grímseyjarskóla.
Grímseyjarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli. Þar verða á næsta ári 11 nemendur á grunnskólastigi á aldrinum 6 – 14 ára og 4 nemendur á aldrinum 1 – 5 ára. Nemendur í 9. og 10. bekkjum fara í skóla í landi

Upplagt að koma og prófa eitthvað nýtt í lifandi og skemmtilegu samfélagi. Húsnæðishlunnindi í boði!

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar: **www.akureyri.is** þar sem sótt er um rafrænt.

**Umsóknarfrestur er til 11. apríl 2014**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

# KERFISFRÆÐINGUR REYKJAVÍK

VEGAGERÐIN

**Vegagerðin í Reykjavík auglýsir starf kerfisfræðings á upplýsingatæknideild laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða auk þess sem viðkomandi sinnir bakvöktum vegna vöktunar á tölvukerfi ásamt öðrum starfsmönnum deildarinnar.**

**Starfssvið**
- Gagnastjórnun tölvutækra gagna. Veitir ráðgjöf, leiðbeinir notendum og tekur þátt í áframhaldandi þróun gagnauppbyggingar
- Þjónusta við notendur á sviði hópvinnulausna, leiðbeinir og heldur námskeið
- Verkefnastýrir hópvinnuverkefnum og gagna- stjórnunarverkefnum
- Gengur bakvakt ásamt öðrum starfsmönnum upp- lýsingatæknideildar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Þekking og reynsla af rekstri upplýsingakerfa
- Þekking og reynsla af stjórnun rafrænna gagna
- Reynsla af umsjón hópvinnukerfa
- Háskólapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Frumkvæði, metnaður og hæfni til að vinna sjálfstætt og sem hluti af hópi
- Vandvirk og skipulögð vinnubrögð

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur með tilskildar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til 7. apríl 2014. Umsóknir ásamt náms- og starfsferilskrám berist mannauðsstjóra á **netfangið oth@vegagerdin.is.**

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Íris Leósdóttir í síma 522 1000**



PIPAR\TBWA • SÍA • 140929

# Tæknifræðinemar óskast
## til að mæta auknu samstarfi við atvinnulífið

Samstarf tæknifræðinemenda Keilis við atvinnulíf og iðnað á Íslandi blómstrar sem aldrei fyrr. Vegna góðrar verkefnastöðu vantar okkur fleiri nemendur í tæknifræði.

Háskólanám (BS gráða) í tæknifræði í Keili er á vegum Háskóla Íslands. Boðið er upp á orku- og umhverfistæknifræði og mekatróník tæknifræði.

Komdu í nútímalegt, metnaðarfull og skemmtilegt nám sem mætir bæði kröfum þínum og atvinnulífsins. **Komdu í Keili.**

Umsóknarfrestur er til 5. júní næstkomandi.
Nánari upplýsingar er að finna á **keilir.net.**

KEILIR ÁSBRÚ 578 4000 keilir.net

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

# ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

# SPENNANDI TÆKIFÆRI!

Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og við erum ávallt að leita að góðu fólki. Það fólk sem við ráðum til starfa þarf að búa yfir hæfileikum til að starfa sjálfstætt, vera jákvætt og eiga mjög gott með að vinna með öðrum.

## DEILDARSTJÓRI Í MÁLNINGARDEILD GRANDA

Starfið felst í ráðgjöf og sölu á málningu og tengdum vörum. Þekking og reynsla af sölumennsku er góður kostur ásamt því að viðkomandi hafi þekkingu á málningu og tengdum vörum. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund.

## STARFSMAÐUR Í HREINLÆTISTÆKJA-DEILD BREIDD

Starfið felst í ráðgjöf og sölu til viðskiptavina á hreinlætistækjum og tengdum vörum. Þekking og reynsla af sölumennsku er góður kostur ásamt því að viðkomandi hafi þekkingu á hreinlætistækjum og tengdum vörum. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund.

## STARFSMAÐUR Í MÚRDEILD BREIDD

Starfið felst í ráðgjöf og sölu til viðskiptavina á múrvörum og tengdum vörum.Þekking og reynsla af sölumennsku er góður kostur ásamt því að viðkomandi hafi þekkingu á múrvörum og tengdum vörum. Múrarar eru hvattir til að sækja um. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund.



**Umsóknarfrestur er til 6. apríl nk. og sótt er um störfin á www.byko.is. Nánari upplýsingar veitir Guðríður H. Baldursdóttir mannauðsstjóra í tölvupósti gudridur@norvik.is eða í síma 458-1000.**

**Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um störfin.**

EXPO - www.expo.is

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

www.hafnarfjordur.is
HAFNARFJÖRÐUR
ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Verkefnastjóri tómstundamiðstöðvar

**Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða verkefnastjóra til að stýra tómstundamiðstöð. Verkefnastjóri tómstundamiðstöðvar stýrir starfsemi frístundaheimilis fyrir 6-9 ára börn og félagsmiðstöð fyrir 10-16 ára börn. Næsti yfirmaður er æskulýðs- og forvarnarfulltrúinn í Hafnarfirði.**

### Helstu verkefni:
- Umsjón og ábyrgð með starfsemi tómstundamiðstöðvar
- Skipulagning og framkvæmd verkefna og viðburða
- Fagleg forysta
- Samskipti og samstarf við samstarfsaðila og forráðamenn

### Menntunar og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í tómstunda- og félagsmálafræði eða sambærileg háskólamenntun á uppeldissviði
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Reynsla af starfi með börnum og unglingum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um þessi störf.

Nánari upplýsingar veita Andri Ómarsson og Linda Hildur Leifsdóttir verkefnastjórar á skrifstofu tómstundamála. Senda má fyrirspurnir á **ith@hafnarfjordur.is** eða hafa samband við skrifstofu tómstundamála í síma 585-5500.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl næstkomandi.**

Umsóknum skal skilað í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar merktar „Verkefnastjóri tómstundamiðstöðvar" eða með rafrænum hætti á **ith@hafnarfjordur.is**

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Deildarstjóri á leikskólann Núp
- Deildarstjóri á leikskólann Sólhvörf
- Leikskólakennari á leikskólann Sólhvörf
- Leikskólakennari vegna stuðnings á leikskólann Sólhvörf
- Leikskólakennari á leikskólann Læk
- Leikskólakennari á leikskólann Grænatún
- Sérkennslustjóri á leikskólann Kópastein
- Iðjuþjálfi hjá félagslegri heimaþjónustu

**Minnum á að opið er fyrir umsóknir um sumarstörf.**

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfræðingur | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201403/186 |
| Hjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201403/185 |
| Fulltrúi | Héraðsdómur Reykjavíkur | Reykjavík | 201403/184 |
| Leikarar / listrænir stjórnendur | Þjóðleikhúsið | Reykjavík | 201403/183 |
| Landamæraverðir | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201403/182 |
| Aðstoðarmaður dómara | Héraðsdómur Reykjavíkur | Reykjavík | 201403/181 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, endurhæfing LR | Reykjavík | 201403/180 |
| Lektor | HÍ, heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201403/179 |
| Kynningar- og upplýsingafulltrúi | Landgræðsla ríkisins | Hella | 201403/178 |
| Húsvörður | Sjávarútvegshúsið | Reykjavík | 201403/177 |
| Skrifstofumaður | Sýslumaðurinn á Blönduósi | Blönduós | 201403/176 |
| Ljósmæður | LSH, meðgöngu- og sængurlegud. | Reykjavík | 201403/175 |
| Aðstoðardeildarstjóri | LSH, móttökugeðdeild 33C | Reykjavík | 201403/174 |
| Hjúkrunarstjóri | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Hveragerði | 201403/173 |
| Sérfræðingur í upplýsingaöryggi | Persónuvernd | Reykjavík | 201403/172 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201403/171 |

# Málflutningsstofa Reykjavíkur leitar að tveimur framúrskarandi lögfræðingum.

Málflutningsstofa Reykjavíkur sérhæfir sig í lögfræðilegri ráðgjöf og málflutningi á sviði viðskipta. Stofan veitir völdum fyrirtækjum, stórum og smáum, þjónustu við úrlausn margvíslegra lögfræðilegra verkefna. Stofan er ört vaxandi og vinnur að mörgum áhugaverðum og krefjandi verkefnum fyrir nokkur af stærstu fyrirtækjum landsins.

**Við leitum að tveimur vel menntuðum og metnaðarfullum einstaklingum til að vinna með okkur við úrlausn þessara verkefna.**

**Þeir sem koma til greina þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:**

- Fullnaðarpróf í lögfræði með fyrstu einkunn
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Brennandi áhugi á lögfræði og viðskiptum
- Geta til að skara fram úr, metnaður til að bæta sig og ákafur vilji til að starfa með öflugum hóp
- Starfsreynsla á sviði lögfræði og lögmannsréttindi eru kostur

Umsóknir skal senda á daniel@msr.is ásamt ferilskrá, einkunnayfirliti og meðmælum. Nánari upplýsingar veitir Daníel Isebarn Ágústsson hrl. – daniel@msr.is. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 7. apríl 2014.

Hús verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík
Sími: 571 5400
**msr.is**

MÁLFLUTNINGSSTOFA REYKJAVÍKUR
REYKJAVÍK LEGAL

# Ferðaþjónustuaðilar SUMARSTÖRF – mannskapur til reiðu!

**STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf** leitar eftir samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni sem vantar sumarstarfsfólk.

**STARF** þjónustar fólk sem er án atvinnu og eru félagar tiltekinna stéttarfélaga. Innan þess hóps eru fjölmargir einstaklingar sem hafa sýnt því áhuga að starfa við ferðaþjónustu á landsbyggðinni (t.d. á gistiheimilum eða við afþreyingarferðaþjónustu). Um er að ræða fjölbreyttan hóp með margvíslegan bakgrunn sem getur hafið störf nánast strax og starfað vel inn í haustið.

Ef áhugi er fyrir hendi vinsamlegast skráið starfið á vefsíðu STARFs **www.starfid.is** *(atvinnurekandi – beiðni um starfsmann)* og tilgreinið að um ***sumarstarf*** sé að ræða. Einnig má senda póst á skrifstofa@starfid.is og hefur þá atvinnuráðgjafi STARFs samband fljótlega.

STARF
VINNUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. er fyrirtæki í eigu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og var stofnað vorið 2012 til að halda utan um tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur sem eru félagar í tilteknum stéttarfélögum. Þjónustan fer fram í fjórum þjónustumiðstöðvum og þar starfa m.a. 14 atvinnuráðgjafar STARFs. Þungamiðja þjónustunnar er vinnumiðlun og jafnframt er atvinnuleitendum liðsinnt við margvísleg vinnumarkaðsúrræði – markmiðið er að koma fleiri atvinnuleitendum aftur til starfa. Nánari upplýsingar um STARF má finna á vefsíðu félagsins: www.starfid.is




Safari hjól leitar að leiðsögumanni fyrir fjórhjólaferðir fyrirtækisins. Viðkomandi verður að hafa ríka þjónustulund, vera ábyrgðarfullur og hafa mikinn áhuga á útivist.
Starfið er hlutastarf um helgar og stundum virka daga. Mikil og góð vinna í boði fyrir réttan einstakling.

**Helstu kröfur**
- Gott skipulag og einbeiting
- Frumkvæðni og sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og heiðarleiki
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Fullkomið vald á ensku er algjört skilyrði
- Meirapróf er kostur

Umsókn um starf ásamt ferilsskrá sendist á quad@quad.is

SAFARI

Kíktu á heimasíðu okkar **www.quad.is** fyrir frekari upplýsingar

# Sölufulltrúi

Útgáfufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sölufulltrúum á Íslandi, Noregi og Danmörku.
Um er að ræða sölu- og kynningastarf fyrir fjöldan allan af ýmis konar ritum sem fyrirtækið gefur út, **sjá heimasíðuna www.sagaz.is**

Krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi.
Reynsla af sölu- og kynningarmálum æskileg en ekki skilyrði. Árangurstengd verktaka laun.Umsóknir skulu sendar á netfangið **umsokn@sagaz.is fyrir 4. apríl**

Daldrup & Söhne AG
Bohrtechnik

**Daldrup og Söhne er framsækið borfyrirtaki sem er með borverkefni á evrópusvæðinu.**

- Jarðvarmi.
- Neysluvatn.
- Olía & Gas.

**Við leytum að borverkfræðingum (Drilling Engineer) með megináherslu á jarðvarma boranir.**

Áhugasamir vinsamlega hafið samband við:
Sigurpál D. Ásgeirsson. Sigurpall.asgeirsson@exorka.com
Sími +4917610363054.
http://www.daldrup.eu/de/?id_seite=1



**Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.**

**Sóst er eftir starfsmönnum sem eru jákvæðir, sjálfstæðir í vinnubrögðum, með góða samstarfshæfni og mikla þjónustulund.**

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.**

Umsjón með úrvinnslu umsókna hefur Jóna Björk Sigurjónsdóttir **(jona.sigurjonsdottir@capacent.is)** hjá Capacent Ráðningum. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl 2014. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

JAFNRÉTTISRÁÐ

**Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs árin 2002 og 2013.**

# Ný tækifæri fyrir þig hjá Orkuveitu Reykjavíkur

## Verkefnastjóri framkvæmdaverka

Veitur leita að öflugum verkefnastjóra til þess að stýra framkvæmdaverkum í veitukerfum fyrirtækisins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Verkefnastýring framkvæmdaverka á skipulags-, hönnunar- og framkvæmdastigi
- Umsjón með gerð útboðsgagna og verksamninga
- Umsjón og eftirlit með framvindu verkefna, gerð framvinduskýrslna og skilamats
- Samskipti við ráðgjafa, framkvæmdaaðila, sveitarfélög, stjórnsýslu og aðra hagsmunaaðila
- Undirbúningur og gerð framkvæmda-, kostnaðar- og greiðsluáætlana og eftirlit með framkvæmd þeirra
- Umsjón og eftirlit á verkstað

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði eða skyldum greinum
- Reynsla af verkefnastjórnun framkvæmdaverka æskileg
- Vottun í verkefnastjórnun eða MPM-nám æskilegt
- Góð almenn tölvufærni ásamt auk færni í ritun texta og framsetningu gagna

## Launafulltrúi

Starfsmannamál leita að reynslumiklum launafulltrúa til til starfa.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Vinnsla launabókhalds, þ.m.t. útreikningur og greiðsla launa og skil launatengdra gjalda
- Upplýsingagjöf til starfsmanna vegna útborgunar launa
- Ýmsar greiningar, samantektir og úrvinnsla á sviði kjaramála
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélög og opinbera aðila
- Útreikningar á kjörum og réttindum starfsmanna skv. kjarasamningum
- Ýmis önnur störf í tengslum við mannauðs- og kjaramál starfsmanna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góð reynsla af launabókhaldi er nauðsynleg, sem og þekking á kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna
- Menntun sem nýtist í starfi s.s viðurkenndur bókari eða sambærileg menntun
- Þekking á H3 launa- og mannauðskerfi er kostur
- Góð kunnátta og færni í Excel

## Hugbúnaðarsérfræðingur

Upplýsingatækni leitar að starfsmanni í krefjandi og fjölbreytt starf þar sem reynir á forritun, verkefnastýringu og rekstur kerfa.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Forritun í .Net
- Rekstur kerfa
- Verkefnastjórnun
- Samskipti við ráðgjafa, framkvæmdaaðila og aðra hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af forritun í .Net
- Reynsla af forritun í C#, CSS og JavaScript er kostur
- Reynsla af verkefnastýringu er kostur
- Þekking á Microsoft SQL gagnagrunnum

HAGSÝNI - FRAMSÝNI - HEIÐARLEIKI

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA / SÍA ORK 68440 03/14

MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Vegna veikindaforfalla vantar okkur kennara á yngsta stig í nokkrar vikur í 100% starf. Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf strax.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Áhugi á starfi með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð færni í samskiptum

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

Upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 896 8230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# ION hótel auglýsir lausar stöður



**ION Luxury Adventure Hotel** er nýtt 4* hótel sem opnaði í febrúar 2013. ION Hótel er staðsett í náttúruperlunni á Nesjavöllum við Þingvallavatn aðeins í 30 mín fjarlægð frá Reykjavík.

---

## ION Luxury Adventure Hotel óskar eftir fólkií fullt starf/hlutastarf í eftirfarandi stöður:

- Gestamóttöku (vana)
- Þernur
- Þjóna (faglærða/vana)
- Uppvaskara
- Morgunverðarþjóna
- Barþjóna (vana)
- Næturverði

## Við leitum að starfsfólki sem:

- Er faglært eða með reynslu af hótelstörfum
- Hefur jákvætt viðmót og góða samskiptahæfileika
- Hefur fágaða og góða framkomu
- Er lausnarmiðað og vinnur vel í heild
- Opið fyrir nýjungum og tilbúið að fara nýjar og spennandi leiðir
- Kann að brosa
- Vill starfa á einu flottasta hóteli landsins

---

Ekki er nauðsynlegt að vera á eigin bíl en það er kostur.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Kjartansson, hótelstjóri ION Luxury Adventure Hotel, **david@ioniceland.is** eða í síma 777-5775

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2014.**

Umsóknum skal skilað á netfangið **job@ioniceland.is.** Þeim skal fylgja ítarleg ferilskrá með mynd.

ion LUXURY ADVENTURE HOTEL
Sími: 482 3415 www.ioniceland.is

# SALES

## Sölumenn óskast

Leitum að sölumönnum bæði á einstaklingssviði og með reynslu á fyrirtækjasviði.
Góð laun í boði fyrir harðduglegt fólk.
Áhugasamir sendi uppl. á: sales@salesehf.is

## Vilt þú auka tekjur þínar?

Viltu starfa sjálfstætt, ráða þínum eigin vinnutíma?
Erum að leita eftir heiðalegu, ábyggilegu, framsækinu og duglegu fólki til að starfa með.
Miklir framtíðarmöguleikar hérlendis og erlendis.
Alþjóðlegt fyrirtæki, eitt stærsta og farsælasta fyrirtæki á sínu sviði í heiminum í dag, starfar í yfir 150 löndum.
Árangurstengdar tekjur auk mögulegra bónusa.
Tekjumöguleikar
70.000 - 300.000 kr. á mán.
300.000 - 600.000 kr. á mán.

**Áhugasamir hafið samband:**
820-4122 eða moguleiki@gmail.com

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## ÚTBOÐ

**Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í eftirfarandi Útboð**

**1. Yfirlagnir í Hafnarfirði 2010**

Opnun tilboða miðvikudaginn 9. april kl. 10:00

Áætlað magn ca 22.000 m²

Útboðsgögn afhent á geisladisk og verða seld hjá
**Umhverfi og framkvæmdir**
**Norðurhellu 2**
**Hafnarfirði**
Frá og með mánudeginum 31. mars á kr. 3.000.- fyrir hver tilboðsgögn. Tilboð verða opnuð á sama stað að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska. Réttur áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Umhverfi og framkvæmdir
*Hafnarfjarðarbær.*

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144



## Vinnubúðir til sölu

Til sölu eru 4 vinnubúðareiningar, sem standa við Búðarhálsvirkjun með samtals 176 svefnherbergjum.

Hver vinnubúðaeining er á tveimur hæðum og samanstendur af 32 Moelven tréeiningum með 44 svefnherbergjum, öll með snyrtiaðstöðu og sturtu, 2 einingar stigagangur, 4 einingar setustofur og 4 einingar fatageymslur og þvottaaðstaða. Húsin eru með vatnsslökkvikerfi og brunaviðvörunarkerfi og svefnrými er aðskilið frá sameiginlegu rými með brunavegg

Hægt er að skoða vinnubúðirnar eftir nánari samkomulagi.

Athugið að vinnubúðirnar verða seldir á staðnum og sér kaupandi um niðurrif og flutning af svæðin.

Eingöngu verða seldar heilar vinnubúðaeiningar (32 stk.)

**Upplýsingar veitir:**
**Teitur Gústafsson**
**á skrifstofutíma í**
**síma 897 0087**

ÍSTAK

Bugðufljóti 19 :: 270 Mosfellsbæ :: Sími 530 2700 :: istak.is

## Aðalfundur MATVÍS

Aðalfundur MATVÍS verður haldinn miðvikudaginn 2. apríl n.k kl. 16.00 Fundurinn er haldinn á Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogsmegin.

**Fundurinn hefst kl. 16.00.**

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Afhending sveinsbréfa.




**Frístunda- og forvarnanefnd auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði Kópavogs.**

Umsóknum skal skilað í síðasta lagi **18. apríl 2014.**

Umsóknareyðublöð fást á vef Kópavogsbæjar eða hjá þjónustuveri bæjarins í Fannborg 2.

Vinsamlega sendið umsóknir sem viðhengi á netfangið **forvarnasjodur@kopavogur.is.**

Kópavogsbær
kopavogur.is

## CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

capacent

AUÐLIND NÁTTÚRUSJÓÐUR

## Auðlind-Náttúrusjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum fyrir árið 2014.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki til endurheimtar votlendis.

Hámarksfjárhæð styrkja fyrir hvert verkefni er kr 500.000.

Upphæð styrks getur numið allt að 50% hluta kostnaðar. Rannsóknarverkefni eru almennt ekki styrkt. Umsóknareyðublöð eru á www.audlind.org. Upplýsingar má fá hjá raga@nett.is.

**Umsóknarfrestur er til 28. apríl 2014.**
Umsóknir skal senda á: Auðlind Náttúrusjóð, pósthólf 1358 121 Reykjavík

Reykjavíkurborg

## Hljóðvistarstyrkir Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg auglýsir nú eftir umsóknum í styrki til bættrar hljóðvistar í íbúðarhúsum samkvæmt aðgerðaáætlun borgarinnar gegn hávaða. Veittir eru styrkir sem ætlaðir eru til að skipta út hefðbundnu gleri fyrir hljóðdempandi gler sem bæta á hljóðvist innandyra í þeim húsum þar sem umferðarhávaði er mikill, yfir 65dB. Upplýsingar um styrk til bættrar hljóðvistar vegna umferðarhávaða og umsóknareyðublað má finna rafrænt á heimasíðu Reykjavíkurborgar undir **„Mínar síður"**. Þar má einnig finna reglur um úthlutun styrkja.

***Samgönguskrifstofa umhverfis- og skipulagssvið***
***Reykjavíkurborgar usk@reykjavik.is***
***Borgartúni 12-14. Sími 411 1111***
***105 Reykjavík***

FRÆÐSLUSKRIFSTOFA RAFIÐNAÐARINS

## Sveinspróf í rafiðngreinum

Sveinspróf í rafiðngreinum fara fram í maí og júní 2014.
Umsóknarfrestur er til 1. maí 2014.
Nemar í skóla hafi samband við deildarstjóra í viðkomandi skóla.
Upplýsingar og umsóknareyðublöð liggja frammi hjá:

**Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins, Stórhöfða 27, 110 Reykjavík, Sími 580 5253.**

Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöðin á heimasíðu Fræðsluskrifstofunnar, veffang http://www.rafnam.is
Ath. Greiða þarf gjald fyrir útgáfu sveinsbréfs kr. 8.300.

**Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins**
**29. mars 2014**

## Auglýsing um sveinspróf

**Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin sem hér segir:**

***Í matvælagreinum í maí.***
Umsóknarfrestur er til 1. apríl.

***Í byggingagreinum í maí - júní.***
Umsóknarfrestur er til 1. apríl.

***Í prentgreinum í maí - júní.***
Umsóknarfrestur er til 1. apríl.

***Í bílgreinum í maí-júní.***
Umsóknarfrestur er til 1. apríl.

***Í hönnunar- og handverksgreinum í maí - júní.***
Umsóknarfrestur er til 1. apríl.

***Í snyrtifræði í maí-júní.***
Umsóknarfrestur er til 1. maí.

***Í málmiðngreinum í maí - júní.***
Umsóknarfrestur til 1. maí.

***Í vélvirkjun í september.***
Umsóknarfrestur til 1. júní.

***Í hársnyrtiiðn í september.***
Umsóknarfrestur til 1. júlí.

***Í ljósmyndun í september – október.***
Umsóknarfrestur til 1. júlí.

Dagsetningar prófanna verða birtar á heimasíðu okkar um leið og þær liggja fyrir.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2014.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður er mismunandi eftir iðngreinum.
Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, veffang: www.idan.is og á skrifstofunni.

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2
105 Reykjavík
Sími: 590 6400
Bréfsími: 590 6401
www.idan.is

IÐAN fræðslusetur

Landsvirkjun

## Útboð nr. 20172
## Rekstur mötuneytis í Kröflu

**Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í rekstur mötuneytis í Kröflu samkvæmt útboðsgögnum nr. 20172.**

Vettvangsskoðun fer fram í Kröflustöð þriðjudaginn 1. apríl 2014 kl. 11:00

**Útboðsgögn er hægt að nálgast á útboðsvef Landsvirkjunar utbod.lv.is**

Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 miðvikudaginn 16. apríl 2014 þar sem þau verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

## ÚTBOÐ

**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- **Leikskóla- og skólalóðir – Leiktæki, 2ja umslaga kerfi,** útboð nr. 13179.
- **Árbæjarskóli, endurgerð lóðar 2014 - 1. áfangi,** útboð nr. 13181.
- **Breiðagerðisskóli, endurgerð lóðar 2014 - 1. áfangi,** útboð nr. 13182.
- **Gangstéttaviðgerðir 2014,** útboð nr. 13203.
- **Malbiksviðgerðir 2014,** útboð nr. 13202.
- **Úlfarsárdalur hverfi 1 – Yfirborðsfrágangur 2014,** útboð nr. 13212

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## Útboð
### Viðgerðir og viðhald utanhúss

Álfaskeið 102-104 óskar eftir tilboðum í viðgerðir og viðhald utanhúss. Um er að ræða fjögurra hæða fjölbýlishús í Hafnarfirði.

Helstu verkþættir og eru:

- Hreinsun og viðgerðir á steypu.
- Viðgerðir á tréverki og glerskipti.
- Málun steyptra flata, tréverks og stáls.

Verklok 15. sept. 2014.

Útboðsgögn verða afhent endurgjaldslaust í gegnum heimasíðu Strendings, veffang: www.strendingur.is

Tilboðum skal skila eigi síðar en kl. 14.00 þann 10. apríl 2014 á skrifstofu Strendings ehf, verkfræðiþjónustu að Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði

Strendingur ehf. verkfræðiþjónusta

Landsvirkjun

## Útboðsgögn nr. 20177
## Jarðhitavirkjanir á Norðausturlandi
## Rannsóknarboranir 2014

**Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í borun rannsóknarhola vegna fyrirhugaðra jarðhitavirkjana á Þeistareykjum og Bjarnarflagi í Þingeyjarsýslu í samræmi við útboðsgögn nr. 20177, Jarðhitavirkjanir á Norðausturlandi - Rannsóknarboranir 2014.**

Verkið felst í borun á niðurrennslis- og neyðarlosunarholum, vatnstökuholum og hitaveituholu, auk smærri rannsóknarhola eins og nánar er lýst í útboðsgögnum. Alls er um að ræða 13-14 rannsóknarholur og er verkinu skipt í tvo hluta og miðast skiptingin við stærð þeirra bortækja sem verkefnin krefjast. Bjóðendum er frjálst að bjóða í annan hvorn verkhluta eða báða.

**Áætluð verkbyrjun er 2. júní 2014 og verklok 30. september 2014.**

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar, **www.utbod.lv.is**

Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, fyrir **klukkan 12:00 þriðjudaginn 15. apríl 2014** þar sem þau verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borganes

## Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

### Hafnargata á Grundartanga
### Gatnagerð 2014

Verkið felst í viðgerðum á slitlagi. Steypa skal plötu á álagsmesta svæðinu, gera við skemmdir í malbiki og leggja malbiksyfirlag á alla götuna.

Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Malbikun | 2.300 m² |
| Malbiksviðgerðir | 500 m² |
| Steypt plata | 410 m² |

Verklok eru 30.maí 2014.

Útboðsgögn verða afhent án gjalds á stafrænu formi með því að senda beiðni á netfangið akranes.utbod@mannvit.is frá þriðjudeginum 1.apríl.

Tilboð verða opnuð á **skrifstofu Faxaflóahafna, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, þriðjudaginn, 8. apríl 2014 kl. 11:00.**

MANNVIT

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is



**Magnús Einarsson** Löggiltur fasteignasali Sími 897 8266
**Sigurður Samúelsson** Löggiltur fasteignasali Sími 896 2312
**Sveinn Eyland** Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820
**Íris Hall** Löggiltur fasteignasali
**Þórarinn Thorarensen** Sölustjóri Sími 770 0309
**Kristberg Snjólfsson** Sölufulltrúi Sími 892 1931
**Eggert Maríuson** Sölufulltrúi Sími 690 1472
**Haraldur Ómarsson** sölufulltrúi sími 845 8286
**Sigurður Fannar Guðmundsson** Sölufulltrúi Sími 897 5930
**Benedikt Ólafsson** sölufulltrúi Sími 661 7788

## Landmark leiðir þig heim! – Þú hringir við seljum!

# AUSTURKÓR 15 - 33, KÓPAVOGI

## SÖLUSÝNING SUNNUDAG 30. MARS KL: 15:30 - 16:00




- Höfum hafið sölu á björtum og vel skipulögðum 114 fm 4ra herb. íbúðum í nýjasta hverfi Kópavogs.
- Íbúðir eru afhentar fullbúnar með innréttingum og gólfefnum.
- Sérinngangur og suður-svalir / suður-garður með íbúðum.
- Afhending íbúða: Mars - des 2014
- **Verð frá kr: 35.9.- millj.**



**Magnús Einarsson** Löggiltur fasteignasali Sími 897 8266
**Sveinn Eyland** Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820

Landmark leiðir þig heim!

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

**Íris Hall**, löggiltur fasteignasali

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

## VESTURBERG 14 - 111 RVK.




**Opið hús sunnud. 30. mars kl. 16.00 – 16.30**
- 155,5 fm. 5 herb. Parhús
- Frábært fjöldskylduhverfi, mikið endurnýjað .
- Eign sem stoppar stutt við.
- Bílskúr 24,6 fm.
- **V. 34,9 millj.**



Hafðu samband
**BENEDIKT ÓLAFSSON**
Sölufulltrúi. Sími 661 7788

## DALTÚN 8 - 200 KÓP.




**Opið hús sunnud. 30. mars kl. 17.00 – 17.30**
- 235.6 fm. 7 herb. Parhús
- Frábært fjöldskylduhverfi, vel viðhaldið hús.
- Stutt í skóla og alla þjónustu.
- Bílskúr 33.7 fm.
- **V. 54,9 millj.**



Hafðu samband
**BENEDIKT ÓLAFSSON**
Sölufulltrúi. Sími 661 7788

## ÁLFKONUHVARF 27 – 203 KÓP.




**Opið hús mánud. 31. mars kl. 17.30 – 18.00**
- Vel skipulögð 2ja herb. 73 fm íbúð
- Afgirt suður-verönd
- Stæði í bílgeymslu / lyftuhús
- Getur losnað fljótt
- **V. 25, 5 millj.**



Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820

## MARÍUBAUGUR – 113 RVK



- 148 fm einnar hæðar raðhús
- Snyrtilegt og vel skipulagt
- Afgirt suður-verönd
- Bílskúr í lengju við hús
- **V. 45,9 millj.**



Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820

## ÁSHOLT 42 – 105 Rvk




**Opið hús mánud. 31. mars kl. 18.00 – 18.30**
- Falleg 2ja herb. íbúð, 66,2 fm.
- 26,8 fm stæði í bílageymslu
- Íbúðin er á efri hæð. Geymsla í sameign
- **V. 26,0 - millj.**



Hafðu samband
**SIGURÐUR SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312

## TEIGASEL 1 – 109 RVK




**Opið hús mánud. 31. mars kl. 17.30 – 18.00**
- Verulega björt 89,9 fm 3ja herb íbúð.
- Opin íbúð með góðu útsýni á Esjuna.
- Utanhússframkvæmdir afstaðnar.
- Leik- og grunnskóli mjög skammt frá
- **V.21.9.- millj.**



Hafðu samband
**EGGERT MARÍUSON**
sölufulltrúi. Sími 690 1472

## DALALAND 10 – 108 RVK




**Opið hús mánud. 31. mars kl. 18.20 – 19.00**
- Falleg 90,6 fm 4ra herb íbúð á jarðhæð.
- Útgengt í fallegan garð.
- Nýbúið að klára viðhald að utan.
- Stutt ganga í Fossvogsdalinn.
- **V.29.9.- millj.**



Hafðu samband
**EGGERT MARÍUSON**
sölufulltrúi. Sími 690 1472

## KLEPPSVEGUR 2 - 105 RVK




**Opið hús mánud. 31. mars kl. 17.30 – 18.00**
- Virkilega falleg 128,3 fm. 6 herb. íbúð á 2. hæð
- Lyftuhús. Tvennar svalir. Snyrtileg eign.
- Nýlegt gluggar og gler
- Nýlega sprunguviðgert og málað
- Íbúðin getur verið laus fljótlega.
- **V. 37,9 millj.**



Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309

# Gvendargeisli 16
113 Reykjavík
Glæsilegt einbýlishús

**Stærð: 205,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2003**
**Fasteignamat: 53.400.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Alpha




**OPIÐ HÚS SUNNUD. 30. MARS kl. 17:30 - 18:00**
**Verð: 67.900.000**




RE/MAX Alpha kynnir í einkasölu: Glæsilegt einbýlishús á einni hæð alls 205,8 ferm. hannað af Rut Káradóttur innanhússarkitekt. Skipti möguleg á stærra húsi í sama hverfi.
Nánari lýsing: Rúmgóð forstofa með flísum á gólfi og fataskáp. Inn af forstofu er gott flísalagt baðherbergi með stórum sturtuklefa. Tvö rúmgóð barnaherbergi með innfelldum fataskápum og parketi á gólfi. Mjög rúmgott hjónaherbergi með paketi á gólfi, gott fataherbergi inn af hjónaherbergi. Sjónvarpshol með flísum á gólfi. Eldhús, stofa og borðstofa í opnu rými. Vönduð eikar innrétting í eldhúsi, flísar á gólfi. Stofa/borðstofa með flísum á gólfi, gas arinn klæddur með hvítu graníti, útgengt á góða timburverönd með skjólgirðingu og heitum potti. Baðherbergi með eikar innréttingu og flísalagt í hólf og gólf, stór sturtuklefi.
Allar nánari upplýsingar veita:
Haukur Hauksson hjá RE/MAX Alpha í s: 699-2900 eða á haukur@remax.is eða Sylvía Walthersdóttir á sylvia@remax.is

Haukur Hauksson
Sölufulltrúi
**699-2900**
haukur@remax.is

Sylvía G
Walthersd
Lögg. fasteignasali
4777777
sylvia@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

# Víðihlíð 41
105 Reykjavík
Glæsileg eign við náttúruparadís

**Stærð: 201,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1984**
**Fasteignamat: 38.830.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Borg




**Þriðjudag kl. 17.30-18.00**
**Verð: 59.800.000**

RE/MAX Borg kynnir glæsilegt endaraðhús í Öskjuhlíðinni.
Húsið er fallega innréttað, glæsilegt opið eldhús, borðstofa, setustofa og sólstofa mót s-vestri, 70 fm. pallur og gróinn garður. Svefnherbergi eru 3 eins og húsið er innréttað í dag en var áður 4 herb. þá eru 2 baðherbergi, þvottahús og geymsla. Hluti bílskúrs er í dag nýttur sem stórt íbúðarherb.
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Hildur Birkisdóttir
Sölufulltrúi
**663-4539**
hildur@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
**7772882**
thora@remax.is

**RE/MAX Borg - Ármúli 7 - 105 Reykjavík - Sími: 5195500 - www.remax.is**

# Þorláksgeisli 5 - íbúð 303
113 Reykjavík
Nýtt verð

**Stærð: 139,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 4-5**
**Byggingarár: 2005**
**Fasteignamat: 30.200.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Borg




**Þriðjudaginn kl. 18.00-18.30**
**Verð: 36.900.000**

RE/MAX Borg og Þóra kynna glæsilega og vel skipulagða íbúð í vönduðu lyftuhúsi með stæði í upphitaðri bílageymslu.
Íbúðin skiptist í rúmgóða forstofu með skáp, stórt alrými með eldhúsi, stofu og borðstofu, stórar suður-svalir. Svefnherbergi eru 3, fataherbergi innaf hjónaherbergi, baðherbergi, þvottahús og sjónvarpsskáli. Hugguleg sameign með lyftu og aðkeyptum þrifum.
Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Hildur Birkisdóttir
Sölufulltrúi
**663-4539**
hildur@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
**7772882**
thora@remax.is

**RE/MAX Borg - Ármúli 7 - 105 Reykjavík - Sími: 5195500 - www.remax.is**

# Ármúli 5
105 Reykjavík
Classic Rock Sportbar

**Stærð: 474 fm**
**Fjöldi herbergja: 0**
**Byggingarár: 0**
**Fasteignamat: 0**

RE/MAX Borg



**Bókið tíma í skoðun.**
**Verð: 25.000.000**

RE/MAX BORG kynnir til sölu reksturinn á Classic Rock Sportbar við Ármúla 5. Góðir tekjumöguleikar. Staðurinn er í leiguhúsnæði og er í fullum rekstri og hefur talsvert af fastakúnnum. 14 spilakassar frá Gullnámunni eru á staðnum. Staðurinn hefur leyfi fyrir um 250 manns. Fjögur poolborð eru í salnum ásamt þremur góðum skjávörpum og sýningartjöldum, rúmlega 10 sjónvörpum, og öllum þeim búnaði sem þarf til að sýna beinar útsendingar frá íþróttaviðburðum.
Uppl. gefur Brynjar í síma 896 1168

Brynjar Þór
Sölufulltrúi
**896 1168**
brynjar@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
**7772882**
thora@remax.is

**RE/MAX Borg - Ármúli 7 - 105 Reykjavík - Sími: 5195500 - www.remax.is**






# NÝTT - Holtsbúð 59
210 Garðabær
Einstakt útsýni og suðurgarður

**Stærð: 325 fm**
**Fjöldi herbergja: 9**
**Byggingarár: 1977**
**Fasteignamat: 59.650.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**Sunnudaginn 30. mars kl 15:00-15:30**
**Verð: 71.900.000**

RE/MAX Lind kynnir til sölu sannkallað fjölskyldu hús á góðum stað í Garðabæ þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Stórkostlegt útsýni, lokaður og skjólgóður suður garður, hannaður af Stanislas Bohic. Björt og falleg stofa og borðstofa með arni og mikilli lofthæð, rúmgott eldhús og fimm svefnherbergi. Húsið er skráð 255 ferm hjá FMR en er samtals um 325 ferm í það heila þar sem óskráð rými neðri hæðar er ca 70 ferm, allt bjart með fínum gluggum. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir sölufulltrúi/viðskiptafræðingur í síma 663 2300 eða thorey@remax.is – RE/MAX Lind.

Þórey Ólafsdótti
Sölufulltrúi
**663 2300**
thorey@remax.is

Þórunn Gísladótt
Lögg. fasteignasali
**510 7900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# NÝTT - Blönduhlíð 24
105 Reykjavík
Hæð og ris á frábærum stað

**Stærð: 170,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1948**
**Fasteignamat: 36.900.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**Sunnudaginn 30. mars kl 16:00-16:30**
**Verð: 49.900.000**

RE/MAX Lind kynnir í einkasölu vel skipulagða sérhæð og ris á þessum eftirsótta stað í hlíðunum með sérinngangi þar sem stutt er í alla helstu þjónustu, skóla og leikskóla en búið er að útbúa litla 2ja herbergja íbúð í risinu sem bíður uppá mikla möguleika. Eignin er skráð 170,5 ferm hjá FMR en er töluvert mikið stærri þar sem risið er aðeins skráð 15 ferm hjá FMR. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir sölufulltrúi/viðskiptafræðingur í síma 663 2300 eða thorey@remax.is – RE/MAX Lind

Þórey Ólafsdótti
Sölufulltrúi
**663 2300**
thorey@remax.is

Þórunn Gísladótt
Lögg. fasteignasali
**510 7900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# NÝTT- Langahlíð 19 (íb 302)
105 Reykjavík
Hönnunarperla á frábærum stað

**Stærð: 82,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 3-4**
**Byggingarár: 1949**
**Fasteignamat: 19.800.000**

RE/MAX Lind




**Sunnudaginn 30. mars kl 17:00-17:30**
**Verð: 29.900.000**

RE/MAX Lind kynnir í einkasölu gullfallega og bjarta 3ja herbergja hönnunarperlu í þessu vandaða verðlauna húsi við Lönguhlíð í Reykjavík með fallegu útsýni til vesturs. Tvær samliggjandi stofur, eitt svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Íbúðinni fylgir einnig herbergi í risi með aðgang að sameiginlegur salerni. Íbúðinni fylgir sérsmíðaður sófi með íslensku ullaráklæði og sérsmíðaðar hillur í stofu, hvort tveggja hannað af HAF by Hafsteinn Juliusson hönnunarstofu. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir í síma 663 2300, thorey@remax.is - RE/MAX Lind, Þórunn Gísladóttir.

Þórey Ólafsdótti
Sölufulltrúi
**663 2300**
thorey@remax.is

Þórunn Gísladótt
Lögg. fasteignasali
**510 7900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Ásvallagata 27
101 Reykjavík
Falleg og mikið endurnýjuð íbúð

**Stærð: 105,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 4-5**
**Byggingarár: 1929**
**Fasteignamat: 27.700.000**

RE/MAX Borg




**Opið hús mánudag kl. 17.30 - 18.30**
**Verð: 34.900.000**

RE/MAX Borg kynnir bjarta og fallega íbúð á 1. hæð (ekki jarðhæð) sem hefur verið mikið endurnýjuð, þar með talið eldhús, baðherbergi, gólfefni og rafmagn íbúðar. Íbúðin skiptist í opið eldhús með eyju, borðstofu, sjónvarsstofu (getur verið 3ja svefnherb.), hjónaherbergi, barnaherbergi og baðherbergi auk þess sem 2 geymslur (6,7 fm. og 15,7 fm.) tilheyra íbúðinni. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð. Góður suðurgarður.
Allar frekari uppl. veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
**7772882**
thora@remax.is

# Við seljum ekki bara hús, við finnum þér nýtt heimili

## OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 30. MARS KL. 14:30-15:00

Mánastígur 6

220 Hafnarfjörður

| | |
|---|---|
| Tegund: | Einbýli |
| Stærð: | 325,5 m² |
| Svefnherbergi: | 6 |
| Verð: | 89.500.000 |

Ásdís Ósk
s: 863-0402 / 519-2601



Virkilega spennandi einbýlishús sem kemur skemmtilega á óvart. 6 svefnherbergi og 3 stofur. Mjög stór garður þar sem náttúran fær að njóta sín að hluta, einnig óbyggt svæði beint fyrir aftan hús. Húsið er vel staðsett í miðjum bænum, rétt við lækinn og stutt í allar áttir. Sannkallaður gullmoli á höfuðborgarsvæðinu.

## OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 30. MARS KL. 15.00-15.30

Huldubraut 15A

200 Kópavogur

| | |
|---|---|
| Tegund: | Parhús |
| Stærð: | 237 m² |
| Svefnherbergi: | 3-5 |
| Verð: | 61.700.000 |

Nadia Katrín
s: 692-5002 / 519-2606



Stórglæsilegt parhús á tveimur hæðum hannað af arkitektinum Jakobi Líndal teiknistofunni Alark. Húsið er á fallegum og grónum stað í Kópavogi. EINSTAKT TÆKIFÆRI FYRIR VANDLÁTA. Úr stofu er fallegt útsýni yfir Fossvoginn að Perlunni. Tvö baðherbergi og 3-5 svefnherbergi. Margir möguleikar á útfærslu.

## OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 31. MARS KL. 17.00-17.30

Garðhús 36

112 Reykjavík

| | |
|---|---|
| Tegund: | Raðhús |
| Stærð: | 192,5 m² |
| Svefnherbergi: | 4 |
| Verð: | 51.700.000 |

Nadia Katrín
s: 692-5002 / 519-2606



Glæsilegt raðhús á tveimur hæðum með vönduðum innréttingum á fallegum stað í Grafarvogi. Fjögur svefnherbergi. Efri hæð: tvö svefnherbergi og sér baðherbergi með sturtu, þvottahús og bílskúr. Neðri hæð: stofur, eldhús, baðherbergi með hornbaðkari, hjónaherbergi og sjónvarpsherbergi. Góð eign fyrir vandláta.

## OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 31. MARS KL. 17:30-18:00

Norðurbrún 28

104 Reykjavík

| | |
|---|---|
| Tegund: | Parhús |
| Stærð: | 257,7 m² |
| Svefnherbergi: | 6-7 |
| Verð: | 59.900.000 |

Ásdís Rósa
s: 895-7784 / 519-2603



Fallegt parhús á 2 hæðum á rólegum stað stutt frá Laugardalnum. Húsinu hefur verið mjög vel við haldið í gegnum árin. Upphaflega voru 7 svefnherbergi í húsinu en búið er að setja upp eldhús á neðri hæð svo möguleiki er að nýta húsið sem 2 íbúðir. 2 baðherbergi, 2 eldhús, arinn og snyrtileg lóð með góðum pöllum.

## OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 1. APRÍL KL. 17.30-18.00

Kársnesbraut 37

200 Kópavogur

| | |
|---|---|
| Tegund: | Einbýli |
| Stærð: | 215,8 m² |
| Svefnherbergi: | 4 |
| Verð: | 57.500.000 |

Rósa Margrét
s: 893-7969 / 519-2607



Bjart og vel skipulagt einbýli á 2 hæðum með fallegu útsýni.
Lokaður sólríkur garður í suður. Sjón er sögu ríkari verið velkomin.
Rósa Margrét sölufulltrúi tekur á móti gestum.

## PANTIÐ SKOÐUN

Kvistavellir 20

221 Hafnarjörður

| | |
|---|---|
| Tegund: | Raðhús |
| Stærð: | 202,7 m² |
| Svefnherbergi: | 4 |
| Verð: | 43.000.000 |

Bára Ósk
s: 820-8201 / 519-2605



Fallegt raðhús í barnvænu hverfi þar sem stutt er í skóla og leikskóla. Húsið er á tveimur hæðum með fjórum svefnherbergjum og tveimur baðherbergjum.
Stór og góð afgirt baklóð ásamt 26.5 fm hellulögðum svölum.
Heildarstærð hússins er 202.7 fm þar af 33 fm bílskúr.

## PANTIÐ SKOÐUN

Stórikriki 8

270 Mosfellsbær

| | |
|---|---|
| Tegund: | Einbýlishús |
| Stærð: | 247,0 m² |
| Svefnherbergi: | 3 |
| Verð: | 78.500.000 |

Inga
s: 897-6717 / 519-2602



Glæsilegt einbýli með rúmgóðum bílskúr, fallegu útsýni í mjög barnvænu hverfi. Lóðin er fullfrágengin með pöllum, heitum potti, hellulögð innkeyrsla með hitalögn. Örstutt í barnaskóla, framhaldsskóla og leikskóla. Stærð hússins er 202,3 fm, bílskúr 44,7 heildarstærð eignar: 247 fm.

## PANTIÐ SKOÐUN

Bjarkarás 5

301 Akranes

| | |
|---|---|
| Tegund: | Einbýli |
| Stærð: | 217,7 m² |
| Svefnherbergi: | 4 |
| Verð: | 38.000.000 |

Inga
s: 897-6717 / 519-2602



Dreymir þig um að eignast hús í sveit en vera samt nálægt höfuðborginni, þá er þetta gullið tækifæri!! Fallegt einbýli á einni hæð á 1. hektara lóð til sölu í Hvalfjarðarsveit. Frábært útsýni, 4 svefnherbergi, hátt til lofts. Stærð hússins er 172,7 og bílskúr 45. fm. Heildarstærð 217,7 fm. Vantar að klára eignina að utan.



**Ásdís Ósk Valsdóttir**
**Löggiltur fasteignasali**
**863-0402 / 519-2601**
**asdis@husaskjol.is**



**Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir**
**Lögfræðingur**
**895-7784 / 519-2603**
**asdisrosa@husaskjol.is**



**Bára Ósk Einarsdóttir**
**Sölufulltrúi**
**820-8201 / 519-2605**
**baraosk@husaskjol.is**



**Ingibjörg Agnes Jónsdóttir**
**Sölufulltrúi**
**897-6717 / 519-2602**
**inga@husaskjol.is**



**Nadia Katrín Banine**
**Sölufulltrúi**
**692-5002 / 519-2606**
**nadia@husaskjol.is**



**Rósa Margrét Sigursteinsdóttir**
**Sölufulltrúi**
**8937969 / 519-2607**
**rosamargret@husaskjol.is**



**Sandra Guðmundsdóttir**
**Löggiltur fasteignasali**
**6151765**
**sandra@husaskjol.is**

Húsaskjól
fasteignasala

**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi, sími: 863-0402, www.husaskjol.is, husaskjol@husaskjol.is, www.facebook.com/husaskjol**




**www.visitakureyri.is**

Upplýsingamiðstöð í HOFI | 600 Akureyri | tel. 450 1050 | info@visitakureyri.is




## HUGA ÞARF AÐ GILDISTÍMA VEGABRÉFA

Athuga þarf gildistíma vegabréfs í tíma áður en lagt er í ferð þar sem ferðamönnum er sums staðar neitað um landgöngu ef stutt er í að vegabréf þeirra renni út. „Utanríkisráðuneytið hvetur alla þá sem eru á leið til ríkja utan EES-svæðisins að huga að því að fá nýtt vegabréf, ef minna en sex mánuðir eru eftir af gildistíma gamla vegabréfsins þar sem búast má við að ríki geri kröfu um og setji það sem skilyrði fyrir landgöngu að vegabréf gildi a.m.k. sex mánuði fram yfir áætlaðan dvalartíma í viðkomandi ríki."

Afgreiðslutími vegabréfa er allt að tíu dagar og getur verið lengri ef frídagar eru á tímabilinu. Vegabréfið er sent í A- pósti til umsækjanda á það heimilisfang sem hann tiltekur eða á skrifstofu sýslumannsembættis. Ekki er hægt að sækja vegabréfið beint í afgreiðslu Þjóðskrár, nema um hraðafgreiðslu sé að ræða. Hraðafgreiðslu þarf að sækja um og greiða sérstaklega fyrir. Heimild: Vefsíða Þjóðskrár, www.skra.is.



## Á FERÐINNI MEÐ BÖRNIN

Ferðalög þar sem börn eru með í för þarfnast aðeins meiri skipulagningar en þegar aðeins fullorðnir ferðast saman. Hugarfarið skiptir miklu máli, það er ágætt að vænta þess að vandamál komi upp og taka einfaldlega á þeim þegar þau verða til. Ef litið er björtum augum á hlutina virðast þær hindranir sem verða á veginum minni en ella.

Farangurinn verður augljóslega meiri þegar börn eru með í för og ýmislegt sem ekki má gleymast. Þar á meðal eru lyf fyrir börnin ef þau skyldu veikjast á ferðalaginu. Blautklúta er hentugt að hafa með til að þrífa skítuga fingur og rennandi vatn er ekki nálægt. Leikföng, bækur og geisladiskar eru nauðsynlegir hlutir til að stytta langar stundir í flugvélum, lestum og bílum.

# Flugstöðin í Singapúr best í heimi

**Changi-flugstöðin í Singapúr var á dögunum valin sú besta í heimi** annað árið í röð. Fjórar evrópskar flugstöðvar komust á topp tíu-listann. Verðlaunin, World Airport Awards, eru fengin með skoðunum 12 milljón farþega frá 110 löndum. Um 410 flugstöðvar voru með í valinu. Það er breska fyrirtækið Skytrax sem stendur á bak við valið. Farþegarnir voru spurðir 39 ólíkra spurninga, meðal annars um þjónustu, innritun, verslun, öryggi, tilboð og veitingahús. Singapúr-flugstöðin var einnig sú sem er með bestu tilboðin.

**Fjórar evrópskar flugstöðvar komust í efstu sætin** en þær eru í München, Amsterdam, Zürich og London Heathrow.

**Í flokknum bestu litlu flugstöðvarnar í Evrópu, eða með 20-30 milljónir farþega, var Keflavík í áttunda sæti.** Besta flugstöðin í N-Evrópu er Kastrup í Kaupmannahöfn. Besta flugstöðin til að versla í er á Heathrow í London og Kastrup í Kaupmannahöfn er með bestu öryggisþjónustu. Flugvöllurinn í Tókýó þótti best þrifinn.





www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

# Skjót leið
## til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00




## Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.

Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.

Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

**NÝI ÖKUSKÓLINN**

**KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK**

**ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00**

GAUKSHREIÐRIÐ XXII/08



# Ný námskeið

hefjast 31. mars og 1. apríl

4 vikna námskeið




## Í form fyrir golfið
Sérhæfð þjálfun fyrir golfara
Þri. og fim. kl. 11:10 og 12:10.

## Jóga
Þri. og fim. kl. 12:00.

## Zumba og Zumba toning
Dansaðu þig í form!
Þri. og fim. kl. 16:30.

## Kvennaleikfimi
Gamla góða leikfimin fyrir konur
Mán., mið. og föst. kl. 16:30.

## Morgunþrek
Fjölbreyttir púl tímar fyrir karla og konur
Mán., mið. og föst. kl. 7:45 eða 09:00

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

## 60 ára og eldri:

### Leikfimi 60+
Mán. og mið. kl. 11:00.
Mán. og mið. kl. 15:00.
Þri. og fim. kl. 10:00.

### Zumba Gold 60+
Fyrir þá sem hafa gaman af að dansa.
Þri. og fim. kl. 11:00.

HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is








**GOTT MEÐ KAMPAVÍNINU** Diskur með blönduðum snittum af margvíslegu tagi og annar með smásnittum með ferskum gráfíkjum og parmaskinku.

# SMÁRÉTTIR SEM BRAGÐ ER AÐ

**VEISLA** *Canapés-snittur eru gjarnan bornar fram í veislum. Þær eru boðnar með kampavínsglasi á meðan beðið er eftir að matarveislan sjálf hefjist, svokallaður lystauki. Snitturnar geta verið brauð með ýmsu áleggi eða sætar kökur með ávöxtum eða öðru góðgæti.*

Canapés-snittur geta verið margvíslegar, lítið brauð eða kex með áleggi eða eitthvað sætt. Hugmyndaflugið getur verið endalaust þegar kemur að litlum snittum. Hægt er að nota venjulegt brauð sem hefur verið ristað og er síðan skorið út í litlar hringlaga sneiðar. Ostar eru gott álegg en hægt er að nota smurost, brie, geitaost, gráðost eða annan uppáhaldsost. Með ostinum er hægt að hafa ávexti, grænmeti eða kjötálegg, svo sem parmaskinku, salami, beikon eða roast beef. Reyktur eða grafinn lax er alltaf vinsæll. Það má gjarnan vera pestó á brauðinu með til dæmis ólífum eða lifrarpaté með smávegis rifsberjahlaupi.

Lítil rúgbrauðssneið með saltfiskstöppu eða plokkfiski eða ristað brauð með rækjum, majónesi og sítrónubita, mozzarella og tómatsneið, skreytt með fersku basil, allt þetta er sömuleiðis vinsælt. Ferskar gráfíkjur með parmaskinku eru góðar og fylltar laxarúllur með rjómaosti og graslauk.

Tortilla-kökur er hægt að nota í smásnittur. Þær eru bakaðar í ofni þar til þær verða stökkar, kældar og skornar í litla bita. Ofan á þær er sett heimagert guacamole (lárperumauk).



Þegar kemur að sætu snittunum er upplagt að kaupa tilbúnar litlar bökur og fylla með mascarpone-osti og berjum. Fylltar vatnsdeigsbollur eru einnig ljúffengar með ostafyllingu svo og döðlur fylltar með gráðosti og vafðar í beikon. Mini-makkarónusamlokur í öllum litum eru ómissandi í brúðkaupið.

Á netinu má finna mörg hundruð útgáfur og uppskriftir af canapés. Skemmtilegt er að blanda saman alls kyns áleggi og leyfa hugmyndafluginu að ráða.

**SÆTIR SMÁRÉTTIR** Þeir geta verið af ýmsu tagi, bornir fram í litlum glösum, á skeiðum eða í bökum. Hér eru nokkrar góðar hugmyndir að sætum réttum.

# BARNAFÖT, GJAFAKORT OG PÚÐAR

Í gær var opnuð sýningin Litbrigði/Tint í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í Breiðholti. Þar sýna saman María Valsdóttir, Sæunn Þorsteinsdóttir og Þóra Björk Schram en þær eru allar með vinnustofur á Korpúlfsstöðum. Á sýningunni, sem haldin er í samstarfi við Hönnunarmars, verða meðal annars sýnd barnaföt, gjafakort, púðar og pappírsfestar.

Þóra Björk notar mynstur og liti úr málverkum sínum í púða, textíl og gjafakort. Þar leikur hún sér með mynstur, áferð og stemningu með sterka skírskotun í íslenska náttúru. Verk sín vinnur hún í mörgum lögum þannig að litirnir öðlast mikla dýpt.

María hannar barnaföt undir merkinu Rimm-Bamm. Hún litar, þrykkir á og skreytir efni sem hún notar svo í bland við ýmis önnur efni í litríka hönnun sína. Aðaláherslan er lögð á að fötin séu mjúk og þægileg og gott að leika sér í þeim.

Í verkum Sæunnar er alls kyns pappír breytt í skartgripi og ýmsa aðra hluti sem eru á mörkum skrauts og nytja. Hún vinnur gjarnan smágerð fínleg verk og er upptekin af hringmynstrum og endurnýtingu.

Sýningin stendur til 6. apríl og er opin virka daga frá kl. 9-18 og um helgar frá 13-16. Aðgangur er ókeypis.



**FJÖLBREYTNI** Þrjár listakonur sýna saman í Gerðubergi næstu daga.

## 500-999 þús.



**SJÁLFSKIPTUR TILBOÐSVERÐ !**

Ford Fusion árg ,06 ekinn 162þús km. sjálfskiptur. 5 dyra. ný tímareim. ný skoðaður. ný vetrardekk. smurbók frá upphafi. virkilega eyðslugrannur bíll í góðu standi. ásett verð 940þús. Tilboðsverð aðeins 650þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**GÓÐUR NÝ SKOÐAÐUR BÍLL**

Renault Megane 1.6 árg ,03. ek. aðeins 130þús km. bsk. ný sko. glæný heilsársdekk. smurbók frá upphafi. stór glerlúga, góður bíll. ásett verð 850þús. Tilboðsverð aðeins 590þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**FRÁBÆRT EINTAK 7MANNA**

Hyundai Trajet 7manna árg ,02. ek. aðeins 85þús km. sskj. nýleg tímareim. ný skoðaður. ný sumardekk. vetrardekk fylgja. ný yfirfarinn á verkstæði. ásett 880þús. Tilboðsverð 690þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



Hyundai Getz 1,4 árg. 2007 ek. 129 þúsund. Skipt um tímareim í 85 þúsund km. Nýskoðaður án athugasemda. Nýleg heilsársdekk. Ásett verð 890 þúsund tilboðsverð 800 þúsund. Uppl. í s. 899-1882

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**KAUPIBILA@GMAIL.COM 0-500 ÞÚS STGR!**

Helst ekki eldri en 2002, má þarfnast lagfæringa eða vera óskoðaður, sendið mail með helstu uppl tegund árg keyrslu verðhugmynd og ástand! væri gott að fá bílnumer með og síma og eg mun hafa samband ef mer lyst á, kaupibila@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**

Má þarfnast lagfæringa.

**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Jeppar



**VILL EINHVER ELSKA..**

165 mánaða gamlan Terrano II? 7 manna bíll. Árgerð 2000 kom á götuna í júní 2000. Keyrður tæplega 240þús. Í ágætu standi. Áhugasamir hafi samband í síma 8227624 eða sendi fyrirspurn á jonjohann@internet.is. Tilboð óskast.

## Sendibílar



Til sölu Izusu NQR70 sendibíll m Kassa og lyftu.Árg06 Ek. 111.000. Nýskoðaður. Verð 2.5m/vsk. Uppl. s. 8937831.

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



Renault Traffic 01/2007 Ekinn 200.000 km , nýupptekinn gírkassi, Skoðaður 15,dráttarbeysli. Upplýsingar í S: 697-3390

## Húsbílar




## Mótorhjól

Skellinaðra til sölu á 80,000kr. S: 8410966

## Vélsleðar



Yamaha vélsleði RX1 4 cyl, ek. 1300 km til sölu. Ný yfirfarinn af umboði og sem nýr í útliti. Árgerð 2003. Fjöldi fylgihluta. Verð 790. Þús. Staðgreiðsluafsláttur. Uppl. í gsm: 696-9296.

## Fellihýsi




## Vinnuvélar




**VINNUVÉLADEKK**

Vorum að fá nýja sendingu af vinnuvéladekkjum. Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl Ýmsar algengar Stærðir O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@simnet.is




**BÍLALYFTUR- DEKKJAVÉLAR**

Tveggja pósta bílalyftur 3,8T, höfum einnig dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði, ATH eigum enfremur vörubíla dekkjavél. O.K.Varahlutir ehf S:696-1050. okspares@simnet.is



Óskum eftir tilboði í Cat M313C hjólavél með rótortilt árg 2005 6800vst, Cat D5H jarðýta árg 1995 14000vst og tvær Cat D25C búkollur árg 1985. Uppl. í s. 5654599 eða 8934993

## Bílaþjónusta




Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000



# Kæru verðandi Brúðhjón

## Brúðargjafalisti Byggt og búið er þægileg lausn!



- **Inneign**: Við stofnun brúðargjafalistans fá brúðhjónin inneign sem eykst við hverja úttekt sem getur hljóðað upp á 6,77–10% af heildartölu úttekta. Eftir brúðkaupið fá hjónin nýbökuðu senda inneignarnótu sem þau geta notað að eigin vild.
- **Góðgerðarmál**: 2% af heildartölu listans rennur til góðgerðamáls að vali brúðhjónanna og Byggt og búið leggur fram mótframlag að sömu upphæð – og tvöfaldast þannig framlagið!
- **Glæsilegir vinningar**: Allir skráðir brúðargjafalistar fara í pott, með glæsilegum vinningum, sem dregið verður úr í lok sumars.

**eva solo**

*Glæsileg dönsk hönnun og einstök gæði.*



EVA SOLO KARAFLA 1L

**GRUNWERG**

*Brot af því besta í hnífapörum.*



GRUNWERG HNÍFAPARASETT 44STK CHOPSTICK

**VICTORINOX**

*Hágæða hnífar frá Sviss.*



VICTORINOX HNÍFAR Í MIKLU ÚRVALI.

**Fissler**

*Vandaðir þýskir pottar og pönnur í miklu úrvali.*



FISSLER POTTASETT 4STK ORIGINAL PRO



**KitchenAid**

*Alþekkt gæði og ending. Draumagjöf brúðhjónanna.*

BRÚÐARGJAFABÚÐIN ÞÍN

**byggt og búið**

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggtogbuid

# Blint bónorð á aðfangadagskvöld

Hugblær miðalda sveif yfir vötnum þegar leikarinn **Erlendur Eiríksson** og **Fjóla Einarsdóttir** þróunar- og stjórnmálafræðingur gengu í heilagt hjónaband í sumarskrúða borgfirskrar náttúru. Gullbryddaður brúðarkjóll Fjólu var handsaumaður í Senegal.

Við kynntumst í búningapartíi þar sem ég var máluð sem svört kona í gordjöss, senegölskum kjól en Erlendur var íklæddur skotapilsi. Það var ást við fyrstu sýn og síðan höfum við ekki sleppt hvort öðru," segir Fjóla um örlagaríkt fertugsafmæli sameiginlegrar vinkonu þeirra Erlends.

„Við vissum frá fyrstu stundu að þetta væri stóra ástin í lífinu," segir Fjóla, sem átta mánuðum síðar fékk rómantískt bónorð.

„Erlendur bað mín á aðfangadagskvöld 2012, eftir jólastundir með stórfjölskyldunni. Þá batt hann fyrir augu mér og keyrði langt út í buskann, að mér fannst, en reyndist vera akstur upp og niður Öskjuhlíð. Bíllinn stöðvaðist svo við Hótel Natura þar sem blikandi kertaljós lýstu upp bleiku svítuna og þar kraup Erlendur og bað mín með gullhringa í öskju. Ég játaðist honum auðvitað strax og við áttum jólanóttina í svítunni."

## Brúðarkjóll frá Afríku

Undirbúningur að brúðkaupinu hófst fljótt og var brúðkaupsdagurinn ákveðinn 20. júlí í fyrra.

„Við erum bæði hrifin af búningum og sérstaklega heilluð af klæðaburði miðalda," segir Fjóla um klæðaburð gestanna sem fengu boð um að mæta í búningum frá 14. til 18. aldar.

„Ég átti kynstrin öll af miðaldalegu efni í bláum og grænum lit sem ég ætlaði að nota í dúka en endaði með að sauma úr þrettán brúðarmeyjakjóla á vinkonuhópinn. Á vini brúðgumans voru svo saumaðar skikkjur með hettum og saman stóðu þau heiðursvörð."

Fjóla bjó og starfaði í Senegal áður en hún kynntist Erlendi og lét sauma á sig brúðarkjólinn þar.

„Í Senegal eru litlar saumastofur á hverju horni og afríkst handverk óskaplega fagurt. Ég sendi því málin mín út ásamt skýringarmynd og efni og sex vikum síðar kom kjóllinn heim og smellpassaði á mig," segir Fjóla um gullfallegan brúðarkjólinn.

Erlendur klæddist skyrtu í stíl breskra hefðarmanna á miðöldum, vesti og gulum buxum.

„Skyrtuna saumaði móðir hans heitin fyrir lokaverkefnið í leiklistarskólanum og í raun merkilegt að hafa átt svo hjartfólgna hluti úr fortíðinni sem hæfðu þema miðaldabrúðkaupsins. Þannig drukkum við brúðarskál úr bikurum sem ég gaf foreldrum mínum í brúðkaupsafmælisgjöf, þá tíu ára."

## Hressandi og rómantískt

Séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson gaf Fjólu og Erlend saman í Reykholti en brúðkaupsveislan var haldin á Bifröst.

„Brúðkaupsdagurinn var fullkominn og undirbúningur hans endalaust ævintýri," segir Fjóla. „Þannig fór ég á miðnætti undir Snæfellsjökul að sækja Djúpalónsperlur fyrir borðmerkingar og Erlendur útbjó brúðarvöndinn úr blómum úr náttúru Bifrastar."

Þegar athöfnin hófst gengu hettuklæddir menn inn kirkjugólfið undir þunglamalegri tónlist kantötunnar Carmina Burana.

„Það var til gamans gert og fór uggur um kirkjugesti en við tók glaðlegur brúðarmars í flutningi dóttur brúðgumans og vinkonu hennar á harmóníku og horn."

Í kirkjunni söng Erlendur þrjú lög til eiginkonu sinnar og sem hjón gengu þau út syngjandi og allir tóku undir: „Líttu á lífsins björtustu hlið", sem frægt var með Monty Python-genginu.

„Athöfnin var bæði hressandi og rómantísk. Ég fann svo vel að ég var að gera rétt og vöknaði um augu þegar presturinn talaði um þýðingu hjónabandsins. Þá brynntu margir músum þegar Erlendur söng til mín, en aðallagið var Space Oddity eftir David Bowie þar sem kunnugir vita að ég hef verið Lady Stardust frá unglingsaldri."

## Ástarbarn fætt

Brúðkaupsveislan stóð fram á rauðamorgun og kvöddu brúðhjónin veislugesti á sjöunda tíma morgunsársins.

„Upp úr stendur hamingjan og gleði ástvina. Úr brúðkaupinu fórum við í rómantískt sumarhús og áttum þar fáeina hveitibrauðsdaga, en síðar í brúðkaupsferð og dekur til Krítar sem við unnum í brúðkaupsleik Rásar 2."



Rómantíkin sveif yfir vötnum í fögru umhverfi Hreðavatns þar sem Erlendur fór á hnén til að kyssa á hönd Fjólu.

MYNDIR/ANNA ÓLÖF KRISTJÁNSDÓTTIR





Erlendur og Fjóla með börnum sínum (til vinstri) og veislustjórunum, þeim Brynju Valdísi Gísladóttur leikkonu og Sesselju Thorberg innanhússhönnuði.

Fjólu finnst miklu muna fyrir þau Erlend að vera orðin hjón.

„Maður skynjar svo vel að hjónabandið er til lífstíðar og að saman munum við ganga í gegnum súrt og sætt. Hjónabandinu fylgir líka meiri nánd og öryggiskennd; það kvikna nýjar tilfinningar og annar hugsunarháttur. Þegar maður hefur svo eignast ástarbarn í þokkabót erum við orðin sannkölluð fjölskylda," segir Fjóla sem á hveitibrauðsdögunum uppgötvaði að hún væri barnshafandi. Fyrir átti hún tvítugan son og Erlendur fimmtán ára dóttur en í mars fæddist þeim ástarbarnið Eiríkur Sæberg. *- þlg*




Verð kr. 144.000.- parið

S&T

www.siggaogtimo.is


## EF ÞIG DREYMIR GIFTINGARHRING



Giftingarhringurinn er tákn um eilífa ást og má rekja sögu hans allt aftur til Forn-Grikkja. Það er talið tákna hamingju að dreyma giftingarhring. Ef ógift/ur finnur giftingarhring í draumi gæti það þýtt að meiri alvara sé að færast í ástarsamband viðkomandi. Ef gift fólk dreymir að það týni giftingarhring gæti það verið merki um hjónabandserfiðleika. Ef hringurinn finnst aftur í draumnum mun vandamálið vera smávægilegt og auðvelt að leysa. **Heimild: www.draumur.is**


BRÚÐKAUPSGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum

TILBOÐ



Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955


Það er dýrmætt að eiga val
VERALDLEGAR
ATHAFNIR
Athafnaþjónusta Siðmenntar verður vinsælli með hverju árinu.
Veraldlegar og persónulegar athafnir fyrir stóru augnablikin:
Nafngjafir, fermingar, brúðkaup og útfarir.
Kynntu þér húmanískar athafnir Siðmenntar
SIÐMENNT
www.sidmennt.is
Frekari upplýsingar á www.sidmennt.is/athafnir eða í síma 557 3734

OKKAR BAKARÍ
Brúðkaup 2014
Skoðið úrvalið inn á okkarbakari.is
Iðnbúð 2 • Garðabæ • 565 8070 • okkarbakari.is • facebook.com/okkarbakari

# Fágaður og kvenlegur yndisleiki

Brúðkaupsdagur markar nýtt og ferskt upphaf í lífi nýgiftra hjóna. Þá vill brúðurin skarta sínu fegursta og vera örugg með útlit sitt.

Brúðarförðun vors og sumars einkennist af ferskleika og dögun nýrrar tilveru í upphafi hjónabandsins," segir Laufey Birkisdóttir, snyrti-, nudd- og förðunarfræðingur á nýju snyrtistofunni Leila Boutique á Eiðistorgi.

Laufey sá um brúðarförðun fyrir Brúðarblaðið og segir mikilvægt að undirbúa húðina vel fyrir brúðkaupsdaginn.

„Undirbúningur gerir húðina ferska og eykur útgeislun og sjálfsöryggi kvenna. Allt er það sálrænn ávinningur því brúðinni þarf að líða vel í eigin skinni og vera örugg með sig á einum af stærstu dögum lífsins," segir Laufey og bætir við að langflestar brúðir fari í andlitsbað, litun og plokkun, vax, hand- og fótsnyrtingu í aðdraganda brúðkaups.

„Þá er ómissandi að fara í prufuförðun til að ákveða förðun fyrir brúðkaupsdaginn og skiptir mestu að velja réttan lit á andlitsfarða og klæðilega liti sem tóna vel við brúðarkjólinn, hárgreiðsluna og óskir brúðarinnar."

Laufey segir brúðarförðun sjaldnast í líkingu við árshátíðarförðun eða þunga kvöldförðun.

„Brúðarförðun fer eftir aldri brúðar og er útfærð á ferskan hátt að hennar óskum. Nú er móðins að nota mikinn maskara og augnblýant við létta, ferska andlitsförðun sem tónar frá ljósum litum út í brúnt. Þrátt fyrir ferskt yfirbragðið þarf þó að vera dýpt fyrir myndatökur og sviðsljós dagsins; við altarið, háborðið og dansgólfið, og brúðkaupsförðun þarf að tolla í sólarhring og standast mat, drykk, svita, kossa og hvaðeina sem fylgir því að gifta sig." - þlg







**Um brúðargreiðsluna sá Sigurveig Runólfsdóttir á hárgreiðslustofunni Permu** á Eiðistorgi og formaður INTERCOIFFURE á Íslandi. Hún setti rautt hár Tinnu upp í fallegan hnút eins og nú er hæstmóðins hjá brúðum og endurspeglar fágun og kvenleika.

**Laufey málaði fyrirsætuna Tinnu Finnbogadóttur með snyrtivörum frá Clarins.** Hún notaði baugahyljara og ljósan grunn undir augun til að gefa þeim gljáa og ferskleika. Á augnlokin notaði hún Rosewood-augnskuggapallíettu, blautan svartan eyeliner, sem gefur dýpt, Bronze-augnblýant og á augnhárin Perfect Wonder-maskara sem þykkir og lengir. Undir augnskuggann settir Laufey grunn sem varnar litasmiti. Laufey notaði Long Lasting-meik á húðina, Miami Pink-kinnalit og Bronzing Dua-púður fyrir skyggingu. Á varirnar setti hún varalitagrunn, ferskjulitaðan varalit ofan á og gloss yfir varalitinn. Varalitagrunnur heldur varalit á vörum þrátt fyrir veislumat, kampavínsskál og kossa. Þá þarf augnmálning að vera vatnsheld ef tár falla af hvarmi vegna geðshræringar á brúðkaupsdaginn og mikilvægt að hafa púðurdós í veskinu. MYNDIR/DANÍEL




## Snjókoma boðar velsæld

***Hjátrú hefur fylgt giftingum frá ómunatíð og ber ýmislegt að varast, ef fólk tekur mark á slíkum hlutum yfirleitt. Hér fer einungis brot af þeim siðum og hjátrú sem fylgja brúkaupsdeginum.***

**Það er talið boða velsæld og frjósemi** að fleygja hrísgrjónum yfir nýgift hjón. Snjókoma á brúðkaupsdag er einnig talin boða frjósemi og ríkidæmi. Tvennum sögum fer hins vegar af rigningu á brúðkaupsdag, sums staðar er hún talin boða gæfu en yfirleitt er slæmt veður talið boða óhamingjusamt hjónaband.

**Þá verður brúðurin að hafa varann á** þegar hún fer úr húsi til athafnarinnar. Það boðar gæfu ef hún lítur í spegil á leiðinni út en ógæfu ef hún snýr sér við til að líta í spegil, eftir að hún er lögð af stað. Þó er talið að ef brúðurin smeygir silfurpeningi í skóinn sinn færi það henni auð.

**Ekki hefur einungis verið til siðs að kasta hrísgrjónum** yfir þau nýgiftu heldur var í eina tíð stundað að kasta skóm í brúðhjónin. Það boðaði meira að segja gæfu ef skórnir hæfðu brúðhjónin eða vagninn þeirra. Skókastið yfirfærðist síðar í þann sið að binda skóna aftan í farartæki brúðhjónanna.

**Þá þykir það boða gæfu** að gifta sig á miðvikudegi. Föstudagur þykir ekki góður til gifting og áður fyrr var laugardagur ekki talinn boða gott. Í dag er laugardagur hins vegar vinsæll dagur til að láta pússa sig saman.



*Heimild: www.gullogsilfur.is*

# Hjónaband eða sambúð?

Hjónaband er rómantískt og heilagt en líka góð trygging. Staða giftra hjóna og para í óvígðri sambúð getur verið mismunandi þegar kemur að stjórnsýslu og löggjöf. Sumum kann að koma á óvart hve munurinn er mikill.

**Réttindi og skyldur hjóna**

- Réttarstaða gifts fólks er sú sama hvort sem brúðkaupið er kirkjulegt eða borgaralegt.
- Fólk sem er gift hefur framfærsluskyldu hvort gagnvart öðru og gagnkvæman erfðarétt.
- Öðrum einstaklingnum í hjónabandi er óheimilt að ráðstafa íbúðarhúsnæði, eða húsnæði sem hjónin nota til atvinnustarfsemi, nema með samþykki hins aðilans.
- Gift fólk ber ekki ábyrgð á skuldum maka síns, nema að skriflegt samþykki liggi fyrir. Undantekningar frá þessu eru skattaskuldir, skuldir vegna heimilishalds, þarfa barna eða húsaleigu.
- Við skilnað gildir sú meginregla að eignum sé skipt jafnt á milli parsins, að frádregnum skuldum.
- Gift fólk getur gert kaupmála þar sem kveðið er á um að ákveðin verðmæti séu séreign annars aðilans og komi ekki til skipta við skilnað.

**Sambýlisfólk hefur ekki sömu réttindi og hjón**

- Fólk öðlast ekki lögformleg réttindi þrátt fyrir að hafa verið áratugi í sambúð.
- Helmingaskiptaregla gildir ekki þegar fólk í sambúð ákveður að slíta samvistum. Helmingaskiptaregla gildir alltaf um hjón, nema annað sé tekið fram í hjúskaparsáttmála.
- Enginn erfðaréttur gildir á milli sambýlisfólks en erfðaréttur gildir á milli hjóna.
- Fólk sem hefur verið í sambúð hefur engan rétt til að sitja í óskiptu búi ef annar aðilinn fellur frá. Fólk í hjónabandi hefur fullan rétt til að sitja í óskiptu búi ef annar aðilinn fellur frá.
- Skilji hjón að borði og sæng á tekjuminni aðilinn kröfu á hendur þeim tekjuhærri um að fá makalífeyri. Slíti sambýlisfólk samvistum á hvorugur aðili kröfu á hendur hinum um að fá makalífeyri.
- Eigi fólk börn utan hjónabands geta þau krafist þess að búi verði skipt ef viðkomandi fellur frá, nema sá hinn sami hafi gert erfðaskrá sem kveður á um annað.
- Tryggingastofnun ríkisins leggur sambúð og giftingu að jöfnu í almannatryggingum eftir tveggja ára skráða sambúð.


Sambúðarfólk nýtur ekki sömu réttinda og hjón.













# Útlit og bragð þarf að fara saman

**Ingibergur Sigurðsson,** bakari á Grand Hóteli Reykjavík, segir brúðartertur vera eins misjafnar og þær eru margar enda smekkur brúðhjóna ólíkur. Útlit brúðartertu skiptir miklu máli en hún þarf þó fyrst og fremst að vera bragðgóð.

Hin týpíska brúðarkaka er ekki til að sögn Ingibergs Sigurðssonar, bakara á Grand Hóteli Reykjavík. „Brúðartertur eru eins misjafnar og þær eru margar. Þær fara alveg eftir vilja fólks og smekk og oft eru hugmyndir varðandi kökuna fastmótaðar fyrirfram í hugum brúðhjóna.“

Hann segir hindber og súkkulaði mögulega vera vinsælustu samsetninguna en alls kyns strauma og stefnur vera í gangi. Ingibergur hefur ekki sjálfur gengið í hjónaband þannig að hann hefur ekki þurft að hugsa út í eigin draumaköku. „Súkkulaði-Baileys-kakan með kókosívafinu er afar góð kaka sem hefur þróast í gegnum tíðina hér á Grand Hóteli og hefur verið mjög vinsæl. Í hana er raðað saman hráefnum sem við vitum að virka. Kakan inniheldur tvo mismunandi botna, kókos- og svampbotna, og súkkulaðimús, sem passa vel saman. Í uppskriftinni eru perur notaðar en þeim má skipta út fyrir til dæmis hindber.“

Til þess að geta gert fallega brúðartertu þarf að gefa sér góðan tíma og er nauðsynlegt að æfa sig. „Það er auðvelt að læra allt í sambandi við bakstur og skreytingar af myndböndum á netinu. Einnig er gott að fara á námskeið. Ég mæli þó með því sem fagmaður að fólk leiti til okkar ef það vill fá góða og fallega brúðartertu án þess að hafa of mikið fyrir henni,“ segir Ingibergur.

Brúðartertur eru oft íburðarmiklar og vel skreyttar. „Oft heyri ég fólk segja að kökur séu mjög fallegar en ekkert endilega bragðgóðar. Fyrir mér gildir það að minna er meira þegar brúðartertur eru skreyttar. Stílhreinar tertur sem bragðast vel eru þær bestu. Brúðartertur þurfa ekki endilega að vera eitthvað íburðarmiklar, þær mega líka vera heimilislegar.

Annars skiptir kannski mestu að fólk eigi góða stund í veislunni og reyni svo að hanga saman um ókomna tíð,“ segir Ingibergur og hlær. - lbh





Ingibergur Sigurðsson, bakari á Grand Hóteli Reykjavík, gefur hér uppskrift að gómsætri og fallegri brúðartertu.

MYNDIR/STEFÁN

## Súkkulaði-Baileys-kaka með kókosívafi

*Uppskriftin miðast við tvær hringlaga tertur 20 cm á breidd og 6 cm á hæð.*

### Kókosbotnar

**100 g eggjahvítur (um það bil 3)**
**100 g sykur, þeytt saman í hrærivél á mesta hraða í um5 mín.**
**50 g ristaður kókos**
**50 g möndlumjöl**
**20 g hveiti, öllu blandað rólega saman við, skipt í tvö form og smurt út í formin.**
**Bakað við 180°C í átta mínútur.**
**300 g niðursoðnar perur, saxaðar niður og skipt á botnana tvo.**

### Kaffi-Baileys súkkulaðimús

**400 g 53% dökkt súkkulaði, brætt**
**120 g eggjarauður (um það bil 4)**
**60 g sykur, hrært létt saman með pískara**
**einfaldur espressókaffi**
**25-40 ml Baileys (eftir smekk)**

*Næst er súkkulaðinu hrært rólega saman við eggin. Til að súkkulaðið stífni ekki er vökvanum bætt út í rólega, um leið og súkkulaðinu.*

*1 l rjómi léttþeyttur, blandað við súkkulaði-kaffi-Baileys-blönduna í þremur áföngum.*

### Svampbotnar

**100 g sykur**
**2 egg þeytt**
**90 g hveiti**
**rétt framan á hnífsodd lyftiduft**

*Sykur og egg þeytt saman í hrærivél á mesta hraða þangað til blandan tekur að stífna. Þá er hveiti og lyftidufti bætt saman við rólega.*

*Þegar efnin hafa blandast vel saman er deigin smurt út á eina skúffuplötu og bakað við 180°C í fjórar til fimm mínútur í blástursofni, botnar kældir og skornir út með örlítið minni hring, um það bil 18 cm, til að botninn falli inn í tertuna.*

### Aðferð til að raða saman kökunni

*Best er að baka fyrst kókosbotnana í formunum tveimur. Þegar botninn er bakaður og síðan kældur er hann skorinn til eftir örlítið minni hring svo að botnarnir hverfi inn í tertuna og sjáist ekki utan frá. Svampbotninn er síðan lagaður, best er að smyrja deigið út á plötu til að botninn verði ekki of þykkur og baka. Botnarnir fá svo að kólna áður en þeir eru skornir út í rétta stærð (18 cm), aðeins minni hring en tertumótið er.*

*Síðan er gott að skera niður perurnar, gera músina og raða í tertumótið í eftirfarandi röð: kókosbotn, perur, kaffi-Baileys-súkkulaðimús fyllt út í tertumótið, svampbotn, kaffi-Baileys-súkkulaðimús, sléttað vel í hringlaga tertumótið.*

*Gott er að frysta tertuna og afþíða hana svo þannig að auðveldara verði að losa mótið. Hún er síðan skreytt að vild.*






# Sígildar brúðargjafir

***Það hefur lengi tíðkast hjá verðandi brúðhjónum hérlendis að útbúa gjafalista fyrir brúðkaup sitt. Þeir auðvelda gestum að velja gjafir við hæfi og eftir fjárráðum hvers og eins. Um leið fá brúðhjónin að mestu leyti þær gjafir sem þau óskuðu sér.***

**Þegar brúðargjafir undanfarinna áratuga** eru skoðaðar sést að margar þeirra virðast ekkert á leiðinni að falla úr tísku. Þannig eru falleg matarstell, vandaður borðbúnaður og falleg glös sígildar gjafir í brúðkaupum ár eftir ár. Samhliða slíkum gjöfum fylgja oft ýmis stærri áhöld og skálar á matarborðið.



**Dýr eldhústæki** standa alltaf fyrir sínu og eru þar hrærivélar og matvinnsluvélar oft ofarlega á lista. Þetta eru yfirleitt mjög vandaðar vörur sem endast jafnan í marga áratugi. Önnur vönduð raftæki, til dæmis í eldhúsið eða í stofuna, eiga einnig við hér.

**Listaverk** af ýmsum stærðum og gerðum eru góðar gjafir sem endast yfirleitt alla ævi og minna brúðhjónin á stóra daginn. Þar má nefna falleg málverk og margvíslega íslenska hönnun. Ýmis skandínavísk hönnun hefur líka lengi verið mjög vinsæl sem brúðargjöf hérlendis.

**Einnig má nefna til sögunnar gjafabréf** sem brúðhjón nýta gjarnan í stórar og dýrar gjafir eins og borðstofuhúsgögn eða sófasett.



# Fullkominn gleðidagur

Spænsku **Freixenet cava-freyðivínin** njóta mikillar hylli og eru vinsæl í veislur. Gæðin þykja enda afar góð auk þess sem verðið er mjög hagstætt.

Freixenet-freyðivínin eru frá bænum Sant Sadurní d'Anoia skammt frá Barcelona. Þar hóf Sala-fjölskyldan vegferð sína í framleiðslu og útflutningi á Freixenet-freyðivínunum fyrir um 150 árum. Fyrir Sala-fjölskyldunni fer José Ferrer Sala. „Hvert er leyndarmálið á bak við gott vín? Það er ekki til. Landið sjálft og vínviðurinn gefa okkur það besta af sínu. Við aukum svo á fínleikann, reynsluna og hugvitsemina til að gera vínin góð," segir José Ferrer Sala um hvað Freixenet stendur fyrir.

Cava er í raun nafnið á þeim freyðivínum sem framleidd eru á Spáni. Cava-vínin fara allt af í gegnum tvær gerjanir og fyrir vikið verða vínin þéttari og ríkulegri. Til gamans má geta að Freixenet-freyðivínin voru fyrstu fáanlegu cava-freyðivínin hérlendis. Þau eru enn til sölu í Vínbúðunum í dag og njóta mikillar hylli.

### Ljúffengur drykkur í brúðkaupum

Tvær tegundir af ljúfum Freixenet-freyðivínum henta sérlega vel sem fordrykkur, í standandi veislur með fingramat og að sjálfsögðu í brúðkaupsveislurnar. Þetta eru annars vegar Cordon Negro Brut-freyðivínið og hins vegar Freixenet Cordon Rosado Brut.

### Cordon Negro Brut-freyðivínið

Nútímalegt cava-vín, með hressandi og flottan stíl, þrúgurnar í því eru Macabeo, Xarel-lo og Parellada. Vínið er látið eldast í 10 til 14 mánuði. Freixenet Cordon Negro Brut var valið best af vinsælustu freyðivínum í Vínbúðunum í desember 2012. Vínið er ljóssítrónugullið, fersk sítróna og eplatónar í angan, vínið hefur létta fyllingu, er þurrt með góðan ávöxt og fínlegt.

### Freixenet Cordon Rosado Brut

Ávaxtaríkt og milt. Það er búið til úr þrúgunum Trepat og Garnacha og er látið eldast í 12 til 18 mánuði. Freixenet Cordon Rosado Brut er ljós-jarðarberjarautt, léttleikandi og ferskt freyðivín. Þroskuð sólber og jarðarber koma fram vel fram í bragði þess. Fylling vínsins er létt og í heildina er Freixenet Cordon Rosado Brut mjúkt og aðlaðandi vín.

**Cava er í raun nafnið á þeim freyðivínum sem framleidd eru á Spáni.**




Tvær tegundir af ljúfum Freixenet-freyðivínum henta sérlega vel í brúðkaupsveislurnar.



Freixenet-freyðivínin eru frá bænum Sant Sadurní d'Anoiia á Spáni.


Fáðu hjálp frá gæludýrinu. Gætið þess þó að dýrið gleypi ekki hringinn og bónorðið verði skítlegt.



Þessi er góð fyrir bókmenntanördana. Það má nota hvaða bók sem er og gefa makanum sem verður eflaust mjög hissa að sjá hvað leynist á bak við kápuna.


Ef þessi leið er farin er tilvalið að nota Harry Potter bókina The Circlet of Eternity og skera niður að kaflanum The Unbreakable vow (Órjúfanlega heitið).



Skrifið stóru spurninguna í botninn á morgunkaffibollanum. Þannig verður það alveg á hreinu að svarið komi frá manneskju sem er vakandi og skyni gædd.

# Óvenjuleg bónorð

Ef allt er eins og það á að vera er það mikil gleðistund þegar stóra spurningin er borin upp. Margir vilja fara hefðbundnar leiðir og eru formfastir í bónorðsmálunum; karlmaðurinn á að fara á skeljarnar. Aðrir vilja gera eitthvað óvenjulegt og finnst gaman að koma makanum á óvart og bera bónorðið upp þegar hann á síst von á. Ef einhver er á biðilsbuxunum og vantar frumlegar hugmyndir eru hér nokkrar.


Að bjóða sínum heittelskaða maka í rómantískan kvöldverð á veitingastað, fá þjónustufólkið í lið með sér og fela bónorðið í mat eða drykk. Það er eflaust ekki óvenjulegasta bónorð í heimi en kemur á óvart og er reglulega krúttlegt.



Breytið venjulegum aðstæðum í óvenjulegar og berið fram stóru spurninguna þegar makinn á síst von á. Bónorð í gönguferð á ströndinni er með því rómantískasta sem um getur.




## Skipulagt á stuttum tíma

***Brúðkaupsdagurinn er ekki kallaður „stóri dagurinn" fyrir ekki neitt. Margir skipuleggja hann með margra mánaða fyrirvara og hefur jafnvel dreymt um hann í fleiri ár. Aðrir hafa ekki þann hátt á og skipuleggja brúðkaup á nokkrum vikum. Einhverjir taka andköf þegar þessi hugmynd berst í tal en það er vel hægt að halda flott og skemmtilegt brúðkaup með stuttum fyrirvara.***

- Það er best að byrja á því að panta veislusal, kirkju og prest (eða annan til að gefa brúðhjónin saman). Þegar það er komið þarf að senda út boðskort. Það er auðvelt að gera þau heima í tölvunni og líka fljótlegra.
- Þá er komið að fötunum á brúðhjónin. Ekki gleyma fylgihlutum, svo sem skóm og skartgripum. Hægt er að leigja allt sem til þarf á brúðarkjólaleigum.
- Ef panta á veitingar í veisluna þyrfti helst að skipuleggja það með nokkurra vikna fyrirvara. Ef ekki er tími til þess má biðja vini og ættingja um aðstoð og fá hvern og einn um að koma með einn rétt eða köku.
- Hafa þarf samband við ljósmyndara nokkrum vikum fyrir brúðkaup til að hann sé örugglega laus þann dag. Í flestum fjölskyldum finnst svo yfirleitt einhver sem getur tekið myndir í veislu og athöfn. Einnig er sniðugt að biðja gesti að taka myndir og safna svo öllum myndunum saman á einhverja netsíðu.
- Gott er að fara í klippingu um það bil viku áður og vera þá búinn að ákveða hvernig hár og förðun á að vera á stóra daginn.
- Skreytingar fyrir salinn og blóm þarf að kaupa nokkrum dögum fyrir brúðkaupið og gott ef hægt er að klára að skreyta salinn þá. Einnig þarf að huga að því hvernig brúðhjónin eiga að ferðast um á brúðkaupsdaginn ef þau þurfa að fara á milli til dæmis kirkju og veislusalar.
- Það er um að gera að virkja fólkið í kring og láta alla sem til taks eru til að hjálpa til við undirbúninginn. Svo er mikilvægast að njóta dagsins og skemmta sér vel.



2 bókstafir, fullkomin húð á 1 augnabliki






BB krem frá Garnier

5 frábærir eiginleikar

Jafnar húðlit
Rakagefandi
Hylur
Gefur ljóma
Sólarvörn SPF 15

**Hvað er BB krem?**
BB krem (Blemish Balm) er fegurðarleyndarmál frá Asíu með byltingarkenndri formúlu sem sameinar í einu skrefi það besta í húðumhirðu og örfínar litaragnir sem láta húðina ljóma.

**Miracle Skin Perfector**
Kraftaverkakremið frá Garnier- 5-í-1 fyrir fullkomna húð á augnabliki.

**Miracle** Skin Perfector
**5-í-1**-KREMIÐ

Fæst í öllum helstu matvöruverslunum

Take care.
GARNIER



## SÚKKULAÐIFRAUÐ Í EFTIRRÉTT

Brúðkaupstertur eru ekki ómissandi í brúðkaupum. Þeir sem vilja sleppa rjómabombunni góðu geta farið aðrar leiðir til að veita gestum ljúfan eftirrétt. Ein hugmyndin er að bera fram súkkulaðifrauð eða annars konar búðinga í glösum. Þannig hefur hver og einn gestur sinn eigin skammt.

Þessa uppskrift að súkkulaðifrauði að finna á matarblogginu Eldhússögur

**Uppskrift fyrir 4-6**

100 g dökkt súkkulaði, helst 80%

2 eggjarauður

3 dl rjómi

einhvers konar bragðbætir, t.d. koníak

*Súkkulaðið er brytjað niður og brætt yfir vatnsbaði við vægan hita, látið kólna dálítið. Því næst er eggjarauðunum bætt út í súkkulaðið einni í senn og blandað vel saman við. Rjóminn er þeyttur og dálitlum hluta af honum, um ½ dl, bætt saman við súkkulaðiblönduna og hrært þar til allt er vel blandað saman. Þá er restinni af rjómanum bætt út í og hrært þar til blandan er slétt. Blöndunni er skipt í glös og látin stífna í ísskáp í minnst tvo tíma áður en hún er borin fram. Gott er að bera fram þeyttan rjóma með súkkulaðifrauðinu og jafnvel skreyta með jarðarberjum eða hindberjum.*



## ÁSTIR MÖRGÆSA

**Mörgæsir eru** mjög rómantískar. Þegar karlkyns mörgæsir biðla til kvennanna sem þeir eru skotnir í gefa þeir þeim steina. Ekki þó hvaða stein sem er. Karlmörgæsirnar fara niður í fjöru og leita að mýkstu og fullkomnustu steinvölunni. Þegar hún er fundin setur karlinn hana fyrir framan konuna sem hann hefur augastað á. Ef hún tekur við steinvölunni þá hefur hún tekið bónorðinu. Steinvölurnar eru svo mikilvægar mörgæsunum að karlarnir slást oft yfir þeim fallegustu.

## BRÚÐARTERTAN SKORIN

**Sá siður að brúðhjón skeri fyrstu sneiðina af brúðartertunni saman** hefur tíðkast um langa hríð. Venjan er að hjónin haldi saman um hnífinn og skeri sneiðina, sem tákn um að framtíð þeirra verði samtvinnuð.

**Áður fyrr var venjan sú að brúðguminn gaf brúði sinni fyrsta bitann af sneiðinni.** Það átti að tákna að hann myndi sjá fyrir henni. Í áranna rás hefur sá siður breyst á þann veg að brúðhjónin mata hvort annað á bita af sneiðinni, gjarnan bæði í einu.

**Sú hefð að brúðartertan sé í mörgum lögum á sér einnig skýringar**. Neðsta hæðin er tákn um fjölskyldu brúðhjónanna og næstu hæðir táknuðu þann fjölda barna sem þau vonuðust eftir að eignast. Efsta hæð tertunnar stendur fyrir brúðhjónin sjálf.





# FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Eggert Ólafsson • Löggiltur fasteignasali • Löggiltur leigumiðlari



- Enginn kostnaður nema eignin seljist eða leigist
- Ég næ árangri við sölu og leigu fasteigna
- Ég aðstoða þig við að finna eign
- Sanngjörn sölu- og leiguþóknun
- Nákvæm og fagleg vinnubrögð
- Ég sýni eignina fyrir þig

## Vantar allar gerðir eigna á söluskrá • Frítt verðmat löggilts fasteignasala • Sími 893 1819




**Almannadalur 19  110 Reykjavík**

**Opið hús sunnudag 30. mars kl. 14:00-14:30**
***HESTHÚS ÁSAMT ÍBÚÐ * SKIPTI MÖGULEG ***
Átján hesta hús, 264 fm., ásamt fallegri 3ja til 4ra herb. íbúð í risi. Eignin er staðsett við borgarmörkin. Gólfflötur rishæðar er mun stærri en fermetratala gefur til kynna. Rúmgott gerði er við húsið. Gott útsýni. Stutt er í keppnisvöll. Góðar reiðleiðir.
**Verð kr. 44.600.000**




**Sóleyjarimi 19  íbúð 202  112 Reykjavík**

**Opið hús sunnudag 30. mars kl. 13:00-13:30**
***FYRIR 50 ÁRA OG ELDRI * ÚTSÝNI***
Vel skipulögð og falleg 3ja herb., 88,9 fm. íbúð á 2. hæð, í nýlegu húsi fyrir 50 ára og eldri. Suðursvalir með glæsilegu útsýni. Falleg gólfefni. Lyfta. Stutt er í Spöngina, verslun og þjónustu, kvikmyndahús, golfvöll, gönguleiðir við sjávarsíðuna o.fl.
**Verð kr. 29.500.000**




**Gnoðarvogur 84  efsta hæð  104 Reykjavík**

**Opið hús miðvikudag 2. apríl kl. 17:30-18:00**
***EFSTA SÉRHÆÐ * FRÁBÆR STAÐSETNING***
5 herb., 135 fm. sérhæð ásamt bílskúr í fallegu 4ra íbúða húsi. Sólskáli og stórar suðursvalir. Frábær staðsetning miðsvæðis í Reykjavík. Í næsta nágrenni er útivistarsvæði í Laugardal, skólar, verslanir og önnur þjónusta.
**Verð kr. 34.900.000**




**Lækjarsel 13  einbýlishús  109 Reykjavík**

**Mjög góðar leigutekjur af fjórum íbúðum**
***ÞRJÁR AUKAÍBÚÐIR Í EINBÝLISHÚSI***
Um 450 fm. einbýli með þremur aukaíbúðum. Öll eignin er í útleigu, fjórar íbúðir. Húsið er á tveimur hæðum, innst í botnlangagötu við óbyggt svæði, efst í Seljahverfi. Íbúðirnar eru allar í útleigu. Hellulagt plan með hitalögn. Gróinn garður með miklum trjágróðri.
**Verð kr. 73.000.000**




**Sogavegur 162 parhús  108 Reykjavík**

**Nýbygging miðsvæðis í Reykjavík**
***NÝTT PARHÚS * AFHENT FOKHELT EÐA FULLBÚIÐ***
Nýtt og vel skipulagt 130,5 fm. parhús. Tvær hæðir og staðsteypt. Auglýst verð miðast við frágengið hús að utan með grófjafnaðri lóð og fokelt að innan. Komin m.a. einangrun í útveggi og loft og hitalögn í gólf niðri. Gott útsýni.
**Verð frá kr. 34.900.000**




**Vættaborgir 16  parhús  112 Reykjavík**

**Getur mögulega verið laust fljótlega**
***STÓRFENGLEGT ÚTSÝNI * VANDAÐ PARHÚS***
Glæsilegt 4ra herb. parhús á tveimur hæðum, ásamt innbyggðum bílskúr. Stórfenglegt útsýni. Fallegur garður. Stutt er í skóla, leikskóla, Spöngina, kvikmyndahús, íþróttafélag, golfvöll, leikvöll, gönguleiðir við sjávarsíðuna o.fl.
**Verð kr. 45.500.000**




**Naustahlein 26  endaraðhús  210 Garðabær**

**Naustahlein 26  endaraðhús  210 Garðabær**
***FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI * ÞJÓNUSTA Í HRAFNISTU***
Fallegt 3ja herbergja, 89,2 fm. endaraðhús, fyrir 60 ára og eldri. Hátt er til lofts í húsinu. Fallegur og ræktaður garður. Hiti er í stéttum og bílaplani. Aðgangur er að þjónustu á vegum Hrafnistu og er það í göngufæri.
**Verð kr. 31.500.000**




**Sléttuvegur 29  íbúð 106  103 Reykjavík**

**Frábær staðsetning í Fossvogsdalnum**
***FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI * LAUS FLJÓTLEGA***
Vönduð og falleg 3ja herb., 96,2 fm. íbúð á 1. hæð fyrir 60 ára og eldri, auk stæðis í bílageymslu í glæsilegu og nýlegu húsi fyrir 60 ára og eldri. Yfirbyggðar suðursvalir. Samkomusalur o.fl. Húsvörður og lyfta. Þjónustusel í göngufæri.
**Verð kr. 36.300.000**

**Eggert Ólafsson • Löggiltur fasteignasali • Löggiltur leigumiðlari • eggert@fasteignasalan.is • Sími 893 1819**

FRUM - www.frum.is



**byr fasteignasala** 10 ára 2003 - 2013

**Farsæl þjónusta í áratug**



Pétur Kristinsson
Lögg. fasteignasali
S: 893 9048



Soffía Theodórsdóttir
Lögg. fasteignasali

Austurmörk 4
Hveragerði
Sími: 483 5800
Gsm: 895 9098
www.byrfasteign.is

## Hveragerði er heitur reitur













## Smyrlaheiði – Sölusýning

### Opið hús á morgun, sunnudag frá kl. 14:00-16:00



**Til sölu glæsilegar 3ja -4ra herbergja íbúðir í raðhúsi á einni hæð að Smyrlaheiði í Hveragerði. Stærð frá 97 fm. Verð frá 20,5 millj.**

Innréttingar og skápar eru úr eik, eikarparket er á eldhúsi, stofu og herbergjum, en flísar á baðherbergi og anddyri.

Hverri íbúð fylgir stæði í bílageymslu og sérgeymsla sem staðsett er fyrir framan stæðið. Lóðin er mjög snyrtileg með fallegri hellulögn og lítill pallur er við hverja íbúð.

Sameiginleg aðstaða er í sér húsi sem staðsett er fyrir miðjum kjarnanum, þar er samkomusalur og fleira. Hér er um að ræða glæsilegar og bjartar íbúðir sem staðsettar eru stutt frá fallegum gönguleiðum.




## Við hjá Byr fasteignasölu, tökum vel á móti þér

# TIL SÖLU
## HURÐA OG GLUGGA VERKSMIÐJA

VERKSMIÐJAN ER MJÖG VEL TÆKJUM BÚINN.

FYRIRTÆKIÐ ER VEL STAÐSETT Í EIGIN HÚSNÆÐI.

UM ER AÐ RÆÐA VERÐMÆTAN MÖGULEIKA FYRIR RÉTTAN AÐILA.

**UPPLÝSINGAR Í SÍMA: 896-2822**

---

**Viðskiptahúsið**

FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR

## TIL SÖLU: Aðalbjörg II. RE 236



Viðskiptahúsið kynnir: Erum með til sölu dragnóta og netasbátinn Aðalbjörgu II. RE 236. Báturinn var smíðaður hjá Bátalóni árið 1972. ML:21,93 m, BR: 4,8 m. Aðalvél bátsins er CATERPILLAR TAMD 162 339 kW.Árg 1998. Báturinn er mjög vel útbúinn til dragnóta og netaveiða. Einnig fylgir búnaður til línuveiða og mikið af veiðafærum. Báturinn er klár á veiðar.

Frekari upplýsingar veitir Snæbjörn Ólafsson í síma 8940361 eða **snae@vidskiptahusid.is**

**www.vidskiptahusid.is - sími 566 8800**

---

**heimili FASTEIGNASALA**



Finnbogi Hilmarsson lögg.fasteignasali

## Barðavogur 38 – mikið endurnýjuð 3ja herb.




**Opið hús á morgun sunnudag frá kl 15 – 15:30**

Falleg og vel skipulögð um 80 fm íbúð á jarðhæð. Tvö rúmgóð herbergi og björt falleg stofa. Nýtt eldhús og tæki sem og parket á gólfum. Nýjar innihurðir nýtt dren o.fl. Góð staðsetning í grónu barnvænu hverfi þar sem stutt er í alla þjónustu. **Verð 24,9 millj.** Frekari upplýsingar gefur Finnbogi Hilmarsson, lgf – 895-1098.

**530 6500** **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** **530 6500**

---

Sundagörðum 2
Sími: 533-4800
www.midborg.is

**MIÐBORG** fasteignasala

Björn Þorri Viktorsson
Hrl. og lögg. fasteignasali
Karl Georg Sigurbjörnsson
Hrl. og lögg. fasteignasali

## Hátröð 9

**Opið hús sunnudag á milli 15.00 og 16.00**




Fallegt einbýli á vinsælum stað í Kópavogi. Húsið er á tveimur hæðum, kjallara og með stórann bílskúr. Upprunalegt fjölskylduhús sem hefur verið vel við haldið. Stærð 259,5fm. **V. 46,9m.** **Uppl. Gylfi S. 822-0700**

---

Sundagörðum 2
Sími: 533-4800
www.midborg.is

**MIÐBORG** fasteignasala



Björn Þorri Viktorsson
Hrl. og lgf



Gylfi Þórisson
Sölustjóri




## Einstaklega fallegt einbýli á rólegum stað í Ártúnsholti

Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni og er fallegt utan sem innan og með marmara á öllum gólfum og baðherbergjum, sem og sólbekkjum. Frístandandi bílskúr og fallegur garður. Húsið stendur á hornlóð á góðum stað. Falleg aðkoma og glæsilegt hús í alla staði. Á fyrstu hæð eru fjögur svefnherbergi, 2 baðherbergi, hol og dagstofa. Á annarri hæð eru 3 stofur, salerni, eldhús og þvottahús. Í kjallara eru fjögur herbergi/rými ásamt holi. Húsið er samtals 338,1 fm. Verð 88m. Sjón er sögu ríkari.

**Gylfi Þórisson, sölustjóri Miðborgar, tekur á móti gestum í opið hús, og veitir einnig nánari upplýsingar í síma 822-0700 eða gylfi@midborg.is.**

---

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA

**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

## Suðurvangur 13 – Hafnarfjörður – Einbýli

**Opið hús sunnud. 30. mars milli kl. 14.30 og 15**




Nýkomið í einkasölu sérlega fallegt tvílyft einbýli með bílskúr samtals 260 fm. Stofa, borðstofa, arinstofa, sjónvarpsskáli. 4-5 stór herbergi ofl. Svalir. Hellulagt bílaplan. Verandir. Góð staðsetning. **Verð 56 millj.**
**Myndir og upplýsingar á netinu. Verið Velkomin**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

---

# Skrifstofur til leigu að Laugavegi 178, Reykjavík



Húseign kynnir til leigu frábærlega staðsettar skrifstofur miðsvæðis í Reykjavík til leigu, möguleiki á sameiginlegri móttöku og símsvörun, bókhaldsþjónustu. Ljósleiðara internet. Góð fundarherbergi og ráðstefnusalur. Möguleiki á að leigja eingöngu skrifborð í alrými.
**Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100**

**HÚSEIGN** Fasteignamiðlun

Suðurlandsbraut 48, Reykjavík s. 585-0100
www. huseign.is huseign@huseign.is

---

## Birkihlíð – Reykjavík.



Nýkomið í einkasölu mjög glæsilegt og algjörlega endurnýjað 190 fm raðhús á 2 hæðum með innb. 28 fm bílskúr á fallegum stað í suðurhlíðum Reykjavíkur.Búið er að endurnýja húsið að innan á mjög vandaðan hátt. Allar innréttingar, hurðir, gólfefni, baðherbergi, tæki og fl. Massift parket. Bakgarður í suður standsettur 2009.Eign í sérflokki. **Verð 62.5 millj.**
**Uppl. veitir Bárður H Tryggvason í 896-5221.**

**VALHÖLL** FASTEIGNASALA

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

# HÍBÝLI FASTEIGNASALA

Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.
Þórður S. Ólafsson, löggiltur fasteignasali.
Suðurgata 7, 101 Reykjavík - hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800




## Bræðraborgarstígur 7 - 101 Reykjavík

**Íbúðin verður sýnd í dag, laugardag milli kl. 13:30 og 14:00.**

Sérlega glæsileg og algjörlega endurnýjuð 179,6 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin var innréttuð fyrir örfáum árum á afar vandaðan og fallegan hátt. Mjög stórar stofur ásamt stórri bókastofu. Eldhús með svölum út af. Svefnherbergi með fataherb. inn af. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, t.f. þvottavélar í lokuðu rými. Eikarparket á gólfum. Eign í algjörum sérflokki. **Verð 64,9 millj.**




## Malarás - 110 Reykjavík

Glæsilegt tvílyft einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Selásnum. Húsið er samtals 280,6 fm að gólffleti, þ.e. íbúð er 243 fm og innbyggður bílskúr er 37,6 fm. Komið inn á neðri hæð. Hol, tvö herbergi, snyrting, þvottahús, parket og flísar á gólfum. Á efri hæð er stofa, borðstofa, sólstofa, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. **Verð 78,5 milljónir.**



**Viðjugerði - 108 Reykjavík**
Afar vandað og glæsilegt 290,8 fm tvílyft einbýlishús á eftirsóttum stað í Gerðunum. Íbúðin er 264 fm og bílskúr er 26,8 fm. Neðri hæð skiptist í þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, geymslu og bílskúr. Á efri hæð eru stórar og bjartar stofur, eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Mikil lofthæð. **Verð 89,5 millj.**



**Álagrandi - 107 Reykjavík**
Falleg 70,9 fm íbúð á 3.hæð í góðu fjölbýlishúsi á Álagranda í vesturbæ Reykjavíkur. Anddyri, parket á gólfi, lítið fatahengi. Baðherbergi, upprunalegt með baðkari, dúkur á gólfi og veggjum. Eldhús, upprunalegt með dúk á gólfi, eldhúsinnrétting er upprunaleg en er afar heilleg og vel með farin. Áhv. 19 millj. ÍLS. **Verð 25,7 millj.**



**Gerðhamrar - 112 Reykjavík**
Glæsileg 5-6 herbergja, 193 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr, íbúðin er 161,5 fm og bílskúr er 31,5 fm. Hæðin skiptist í anddyri með flísum. Gestasnyrting, flísar. Stórar samliggjandi stofur, hátt til lofts, parket. Eldhús nýlega endurnýjað, vandaðar innréttingar, flísar. Fjögur svefnherbergi. **Verð 54,7 millj.**



**Álfhólsvegur - 200 Kópavogur**
Mjög gott 199,8 fm tvílyft parhús með tveimur íbúðum, þ.e. 2ja herbergja íbúð á neðri hæð og 4ra herbergja íbúð á efri hæð og að hluta á neðri hæð, auk geymslukjallara. Íbúðarrýmið er 165,1 fm og sérstæður bílskúr er 34,7 fm samtals 199,8 fm. Auðvelt er að breyta húsinu aftur í eina íbúð. Húsið stendur á stórri lóð. **Verð 44,9 millj.**



**Eldri borgarar - Sléttuvegur - 103 Reykjavík**
Mjög falleg og björt 2ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr í góðu fjölbýlishúsi með lyftu fyrir 63 ára og eldri. Anddyri, inbyggðir fataskápar. Stór og björt stofa, parket á gólfi. Úr stofu er gengið út á suðvestursvalir sem eru að hluta yfirbyggðar. Eldhús opið við stofu, góð innrétting hvít með beykiköntum, korkflísar á gólfi. **Verð 32,9 millj.**



**Njálsgata - 101 Reykjavík**
Góð 3ja herbergja 82,7 fm íbúð á 2. hæð í reisulegu steinhúsi við hlið Barónsborgar. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu með annarri stofu/herbergi þar innaf, lokað á milli með rennihurðum. Svefnherbergi með innb. skápum. Baðherbergi með setbaðkari. Eldhús með eikarinnréttingu. Dúkur og teppi á gólfum. Laus strax. **Verð 24,8 millj.**



# FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF

Sími 562 4250

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is


Hilmar Óskarsson
Framkvæmdarstjóri


Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali


Guðjón Sigurjónsson
Sölumaður


Anna Jónsdóttir
Sölumaður

# OPIN HÚS







**Til sýnis ný og glæsileg 3ja herbergja íbúð, 126,8 fm. að stærð, á þessum vinsæla stað í Sjálandshverfinu.**

Stæði í bílageymslu fylgir. Vandaðar innréttingar, fataskápar og hurðir úr eik. Íbúðirnar eru til afhendingar nú þegar.

**Óskar og Hilmar sýna íbúðina sunnudaginn 30. mars, á milli 14:00 og 15:00. Uppl. í síma 822-8750 og 896-8750.**

**Til sýnis ný og glæsileg 4ra herbergja íbúð, 128,4 fm. að stærð, á þessum vinsæla stað í Sjálandshverfinu.**

Stæði í bílageymslu fylgir. Vandaðar innréttingar, fataskápar og hurðir úr eik. Íbúðirnar eru til afhendingar nú þegar.

**Óskar og Hilmar sýna íbúðina sunnudaginn 30. mars, á milli 14:00 og 15:00. Uppl. í síma 822-8750 og 896-8750.**

# AÐ KUNNA AÐ VELJA SÉR EFTIRMENN

FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** rekur hér eitt af sárafáum dæmum sem sagan kann að greina frá um að öflugir leiðtogar óttist ekki að velja öfluga eftirmenn, ólíkt til dæmis Alex Ferguson!



Í heitum pottum nú um stundir, að minnsta kosti þar sem karlmenn koma saman, eru fá umræðuefni vinsælli þessa dagana en vandræði enska fótboltafélagsins Mancheser United. Og virðist hver hafa sína kenningu á því af hverju þau stafa. Sjálfum þykir mér í ljósi sögunnar að sökudólgurinn sé raunar alveg augljós, nefnilega fyrrverandi þjálfari liðsins, Alexander Chapman Ferguson og enginn annar. Hann var eins og menn vita hinn ógnarsterki leiðtogi liðsins í 27 ár og hafði einstaka hæfileika, metnað og viljastyrk í sínu starfi.

## „GÓÐU KEISARARNIR“

| Nafn | Valdatími | Árafjöldi |
|---|---|---|
| Nerva | 96-98 | 2 |
| Trajanus | 98-117 | 19 |
| Hadríanus | 117-138 | 21 |
| Antonínus Píus | 138-161 | 23 |
| Markús Árelíus | 161-180 | 19 |

Því vann hann líka óteljandi sigra. En að lokum áttaði hann sig á því að þetta væri orðið ágætt og ákvað að hætta, og þá féll Ferguson kylliflatur í einmitt þá gryfju sem virðist næstum óhjákvæmilegt að sterkir og sigursælir leiðtogar detti oní þegar ferli þeirra er að ljúka – það er að segja, hann valdi minnipokamann sér að eftirmanni.

Til þess einfaldlega að eftirmaðurinn myndi áreiðanlega ekki skyggja á hann þegar fram liðu stundir.

### Öflugir leiðtogar

„Sá útvaldi“ í tilfelli Fergusons reyndist vera David Moyes, þjálfari sem á rúmum áratug gerbreytt yfirbragði Everton-liðsins frá því að vera dálítið mistækt stórlið sem alltaf öðruhvoru vann ágæta sigra yfir í að verða þrautseigt miðlungslið þar sem árangur yfir miðju í ensku deildinni var talið mjög ásættanlegur, því við meiru mætti alls ekki búast. Moyes er sem sagt ekki sigurvegari í eðli sínu, heldur er hann svona maður sem er góður í að bíta á jaxlinn og fær sitt kikk í lífinu út úr því að vera hrósað fyrir að gefast ekki upp þótt alltaf blási á móti. Meðvitað eða ómeðvitað valdi Ferguson þennan mann sem arftaka sinn því hann vissi að það væri engin leið að Moyes gæti fylgt eftir sigurgöngu hans sjálfs. Og það er mannlegt að vilja tryggja sér háan stall í sögunni, þótt stundum hafi það í för með sér að hinn öflugi leiðtogi skilji eftir sig sviðna jörð þar sem enginn er lengi vel í stakk búinn til að að reisa hið fallna merki.

Það má sjá þessa tilhneigingu hinna öflugu leiðtoga úti um allt í sögunni, bæði í stóru og smáu, og íslensk dæmi um einmitt þetta blasa líka við ef einhver nennir að skyggnast eftir þeim. Í einhverjum heita pottinum um daginn fórum við hins vegar að velta fyrir okkur hvort ekki mætti finna dæmi um hið gagnstæða, leiðtoga sem þvert á móti velja sér sjálfir öfluga eftirmenn og eru ekkert smeykir við samkeppni frá þeim í hinni sögulegu vitund. En þrátt fyrir að brjóta um þetta heilann heillengi, þá tókst í rauninni aðeins að finna eitt dæmi um slíkt – en þar er reyndar um að ræða röð fimm öflugra foringja sem allir völdu sér sjálfir ágæta eftirmenn.

Nema sá síðasti.



Nerva

### Valdamenn

Árið 96 eftir Krist var Rómarkeisarinn Dómitíanus myrtur af nánum aðstoðarmönnum sínum og lífvörðum sem fengið höfðu nóg af geðþóttastjórn hans og grimmilegum ofsóknum gegn raunverulegum og ímynduðum óvinum. Enginn samsærismannanna var sjálfur í stakk búinn til að hrifsa til sín keisaratignina og þá kom öldungaráðið til skjalanna og valdi einn úr sínum röðum til keisara, hálfsjötugan og heilsuveilan og barnlausan öldungaráðsmann sem Nerva hét. Hann féllst á að verða keisari og næstu tvö árin vann hann af stakri samviskusemi að því að koma á röð og reglu eftir róstusama stjórnartíð Dómitíanusar. Hann hafði ekki aðeins verið harðstjóri hinn versti, heldur látið stjórnsýslu reka á reiðanum og eytt mjög um efni fram, svo við mörg vandamál var að glíma. Til að tryggja sér stuðning hersins ættleiddi Nerva vinsælan hershöfðingja sem stýrt hafði um skeið liði Rómar í Germaníu eða Þýskalandi, Markús Úlpíus Trajanus hét sá, fæddur á Spáni en raunar af gamalgrónum ítölskum ættum. Og þegar Nerva dó eftir aðeins tæp tvö ár á sínum óvænta valdastóli, þá varð Trajanus átakalaust keisari í ríkinu.



Trajanus

Trajanus þykir vera einn af hinum glæstari keisurum Rómaveldis. Stjórnsýsla á hans dögum þótti með sérstökum fyrirmyndarblæ, hann stóð fyrir mörgum þjóðþrifaverkum og lét til dæmis setja lög um umönnun þeirra sem minnst máttu sín, svo sumir vilja ganga svo langt að telja hann einn af upphafsmönnum velferðarríkja nútímans. Persónulega þótti hann prúður og vandaður maður. Reyndar hafði Trajanus svo gott orð á sér að eftir kristni varð ríkistrú í Rómaveldi varð til sú saga að Gregoríus páfi mikli reist hann upp frá dauðum stundarkorn svo skíra mætti hann til kristindóms, því það gengi ekki að svo ágætur keisari lægi ókristnaður í gröf sinni. Á sínum eigin dögum var Trajanus þó þekktastur fyrir hernaðarbrölt sitt. Í nærri hundrað ár hafði orðið lát á útþenslustefnu Rómverja sem bættu engu við ríki sitt nema Englandi. En Trajanus kvaddi út legíónir sínar og lagði fyrst um Róm hina svonefndu Dakíu, sem nú heitir Rúmenía, og fór svo í austurveg og knésetti Parþa sem ríktu yfir hinu forna Persaveldi, frá þeim tók Trajanus Mesópótamíu eða Írak og væri fróðlegt að vita hver hefði orðið þróun þar ef landsvæðið hefði kannski næstu aldirnar orðið rómverskt.

En af því varð ekki. Á heimleið úr herferð sinni til Mesópótamíu andaðist Trajanus 63 ára gamall og eftirmaður hans ákvað að ekki væri ómaksins vert að halda svæðinu, svo Rómarher hélt þaðan allur brott.



Hadríanus

Þessi eftirmaður var Publíus Aelíus Hadríanus, liðlega fertugur frændi Trajanusar sem hafði verið ættleiddur af keisaranum og konu hans, hinni djúpvitru Pompeiu Plótínu, þegar hann missti föður sinn tíu ára gamall. Þeim hjónum hafði ekki orðið barna auðið, og kann að hafa spilað þar inní að Trajanus var sterklega grunaður um að hrífast meir af sætum strákum en konu sinni. En vel var valið: Hadríanus var mesti efnispiltur og reyndist prýðilega á keisarastóli, þar sem hann sat rúm tuttugu ár. „Sat“ er reyndar ekki vel að orði komist, því Hadríanus var á stöðugum ferðalögum um ríki sitt og fór allt norður til Skotlands, þar sem hann lét reisa hinn fræga Hadríanusarmúr svo vernda mætti rómverska þegna á Englandi fyrir árásum skoskra villimanna. Að treysta friðinn í ríkinu voru reyndar hans ær og kýr. Hadríanus var samkynhneigður og átti ekki börn með konu sinni, frekar en Trajanus, en þegar hann var kominn á sjötugsaldur og orðinn heilsuveill ættleiddi hann Antonínus nokkurn sem síðar hlaut viðurnefnið Píus, hinn trúi. Og Antonínus varð keisari við lát Hadríanusar. Ekki nóg með það, Antonínus hafði nefnilega átt tvo syni sem báðir voru þá dánir ungir að árum og Antonínus ættleiddi því um leið sjálfur efnispilt sem Hadríanus hafði valið honum.



ANTONÍNUS PÍUS

### Föðurástin blindaði

Antonínus Píus er einn þeirra Rómarkeisara sem erfiðast er að muna eftir, því á löngum valdatíma hans bar harla fátt til tíðinda. Það ríkti eiginlega friður og ró um ríkið allt, stjórn Antonínusar þótti mild og vitur og hann hafði mestu óbeit á hernaði. Kannski erfði hann friðin að mestu leyti frá Hadríanusi og kannski hefði hann mátt sýna betur tennurnar á landamærunum, altént var friðurinn úti þegar eftirmaður hans tók við, hans ættleiddi sonur Markús Árelíus, og hann mátti standa í eilífum styrjöldum og skærum við ættbálka í Mið-Evrópu sem vildu sækja inn á rómverskar lendur. Markús Árelíus tókst á við allt mótlæti af því þolgæði sem kemur best fram í skrifum hans sjálfs af heimspekilegu tagi, og lét hvergi hlut ríkisins, en hann gerði ein skelfileg mistök: Hann kunni ekki að velja sér eftirmann eins og þeir fjórir keisaranir á undan honum. Markús Árelíus átti nefnilega sjálfur son og föðurástin blindaði honum sýn, hann ímyndaði sér að strákurinn Commódus væri fær um að gegna keisaratign, en það fór á annan veg: Þegar Commódus tók við reyndist hann óhæft fífl og harðstjóri, og gósentíð hinna fimm „kjörkeisara“ var liðin. Eða „góðu keisaranna“ eins og þeir eru líka kallaðir – þótt ekki séu kannski allir sammála um það, Dakíumenn sem Trajanus þrælaði og drap í tugþúsundatali myndu seint fallast á að telja hann sérlega „góðan“. En þau rúmu 80 ár sem þessir keisarar ríktu er þó sem sé eitt af sárafáum dæmum um að öflugir leiðtogar óttist ekki að velja sér öfluga eftirmenn.

Ólíkt Alex Ferguson!



MARKÚS ÁRELÍUS

**„Hann ímyndaði sér að strákurinn Commódus væri fær um að gegna keisaratign, en það fór á annan veg: Þegar Commódus tók við reyndist hann óhæft fífl og harðstjóri, og gósentíð hinna fimm „kjörkeisara“ var liðin.**







Áratuga reynsla af samlokugerð skilar sér til þín í ferskara og ljúffengara salati. Þú getur treyst á ferskt og vel útilátið gæðahráefni sem breytir venjulegri brauðsneið í veislu.



SÓMI

Ferskt á hverjum degi



Markhönnun ehf

# netto
*Danskir dagar!*



-40%

**BAYONNESKINKA**
**VERÐ PER KÍLÓ**
ÁÐUR 1.989
# 1.195,-
KJÖTSEL



-50%

**GRÍSARIF**
BBQ - ALVÖRU GÆÐI!
**VERÐ PER KÍLÓ**
ÁÐUR 1.498
# 749,-
KJÖTSEL

*Danskir dagar!*



-30%

**NAUTALUNDIR**
FROSNAR
**VERÐ PER KÍLÓ**
ÁÐUR 4.989
# 3.492,-
KJÖTSEL



-25%

**KÁLFA RIBEYE**
FROSIÐ 2-2,5KG
**VERÐ PER KÍLÓ**
ÁÐUR 3.989
# 2.992,-



**KJÚKLINGAPOPP**
DANPO-240 G
FROSIÐ
**VERÐ PER PK**
# 498,-






**KJÚKLINGABORGARAR**
DANPO-240 G
FROSIÐ
**VERÐ PER PK**
# 498,-



**KJÚKLINGANAGGAR**
DANPO-320 G
FROSIÐ
**VERÐ PER PK**
# 598,-






**KJÚKLINGUR HEILL**
DANPO-HEILL
FROSIÐ
**VERÐ PER KG**
ÁÐUR 798.-
# 598,-

*Danskir dagar!*




**ARLA BUKO**
4 TEGUNDIR
**VERÐ PER PK**
**VERÐ FRÁ**
# 382,-




**SNOFRISK**
125 G
**VERÐ PER PK**
ÁÐUR 498
# 423,-




**COCIO**
SÚKKULAÐIMJÓLK 250 ML
**VERÐ PER STK**
# 199,-

**Tilboðin gilda 27. mars – 6. apríl 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Danskir dagar!

-33%

**GRÍSABÓGUR**
HRINGSKORINN
**KÍLÓVERÐ**
ÁÐUR 889

**596,-**



-50%

**GRÍSAKÓTELETTUR**
FERSKT
**KÍLÓVERÐ**
ÁÐUR 1.949

**975,-**




**CORDON BLEU**
DANPO-240 G
FROSIÐ
**VERÐ PER PK**

**598,-**



**KJÚKLINGUR**
BRINGUR/LUNDIR
**900/700 GR POKI**
ÁÐUR 1.698

**1.398,-**



-25%

**KJÚKLINGALÆRI/LEGGIR**
DANPO - 2 KG
FROSIÐ
**VERÐ PER KG**
~~ÁÐUR 798.-~~

**598,-**

Danskir dagar!

Danpo
med med glæde




Danskir dagar!

**RÆKJUR -500G**
SMÁAR - ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ
**PAKKAVERÐ**
~~ÁÐUR 598~~

**550,-**

FINTHAKKET SKINKESALAT
175 G
**389** KR STK



ÆGGESALAT
175 G
**298** KR STK



KYLLING&BACON SALAT
175 G
**398** KR STK



REJE SALAT
175 G
**389** KR STK



Danskir dagar!




MIKIÐ ÚRVAL AF
HÁGÆÐA DÖNSKUM KJÖTVÖRUM
FRÁ TULIP

## Konráð og félagar á ferð og flugi 89

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta," sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana," bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi," sagði hann. „Til er ég." Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin," sagði hún. „Allt í lagi," sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár," sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | | 3 | 4 | 2 | |
| | | 4 | 1 | 9 | | 3 | | 8 |
| 2 | 7 | | | 5 | 4 | | | 6 |
| 4 | | 6 | 3 | 8 | | 5 | 9 | |
| | 1 | 8 | 5 | | | 2 | | 3 |
| 3 | 5 | | | | 9 | | 8 | 1 |
| | | 2 | 9 | 1 | | 8 | | |
| 1 | | 5 | | 3 | 8 | | 6 | 9 |
| | 8 | 9 | 6 | | | | | 2 |



## Brandarar

**Af hverju eru fílar í rauðum skóm?**
Til að geta falið sig í krækiberjarunnanum.

**Af hverju eru fílar í bláum skóm?**
Af því að rauðu skórnir voru skítugir.

**Af hverju á maður aldrei að vera í skóginum á milli klukkan 2 og 5?**
Af því að þá eru fílarnir í fallhlífastökki.

**Af hverju eru krókódílar flatir?**
Af því að þeir voru í skóginum á milli klukkan 2 og 5.

**Hvers vegna eru fílar með dökk sólgleraugu?**
Mundir ÞÚ vilja þekkjast ef svona aulabrandarar væru sagðir um þig?






**JÓN ARNÓR** "Stundum eru krakkarnir að biðja mig að sýna töfrabrögð og beygla eyrun."
FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Byrjaði að galdra í grillveislu

Jón Arnór Pétursson, sjö ára, töfraði alla upp úr skónum í Ísland Got Talent með sinni flottu framkomu þegar hann kom þar fram fyrst. Hann keppir annað kvöld.

**Jón Arnór. Ertu galdramaður?** „Já, ég er galdramaður, eða töframaður eins og það kallast."

**Í hvaða skóla ertu?** „Ég er í 2. bekk í Kelduskóla-Vík sem er í Grafarvogi."

**Hvað þykir þér skemmtilegast að læra í skólanum?** „Mér finnst skemmtilegast í íþróttum en það er líka gaman að læra stærðfræði."

**Er ekki alltaf verið að biðja þig að galdra eitthvað?** „Jú, stundum eru krakkarnir að biðja mig að sýna töfrabrögð og beygla eyrun."

**Hvað segir þú þá?** „Ég segi bara já og sýni þeim eitthvað skemmtilegt."

**Hvernig datt þér í hug að byrja að æfa töfrabrögð og hversu lengi hefurðu æft þig?** „Ég er búinn að æfa mig síðan síðasta sumar. Við vorum með grillveislu þar sem hver fjölskylda átti að koma með eitt skemmtiatriði. Pabbi ætlaði að sýna töfrabrögð fyrir krakkana. Ég fékk að prófa og það endaði með því að ég sýndi töfrabrögðin en ekki pabbi."

**Hver þjálfar þig og hvar lærði hann?** „Við pabbi lærum töfrabrögðin saman. Skoðum bækur og lesum okkur til. Síðan prófum við okkur bara áfram með ný töfrabrögð."

**Hvað er erfiðast við að gera töfrabrögð?** „Mér finnst ekkert erfitt að gera töfrabrögð. Samt þarf maður að æfa sig til að geta gert þau vel þannig að þau séu skemmtileg."

**Æfir þú þig á hverjum degi?** „Ég hef ekki gert það hingað til en núna þegar ég er að fara að sýna í undanúrslitum æfi ég atriðið mitt á hverjum degi."




**TÖFRAMAÐURINN** Jón Arnór á mörg áhugamál fyrir utan töfrabrögðin, hann æfir fótbolta og syngur og svo finnst honum gaman á hjólabretti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

**Hvað finnst vinum þínum um þetta áhugamál þitt?** „Þeim finnst þetta bara skemmtilegt. Vinir mínir kunna ekki mörg töfrabrögð en Mikael Breki vinur minn kann samt flotta spilagaldra."

**Hefurðu oft sýnt?** „Einu sinni í fermingarveislu, einu sinni í Verzló og svo sýndi ég í afmælinu hjá Patrik Nökkva bróður mínum. Já, og auðvitað í Ísland Got Talent."

**Ertu stressaður þegar þú kemur fram til að sýna?** „Nei. Mér finnst gaman að sýna töfrabrögð og myndi vilja gera það oftar. Það er svo skemmtilegt að sjá hvað fólk verður hissa."

**Áttu fleiri áhugamál en töfrabrögðin?** „Já, mörg. Ég æfi fótbolta með Fjölni, er í söngskóla Maríu Bjarkar og æfi á gítar í Tónskóla Hörpunnar. Mér finnst líka mjög gaman á hjólabretti. Svo langar mig að prófa að æfa parkour."

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** „Fótboltamaður og töframaður."

gun@frettabladid.is

SUNNUDAG 19:45




Í OPINNI DAGSKRÁ

Fyrsta símakosning á sunnudag!

| Sunnudag 19:45

# Nú er komið að þér að kjósa!

Það verður sannkölluð fjölskyldustemning á Stöð 2 á sunnudagskvöldið. Við sjáum brot af því besta með Steinda Jr. og fáum svo magnaðan þátt af Ísland Got Talent. Við sjáum fyrstu sjö atriðin sem eru komin áfram í beinni útsendingu og nú er komið að þér að hafa áhrif með símakosningu á meðan þátturinn stendur yfir.

**Ekki missa af Ísland Got Talent í opinni dagskrá!**

Þeir sem taka þátt í símakosningunni eiga möguleika á því að vinna glæsilegt 50" LG sjónvarp frá Sjónvarpsmiðstöðinni og frábæran LG G Flex snjallsíma. Öll símanúmer sem hringt er úr fara í pott og haft verður samband við vinningshafa.

**Í hvert skipti sem þú kýst aukast vinningslíkurnar!**

ÞÚ GETUR LÍKA UNNIÐ!

LG Life's Good

Fáðu þér áskrift! 365.IS

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
1. Bíð handarhöggs með hugarorku (9)
8. Sauð frægt líkt og þetta (6)
12. Klukkan tifar, þvílíkt drasl (8)
13. Ætli Atlas hafi vantað veröld? (9)
14. Greini boð um betri stöðu (6)
15. Byttubær heitir höfuðborg, og ófriðurinn eftir því (10)
17. Læra þekktara drama, slitrótt og ruglað (9)
21. Væl um feitan búrhvalsvessa (5)
22. Frá hinum flúnu til hinna fáguðu (7)
24. Kyrrset kassa, kuldalegan mjög (11)
25. Ekki ógagnið heldur skætingurinn (6)
27. Þær voru teknar og þrifnar (6)
28. Nokkrar nutu sín í blíðunni (12)
29. Aragrúi og allir feitir, enda nóg bakkelsi (9)
32. Hinkraði hjá einni sem stjakað var við (8)
34. Leita kroppa fyrir exið hennar Grýlu (4)
35. Varð strax vitlaus í átta ára trítil (5)
36. Finn brot smástráka (6)
37. Kollvarpaði í hvelli (5)
39. Stútar og strompar, trúðu mér (5)
40. Um óræktarbeð kynslóðanna (10)
43. Ól einungis af sér dóna (7)
45. Tekur sporin þvers og kruss hvar sem hann staldrar við (7)
46. Ytri-Síða, þar er fjórði hundurinn (8)
49. Hér er óþarflega margt höfðingja og heljarmenna (7)
50. Skyldi þessi eyja spíra korn? (5)
51. Mála skrautlegt skraut í öllum regnbogans litum (8)
52. Grilla vömb eins og krimminn Kobbi var kallaður (9)

**LÓÐRÉTT**
1. Innri barátta, þú mátt gæta að henni (6)
2. Daufir slóðar (6)
3. Skömmumst í skósveinum skipskokka (6)
4. Vetni og vindmyllur – ónotað afl? (6)
5. Tek vagninn við brautina (6)
6. Á slóð Ægis og Steinbecks (8)
7. Gerðir ekkert í ólögmætu tilboði (9)
8. Hinkrum eftir horfnum kynslóðum (3)
9. Harka minna harma og átaka (9)
10. Svona skakkar tennur? Ég er svo aldeilis! (8)
11. Messurúntur stjórnast af hormónum (11)
16. Göfgið galin, sauðurinn er þess verður (8)
18. Klunni er sem keppur, nema það sé forkur? (6)
19. Sprell á vinnutíma má rekja til galsans (8)
20. Skítur forðar sér til fornrar og fagurrar verstöðvar (9)
22. Set stefnuna á verslunargötuna (7)
23. Tónn hinna dimmrödduðu vísar á verkstjóra til sjós (9)
26. Samtal við tóma og ótalandi (8)
27. Ímynda mér skipið Þel (8)
30. Pöntuð vísbending um ræktarlega reitina (7)
31. Hef þó lækningu, er ekki peningur í því? (9)
32. Gulbrá prýðir bæjarflöt og hausa fleiri en einn (9)
33. Öl óhræsis er amerískt og stendur ekki undir nafni (9)
37. Hrafnaspark fyrir hlíf sem hleypti öllu í gegn (7)
38. Hér er sagt frá hluta þess sem ég gerði af mér (7)
41. Rækta hert harpix til notkunar í orkugeiranum (6)
42. Fjaðrir og fiskúrgangur fara vel saman (6)
44. Frá hlaup ræsi (5)
47. 49, 51 – kanntu ekki að telja, bjáni? (4)
48. Stenst ef þú ert mett (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**SILKIHANSKAR**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Sæmd eftir Guðmund Andra Thorsson frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hildur Sigurðardóttir, Kópaskeri.**



**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem sinna þarf mun betur hérlendis sem annars staðar. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 2. apríl næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „29. mars".


# Reykjavik Midsummer Music

HARPA



Í fyrsta sinn á Íslandi

# Mahler Chamber Orchestra

15. júní, kl. 20:00 í Eldborg

Einleikari
**Pekka Kuusisto fiðluleikari**

Flutt verða verk eftir
Bach, Reich og Adams

Miðasala hefst
**laugardaginn 29. mars kl. 12:00**

**www.harpa.is/mahler**

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS


OPNUNAR TILBOÐ
20%
afsláttur
af öllum öðrum vörum
carhartt úlpur
áður: 38.995
nú: 29.995
2 fyrir 1
af öllum buxum
Tilboðin munu vera frá 29 mars - 6 apríl
SMASH
Ný og endurbætt verslun í Kringlunni
Check it out !!!
carhartt CONVERSE ALTAMONT Rascals' OBEY etnies NIKE SB
Diamond x HUF almost cliché enjoi HUF VANS OSIRIS
SMASH
Kringlan | ntc.is | facebook | Instagram

†



Innilegar þakkir til allra þeirra
sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug
við andlát og útför elskulegrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu
og heiðruðu minningu

**STEINUNNAR J. STEINSEN**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Sunnuhlíðar fyrir góða umönnun og séra Braga Skúlasyni fyrir aðstoðina.

**Rúnar Steinsen** / **Guðrún Guðmundsdóttir**
**Steinn Steinsen** / **Ásta María Björnsdóttir**
**Anna Steinsen** / **Sigurður Már Einarsson**
**Ragnheiður Steinsen**
**Rakel Steinsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**EIRÍKUR ÁSGEIRSSON**
**vélvirki,**
**Vesturbergi 72,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á gjörgæsludeild Landspítala við Hringbraut þann 15. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks deilda 12E og 12B fyrir góða umönnun.

**Kristjana B. Þórarinsdóttir** / **Sigurður G. Gunnarsson**
**Kolbrún Þórarinsdóttir**
**Bára Þórarinsdóttir**
**Guðmundur Á. Eiríksson** / **Elínborg W. Halldórsdóttir**
**Ingibjörg Eiríksdóttir** / **Sigurður Sigurðsson**
**Anna S. Eiríksdóttir** / **Einar Kr. Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

SVAFAR & HERMANN
Kveðja
útfararstofa
Virðing, reynsla & þjónusta
Allan sólarhringinn
571 8222
Svafar: 820 3939
Hermann: 820 3938
Ingibjörg: 820 3937
WWW.KVEDJA.IS





Davíð útfararstjóri
Óli Pétur útfararstjóri
Jóhanna Erla guðfræðingur útfararþjónusta
Útfararþjónusta Davíðs Óswaldssonar ehf.
551 3485 • udo.is

TILBOÐSDAGAR
legsteinar og fylgihlutir
10-50% afsláttur
Mikið úrval - Vönduð vinna
Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is









**ÞETTA GERÐIST** 29. MARS 1947

# Hekla vaknaði af værum blundi

Þennan dag árið 1947 hófst kröftugt Heklugos rétt fyrir klukkan sjö að morgni. Þá hafði Hekla sofið þyrnirósarsvefni í 102 ár. Var líkast því sem fjallstindurinn lyftist að því er heimildir herma. Samtímis kváðu við ægilegir dynkir sem heyrðust næstum um allt land en nokkru áður en gosið hófst höfðu fundist jarðskjálftakippir um mestallt Suðurland.

Fjallið spjó miklu magni af ösku og vikri yfir landið á fyrsta degi, gosmökkurinn náði upp í 30 kílómetra hæð og aska barst til Bretlands og jafnvel Finnlands. Vindur stóð af norðri og varð mest öskufall í innri hluta Fljótshlíðar og í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Sjórinn umhverfis Vestmannaeyjar varð líka biksvartur af ösku og þar varð svo dimmt í lofti að öll skip sigldu með ljósum.

Tveir hraunstraumar runnu niður fjallið á fyrsta degi, annar norðaustan af Hekluöxl innri en hinn í austur frá fjallinu norðanverðu. Auk þess sáust eldar víðar.



# Berst gegn aðskilnaði vísinda og lista

Egill Benedikt Hreinsson, prófessor í verkfræði við HÍ, heldur á morgun tónleika til að berjast fyrir samþættingu vísinda og lista í akademísku starfi.

> **Það gengur náttúrulega ekki að banna mönnum að spila á píanó.**

Ég er prófessor í verkfræði og líka tónlistarmaður, sem ekki er algeng samsetning,“ segir Egill Benedikt Hreinsson sem á sunnudaginn heldur tónleika í Hannesarholti ásamt tríói sínu sem nefnist FLEY. Tilefnið er margþætt, meðal annars útkoma fræðibókarinnar „Endurnýjanleg raforka“ eftir Egil sem kom út seint á síðasta ári. Auk þess eru þetta baráttutónleikar fyrir samþættingu lista, vísinda, sköpunar og tækni í akademísku starfi og fyrir gagnkvæmri virðingu og virðisauka í samþættingu þessara greina. „Já, þetta er allt saman aðskilið í dag, vísindin sér og listirnar sér og að mínu mati er það röng stefna,“ segir Egill. „Það á að tengja þetta miklu meira saman. Það vantar til dæmis algjörlega listadeild í Háskóla Íslands þannig að menn gætu farið á milli deilda og sótt sér það besta úr báðum greinum. Það er bara hluti af eðlilegu háskólastarfi. Ég held að þessi aðskilnaður verði til þess að það skorti skilning á milli þeirra sem stunda þessar greinar.“

Egill segist lengi hafa staðið sitt á hvað í geirum vísindanna og listanna og hann þekki því þessa gjá af eigin raun. „Í Háskóla Íslands er enginn vettvangur fyrir listamenn og það gengur svo langt að þér er bannað að stunda einhverja listastarfsemi með vísindunum. Ég get nefnt það sem dæmi, án þess ég vilji ræða það frekar, að ég fékk skriflegt bann frá yfirmönnum mínum í Háskólanum við því að stunda píanóleik sem aukastarf. Þess vegna eru þetta baráttutónleikar því það gengur náttúrulega ekki að banna mönnum að spila á píanó.“

Með Agli í tríóinu eru Gunnar Hrafnsson bassaleikari og Kjartan Guðnason trommuleikari og þeir munu leika sígrænar djassperlur meðal annars eftir Gylfa Þ. Gíslason, Dave Brubeck og Oscar Peterson. Tónleikarnir verða í Hannesarholti og hefjast klukkan 16.30 á morgun.

fridrikab@frettabladid.is



**DJASSTRÍÓIÐ FLEY** Með Agli leika þeir Gunnar Hrafnsson og Kjartan Guðnason.

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**GUNNARS JÓNS FINNSSONAR**
**frá Siglufirði,**
**Melseli 22, Reykjavík.**

**Elsebeth Finnsson**
**Kristinn Gunnarsson** / **Lilja K. Hallgrímsdóttir**
**Ásta María Gunnarsdóttir**
**Rafn Gunnarsson**
**Anna Gunnarsdóttir**
**Súsanna Gunnarsdóttir** / **Jón Vilhjálmsson**
**Bylgja Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, ömmu og systur,

**SESSELJU GUNNARSDÓTTUR**
**Steinási 9, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi, deild 11E, einnig heimahlynningu Karítas fyrir frábæra umönnun. Einnig viljum við þakka öllu því góða fólki sem studdi hana í veikindum hennar.

**Eggert Kristinsson**
**Hildur Eggertsdóttir og börn**
**Ástríður Gunnarsdóttir** / **Trausti Gunnarsson**
**Ingibjörg Jóna Gunnarsdóttir**



**EIN SVEIT AF MÖRGUM** Í Skólahljómsveit Austurbæjar eru um 150 nemendur sem skiptast í þrjár sveitir.

# Upphaf á afmælisfagnaði

**Skólahljómsveit Austurbæjar heldur tónleika í Hörpu í dag til að minnast 60 ára afmælis hljómsveitarinnar. Stjórnandi hljómsveitarinnar er Vilborg Jónsdóttir.**

Nú, árið 2014, eru liðin 60 ár síðan ákvörðun var tekin um að stofna skólahljómsveit í Reykjavík.

Í tilefni af því ætlar Skólahljómsveit Austurbæjar að hefja afmælisárið með tónleikum í Norðurljósasal Hörpu í dag klukkan 16.

Í Skólahljómsveit Austurbæjar eru um 150 nemendur sem skiptast í þrjár sveitir, A, B og C, sem raðað er í eftir aldri og getu nemendanna. Að þessu sinni mun C-sveitin eða elsti hópurinn fá til liðs við sig eldri nemendur sem eru enn í tónlistarnámi til að styrkja og efla sveitina. Það verður því rúmlega 60 manna hljómsveit sem mun fylla salinn af blásaratónum.

Stjórnandi er Vilborg Jónsdóttir sem er að ljúka tíunda ári með sveitinni. „Tónleikarnir í kvöld eru bara upphaf afmælisársins, við munum minnast þess betur í haust og verðum þá með minni hópa og ýmislegt annað í gangi en hefðbundna tónleika," segir hún. „Á tónleikunum í dag kemur fram hefðbundin lúðrasveit, en seinna sýnum við á okkur fleiri hliðar."

Vilborg segir nemendur Austurbæjarskóla áhugasama um að taka þátt í starfi hljómsveitarinnar, alltaf séu nokkrir á biðlista og fjöldi nemenda í tónlistarnámi í skólanum sem er í samstarfi við Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskólann í Reykjavík. „Ég er með 120 nemendur í námi hjá okkur og ellefu kennara, þannig að tónlistarlífið er blómlegt í Austurbæjarskólanum."

Kynnir á tónleikunum í dag verður Halla Margrét Jóhannesdóttir. Á efnisskránni verða blönduð verkefni; úr heimi kvikmynda, úr poppinu, íslensk tónlist, útsett tónlist og frumsamin fyrir blásarasveitir.

**fridrikab@frettabladid.is**

---

✝



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**ERLINGS N. GUÐMUNDSSONAR**
**Hörðubóli, Dalabyggð.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimaþjónustu heilsugæslunnar í Búðardal og starfsfólki dvalarheimilisins Silfurtúns fyrir góða umönnun.

**Ragnhildur Beatrice Erlingsdóttir** **Sigurjón Hannesson**
**Kristrún Erna Erlingsdóttir** **Baldur Kjartansson**
**Guðríður Erlingsdóttir** **Stefán Hólmsteinsson**
**Líneik Dóra Erlingsdóttir**
**Guðmundur Erlingsson** **Ninna Karla Katrínardóttir**
**Una Auður Kristjánsdóttir** **Hjalti Samúelsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**HELGI ÞÓR BACHMANN**

er lést sunnudaginn 23. mars á hjúkrunarheimilinu Skjóli, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 1. apríl kl. 15.00.

**Edda H. Bachmann** **Kristján Rúnar Svansson**
**Sjöfn H. Bachmann**
**Hrönn H. Bachmann**
**Sif H. Bachmann** **Leone Tinganelli**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar elskulegu systur, mágkonu og frænku,

**BIRNU HELGADÓTTUR**
**frá Leirhöfn.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilis Droplaugarstaða fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Hildur Helgadóttir** **Sigurður Þórarinsson**
**Dýrleif Andrésdóttir**
**Pétur Einarsson**
**og systkinabörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín,

**INGVELDUR GÍSLADÓTTIR**
**frá Vestmannaeyjum,**

verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju kl. 13.00 þriðjudaginn 1. apríl. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð hjúkrunarþjónustu Karitas í síma 551-5606 milli kl. 9 og 11.

**Fyrir hönd barna, tengda- og barnabarna,**

**Eyjólfur Pétursson**

---

✝



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**EMMA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Miðbraut 6,**
**Seltjarnarnesi,**

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík 23. mars, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 2. apríl kl. 15.00.

**Karítas Kristjánsdóttir** **Orest Zaklynsky**
**Gunnar Kristjánsson** **Anna M. Höskuldsdóttir**
**María Vigdís Kristjánsdóttir** **Haraldur Halldórsson**
**Eggert Sigfússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**GUNNLAUGS PÉTURSSONAR**
**Sóleyjarima 19.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks dagdeildar Eirar og allra þeirra lækna og hjúkrunarfólks sem önnuðust hann í gegnum árin.

**Ásdís Arinbjarnardóttir**
**Birna Guðný Gunnlaugsdóttir** **Sigurjón Sigurjónsson**
**Pétur Þór Gunnlaugsson**
**Bryndís Gunnlaugsdóttir** **Páll G. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GEIR ÞORSTEINSSON**
**húsasmíðameistari,**

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut föstudaginn 21. mars. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 1. apríl kl. 13.00.

**Eygerður Bjarnadóttir**
**Þorsteinn Geirsson** **Ragnheiður Gunnarsdóttir**
**Örn Geirsson** **Steinunn Hreinsdóttir**
**Kristín Sigríður Geirsdóttir** **Ársæll Þorleifsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu mér, börnum, tengdabörnum og fjölskyldum þeirra samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,

**SIGURÐAR RAGNARS GUÐBRANDSSONAR**
**blikksmíðameistara,**
**Njarðarvöllum 6,**
**áður Aðalgötu 19 í Reykjanesbæ.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahjúkrunarþjónustu Reykjanesbæjar og Sjúkrastofnunar Suðurnesja fyrir einstaka umönnun og alúð. Guð blessi ykkur öll.

**Sigríður Einarsdóttir**
**börn, tengdabörn og fjölskyldur.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**NJÁLL ÞORGEIRSSON**
**Fannborg 8, Kópavogi,**
**áður til heimilis á Laufásvegi 10,**
**Stykkishólmi,**

lést fimmtudaginn 27. mars.

**Guðríður Þórðardóttir**
**Þórður Viðar Njálsson** **Auður Stefnisdóttir**
**Jóhanna Sigríður Njálsdóttir** **Ellert Vigfússon**
**Þorgeir Ingi Njálsson** **Kristjana Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elsku ættingjar og vinir. Innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og fyrir allan þann stuðning sem við höfum fengið í veikindum og við andlát elsku mömmu okkar og tengdamömmu,

**HELGU ÞÓRU TH. KJARTANSDÓTTUR**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki gjörgæslu LSH, deild 12-E og Grensásdeild LSH fyrir einstaka umönnun. Sá kærleikur sem við höfum verið umvafin og sem mömmu hefur verið sýndur er okkur ómetanlegt veganesti.

**Hrefna, Kjartan og Emilía**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SVAVA ÞORBJARNARDÓTTIR**
**Öldugötu 33 í Reykjavík,**

lést þriðjudaginn 18. mars. Hún verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 2. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Landspítalann.

**Guðný Bernhard** **Reynir Bjarnason**
**Þorbjörg Bernhard**
**Helga Kristín Bernhard** **Gísli Jón Magnússon**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar,

**SIGRÍÐUR SVAVA RUNÓLFSDÓTTIR**
**frá Keflavík,**
**síðast Hörgshlíð 4, Reykjavík,**

lést 26. mars síðastliðinn.

**Runólfur, Þórunn, Inga, Gunnhildur,**
**Friðfinnur, Einar og Páll Skaftabörn**
**og fjölskyldur.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1998 kr. kg.
Kjarnafæði Villikryddaðar lambalærissneiðar
1398 kr. kg.
ÍSLANDSLAMB GRILL Lamba-sirloinsneiðar
1598 kr. kg.
ÍSLANDSLAMB BLANDAÐAR GRILL Lambalærisneiðrar
259 kr. 400g
WeWalka 400g Amerískt venjulegt pizzadeig
298 kr. 400g
WeWalka 400g Amerískt heilkorna pizzadeig
198 kr. 400g
Bónus 400g Ferskt pizzadeig
198 kr. 200g
Bónus Rifinn pizzablanda 200g
298 kr. 400g
Bónus 400g Ferskt spelt-pizzadeig
198 kr. 430g
Bónus Pizzasósa 430g
398 kr. 153g
Bónus Pepperoni box 153g
259 kr. 770g
BÓNUS Heilkornbrauð 770g.
MERRILD
298 kr. 75g
BÓNUS FERSKT KLETTASALAT 75g
Upprunaland: Ítalía
398 kr. 200g
BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200g
Upprunaland: Spánn
398 kr. 125g
BÓNUS FERSKT LAMBHAGASALAT 125g
Íslensk vistvæn ræktun - Betra bragð
98 kr. 5 stk.
BÓNUS Flatkökur 5 stk.
459 kr. 170g
BÓNUS Hangiálegg 170g
398 kr. 400g
MERRILD Specialristed kaffe
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGUR 10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGUR 10:00-18:00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GLEÐILEGA PÁSKA
NÓI SÍRÍUS
Egils
Páskaöl
og appelsín
159
kr. 500g
Egils Páskaöl og appelsín 500ml
698
kr. 150g
498
kr. 170g
498
kr. 170g
Mini eggs
198
kr. 100g
Cardbury
Mini páskaegg 100g
GÓU
ÆÐI BITAR
195
kr. 200g
GÓU
Hraun BITAR
195
kr. 200g
LYONS BISCUITS
HOMEBLEST
198
kr. 300g
pepsi
pepsi MAX
maximum kick no sugar
198
kr. 2 ltr.
Coca-Cola
198
kr. 1.5 ltr.
Smiths
BUGLES
198
kr. 125g
Doritos
BARBECUE STYLE
Doritos
SWEET CHILLI PEPPER
198
kr. 170g
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00





**KL. 19:45**
**Ísland Got Talent**
Undanúrslitin hefjast á sunnudaginn og verða í beinni útsendingu og opinni dagskrá.

# Meiriháttar sunnudagur

**KL. 13:00**
**Mín skoðun**
**Mikael Torfason**
Sanngjarn og heiðarlegur umræðuþáttur um þjóðmál og fréttir líðandi stundar í umsjá Mikaels Torfasonar.



**KL. 21:05**
**Mr. Selfridge**
Dramaþættir um auðmanninn Harry Selfridge leikinn af Jeremy Piven.



**KL. 21:50**
**The Following**
Önnur þáttaröðin af þessum magnaða spennutrylli með Kevin Bacon í aðalhlutverki.



**KL. 22:40**
**Shameless**
Þriðja þáttaröðin af þessum bráðskemmtilegu gamanþáttum með William H. Macy í aðalhlutverki.



BÍÓ STÖÐIN | **KL. 22:00**
**Magic Mike**
Gamanmynd með Channing Tatum og Matthew McConaughey aðalhlutverkum.



Krakka stöðin | **KL. 07:00-20:00**
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3 | | 9 | 5 |
| | 5 | 9 | 4 | | | 1 | | |
| | | | | | | 6 | 2 | 3 |
| 9 | | | | | 8 | | 6 | |
| | | | 2 | 7 | | | 4 | 9 |
| 8 | 7 | 1 | | | | | | 2 |
| | | 5 | 9 | | 6 | | | 7 |
| 1 | 6 | 8 | | | | | | 4 |
| 7 | | 3 | 1 | 5 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 7 | 8 | 9 | | | | 2 |
| | | 5 | | | | | | 8 |
| | | | 4 | | 6 | | | |
| 3 | | | 7 | | | | | |
| 1 | 6 | | | 2 | | | 7 | |
| | 2 | 4 | | | 9 | | 3 | 5 |
| 4 | 7 | | | | | 6 | | |
| | | | | | 3 | 5 | | |
| | 1 | | 9 | | 2 | 7 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | | | | 2 | | | |
| 9 | | | 1 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | | 9 | | |
| | | | 6 | | | | 7 | |
| | 9 | 8 | | | 1 | 6 | 2 | |
| | | 4 | | | 3 | | 5 | |
| 1 | | | | | | | 9 | 7 |
| | | | | | 7 | | 4 | |
| 2 | 5 | | | 8 | 4 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 8 | 5 | 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 2 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 8 | 3 | 5 | 4 | 6 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 1 | 7 | 5 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 8 | 5 | 7 | 6 | 4 | 1 | 9 |
| 3 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 5 | 4 |
| 5 | 2 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 8 | 3 |
| 4 | 8 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 4 | 6 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 | 6 | 4 | 8 |
| 6 | 2 | 4 | 5 | 8 | 9 | 1 | 3 | 7 |
| 8 | 7 | 2 | 1 | 9 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 4 | 7 | 1 |
| 1 | 4 | 5 | 3 | 7 | 6 | 8 | 2 | 9 |
| 2 | 1 | 9 | 6 | 4 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 3 | 6 | 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 9 | 1 | 7 | 2 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 | 1 | 3 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 | 9 |
| 1 | 9 | 8 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 5 |
| 2 | 4 | 3 | 8 | 5 | 9 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 7 | 5 | 2 | 1 | 4 | 9 | 3 | 8 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 | 2 |
| 4 | 8 | 6 | 5 | 3 | 2 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 5 | 2 | 6 | 9 | 1 | 3 | 8 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Maður er ekki gamall fyrr en eftirsjá tekur yfir drauma hans."**

*John Barrymore*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** hvetja, **6.** spil, **8.** bók, **9.** dauði, **11.** tveir eins, **12.** fáni, **14.** yfirstéttar, **16.** tímabil, **17.** klæði, **18.** traust, **20.** fyrir hönd, **21.** hjara.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** tveir eins, **4.** vitsmunamissir, **5.** sigað, **7.** hugarró, **10.** skítur, **13.** gifti, **15.** sálda, **16.** stefna, **19.** klukka.

**SVÖR**

**LÁRÉTT: 2.** örva, **6.** ás, **8.** rit, **9.** lát, **11.** tt, **12.** flagg, **14.** aðals, **16.** ár, **17.** föt, **18.** trú, **20.** pr, **21.** tóra.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** rr, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** sálarró, **10.** tað, **13.** gaf, **15.** strá, **16.** átt, **19.** úr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Sævar Bjarnason (2.101) vann Ólaf Gíslas Jónsson (1.890) í annarri umferð Skákmóts öðlinga.**
**Hvítur á leik**



**25. Rxf7! Kxf7 26. Dxg6+ Kf8 27. Bf4 Rg8 28. Be5 Hxe5 29. dxe5 Bc5 30. Hd2 Bb7 31. h4 Bd4 32. Dg5 Re7 33. Df4 Ke8 34. Hxd4** og svartur gafst upp. Sævar er meðal sex keppenda sem eru efstir og jafnir með fullt hús.
**www.skak.is:** Allt um 100. Íslandsmótið í skák.

# KLASSÍSK ÍSLENSK TÓNLIST




2.999KR

**SG HLJÓMPLÖTUR**
Þrjár plötur með 75 vinsælum lögum
úr safni SG-hljómplatna.




4 CD DVD

1.999KR

**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON - GULLVAGNINN**
Vandaður ferilspakki þar sem farið er yfir feril
Björgvins Halldórssonar, inniheldur einnig
DVD með afmælistónleikum Björgvins.




3 CD

1.999KR

**BUBBI - SÖGUR AF ÁST, LANDI OG ÞJÓÐ 1980-2010**
Þreföld safnplata með öllum vinsælustu lögunum
frá ferli Bubba, sólóferli og hljómsveitunum.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*



**ENN AÐ SKIPULEGGJA** Hilmar Örn Agnarsson, Þórður Magnússon og Megas grúska í útgáfu Passíusálmanna frá 1906. Bókina hafði Megas til hliðsjónar þegar hann samdi lögin sín en svo glataðist hún honum. Vinur gaf honum annað eintak fyrir skömmu sem nýtist vel við skipulagningu tónleikanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þóttu Passíusálmarnir pirrandi

Megas heldur upp á 400 ára afmæli Hallgríms Péturssonar með því að frumflytja lög sín við Passíusálmana. Prestar fussuðu yfir meðferð hans á sálmunum en sjálfur segir hann að gamalt fólk hafi komið til sín og sagt að einmitt svona ætti að flytja þá. Þórður Magnússon, sonur Megasar, sér um útsetningu á tónlistinni enda voru lögin samin þegar hann var að koma í heiminn.

**Snærós Sindradóttir**
snaeros@frettabladid.is



Meistari Megas, í litríku gallabuxunum sínum, ætlar að syngja alla Passíusálma Hallgríms Péturssonar á þrennum tónleikum í apríl. Sálmarnir eru fimmtíu talsins og hafa margir hverjir aldrei heyrst áður. „Ég er alinn upp við að Passíusálmarnir suðuðu í útvarpinu heima og ég lét þá pirra mig. Það var eitthvað við tóninn sem fór í taugarnar á barninu. Prestarnir leiðréttu líka alltaf flámælið sem er svo fallegt. Svo vandist þetta allt saman og með árunum fór ég að heillast af tungumálinu, öllum dönskuslettunum og bragfræðinni."

### Tilbúinn í fjörutíu ár

Megas hefur flutt Passíusálma Hallgríms Péturssonar með reglulegu millibili síðastliðin fjörutíu ár. Nú hefur hann blásið til risavaxinnar veislu í tilefni 400 ára afmælis sálmaskáldsins. Hann hefur fengið til liðs við sig hljómsveitina Moses Hightower, Caputhópinn, Möggu Stínu, strengjasveit, rokksveit og þrjá ólíka kóra en auk þess útsetur sonur hans, Þórður Magnússon, tónlist föður síns fyrir stærri sveit. Hilmar Örn Agnarsson, organisti og kórstjóri ,er listrænn stjórnandi tónleikanna.

„Það mæðir mikið á Magnúsi," segir Hilmar „En hann hefur verið tilbúinn í fjörutíu ár og ég í fjórtán. Svo við erum reynslumiklir." Félagarnir fluttu Passíusálmana í Skálholti árið 2001. „Þá var algjörlega fullt út úr dyrum og við gátum ekkert gert nema að hleypa öllum inn. Þú lokar ekki Skálholtskirkju á föstudaginn langa. Þá var mætt ungt fólk, rokkarar og svona, og allt upp í áttrætt. Það var setið á gólfinu og í stiganum og hvar sem fólk komst. Allir voru með sálmabækur. Þessi stund var alveg ógleymanleg."

### Allt að smella saman

Meðan á viðtalinu stendur sitja Þórður og Megas og skipuleggja tónleikana. „Þú ættir að geta bætt við erindum hér," segir Megas og Þórður tekur undir. Þórður segist hafa unnið að útsetningunni fram að hádegi en það örlar ekki á kvíða hjá þeim þó það styttist í að slegið verði inn. „Nei, ég ákvað að úthýsa kvíðanum. Hann hefur ekkert upp á sig," segir Megas.

### Áfram KR á milli hríða

Lög Megasar við Passíusálmana voru samin þegar Þórður, sonur hans, var að koma í heiminn. „Ég gerði fyrsta sálminn 1969 en árið 1973 ruddist ég í að klára þá. Svo þetta er í raun seventís-músík. Ég notaði bara einn orginal tón sem mér fannst hljóma vel með sálmunum. Ég gerði ekkert annað á meðan. Þá var Þórður að koma í heiminn en það var ekki orðið félagslega viðurkennt að faðirinn væri viðstaddur fæðinguna. Svo ég var bara heima að semja. Svo þegar frúin kom heim með Þórð nokkrum dögum síðar þá var aðkoman kannski ekki eins og nýbökuð móðir vill hafa það. En ég hafði ekki gefið mér tíma til að grípa í sóp eða svoleiðis. Hún heyrði svo lögin ekki fyrr en áttatíu og eitthvað. En þá taldi ég að hún væri orðin sátt. Þarna var alvanalegt að mæður væru í tíu daga inni eftir fæðingu en ef móðir fór fyrr fékk hún peninga á móti þeim dögum sem hún sleppti. Núna situr pabbinn við hliðina og hrópar áfram KR, áfram KR. Þegar ég eignaðist barn árið 1992 sat ég til dæmis við hliðina á móðurinni og sagði brandara, það linaði verkina. Móðir þarf auðvitað á stuðningi að halda í þessu öllu saman."

### Megas enginn Jesús

Passíusálmarnir eru eins og allir vita sagan af píslargöngu Krists „Jesús er mikið að berjast á móti valdstjórninni í sálmunum. Ég hef ekki samúð með valdstjórninni.

**„Ég hef ekki samúð með valdstjórninni. Ég reyni að tala sem minnst við þessa menn.**

Ég reyni að tala sem minnst við þessa menn. Þeir snúa öllu sem maður segir og reyna að finna eitthvað á mann." Magga Stína syngur hlutverk Jesú á tónleikunum en aðspurður segir Megas það aldrei hafa komið til greina að snúa hlutverkunum við. „Hún hefur alltaf verið Jesús. Ég er bara sögumaður og Magga Stína er Jesús. Að snúa því við? Það væri skandall."

Tónleikarnir eru mjög umfangsmiklir eins og áður sagði og mælir Megas með að fólk komi á þá alla. „Já, fólk verður auðvitað að vita hvað gerist næst í sögunni." Tónleikarnir þrennir eru mjög ólíkir í sniðum og spanna skalann frá hefðbundnari sálmatón yfir í rokkmúsík. Megas segist þó ekki geta sagt hver sé sinn uppáhalds Passíusálmur. „Ég geri ekki upp á milli barnanna hans Hallgríms."

### Toppnum ekki náð

Það er auðvelt að velta því fyrir sér hvort fimmtíu sálma flutningur sé ekki merki um að Megas ætli að hætta á toppnum og kveðja Hallgrím Pétursson. Hann segir þó að það standi ekki til. „Næst munum við halda okkar eigin þriggja daga Hróarskelduhátíð og flytja þá alla í einu, fimmtíu talsins."

Fyrstu tónleikarnir verða þann 3. apríl næstkomandi, því næst 10. apríl og lokakafli sálmanna, sjálf krossfestingin, fer svo fram á föstudaginn langa. Hægt er að kaupa miða á einstaka tónleika eða svokallaðan páskapassa á tilboðsverði. Tónleikarnir fara fram í Grafarvogskirkju og miðasala stendur yfir á midi.is.

Listmunauppboð
í Gallerí Fold

mánudaginn 31. mars, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg



Kristján Davíðsson

Verkin verða sýnd
laugard. 11–17, sunnud. 12–17,
mánud. 10–17

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



**SAMRÝNDAR** Matthildur og Ingibjörg hafa sungið saman í Stúlknakór Reykjavíkur í tíu ár. Nú eru þær að ljúka námi í Domus Vox og fagna þeim áfanga með tónleikum á mánudagskvöldið. Fréttablaðið/GVA

# Syngja á Café Rosenberg

**Þær Ingibjörg Hrönn Jónsdóttir sópran og Matthildur Guðrún Hafliðadóttir mezzosópran halda tónleika á Café Rosenberg á mánudaginn við meðleik Agnars Más Magnússonar píanóleikara og Þorgríms Jónssonar bassa.**

Við Ingibjörg höfum sungið saman í tíu ár í Stúlknakór Reykjavíkur og stundað nám í söngskólanum Domus Vox frá 2007. Nú erum við að útskrifast þaðan og þá bauðst okkur að halda tónleika,“ segir Matthildur Guðrún Hafliðadóttir mezzosópransöngkona um tónleikana á Café Rosenberg sem hún heldur ásamt Ingibjörgu Hrönn Jónsdóttur sópran. Hvað skyldu þær hafa valið til flutnings þar?

„Við byrjum á íslenskum söngperlum og svo tekur söngleikjatónlist og djass við,“ upplýsir Matthildur og segir þær stöllur hyggja á frekara söngnám.

Matthildur stundaði einnig nám í klassískum djasssöng við FÍH hjá Jóhönnu Linnett og Ingibjörg hefur sótt einkatíma hjá Sigrúnu Hjálmtýsdóttur sem einnig hefur þjálfað stúlkurnar á söngnámskeiðum kórsins í Toscana.

Aðalkennarar þeirra í vetur og aðstoðarfólk við þessa tónleika eru Hanna Björk Guðjónsdóttir, Antonía Hevesi, Agnar Már Magnússon og Margrét J. Pálmadóttir, ásamt öðrum leiðbeinendum söngskólans Domus Vox. - gun





Erasmus + er ný menntaáætlun Evrópusambandsins til ársins 2020. Markmið áætlunarinnar er að auka gæði og stuðla að samstarfi í menntun og þjálfun í 33 Evrópulöndum.

**Í flokknum stefnumiðuð samstarfsverkefni** er hægt að sækja um styrki til að vinna fjölþjóðleg verkefni á öllum skólastigum, t.d. verkefni sem snúa að:

- nýsköpun og þróun, tilraunakennslu eða innleiðingu nýrra aðferða í námi
- hönnun nýrra námsleiða eða gerð námsgagna fyrir ólíka námshópa
- skipulag starfsþjálfunar og þróunar starfsnáms á vinnustöðum
- starfsþróun þeirra sem sinna kennslu á öllum skólastigum
- bættu aðgengi að menntun og eflingu náms- og starfsráðgjafar

**Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2014.**

**Vefnámskeið fyrir umsækjendur samstarfsverkefna verða haldin sem hér segir:**
**Starfsmenntun, fullorðinsfræðsla og háskólastig:** þriðjudaginn 1. apríl kl. 16:00
**Leik- grunn- og framhaldsskólar:** fimmtudaginn 3. apríl kl. 16.00.

**Nánari upplýsingar og skráning á erasmusplus.is**

Fræðslu- og menntastofnanir á öllum skólastigum geta sótt um styrki í Erasmus+. Einnig geta fyrirtæki, samtök og aðrir lögaðilar sem sinna menntun tekið þátt. Einstaklingar geta ekki sótt um styrki úr Erasmus+.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Erasmus+ www.erasmusplus.is
rannís www.rannis.is



WOW

Ert þú líka WOW?

Það er sæti laust hjá okkur



**Verkefnastjóri í áætlunargerð og tekjustýringu**

*Ertu besti bestarinn?*

WOW air leitar að snillingi sem er skemmtilegur, hefur vilja og getu til að taka þátt í umbótaverkefnum og er góður liðsmaður í frábæru teymi. Háskólagráða í verkfræði, viðskiptafræði, hagfræði eða sambærilegu. Góð enskukunnátta er skilyrði. Þekking og reynsla í greiningu og skýrslugerð er kostur. Það væri líka gott að hafa reynslu af bestun og spálíkönum (e. optimization & forecasting).

Aflaðu þér upplýsinga um starfið á **www.wowair.is/vertumemm** eða sæktu hreinlega um! Tekið er við umsóknum með ferilskrám og kynningarbréfi á **starf@wow.is**. Umsóknarfrestur er fyrir mánudaginn 7. apríl 2014. Vinsamlega merkið umsóknina vandlega því starfi sem sótt er um í viðfangsefni (e. subject).

**Um WOW air**

Frá upphafi hefur WOW air margfaldast að stærð. Fyrsta árið, 2012, flugu 90.000 gestir með WOW air og í ár áætlum við yfir 500.000 gesti! Þetta þýðir að við þurfum enn fleiri snillinga í WOW liðið.

wowair.is | Katrinartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is

## EKKI MISSA AF

# Grasrótarhönnuðum veitt tækifæri

„Við stofnuðum þetta, fjórir fatahönnuðir, árið 2009 af því að okkur fannst vanta vettvang fyrir grasrótarhönnuði og vörumerki til þess að koma sér á framfæri," segir Þórey Björk Halldórsdóttir um PopUp-Farands Verzlunina.

Tíu íslensk vörumerki munu selja vörur sínar á sölusýningu Farands Verzlunarinnar á Lofti Hosteli laugardaginn 29. mars. Markaðurinn er hluti af dagskrá HönnunarMars.

„Þetta eru níu hönnuðir samtals en síðan eru líka UN Women að selja fiðrildabolinn," segir Þórey. „Bolurinn er samstarfsverkefni Sögu Sig, ELLU og Landsbankans, allir gefa sína vinnu," segir Þórey en allur ágóði af sölu bolsins rennur til starfsemi UN Women.

„Þetta eru mjög færir hönnuðir að selja, Ási of Iceland gerir mjög flottar tískuteikningar sem hann ætlar að selja í fyrsta sinn," segir Þórey.

„Síðan er stelpa sem heitir Rakel með Útópíumerkið, hún er að gera flott hulstur fyrir snjallsíma," segir Þórey og bætir við að á sölusýningunni verða vörumerki sem spanna allt svið hönnunar.




LAUGARDAGUR TIL LISTA

Arion banki býður þér á fyrirlestur Huldu Stefánsdóttur um listakonuna Guðmundu Andrésdóttur í ráðstefnusal bankans í Borgartúni 19 í dag, laugardag, kl. 13.30.

Jafnframt verður opnuð sýning á verkum Guðmundu í Borgartúni 19.

Allir velkomnir.

Arion banki


# LAUGARDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Leiklist

**16.00** Bróðir minn Ljónshjarta eftir Astrid Lindgren í uppsetningu Leikfélags Selfoss sýnt í Litla leikhúsinu við Sigtún á Selfossi. Miðaverð 2.000 kr.

### Fræðsla

**14.00** Café Lingua Borgarbókasafnsins verður í Gerðubergi. Ítalska félagið á Íslandi og félagið Móðurmál munu kynna og veita gestum innsýn í ítalska menningu og tungu. Frítt inn og allir velkomnir.

### Dansleikir

**22.00** Skítamórall er kominn aftur á stjá í upprunalegri mynd með gullbarkann Einar Ágúst Víðisson innanborðs og ætlar að blása til stórdansleiks á Spot.

### Tónlist

**13.30** Hinir árlegu þematónleikar verða haldnir í Salnum í Kópavogi kl. 13.30. og 15.30. Þema tónleikanna er 20 ára afmæli Tónskólans Do Re Mi.

**16.00** Ragnar Bjarnason, Jón Ólafsson og Valgeir Guðjónsson fletta í söngbók og ferilskrá Ragga, spá í spilin, spila lögin, spjalla og slá á létta strengi ef einhverjir finnast í Eyrarbakkakirkju.

**20.00** Kristjana Skúladóttir leikkona segir frá og flytur tónlist nokkurra helstu söngkvenna styrjaldaráranna. Tónleikarnir fara fram í Hömrum í Hofi.

**22.00** Genesis gengið og Græni hatturinn kynna: The Lamb lies Down on Broadway. Bestu lög Genesis í flutningi frábærra tónlistarmanna.

**22.30** Hljómsveitin Fox Train Safari kemur fram á Bar 11. Henni til halds og trausts verða hljómsveitirnar Major Pink og Dysfunctionals. Aðgangur er ókeypis.

**23.00** Magnús Einarsson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Listamannaspjall



**14.00** Stephen Lárus Stephen, annar tveggja listamanna á sýningunni Mannlegar víddir, verður með leiðsögn um mannamyndir sínar. Sýningin fer fram í Listasafni Reykjanesbæjar, Duusgötu 2-8.

### Fyrirlestrar

**13.15** Tveir fyrirlesarar koma fram í Þjóðmenningarhúsinu 29. mars. Tiny Risselada, grafískur hönnuður frá Hollandi sem mun segja frá Letterpress-rekstri sínum í Hollandi, en þar í landi er rík hefð fyrir því að senda út heillaóskakort við ýmsa viðburði eins og t.d. barnseignir. Þá mun Albert Munoz, Associate Creative Director, á auglýsingastofunni Jónsson & Le macks flytja erindi. Albert Muñoz er Katalóníumaður að ætt og uppruna og hann mun segja frá verkefninu Norður Salt, allt frá upphafi að útfærslu hugmyndarinnar til fullunninnar vöru. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### Markaðir

**12.00** PopUp Farands Verzlunin býður uppá sölusýningu á HönnunarMars. Þessi einstaka PopUp Verzlun opnar nú dyr sínar á Loft Hosteli á 4. hæð að Bankastræti 7a og býður alla velkomna.

### Samkoma

**10.00** Heilsuefling í Íþróttamiðstöðunni Ásgarði í Garðabæ. Í tilefni af 25 ára afmæli Líkamsræktar B&Ó verður boðið upp á heilsueflingardag í Íþróttamiðstöðinni Ásgarði á laugardaginn frá kl. 10.00 til 13.00 í samstarfi við Garðabæ og Almenningsíþróttadeild Stjörnunnar.

# SUNNUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Leiklist

**14.00** Bróðir minn Ljónshjarta eftir Astrid Lindgren í uppsetningu Leikfélags Selfoss sýnt í Litla leikhúsinu við Sigtún á Selfossi. Miðaverð 2.000 kr.

### Félagsvist

**14.00** Félagsvist í Breiðfirðingabúð. Allir velkomnir.

### Sýningar

**11.00** Einskismannsland, sýning á málverkum eftir Arnar Herbertsson verður opnuð í safnaðarheimili Neskirkju.

**14.00** Frænkurnar Edda Lilja Guðmundsdóttir og Hlíf Leifsdóttir opna sýningu í Boganum á málverkum, textílverkum og verkum þar sem myndlist og textíll sameinast á striga.

### Kvikmyndir

**15.00** Síðari hluti meistaraverks Eisensteins Ívan grimmi sýndur í MÍR, Hverfisgötu 105.

### Dansleikir

**20.00** Dansað verður i félagsheimili eldri borgara i Stangarhyl 4 í Reykjavík. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 kr. fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

### Listamannaspjall

**15.00** Gestaleiðsögn í tengslum við sýninguna Úr iðrum jarðar. Myndlistarkonan Anna Jóa spjallar við gesti um sýningu Hildar Ásgeirsdóttur Jónsson sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum.

**15.00** Sýningarspjall með Hrafnhildi Schram sýningarstjóra og listamönnunum Björgu Þorsteinsdóttur, Ragnheiði Jónsdóttur og Þorbjörgu Höskuldsdóttur á sýningunni Nútímakonur í Listasafni Árnesinga, Hveragerði. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

### Samkoma

**19.00** Spilað verður bridge í Breiðfirðingabúð. Allir velkomnir.

**20.00** Þriðja Tómasarmessa ársins í Breiðholtskirkju í Mjódd. Þema messunnar verður að þessu sinni, Jesús mettar og mun Magnea Sverrisdóttir, skóladjákni, prédika. Framkvæmdaaðilar að þessu messuhaldi eru Breiðholtskirkja, Kristilega skólahreyfingin, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, Félag guðfræðinema og hópur presta og djákna. Að messu lokinn verður boðið upp á kaffiveitingar í safnaðarheimilinu.

### Tónlist

**16.00** **Ragnar Bjarnason, Jón Ólafsson og Valgeir Guðjónsson** fletta í söngbók og ferilskrá Ragga, spá í spilin, spila lögin, spjalla og slá á létta strengi ef einhverjir finnast. Raggi Bjarna er goðsögn í íslensku tónlistarlífi og hljómaði fyrst á 45 snúninga plötu fyrir réttum 60 árum. Tveir einlægir aðdáendur söngvarans, Jón og Valgeir, rifja upp kynni sín af perlum meistarans, spila undir söng hans og fá að heyra sögur úr bransanum ásamt áheyrendum í Eyrarbakkakirkju.



**16.00** Útskriftartónleikar Ara Hróðmarssonar frá tónlistardeild LHÍ í Eldborgarsal Hörpu. Á tónleikunum stórnar Ari frumflutningi á nýju verki eftir John Speight sem er samið í tilefni 50 ára afmælis Tónskóla Sigursveins.

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

**20.00** Kammerhópurinn Nordic Affect heldur sína fyrstu tónleika í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur en hópurinn var útnefndur tónlistarhópur Reykjavíkur árið 2014. Tónleikarnir verða á Kjarvalsstöðum.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og*


# Lektor í ferðamálafræði

**Laust er til umsóknar starf lektors í ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.**

Á **Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands** starfa um 300 manns við rannsóknir á heimsmælikvarða og við fjölbreytta og metnaðarfulla kennslu á sviði verkfræði og náttúruvísinda.

Starfsumhverfið er alþjóðlegt enda eykst sífellt hlutfall erlendra nemenda og starfsmanna við sviðið. Deildir Verkfræði- og náttúruvísindasviðs eru sex og heyrir ferðamálafræðin undir Líf- og umhverfisvísindadeild. Öflugt samstarf er milli deildanna.

Rannsóknaraðstaða lektorsins er við Líf- og umhverfisvísindastofnun en jafnframt býðst áhugavert þverfaglegt samstarf við aðrar rannsóknarstofnanir háskólans sem og við erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir.

- Rannsóknarsvið lektorsins skal ná yfir skipulag og stefnumótun ferðamennsku og þróun ferðamannastaða með sjálfbærni að leiðarljósi.
- Lektornum er ætlað að taka þátt í að efla kennslu og rannsóknir í ferðamálafræði við Háskóla Íslands.
- Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í ferðamálafræði eða skyldum greinum.

Sjá nánar **www.starfatorg.is** og **www.hi.is/laus storf**.

Upplýsingar um starfið veitir **Anna Dóra Sæþórsdóttir**, forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar í síma **525 4287** og í netfangi **annadora@hi.is**.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA · SÍA · 140899


VOR Í HOFI
ÓSKASTEINAR
29. MARS
ÓSKASTEINAR
Í SAMSTARFI VIÐ BORGARLEIKHÚSIÐ
29. MARS
SÖNGKONUR STRÍÐSÁRANNA
KRISTJANA SKÚLADÓTTIR
4. APRÍL
FÖSTUDAGSFREISTINGAR
ÞÓRHILDUR ÖRVARSDÓTTIR
OG PÁLMI SIGURHJARTARSON
5. APRÍL
SÖNGKEPPNI
FRAMHALDSSKÓLANNA
KL.12.00: UNDANKEPPNI
KL.19.30: ÚRSLIT
6. APRÍL
TUMI TÍMALAUSI
EFTIR PÉTUR GUÐJÓNSSON OG JOKKU
KL.14: LAUS SÆTI
KL.17: UPPSELT
KYNFRÆÐSLA PÖRUPILTA
10. APRÍL
PÖRUPILTAR
11. APRÍL
EF LÍFIÐ VÆRI SÖNGLEIKUR
12. APRÍL
EF LÍFIÐ VÆRI
BARNASÖNGLEIKUR
MIÐ-ÍSLAND
12. APRÍL
MIÐ–ÍSLAND
HLÁTURINN
LENGIR
LÍFIÐ
EIN
MAGNAÐASTA
SINFÓNÍA
ALLRA TÍMA
PÁSKAR
17. APRÍL
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
NORÐURLANDS
STÓRTÓNLEIKAR Á SKÍRDAG
SINFÓNÍA NR. 6 EFTIR MAHLER
PÁSKAR
SKONROKK
GLYSROKKVEISLA ALDARINNAR
18. APRÍL
SKONROKK
– 80'S GLYSROKKVEISLA ALDARINNAR
MAGNI, EYÞÓR INGI, BIGG HARALDS OG PÉTUR „JESÚ"
PÁSKAR
19. APRÍL
ÓSKAR P. OG GESTIR
RAGGI BJARNA, ÁLFTAGERÐIS-
BRÆÐUR, ÞURÍÐUR SIGURÐAR OFL.
KL.20: ÖRFÁ SÆTI LAUS
KL.16: AUKATÓNLEIKAR
ENGA
FORDÓMA
24. APRÍL
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
NORÐURLANDS
– POLLAPÖNK
10. MAÍ
HÁTÍÐARTÓNLEIKAR
KVENNAKÓRAMÓTS
YFIR
700 KONUR
ÚR 20 KÓRUM
KOMA FRAM
17. MAÍ
SNIGLABANDIÐ
OG VOCAL PROJECT
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
TAKTU FLUGIÐ
NORÐUR
www.flugfelag.is
ÞETTA OG MARGT FLEIRA – TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA
MIÐASALA OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á MENNINGARHUS.IS OG Í SÍMA 450 1000
Síminn
Íslandsbanki
NORÐURORKA
VÍS
HOF
MENNINGARHÚS




Kynntu þér endalaust tal og sms á www.siminn.is

**Með nýju snjallpökkunum geturðu hringt endalaust og sent endalaust mörg SMS**

Í dag er góður dagur fyrir þá sem hafa frá mörgu að segja.

Síminn kynnir nýja endalausa snjallpakka svo þú getir loksins talað endalaust og sent endalaust mörg SMS. Þeir kosta aðeins frá **5.990 kr. á mánuði** og þú sendir eins mörg SMS og þú getur og hringir **eins oft og jafn lengi og þú vilt í alla farsíma og heimasíma á Íslandi!**

ENNEMM / SÍA / NM61957




| ENDALAUST TAL OG SMS | ENDALAUST TAL OG SMS | ENDALAUST TAL OG SMS |
|---|---|---|
| 5.990 kr. | 6.990 kr. | 8.990 kr. |
| 500 MB | 1 GB | 3 GB |

Þrjár endalaust frábærar leiðir í boði:

# LÍFIÐ

## Ekki litlar lengur

Þessar leikkonur stigu sín fyrstu skref á rauða dreglinum barnungar.




**EMMA WATSON** Leikkonan Emma Watson landaði hlutverki Hermione Granger í Harry Potter-myndunum þegar hún var níu ára. Nú tekur hún hverri áskoruninni á fætur annarri og er ein fremsta leikkona heims. NORDICPHOTOS/GETTY




**EMMA ROBERTS** Frænka Juliu Roberts sló í gegn í sjónvarpsseríunni Unfabulous árið 2004, aðeins þrettán ára gömul.




**CAMILLA BELLE** Camilla var fimm ára þegar hún lék í sinni fyrstu mynd, Trapped Beneath The Earth.




**CHRISTA B. ALLEN** Ferill hennar hófst árið 2004 þegar hún var þettán ára og er hún nú þekktust fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsseríunni Revenge.


TILBOÐ

Nicovel Fruit og Mint
498kr/pk í mars
(áður 598kr/pk)

BÓNUS

VILTU HÆTTA AÐ REYKJA?




Nicovel® lyfjatyggigúmmí

**Nicovel Fruit** og **Nicovel Mint** lyfjatyggigúmmí, innihalda 2 mg af nikótíni sem nikótín resinat. Nicovel er ætlað reykingamönnum 18 ára og eldri. Ekki má nota Nicovel ef um er að ræða ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðru innihaldsefni tyggigúmmísins eða ef þú reykir ekki. Leitið ráða hjá lækni áður en Nicovel er notað ef: þú hefur nýlega fengið hjartaáfall eða heilablóðfall, þú hefur fengið ofnæmisviðbrögð (ofsabjúgur) eða útbrot með kláða (ofsakláði). Einnig ef þú ert með: brjóstverk, hjartakvilla sem hefur áhrif á hraða eða takt hjartsláttar, ómeðhöndlaðan háþrýsting, lifrarsjúkdóm, nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettumerg (krómfíklaæxli), magasár eða bólgu í vélinda. Einstaklingar undir 18 ára aldri ættu ekki að nota Nicovel nema því sé ávísað af lækni. **Viðeigandi skammtur fyrir fullorðna getur haft mikil eituráhrif eða verið banvænn fyrir lítil börn.** Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicovel í samráði við lækni. Skammtar eru einstaklingsbundnir og valdir út frá nikótínþörf. Yfirleitt er nóg að nota 8-12 tyggigúmmí á dag. Hámarksskammtur er 24 stykki á dag. Nánari upplýsingar um notkun er að finna í fylgiseðli lyfsins. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: Orifarm Generics A/S. Umboð á Íslandi: Icepharma hf. Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.





Brekkurnar bíða

**Bretta- og skíðafólk, fjölskyldur, vinir og kunningjar**

*Það geta allir gert gott helgarfrí enn betra og gleymt stund og stað í fjöllunum.*

*Opið um helgina í Bláfjöllum og Skálafelli kl. 10–17.*

*Upplýsingasími* ***530 3000*** ***skidasvaedi.is***

SKÍÐASVÆÐIN

# Vanlíðan samkynhneigðra ungmenna

Ég hlustaði á viðtal við nýkosinn formann Samtakanna '78 sem talaði um að enn væri töluvert langt í land í baráttunni gegn fordómum í garð tví- og samkynhneigðra. Þá las ég um íslenska rannsókn sem skoðar vanlíðan samkynhneigðra ungmenna í 10. bekk. Samkynhneigðir unglingar eru 25 sinnum líklegri til að hafa endurtekið reynt sjálfsvíg og eru 12 sinnum líklegri til að vera með endurteknar hugsanir um sjálfsvíg, í samanburði við gagnkynhneigða jafnaldra sína. Þá hafa á milli 25% til 33% samkynhneigðra unglinga reynt sjálfsvíg. Þetta er sláandi tölfræði og við hljótum að segja stopp, hingað og ekki lengra.

Það kemur reglulega fyrir að spurningar um kynlíf samkynhneigðra berast til mín í fræðslunni í grunnskólum. Krakkarnir velta fyrir sér tæknilegum útfærslum, hvort alltaf þurfi að örva rassinn og hvort viðkomandi geti raunverulegu fengið fullnægingu ef bara tvær stelpur stunda það. Að blanda kynhegðun og kynlífstækni inn í umræðuna um kynhneigð er eitt af því sem elur á alls kyns fordómum og mýtum í garð tví- og samkynhneigðra. Þegar ég segi krökkunum að ekki stundi allir hommar endaþarmsmök verða þau eitt spurningarmerki. Þau fara alveg í kross þegar ég segi þeim að næmustu staðir píkunnar séu utan á henni og því geti samfarir við lesbíu verið einkar ánægjulegar því þá séu þessir staðir örvaðir. Það er orðið algengara að gagnkynhneigðir drengir geri kröfu um að fá að taka stúlku í rass en ég bendi þeim á að allt kynlíf byrji á þér sjálfum. Ef þeir séu svona spenntir fyrir endaþarmsörvun þá er nú lítið mál að byrja á sínum eigin rassi. Þeir súpa hveljur en stelpurnar standa upp og klappa.

Það þarf að minna á að kynhneigð og kynhegðun er langt í frá það sama. Ég reyni alltaf að benda krökkum á að fá fræðslu frá Samtökunum '78. Það nefnilega brýtur hjarta mitt í þúsund mola þegar upp að mér læðist ungur strákur og greinir frá einelti vegna kynhneigðar og kynhegðunar. Í fyrsta lagi kemur öðru fólki kynlíf annarra ekki við og í annan stað virðumst við skilja að það megi ekki leggja aðra í einelti, en gleymist það þegar kemur að kynhneigð?

Við þurfum að hætta að líta á aðra kynhneigð en gagnkynhneigð sem eitthvað sem sé öðru vísi eða jafnvel að. Fordómalaus umræða og fræðsla þarf að hefjast miklu fyrr. Að gera ráð fyrir gagnkynhneigð getur verið skaðlegt og sú umræða hefst snemma. Nú vil ég spyrja þig, þegar þú sækir son þinn í leikskólann og sérð hann leiða besta vin sinn, myndir þú spyrja hvort þeir væru hommar?

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is





**OFUREINFALT** Gaman er að fylgjast með litunum verða til.

## FÖNDRAÐU

### HEIMAGERÐIR VATNSLITIR

Krakkar hafa einstaklega gaman af því að fylgjast með því þegar vatnslitir eru búnir til frá grunni heima fyrir í nokkrum einföldum skrefum.

1. **Hellið einum bolla af matarsóda í skál.**
2. **Hellið ¾ bollum af ediki mjög rólega saman við. Ekki blanda öllu saman við í einu því blandan byrjar að freyða og gæti farið út um allt.**
3. **Blandið þessu vel saman þegar edikið er hætt að freyða.**
4. **Bætið tveimur matskeiðum af sírópi saman við.**
5. **Blandið síðan einum bolla af maíssterkju saman við þangað til allt er orðið vel blandað saman.**
6. **Hellið blöndunni síðan í ísmolaform en passið að fylla hvert hólf ekki alveg.**
7. **Setjið örlítið af matarlit á hnífsodd og blandið vel saman við.**
8. **Geymið bakkann á góðum stað og leyfið litunum að þorna yfir nótt.**

**fengið af allparenting.com*

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á Lífið á visir.is.

*Lumar þú á einföldu og skemmtilegu verkefni sem hægt er að framkvæma sjálfur? Sendu það endilega á okkur á netfangið liljakatrin@frettabladid.is.*













# Mikil fegurð getur verið óhugnanleg

**Ásgrímur Már var yfirhönnuður E-Label, einn af forsprökkum verslunarinnar Kiosk, sá um búninga Silvíu Nætur, þáttarstjórnandi á SkjáEinum og vann hjá tímaritinu Cover. Hinn fjölhæfi Ásgrímur sýnir nú teikningar eftir sig á Loft Hosteli í Bankastræti á HönnunarMars.**

Fatahönnuðurinn og teiknarinn Ásgrímur Már Friðriksson heldur pop-up-markað á Loft Hosteli í Bankastræti í dag frá kl. 12-18.

„Ég var duglegri að teikna hér áður fyrr, það var birt eftir mig í erlendum og innlendum miðlum og ég vann einnig verkefni heima. Það er ótrúlega góð tilfinning að koma sér aftur í teiknifílinginn eftir nokkurra ára hlé. Áður en ég fór í Listaháskóla Íslands var ég á myndlistarbraut í FB. Einnig kenndi ég um tíma tískuteikningu í LHÍ,“ segir Ásgrímur. „Ég vinn aðallega með andlit og fólk. Fegurð heillar mig, þar sem mikil fegurð getur verið óhugnanleg,“ segir Ásgrímur jafnframt og kveðst spenntur fyrir helginni, þar sem Reykjavík Fashion Festival og HönnunarMars séu í gangi. „Pop-up-markaðir eru aðeins brot af þeim fjölmörgu uppákomum á augnayndinu og hnossgætinu sem HönnunarMars er.“

Aðspurður segist Ásgrímur þó alls ekki vera myndlistarmaður. „Ég vil taka það skýrt fram. Ég er teiknari. En ef litið er yfir ferilskrána mína, er kannski erfitt að segja til um hvað mitt aðalstarf er. Ég hef komið víða við, var yfirhönnuður hjá E-Label fyrstu árin, einn af forsprökkum Kiosk, sá um búninga hjá Silvíu Nótt, var aðstoðartískustjórnandi hjá danska tímaritinu Cover, var með þátt á SkjáEinum, vann hjá umboðsskrifstofunni Eskimo og svona mætti lengi telja. Í augnablikinu er ég að einblína á eigin verk og vinnu. Í raun hef ég alltaf unnið fyrir aðra og finnst vera kominn tími á að gera mitt eigið.“

olofs@frettabladid.is



**MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM** Ásgrímur Már, eða Ási eins og hann er oftast kallaður, hefur komið víða við á ferlinum. MYND/ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR



# Í einu orði sagt stórfengleg

KVIKMYNDIR ★★★★★

**Noah**

**LEIKSTJÓRI: DARREN ARONOFSKY**
**AÐALHLUTVERK: RUSSELL CROWE, EMMA WATSON, JENNIFER CONNELLY, RAY WINSTONE OG ANTHONY HOPKINS**

Nánast hvert einasta mannsbarn þekkir biblíusöguna um Nóa sem fékk boð frá Guði um að smíða örk því syndaflóð væri í nánd. Átti Nói að smala dýrum í örkina, tvennt átti að vera af hverri tegund til að viðhalda lífi á jörðinni.

Leikstjórinn Darren Aronofsky hefur verið hugfanginn af sögunni um Nóa síðan hann var barn og loksins er hugmynd hans komin á hvíta tjaldið. Og þessi hugsjón hans svíkur aldeilis ekki.

Þessi mynd er í einu orði sagt stórfengleg. Stuttu eftir að hún hófst gleymdi ég að um ævaforna biblíusögu væri að ræða og varð spennt að vita hvernig sagan færi að lokum – þótt ég vissi það upp á hár. Undir niðri kraumar svo afar hárfínn áróður fyrir umhverfisvernd. Þar dansar Darren á línunni og leysir það listavel. Aldrei verður áróðurinn fráhrindandi eða óbærilegur. Hann hins vegar, tvinnaður saman við klassísk þemu sögunnar, verður til þess að myndin espar upp tilvistarangist mína, eins og félagi minn orðaði það svo meistaralega vel.

Og leikararnir! Maður minn! Fyrir þessa mynd var ég síðasta manneskjan til að hoppa á aðdáendalest Russells Crowe en sit nú í lestarstjórasætinu og þyrstir í meira. En myndin er aðeins jafn góð og hennar slakasti leikari og í þessu tilviki stígur enginn í leikaraliðinu feilspor. Emma Watson sannar sig hér sem miklu meira en litla Hermione úr Harry Potter-myndunum og Jennifer Connelly býr yfir svo mikilli fegurð og yfirvegun í túlkun sinni að ég táraðist í sífellu í bíósætinu.

Svo ekki sé minnst á tónskáldið Clint Mansell sem Darren hefur unnið með margoft. Hann setur punktinn yfir i-ið með tónlist sem er svo undurfögur að maður trúir ekki að hún sé af þessum heimi.

**NIÐURSTAÐA:** Þessa mynd verða allir að sjá. Það er bara þannig!

Lilja Katrín Gunnarsdóttir



**LEIKSIGUR** Noah er upphafið af einhverju stærra og meira fyrir Russell Crowe.



**HVAÐ SEGIR KANYE?** Verða borgarar í brúðkaupinu? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Burger King í brúðkaupinu

Skyndibitastaðurinn Burger King hefur boðist til að sjá um veitingar í brúðkaupi Kim Kardashian og Kanye West eftir að upp kom orðrómur um að Kanye hefði keypt tíu sérleyfi fyrir unnustu sína.

„Við vitum ekki um kaup herra West og ungfrú Kardashian á Burger King-veitingastöðum en við getum séð um veitingar í brúðkaupinu!“ segir í tilkynningu frá keðjunni.

Kanye bað Kim í október á síðasta ári og segir sagan að þau ætli að gifta sig í Frakklandi í sumar.

- lkg

Ferjuhús í landi og biðskýli úti í eyju

Viðey

Reykjavíkurborg í samvinnu við Arkitektafélag Íslands efnir til opinnar framkvæmdasamkeppni til að fá fram áhugaverðar og vandaðar tillögur að ferjuhúsi á Skarfabakka og biðskýli úti í Viðey.

Gert er ráð fyrr að samið verði við höfund verðlaunatillögu um áframhaldandi hönnun á verkefninu til útboðs.

Keppnislýsing verður látin í té endurgjaldslaust frá og með 29. mars 2014 og er hægt að nálgast hana á samkeppnisvef Reykjavíkurborgar og heimasíðu Arkitektafélags Íslands.





www.hugmyndasamkeppni.is · www.ai.is



# Úr fjötrum fjarkanna

**BAKÞANKAR**
Hauks Viðars Alfreðssonar



Stærstu stjórnmálaflokkar landsins – Sjálfstæðisflokkurinn, Framsókn, Samfylkingin og Vinstri grænir, mynda „fjórflokkinn". „The Big Four" vísar síðan til fjögurra þungarokkshljómsveita sem slógu í gegn upp úr 1980; Slayer, Anthrax, Metallica og Megadeth. Ég paraði þetta saman að gamni:

**SAMFYLKINGIN = METALLICA** Höfðar til margra en fer í taugarnar á öðrum fyrir miðjumoð. Til í að vinna með öllum. Samfylkingin fékk slaka kosningu í fyrra og síðasta plata Metallica seldist ekkert sérlega vel.

**SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN = SLAYER** Fyrirsjáanlegt en nýtur virðingar. Davíð Oddsson var eins konar Jeff Hanneman flokksins og dyggir stuðningsmenn sakna hans sárt. Davíð var hins vegar ekki bitinn af eitraðri könguló og er enn í fullu fjöri.

**VINSTRI GRÆNIR = MEGADETH** Frábærir sprettir í gamla daga. Alltaf í skugga stóra bróður. Ögmundur gekk á hurð, varð skrýtinn og VG tapaði fylgi. Dave Mustaine hætti að drekka, varð ofsatrúarklikkhaus og Megadeth glataði aðdáendum.

**FRAMSÓKNARFLOKKURINN = ANTHRAX** Enginn veit hverjir kjósa Framsóknarflokkinn og enn síður hverjir kaupa plötur Anthrax. Enda ekki eitthvað sem eðlilegt fólk viðurkennir opinberlega. Stuðningsmenn oftar en ekki smekkleysingjar í lummó fötum.

**EKKERT** af þessu á erindi við nútímann. Af og til örlar á smá hugsjón og ástríðu, en við sem kjósum þessa flokka og kaupum þessar plötur erum sjálfviljug að láta svína á okkur. Þetta fólk hefur ekkert nýtt fram að færa og því hlýtur að vera kominn tími á eitthvað annað. Og ekki flokk sem er eiginlega alveg eins og Samfylkingin eða hljómsveit sem kóperar Slayer.

**ÞAÐ ER SAMT** svo merkilegt þetta með Framsókn og Anthrax. Við vorum svo nálægt því að losna við bæði.

# „Kæra Gwyneth"

## Mackenzie skrifar harðort bréf í New York Post.

Kona sem kallar mig Mackenzie skrifar leikkonunni Gwyneth Paltrow harðort bréf í New York Post og gagnrýnir ýmislegt sem hún hefur látið flakka.

„Kæra Gwyneth. Ég naut þess að heyra þig tala við E! um hvað skrifstofustörf eru auðveld fyrir foreldra í samanburði við erfiðar aðstæður sem þú stendur frammi fyrir á kvikmyndasetti. „Ég held að það sé auðveldara að vera í skrifstofuvinnu því það er rútína og maður getur gert alls konar á morgnana og síðan kemur maður heim á kvöldin," sagðir þú. Sem móðir barns gæti ég ekki verið meira sammála!" skrifar Mackenzie og lætur Gwyneth heyra það með hæðnislegum tón.

„Guði sé lof að ég bíð eftir þéna ekki milljónir á ári við að leika í kvikmyndum." Það segi ég við mig á hverjum morgni er ég bíð eftir neðanjarðarlestinni í vindinum áður en ég ferðast í 45 mínútur til borgarinnar. Þegar tímar eru erfiðir þarf ég bara að minna sjálfa mig á það. Það er mín mantra," skrifar Mackenzie og bætir við að hún telji víst að vinkonur hennar séu sama sinnis. - lkg



**GAGNRÝND** Mackenzie er ekki ánægð með Gwyneth Paltrow. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 2 - 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH VIP | KL. 2 - 5:10 - 8 - 10:45 | VIP |
| NEED FOR SPEED | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 1 - 3:20 - 5:30 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 1 - 3:10 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 3:20 | L |
| JÓNSI OR RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 1:20 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 5 - 8 - 10:45 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| HNETURÁNIÐ ÍSLTAL3D | KL. 2 | L |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL2D | KL. 1:30 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 3:30 | L |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:40 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 2:20 - 5:10 - 8 - 10:20 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 7:30 - 10:20 (5:10(SUN)) | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 2:40 - 5:10 | L |
| POMPEII | KL. 10:30 | 12 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:50 | 16 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 3 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 3:20 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 3:10 - 6 - 9 -10:20 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:40 - 11:40 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| GAMLINGINN | KL. 3:10 - 5:30 - 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 8 | 16 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 1 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 1 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 3 | L |
| POMPEII | KL. 5:40 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 3 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL 5 - 8 - 10.15 | 12 |
| NOAH LÚXUS | KL 2 - 5 - 8 | 12 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL 1 - 3 - 5.40 | L |
| HNETURÁNIÐ 3D | KL 1 - 3 | L |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL 8 - 10.15 | 16 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL 1 - 3.20 - 5.40 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 3D | KL 1 - 3.20 | L |
| RIDE ALONG | KL 8 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL 3.30 - 5.45 - 8 - 9 - 10.15 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL 3.30 - 5.40 | L |
| HNETURÁNIÐ 3D | KL 3.30 | L |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL 8 - 10.15 | 16 |
| ONE CHANCE | KL 8 - 10.20 | L |
| SAVING MR. BANKS | KL 6 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | KL 3.30 - 5.50 | L |

Miðasala á: eMiði

ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
BESTA VERÐIÐ FJÖLSKYLDUPAKKINN GÆÐASTUND
NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁS BÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




**Tilboð í bíó.** Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| NOAH | 6, 8, 9, 10:45 | 12 |
| HNETURÁNIÐ 3D | 2, 4, 6 | L |
| HNETURÁNIÐ 2D | 2, 4 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | 2, 4 | L |
| RIDE ALONG | 5:50 | 12 |
| 3 DAYS TO KILL | 10:25 | 12 |
| DALLAS BUYERS CLUB | 8 | 12 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is










BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



**TRYLLT STEMMING** Karlakór Kaffibarsins í aðalhlutverki.

# Myndband á djamminu

## Atli Viðar Þorsteinsson og Hörður Sveinsson tóku upp tónlistarmyndband við lag Írans Rea Garvey.

Atli Viðar Þorsteinsson og Hörður Sveinsson,sáu um framleiðslu og leikstjórn tónlistarmyndbands fyrir írska tónlistarmanninn Rea Garvey, en hann gefur út í Þýskalandi. Myndbandið var tekið upp á Íslandi og nutu þeir liðsinnis Karlakórs Kaffibarsins.

„Garvey var einn af dómurunum í þýsku útgáfunni af The Voice og er vel þekktur í Þýskalandi,“ segir Atli Viðar, en yfir 300.000 manns hafa látið sér líka við listamanninn á Facebook, þar sem Karlakór Kaffibarsins prýðir opnumyndina. „Garvey lenti semsagt á frábæru djammi með Karlakór Kaffibarsins og vildi endurskapa það í tónlistarmyndbandi, sem myndi síðan fylgja fyrstu smáskífunni af nýju plötunni hans,“ segir Atli Viðar jafnframt, en Garvey er á mála hjá útgáfurisanum Universal.

„Þau komu hingað í byrjun mars og við skutum myndbandið á einum degi með tuttugu og fimm meðlimum karlakórsins og tuttugu aukaleikurum á Bravó,“ segir Atli Viðar og bætir við stórskemmtilegt hafi verið í tökunum. **- ósk**



**TAKK, ALLIR** Beyoncé er þakklát. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Brotnaði niður á sviði

Söngkonan Beyoncé batt endahnútinn á tónleikaferðalag sitt Mrs. Carter í Lissabon í Portúgal á fimmtudag og þakkaði aðdáendum stuðninginn. Hún brotnaði niður í einlægu ávarpi.

„Þetta er búin að vera ótrúlegt tónleikaferðalag. Ef þið vitið það ekki þá eru tónleikarnir nú 132 talsins. Í kvöld eru síðustu tónleikarnir í Mrs. Carter-ferðalaginu. Við byrjuðum fyrir ári og ég vil segja að þetta er búin að vera svakaleg ferð. Þegar ég hóf ferðalagið var dóttir mín ekki einu sinni byrjuð að ganga,“ sagði Beyoncé sem á dótturina Blue Ivy með tónlistarmanninum Jay Z.

„Ég vil bara að þið vitið að ég er svo heppin. Takk, allir. Takk fyrir að leyfa mér að eiga frama,“ bætti hún við. **- lkg**

# Talar við Opruh daglega



**LINDSAY LOHAN**

Partípían Lindsay Lohan hefur lifað tímana tvenna og þakkar spjallþáttadrottningunni Opruh Winfrey fyrir að hjálpa sér að komast á beinu brautina.

„Ég tala við hana nánast daglega og hún hefur reynst mér svo vel,“ segir Lindsay í samtali við Ellen DeGeneres en raunveraleikaþáttur um Lindsay er sýndur á sjónvarpsstöð Opruh, OWN.

„Hún kynnti mig fyrir hugleiðslu. Hún er ein af ástæðunum fyrir því að hugleiðsla er svo stór partur af lífi mínu. Hún hefur verið mér skært leiðarljós og manneskja sem ég dái.“ **- lkg**

LYFJA
– Lífið heil

15% afsláttur
Gildir út mars.

Nicorette Fruitmint
Allar pakkningar og styrkleikar.




www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

Þú getur stólað á íslenska hönnun og framleiðslu



Allir velkomnir

Íslenskir framleiðendur sýna nýja íslenska framleiðslu þar sem framúrskarandi hönnun og frábært handbragð haldast í hendur. Samstarf íslenskra framleiðenda og hönnuða er rótgróið og gefur sífellt af sér ný og betri húsgögn og innréttingar.

Sýningin er í **Hörpu** og er hluti af **HönnunarMars**.

**Þátttakendur eru:**
Á. Guðmundsson
Axis
G. Á. Húsgögn
Prologus
Sólóhúsgögn
Sýrusson
Zenus

**Opnunartími:**
fimmtudagur 27. mars kl. 11-22
föstudagur 28. mars kl. 11-18
laugardagur 29. mars kl. 11-18
sunnudagur 30. mars kl. 13-17

HönnunarMars DesignMarch Reykjavík 27.–30.03.2014
SYRUSSON GÁ AXIS Á. GUÐMUNDSSON EHF. PROLOGUS ZENUS Sólóhúsgögn
SI 20 1994-2014

## Vildi fá meira út úr tímabilinu



**KÖRFUBOLTI** Jón Ólafur Jónsson lék í fyrrakvöld sinn síðasta körfuboltaleik á ferlinum en þessi 32 ára Snæfellingur á að baki fimmtán ár í meistaraflokki. Nonni Mæju, eins og hann er betur þekktur, hefur verið mikilvægur hlekkur í liði Snæfells.

„Ég var búinn að ákveða mig fyrir þetta tímabil,“ segir Jón Ólafur sem hefur verið að glíma við meiðsli, bæði í baki og hásin. „Ég er búinn að vera slæmur í vetur og því fór þetta svona.“

Hann segist sáttur við að hætta nú en hefði viljað að gengi hans manna hefði verið betra í vetur.

„Við vorum með flottan hóp á blaði en náðum ekki að hámarka þá hæfileika sem bjuggu í liðinu. Það var svolítið erfitt að kveðja upp á það að gera,“ segir hann en Snæfell tapaði fyrir KR í úrslitakeppni deildarinnar.

Ítarlegra viðtal við Jón Ólaf er á íþróttavef Vísis. - esá

## Síðasta tækifæri Arsenal er í dag

**FÓTBOLTI** Arsenal fær hugsanlega sitt lokatækifæri í dag til þess að hanga í toppbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar. Arsenal spilar þá við Man. City og þarf sárlega þrjú stig enda sex stigum á eftir toppliði Chelsea.

Paul Scholes, fyrrverandi leikmaður Man. Utd, sagði að Arsenal væri „þúsund mílum“ frá því að vinna titilinn.

„Fólk sem hefur aldrei þjálfað hefur skoðanir. Ef sex stig er milljón mílur í burtu þá veit ég ekki hver mílan er í stigum talið,“ sagði Wenger en hann gerir sér samt grein fyrir að þetta er síðasta tækifærið hjá hans liði.

„Við megum ekki gefast upp. City er líklegast til þess að vinna titilinn og síðan Chelsea og Liverpool. Við getum brúað bilið í þessum leik og verðum að nýta tækifærið. Sannir sigurvegarar halda áfram er aðrir afskrifa þá.“ - hbg



**2 SPORT HD**

**LAUGARDAGUR**

| | |
|---|---|
| 07.50 Formúla 1 - tímataka | Sport |
| 12.35 Man. Utd-Aston Villa | Sport 2 |
| 14.50 C. Palace-Chelsea | Sport 2 |
| 14.50 Southampton-Newcastle | Sport 3 |
| 14.50 Stoke-Hull | Sport 4 |
| 14.50 Swansea-Norwich | Sport 5 |
| 14.50 WBA-Cardiff | Sport 6 |
| 17.20 Arsenal-Man. City | Sport 2 |
| 18.50 A. Bilbao-A. Madrid | Sport |
| 20.50 Real Madrid-R. Vallecano | Sport |

**SUNNUDAGUR**

| | |
|---|---|
| 07.30 Formúla 1 - kappakstur | Sport |
| 12.20 Fulham-Everton | Sport 2 |
| 14.50 Liverpool-Tottenham | Sport 2 |
| 17.00 Valero Texas Open | Golfstöðin |

## Íslenskir knattspyrnumenn sem leika í efstu deild karla í Noregi og Svíþjóð




# Þessir strákar eru tilbúnir

Keppni í sænsku og norsku úrvalsdeildunum hefst um helgina. Alls á Ísland 24 leikmenn í deildunum tveimur, þar af stóran hluta sem kom í vetur.

**FÓTBOLTI** Sem fyrr á Ísland nokkuð marga fulltrúa í úrvalsdeildunum í Svíþjóð og Noregi en nýtt tímabil í báðum deildum hefst nú um helgina. Norðmenn riðu á vaðið í gærkvöldi en fyrstu leikirnir í Svíþjóð fara fram á morgun.

Samtals leika fimmtán Íslendingar í norsku deildinni og níu í þeirri sænsku, eins og sjá má hér til hliðar. Íslendingar eiga fulltrúa í níu af sextán liðum í Noregi og átta mismunandi liðum í Svíþjóð.

Þess má svo geta að fimm íslenskir leikmenn leika með jafn mörgum liðum í dönsku úrvalsdeildinni en síðari hluti tímabilsins þar í landi hófst nýlega eftir vetrarfrí.

Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfara Íslands, fagnar því að eiga svo marga leikmenn í þessum deildum.

„Það er hraðari bolti spilaður í báðum þessum deildum en hér heima og þá er keppnistímabilið lengra. Ég tel því að þetta sé tvímælalaust skref upp á við,“ segir Heimir í samtali við Fréttablaðið.

Alls fóru átta leikmenn úr Pepsideildinni til landanna tveggja og óttast Heimir ekki að þeir hafi tekið skrefið í atvinnumennskuna of snemma.

„Flestir af ungu strákunum sem hafa farið út eru í Belgíu, Hollandi eða Danmörku. Ég held að þessir strákar sem fóru til Noregs og Svíþjóðar séu tilbúnir enda hafa þeir allir sannað sig hér heima. Almennt tel ég best að gera það áður en farið er annað,“ segir Heimir.

Það verður því ærið verkefni fyrir landsliðsþjálfarana að fylgjast með öllum þeim atvinnumönnum sem Ísland hefur eignast. „Þetta eru tæplega 90 strákar og það gefur augaleið að við getum ekki fylgst með þeim öllum. En sem betur fer höfum við aðgang að upptökum af leikjum úr öllum þeirra deildum og getum því sótt okkur leiki aftur í tímann.“

Aðeins fáeinir af þessum leikmönnum hafa verið fastamenn í íslenska landsliðinu en Heimir segir að það sé gott „milliskref“ að fara til Norðurlandanna. „Ef menn sanna sig í þessum löndum eiga þeir möguleika á að fara í enn sterkari deildir sem þjónar þá landsliðinu vel.“ eirikur@frettabladid.is



10 VIKNA HLAUPANÁMSKEIÐ
FYRIR BYRJENDUR
Miðvikudaginn 2. apríl kl.17.30 að Ásvöllum

ÆFINGATÍMAR
mánudagar kl. 17.30
miðvikudagar kl. 17.30
laugardagar kl. 9.00
Hentar öllum getustigum

Frábær hreyfing
Góður félagsskapur

SKOKKHÓPUR HAUKA
nánari upplýsingar haukarskokk@gmail.com

## Ein gegn fjölskyldunni

Gunnhildur er í erfiðri stöðu í lokaúrslitunum í ár.

**KÖRFUBOLTI** Haukakonan Gunnhildur Gunnarsdóttir er í afar sérstakri stöðu í lokaúrslitum Dominos-deildar kvenna í körfubolta sem hefjast í Stykkishólmi í kvöld. Hún er ekki bara að keppa á móti Snæfelli heldur í raun allri fjölskyldunni.

Systir hennar, Berglind, er leikmaður Snæfells, faðir hennar, Gunnar Svanlaugsson, er formaður Kd. Snæfells, og öll fjölskyldan er miklir Hólmarar.

„Bikararnir verða í fjölskyldunni sama hvernig þetta endar,“ segir Gunnhildur létt. „Þetta er mjög erfitt og ég get alveg viðurkennt það. Það er samt sérstaklega erfitt að sjá níræðan afa sinn sitja hinum megin í stúkunni eða fara á gamla heimavöllinn sinn því Snæfellshjartað slær þarna einhvers staðar undir. Ég er hins vegar að spila fyrir Haukana núna,“ segir Gunnhildur sem hefur spilað þar síðan haustið 2010. Hún er nú komin með reynslu af að mæta Snæfelli. „Þetta er alls ekki jafnerfitt og á fyrsta árinu því það var skelfilegt,“ segir Gunnhildur.

Snæfell er í lokaúrslitunum í fyrsta sinn en Gunnhildur var á sama stað með Haukunum fyrir tveimur árum. „Ég veit hvað það er að tapa í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn og það er ekki möguleiki að það gerist aftur núna,“ segir Gunnhildur ákveðin.

Lele Hardy hefur verið frábær með Haukunum í vetur og athyglin hefur verið mikið á henni. „Lele er náttúrulega frábær leikmaður en við sýndum það í seríunni á móti Keflavík að við erum ekki eins manns lið. Það er búið að sýna sig að ef við leggjum allar eitthvað í púkkið þá vinnum við eins og við gerðum bæði í bikarúrslitunum og í seríunni á móti Keflavík,“ segir Gunnhildur.



**HÓLMARI Í HAUKUNUM** Gunnhildur með Bjarna þjálfara. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnhildur er þegar búin að fagna sigri á móti „fjölskyldunni“ því Haukar unnu Snæfell í bikarúrslitaleiknum sem er eini sigur Hauka á Snæfelli í vetur. „Þau samglöddust mér alveg og tóku kannski bara bikarúrslitadaginn til að jafna sig og svo var þetta vara búið. Ég fagnaði aftur á móti fram eftir öllu,“ segir Gunnhildur. Fyrsti leikur Snæfells og Hauka hefst klukkan 18.00 í kvöld.

- óój

## ÚRSLIT

### DOMINO'S-DEILD KARLA

**8 LIÐA ÚRSLIT, 3. LEIKUR**

**KEFLAVÍK - STJARNAN 93-94**

**Keflavík:** Darrel Keith Lewis 20/7 fráköst, Michael Craion 18/11 fráköst/8 stolnir, Magnús Þór Gunnarsson 16/4 fráköst, Guðmundur Jónsson 13/6 fráköst, Þröstur Leó Jóhannsson 8, Gunnar Ólafsson 7/4 fráköst, Arnar Freyr Jónsson 6, Valur Orri Valsson 5/5 fráköst.

**Stjarnan:** Justin Shouse 37/6 fráköst/10 stoðsendingar, Marvin Valdimarsson 19/7 fráköst, Dagur Kár Jónsson 17/4 fráköst, Fannar Freyr Helgason 12/10 fráköst/5 stoðsendingar/3 varin skot, Matthew James Hairston 5/4 varin skot, Jón Sverrisson 4

*Stjarnan vann einvígið, 3-0.*

**NJARÐVÍK - HAUKAR 81-77**

**Njarðvík:** Logi Gunnarsson 20/5 fráköst/5 stoðsendingar, Elvar Már Friðriksson 19/8 fráköst/5 stoðsendingar/5 stolnir, Maciej Stanislav Baginski 13, Ágúst Orrason 11, Tracy Smith Jr. 9/13 fráköst, Ólafur Helgi Jónsson 5/4 fráköst/4 varin skot, Hjörtur Hrafn Einarsson 4.

**Haukar:** Terrence Watson 33/11 fráköst/3 varin skot, Emil Barja 13/5 fráköst/6 stoðsendingar, Sigurður Þór Einarsson 13, Haukur Óskarsson 6/4 fráköst, Helgi Björn Einarsson 6, Kristinn Marinósson 4/5 fráköst/5 stoðsendingar, Svavar Páll Pálsson 2/4 fráköst

*Njarðvík vann einvígið, 3-0.*

### NORSKA ÚRVALSDEILDIN

**MOLDE - VÅLERENGA 2-0**

**Björn Bergmann Sigurðarson skoraði seinna mark Molde. Þetta var leikur í fyrstu umferð norsku úrvalsdeildarinnar.**

visir.is
Meira um leiki gærkvöldsins















## Meistaralegur apríl á Sportinu!

Það verður gríðarleg spenna á Stöð 2 Sport og Sport 2 í apríl. Toppbaráttan magnast í spænska boltanum, úrslitakeppnin í Dominos-deildinni heldur áfram, bestu kappakstursmenn heims eru mættir á ráslínuna og enski boltinn hefur aldrei verið jafn spennandi. Síðast en ekki síst munu Rooney, Messi, Ronaldo, Zlatan og fleiri stjörnur berjast um Evrópumeistaratitilinn.
**Allt þetta og margt fleira í stútfullum Sportpakkanum.**




## Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása
og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði.
Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**11.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

# DAGSKRÁ

SUNNUDAGUR

**Stöð 2 kl. 13.00**

## Mikael Torfason – Mín skoðun



Þjóðmálaþáttur í umsjá Mikaels Torfasonar, aðalritstjóra fréttamiðla 365, í opinni dagskrá. Í þættinum verða mikilvæg samfélagsmál krufin og þau rædd frá öllum hliðum. Sanngjarn og heiðarlegur þáttur fyrir alla sem láta sig þjóðmál á Íslandi varða. Meðal sérfræðinga þáttarins eru þau Elliði Vignisson, Svandís Svavarsdóttir, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Katrín Júlíusdóttir og Vigdís Hauksdóttir.

## Í KVÖLD



**Ísland Got Talent**

**STÖÐ 2 KL. 19.45** Kynnir keppninnar er sjónvarpsmaðurinn góðkunni Auðunn Blöndal en dómarar eru Bubbi Morthens, Þórunn Antonía Magnúsdóttir, Jón Jónsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.



**Game of Thrones**

**STÖÐ 2 GULL KL. 21.00** Þriðja þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðugu valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.



**Englar alheimsins**

**SJÓNVARPIÐ KL. 19.40** Bein útsending frá lokasýningu verðlaunauppsetningar Þjóðleikhússins á Englum alheimsins. Sagan lýsir árekstri tveggja heima, brjálseminnar og hversdagsleikans og greinir frá lífi listamannsins Páls.

**Bylgjan kl. 12.20**

## Bjarni Ara



Bjarni Arason stendur vaktina á Bylgjunni alla sunnudaga kl. 12.20-16. Bjarni hefur verið í útvarpi um árabil og er einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar.


KOLAPORTIÐ



Kolaportið er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17

Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is


### STÖÐ 2

**07.21** Strumparnir
**07.45** Ævintýraferðin
**08.00** Algjör Sveppi
**09.35** Ben 10
**09.55** Tom and Jerry
**10.05** Victorious
**10.30** Nágrannar
**12.15** 60 mínútur
**13.00** Mikael Torfason - mín skoðun
**13.50** Spaugstofan
**14.15** Spurningabomban
**15.05** Heimsókn
**15.30** The Big Bang Theory
**16.05** Um land allt
**16.40** Léttir sprettir
**17.10** Geggjaðar græjur
**17.30** Ísland Got Talent
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Steindinn okkar
**19.45** Ísland Got Talent
**21.00** Mr. Selfridge *(7:10)*
**21.45** Shameless *(2:12)*
**22.40** The Following *(10:15)*
**23.25** 60 mínútur
**00.10** Mikael Torfason - mín skoðun
**00.55** Nashville
**01.35** The Politician's Husband
**02.35** The Americans
**03.20** American Horror Story. Asylum
**04.05** Mad Men
**04.55** Platoon
**07.00** Barnatími Stöðvar 2

### SPORT *besta sætið*

**07.30 Malasía** Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Malasíu.
**10.30** Hamburg - Fuchse Berlin
**11.50** Espanyol - Barcelona
**13.30** Malasía
**15.50** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**16.20** Real Madrid - Rayo Vallecano
**18.00** Njarðvík - Haukar
**19.30** Malasía
**21.50** Athletic Bilbao - Atletico Madrid
**23.30** Anzhi - AZ Alkmaar
**01.10** Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Schalke

### SPORT 2 *enski boltinn*

**09.00** Crystal Palace - Chelsea
**10.40** Arsenal - Man. City
**12.20 Fulham - Everton** Bein útsending
**14.50 Liverpool - Tottenham** Bein útsending
**17.00** Man. Utd. - Aston Villa
**18.40** Fulham - Everton
**20.20** Liverpool - Tottenham
**22.00** Swansea - Norwich
**23.40** Stoke - Hull

### ÍNN

**14.00** Frumkvöðlar **14.30** Eldhús meistaranna **15.00** Vafrað um Vesturland **15.30** Stormað um Hafnarfjörð **16.00** Hrafnaþing **17.00** Stjórnarráðið **17.30** Skuggaráðuneytið **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur,tækni og kennsla. **19.00** Fasteignaflóran **19.30** Á ferð og flugi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín **22.00** Hrafnaþing **23.00** Reykjavíkurrölt **23.30** Eldað með Holta

### STÖÐ 3

**10.40** Simpson-fjölskyldan
**11.00** Friends
**11.25** Mindy Project
**11.45** Suburgatory
**12.05** Glee
**12.50** Hart of Dixie
**13.30** Gossip Girl
**14.15** The Carrie Diaries
**15.00** Pretty Little Liars
**15.45** Top 20 Funniest
**16.30** Amazing Race
**17.15** Lying Game
**17.55** Men of a Certain Age
**18.40** The New Normal
**19.00** Bob's Burgers
**19.25** American Dad *(11:18)*
**19.50** The Cleveland Show *(9:22)*
**20.15** Unsupervised *(11:13)*
**20.55** Bored to Death *(2:8)*
**21.20** The League *(5:13)*
**21.45** Deception *(4:11)*
**22.30** The Glades *(13:13)*
**23.10** The Vampire Diaries *(7:22)*
**23.55** Bob's Burgers
**00.15** American Dad
**00.35** The Cleveland Show
**00.55** Unsupervised
**01.40** Bored to Death
**02.05** The League
**02.25** Deception
**03.05** Tónlistarmyndbönd

### Krakkastöðin

**07.23** Ævintýraferðin **07.36** Tom and Jerry **07.44** Rasmus Klumpur og félagar **07.49** Elías **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.19** Svampur Sveinsson **09.45** Hvellur keppnisbíll **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.25** Brunabílarnir **10.47** Mamma Mu **10.55** Hello Kitty **11.00** Ljóti andarunginn og ég **11.23** Elías **11.34** Ævintýraferðin **11.47** Tom and Jerry **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.46** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.21** Svampur Sveinsson **13.45** Hvellur keppnisbíll **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.24** Brunabílarnir **14.46** Mamma Mu **14.51** Hello Kitty **15.00** Ljóti andarunginn og ég **15.23** Elías **15.34** Ævintýraferðin **15.47** Tom and Jerry **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.46** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.21** Svampur Sveinsson **17.45** Hvellur keppnisbíll **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.24** Brunabílarnir **18.46** Mamma Mu **18.51** Hello Kitty **19.00** Paranorman **20.30** Sögur fyrir svefninn

### GULL

**18.05** Strákarnir
**18.35** Friends
**19.00** Seinfeld
**19.25** Modern Family
**19.50** Two and a Half Men
**20.15** Viltu vinna milljón? *(23:30)*
**21.00** Game of Thrones *(8:10)*
**21.55** Krøniken *(21:22)*
**23.00** Ørnen
**00.00** Ally McBeal
**00.45** Viltu vinna milljón?
**01.25** Game of Thrones
**02.20** Krøniken
**03.20** Ørnen
**04.20** Ally McBeal
**05.05** Tónlistarmyndbönd

### BÍÓ

**07.40** The Object of My Affection
**19.50** In Her Shoes
**22.00** Magic MIke
**23.50** The Dark Knight Rises
**02.30** Brighton Rock
**04.20** Magic MIke

### RÚV

**07.00** Morgunstundin okkar
**10.15** Melissa og Joey
**10.35** Minnisverð máltíð – Sara Blædel
**10.45** Mótorsystur
**11.00 Sunnudagsmorgunn** Gísli Marteinn Baldursson fær til sín gesti og ræðir við þá um málefni líðandi stundar. Stjórn útsendingar: Jón Egill Bergþórsson.
**12.10** Grínistinn
**12.55** Heimur orðanna – Hver erum við?
**13.55** Dagfinnur dýralæknir
**15.20** Getur skordýraát bjargað heiminum?
**16.20** Mótorsystur
**16.40** Leiðin á HM í Brasilíu *(4:16)*
**17.10** Táknmálsfréttir
**17.21** Stella og Steinn
**17.33** Friðþjófur forvitni
**17.56** Skrípin
**18.00** Stundin okkar
**18.25** Hvolpafjör
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.40 Englar alheimsins** Bein útsending frá lokasýningu verðlaunauppsetningar Þjóðleikhússins á Englum alheimsins. Sagan lýsir árekstri tveggja heima, brjálseminnar og hversdagsleikans og greinir frá lífi listamannsins Páls sem ungur að árum er orðinn illa haldinn af geðveiki og missir tökin á lífinu. Með aðalhlutverk fer Atli Rafn Sigurðarson, leikstjóri er Þorleifur Örn Arnarsson og leikgerðin er eftir Þorleif Örn og Símon Birgisson.
**22.25 Afturgöngurnar** *(7:8) (Les Revenants)* Dulmagnaðir spennuþættir sem hlutu alþjóðlegu Emmy-verðlaunin sem besti leikni myndaflokkurinn í nóvember á síðasta ári.
**23.15** Sunnudagsmorgunn
**00.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**12.30** Dr. Phil
**14.30** Once Upon a Time
**15.15** 7th Heaven
**15.55** 90210
**16.40** Parenthood
**17.25** Friday Night Lights
**18.05** Ice Cream Girls
**18.50** The Good Wife
**19.40** Judging Amy
**20.25** Top Gear *(3:7)*
**21.15** Law & Order *(8:22)*
**22.00** The Walking Dead *(13:16)*
**22.45** The Biggest Loser - Ísland
**23.45** Elementary
**00.35** Scandal
**01.20** The Walking Dead
**02.05** Beauty and the Beast
**02.50** The Bridge
**03.30** The Tonight Show
**04.20** Pepsi MAX tónlist

### SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **12.25** AFC Ajax - FC Twente **14.25** AFC Ajax - FC Twente **16.25** FC Bayern Munchen - 1899 Hoffenheim **18.25** Vitesse - Heerenveen **20.25** Borussia Dortmund - FC Schalke 04 **22.25** Motors TV

### Golfstöðin

**08.20** PGA Tour 2014 **13.20** Golfing World 2014 **14.10** LPGA Tour 2014 **16.10** Golfing World 2014 **17.00** PGA Tour 2014 **22.00** PGA Tour 2014 - Highlights **23.00** LPGA Tour 2014

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




STÖRF Í BOÐI

**Bílstjórar** Akureyri • Hafnarfjörður

Við leitum að góðum bílstjórum til aksturs hópferðabíla sumarið 2014. Störf standa til boða bæði á Akureyri og í Hafnarfirði.

**Hæfniskröfur**

D-réttindi til meiraprófs • Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum • Stundvísi og reglusemi
Tungumálakunnátta er kostur • Hreint sakavottorð

**Bifvélavirki** Hafnarfjörður

Við óskum eftir bifvélavirkja eða vönum viðgerðarmanni til starfa á verkstæði fyrirtækisins að Hjallahrauni 2 í Hafnarfirði.

**Hæfniskröfur**

Sveinspróf í bifvélavirkjun eða mikil reynsla af viðgerðum hópferðabíla • Góð tölvukunnátta
Tungumálakunnátta er kostur

**Skrifstofustörf** Akureyri • Hafnarfjörður

Við óskum eftir starfsmönnum á skrifstofu fyrirtækisins á Akureyri og í Hafnarfirði fyrir sumarið 2014. Viðkomandi þurfa að geta unnið undir álagi og utan hefðbundins skrifstofutíma.

**Hæfniskröfur**

Hæfni í mannlegum samskiptum • Sjálfstæð vinnubrögð
Góð tölvukunnátta • Góð enskukunnátta • Hreint sakavottorð

Tekið verður á móti umsóknum á vefnum www.sba.is til 15. apríl nk.
Öllum umsóknum verður svarað.

ICELANDIC BUS COMPANY
SBA-NORÐURLEIÐ
HJALTEYRARGÖTU 10 • 600 AKUREYRI
Akureyri 5 500 700 • Fax: 5 500 701
sba@sba.is • www.sba.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

habitat 1964

# VORSPRETTUR!



## 20% AFSLÁTTUR

**AF ÖLLUM VÖRUM FIMMTUDAG TIL ÞRIÐJUDAGS**

(27/3 –1/4 2014)

TEKK COMPANY

Gerum hús að heimili | TEKK COMPANY og HABITAT | Kauptúni | Sími 564 4400
Opið mánudaga til laugardaga kl. 11-18 og sunnudaga kl. 13-18

Vefverslun á www.tekk.is

# DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR



## Jennifer Lopez

„Ef þú elskar ekki sjálfan þig, þá getur þú ekki elskað neinn annan. Ég, sem kona, held að margar konur gleymi þessu.“

*Leikkonan Jennifer Lopez leikur eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Parker sem sýnd er í kvöld á Stöð 2 klukkan 21.40.*

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

KRISTÍN STEFÁNSDÓTTIR FÖRÐUNARMEISTARI OG EIGANDI NN MAKEUP SCHOOL

**Ég horfi mikið á sjónvarp** þegar ég vil slaka á og hlaða batteríin. Mitt uppáhaldssjónvarpsefni er hryllingsmyndir og alls kyns horror, því ógeðslegra, því betra og ég fæ aldrei nóg af þeirri dásemd.





1 **American Horror Story.** Mitt uppáhald núna þessa stundina er American Horror Story. Ég elska flækjuna í söguþræðinum og hvernig þeir byggja upp spennuna.



2 **Walking Dead.** Annar þáttur sem ég bókstaflega elska er Walking Dead. Þeir eru hrein snilld, allt í einni nammiskál, sombíar og blóðslettur út um allt.



3 **Breaking Bad.** Síðan finnst mér Breaking Bad alveg frábærir þættir, það er alveg dásamlegt að fylgjast með karakterunum.



## Bylgjan kl. 16.00
### Veistu hver ég var?

Siggi Hlö stjórnar einum vinsælasta útvarpsþætti landsins. Aðalsmerki þáttarins er tónlist frá níunda áratug síðustu aldar. Eitís.






## STÖÐ 2

**06.10** Simpson-fjölskyldan
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**10.05** Tommi og Jenni
**10.30** Scooby-Doo! Mystery Inc.
**10.50** Kalli kanína og félagar
**11.10** Batman
**11.30** Big Time Rush
**11.55** Bold and the Beautiful
**13.40** Ísland Got Talent
**14.25** Lífsstíll
**14.45** Life's Too Short
**15.20** Stóru málin
**15.55** Sjálfstætt fólk
**16.30** ET Weekend
**17.15** Íslenski listinn
**17.45** Sjáðu
**18.15** Hókus Pókus
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.55** The Crazy Ones *(13:22)*
**19.15** Lottó
**19.20** Two and a Half Men *(11:22)*
**19.45** Spaugstofan
**20.10** Robot and Frank
**21.40** Parker
**23.35** Eden
**00.55** Fast Five
**03.05** Cedar Rapids
**04.30** Predator
**06.15** Spaugstofan
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Waybuloo

## STÖÐ 3

**11.10** Simpson-fjölskyldan
**11.30** Friends
**11.55** Mindy Project
**12.15** Suburgatory
**12.35** Glee
**13.20** Hart of Dixie
**14.00** Gossip Girl
**14.45** The Carrie Diaries
**15.30** Pretty Little Liars
**16.15** The Cleveland Show
**16.35** Junior Masterchef Australia
**17.20** American Idol
**19.00** Jamie's 30 Minute Meals
**19.30** Raising Hope *(7:22)*
**19.55** The Neighbors *(19:22)*
**20.15** Cougar town 4 *(13:15)*
**20.40** Memphis Beat *(6:10)*
**21.25** Dark Blue
**22.10** LOL
**23.40** The Pool Boys
**01.05** Unsupervised
**01.25** Brickleberry
**01.50** Bored to Death
**02.10** The League
**02.30** Deception
**03.10** Jamie's 30 Minute Meals
**03.35** Raising Hope
**03.55** The Neighbors
**04.15** Cougar town 4
**04.35** Memphis Beat
**05.20** Dark Blue
**06.05** Tónlistarmyndbönd

## GULL

**17.15** Strákarnir
**17.45** Friends
**18.10** Seinfeld
**18.35** Modern Family
**19.00** Two and a Half Men
**19.25** The Practice *(10:13)*
**20.10** Footballers Wives *(5:9)*
**21.00** Game of Thrones *(7:10)*
**21.55** Entourage *(5:12)*
**22.20** Krøniken
**23.20** Ørnen
**00.15** The Practice
**01.00** Footballers Wives
**01.45** Game of Thrones
**02.40** Entourage
**03.10** Tónlistarmyndbönd

## SPORT

*besta sætið*

**07.50** Formula 1 2014 - Tímataka Bein útsending
**09.40** Golfing World 2014
**10.30** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**11.00** Barcelona - Celta
**12.40** Formula 1 2014 - Tímataka
**14.20** La Liga Report
**14.50** Espanyol - Barcelona Bein útsending
**17.00** Hamburg - Fuchse Berlin
**18.20** KS deildin
**18.50** Athletic Bilbao - Atletico Madrid Bein útsending
**20.55** Real Madrid - Rayo Vallecano Bein útsending
**23.00** Espanyol - Barcelona
**00.40** Jean Pascal vs. Lucien Bute
**02.50** Athletic Bilbao - Atletico Madrid

## SPORT 2

*enski boltinn*

**08.25** West Ham - Hull
**10.20** Match Pack
**10.50** Arsenal - Swansea City
**12.35** Man. Utd. - Aston Villa Bein útsending
**14.50** Crystal Palace - Chelsea Bein útsending
**17.20** Arsenal - Man. City Bein útsending
**19.30** Southampton - Newcastle
**21.10** Stoke - Hull
**22.50** Swansea - Norwich
**00.30** WBA - Cardiff

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.19** Svampur Sveinsson **07.45** UKI **07.50** Hvellur keppnisbíll **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.25** Brunabílarnir **08.47** Mamma Mu **08.55** Hello Kitty **09.00** Ljóti andarunginn og ég **09.23** Elías **09.34** Ævintýraferðin **09.47** Tom and Jerry **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.46** Doddi litli og Eyrnastór **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.21** Svampur Sveinsson **11.45** UKI **11.50** Hvellur keppnisbíll **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Brunabílarnir **12.44** Mamma Mu **12.51** Hello Kitty **13.00** Ljóti andarunginn og ég **13.23** Elías **13.34** Ævintýraferðin **13.47** Tom and Jerry **13.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.46** Doddi litli og Eyrnastór **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.21** Svampur Sveinsson **15.45** UKI **15.50** Hvellur keppnisbíll **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.24** Brunabílarnir **16.46** Mamma Mu **16.51** Hello Kitty **17.00** Ljóti andarunginn og ég **17.23** Elías **17.34** Ævintýraferðin **17.47** Tom and Jerry **17.55** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.46** Doddi litli og Eyrnastór **19.00** Happy Feet Two **20.40** Sögur fyrir svefninn

## BÍÓ

**08.00** 27 Dresses
**09.50** The Young Victoria
**11.35** Journey 2. The Mysterious Island
**13.10** What to Expect When You are Expecting
**15.00** 27 Dresses
**16.50** The Young Victoria
**18.35** Journey 2. The Mysterious Island
**20.10** What to Expect When You are Expecting
**22.00** Son Of No One
**23.35** Staten Island
**00.00** Trouble With the Curve
**01.10** Killing Them Softly
**01.50** The Object of My Affection
**02.50** Son Of No One
**03.40** In Her Shoes
**05.50** Trouble With the Curve

## RÚV

**07.00** Morgunstundin okkar
**10.20** Stundin okkar
**10.45** Landinn
**11.15** Útsvar
**12.15** Brautryðjendur
**12.45** Djöflaeyjan
**13.15** Tony Robinson í Ástralíu
**14.10** Liljur vallarins
**15.05** Þegar illskan brýst fram
**15.35** Skólaklíkur
**16.20** Forkeppni EM í handbolta kvenna *(Frakkland - Ísland)* Bein útsending frá leik Frakklands og Íslands í forkeppni EM í handbolta.
**18.00** Grettir
**18.10** Táknmálsfréttir
**18.20** Violetta *(1:26) (Violetta)*
**18.45** Gunnar
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.40** Hraðfréttir
**19.50** Grínistinn *(4:4)*
**20.35** Fagri Blakkur *(Black Beauty)*
**22.20** Woodstock yfirtekin *(Taking Woodstock)*
**00.15** Fallin hetja *(Hancock)*
**01.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**11.20** Dr. Phil
**12.40** Got to Dance
**13.30** Judging Amy
**14.15** Sean Saves the World
**14.40** The Voice
**16.55** Svali&Svavar
**17.35** The Biggest Loser - Ísland
**18.35** Top Chef
**19.20** 7th Heaven *(12:22)*
**20.00** Once Upon a Time *(12:22)* Lífið í Story Brook er aldrei hversdagslegt þar sem allar helstu ævintýrapersónur veraldar lifa saman í allt öðru en sátt og samlyndi.
**20.45** Beauty and the Beast - NÝTT *(1:22)* Önnur þáttaröðin um þetta sígilda ævintýri sem fært hefur verið í nýjan búning. Aðalhlutverk eru í höndum Kristin Kreuk og Jay Ryan.
**21.25** 90210 *(12:22)* Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmennanna í Beverly Hills þar sem ástin er aldrei langt undan.
**22.15** Laws of Attraction
**23.45** Trophy Wife
**00.10** Blue Bloods
**00.55** Mad Dogs
**01.45** Californication
**02.15** Friday Night Lights
**03.00** The Tonight Show
**04.40** The Borgias
**05.25** Pepsi MAX tónlist

## ÍNN

**17.00** Reykjavíkurrölt **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Reykjavíkurrölt **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur,tækni og kennsla. **23.00** Fasteignaflóran **23.30** Á ferð og flugi **00.00** Hrafnaþing

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **11.00** Golfing World 2014 **11.50** Inside The PGA Tour 2014 **12.15** PGA Tour 2014 - Highlights **13.10** PGA Tour 2014 **16.10** Golfing World 2014 **17.00** PGA Tour 2014 **22.00** Golfing World 2014 **23.00** LPGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


ego dekor
NÝJAR VÖRUR
DICE 4ra sæta leðursófi
Breidd: 300cm
Verð: 278.000,-
SKEMILL
Stærð: 87x70cm
Verð: 49.900,-
MODESTO leðursófi
Stærð: 300x210cm
Verð: 398.000,-
VANCOUVER HÚSGÖGN - GEGNHEILL AKASÍUVIÐUR
SKENKUR
Breidd: 190cm
Verð: 159.000,-
STÓR GLERSKÁPUR
Breidd: 168cm
Verð: 268.000,-
ALL 4 YOU - SKÁPUR
Breidd: 90cm
Verð: 69.900,-
GLERSKÁPUR
Breidd: 124cm
Verð: 185.000,-
SÓFABORÐ
Stærð: 120x70cm
Verð: 89.000,-
SJÓNVARPSSKENKUR
Breidd: 180cm
Verð: 118.000,-
Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

## SKIPULEGGUR LÍFIÐ Í KRINGUM FÓTBOLTA

**Stefán Pálsson**, sagnfræðingur og erkinörd, stendur nú í ströngu við að skrifa hundrað bloggpistla um hina ýmsu fótboltaleiki sem hann man eftir. Pistlarnir eru orðnir fjörutíu talsins en Stefán telur sig eiga nóg efni í sextíu pistla til viðbótar.



Stefán hefur nú þegar sagt frá því þegar hann missti nærri af eigin brúðkaupi vegna leiks Víkings og FH og þegar hann dró aldraðan afa sinn með sér á KR-krána Rauða ljónið til að horfa á heimsmeistaramótið árið 1994. - ssb



„North pissaði á hann akkúrat þarna."

**KIM KARDASHIAN** UM DÓTTUR SÍNA OG TÓNLISTARMANNSINS KANYE WEST ÞEGAR ÞAU SÁTU FYRIR FYRIR VOGUE.

## VARABORGARFULLTRÚI VILLIST Í MIÐBÆNUM

Diljá Ámundadóttir, frambjóðandi Bjartrar framtíðar til borgarstjórnarkosninga, rammvilltist á ferðum sínum í Grjótaþorpinu í miðborginni í gær, en það er sennilega ekki oft sem varaborgarfulltrúi villist í heimabænum.



Diljá sagði frá þessu á Facebook-síðu sinni. Diljá rankaði við sér í fallegum bakgarði í Kvosinni. Aðspurð sagðist hún vonast til þess að villast oftar og fá þannig tækifæri til að sjá nýjar hliðar á Reykjavík.

## DULARFULLT PARTÍ

Heimildir Fréttablaðsins herma að tískumerkið Ella, með hönnuðinn Elínrósu Líndal fremstan í flokki, blási til teitis í kvöld á fyrstu hæð Gamla bíós. Mikil leynd hvílir yfir partíinu en samkvæmt heimildum blaðsins er búið að handvelja gesti sem þurfa sérstakt vegabréf til að komast inn í teitið. Er þetta partí hugsað sem framhald af tískusýningu Ellu á RFF og eins konar lokahnykkur á herlegheitin.



- lkg

# Broadway kveður fyrir fullt og allt

**Skemmti- og veitingastaðurinn Broadway kveður með glæsibrag þann 11. apríl næstkomandi. Á lokakvöldinu ætla gamlir starfsmenn, skemmtikraftar og velunnarar að hittast í hinsta sinn á Broadway og eiga þar góða stund. Fjöldi listamanna kemur fram þetta kvöld.**

„Þegar það lá ljóst fyrir að Broadway í Ármúla myndi loka, ákváðum við að hóa saman eldri og yngri starfsmönnum, skemmtikröftum og velunnurum á einu veglegu lokakvöldi áður en Broadway verður lokað endanlega," segir Hörður Sigurjónsson, fyrrverandi yfirþjónn á Broadway, en hann starfaði þar í fimmtán ár. Nú liggur ljóst fyrir að þann 11. apríl næstkomandi verður síðasta kvöldið sem eitthvað verður um að vera á Broadway. „Það hafa auðvitað einhverjar þúsundir unnið og skemmt á stöðunum þremur þannig það verður eflaust talsvert af fólki. Það komast um 2.500 manns fyrir þannig að það er nóg pláss fyrir almenna gesti og velunnara," segir Hörður.

Broadway var stofnað í Álfabakka 6. nóvember árið 1981 af Ólafi Laufdal og varð fljótlega vinsælasti veitingastaður landsins. „Hótel Ísland var svo opnað í Ármúla árið 1986 en Broadway verður þó áfram í Álfabakka í einhvern tíma. Svo flutti Broadway á Hótel Ísland." Á lokakvöldi Broadway kemur fram fjöldi listamanna sem tengjast staðnum. „Það ætla skemmtikraftar sem skemmt hafa á stöðunum í gegnum árin að koma fram á lokakvöldinu eins og Stjórnin, sem var einmitt húshljómsveit á Hótel Íslandi á sínum tíma, Regína Ósk, Bryndís Ásmundsdóttir, Ari Jónsson, Einar Júlíusson, gamlir diskótekarar og margir fleiri listamenn," segir Hörður um lokakvöldið. Myndum af starfsmönnum í leik og starfi verður varpað á stórt tjald á lokakvöldinu.

Broadway hýsti fjölda sýninga, tónleika og skemmtana og hefur skipað stórt hlutverk í menningarlífi Íslendinga þau ár sem starfsemin hefur verið í gangi. Þar hafa komið fram listamenn á borð við Tom Jones, Jerry Lee Lewis, Fats Domino, The Shadows, The Strokes, Nick Cave, Rod Stewart og ógrynni fleiri heimsþekktra nafna í tónlistargeiranum.

Forsala á þennan merkilega viðburð verður miðvikudaginn 9. apríl og fimmtudaginn 10. apríl.

gunnarleo@frettabladid.is




**BROADWAY KVEÐUR** Hörður Sigurjónsson er einn þeirra sem skipuleggja lokakvöld á Broadway sem fram fer þann 11. apríl

## FRÆGIR Á BROADWAY



**TOM JONES** kom fram á Hótel Íslandi í maímánuði árið 1990.



**JERRY LEE LEWIS** kom fram á Broadway í Mjódd árið 1986.



**NICK CAVE** kom fram á Broadway í desember árið 2002



**THE STROKES** kom fram á Broadway árið 2003.



**ROD STEWART** var plataður upp á svið á Broadway í Mjódd árið 1985 og tók lagið með Björgvini Halldórssyni.



**LANDSLIÐIÐ** Af sýningu á Brodway, f.v. Gunnar Þórðarson, Björgvin Halldórsson, Þuríður Sigurðardóttir og Egill Ólafsson.



**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON →** „Ég var skemmtanastjóri á Broadway í mörg ár og tók þar til dæmis á móti mörgum heimsþekktum erlendum skemmtikröftum. Þetta var rosalega skemmtilegur tími og gaman að taka á móti þessum frægu stjörnum. Ég á margar frábærar minningar, það var til dæmis mjög gaman að syngja með Rod Stewart. Allar sýningarnar sem ég setti upp og tók þátt í eru líka ofarlega í huga eins og sýningarnar Allt vitlaust, Þó líði ár og öld og margar fleiri söngsýningar. Það var algjört þrekvirki að byggja staðinn upp, eftir að Broadway lokar er sárvöntun á svona stöðum, þar sem fólk getur borðað, horft á „show" og dansað, þetta eru bara orðnir litlir öskubakkar niðri í bæ. Ég hef þó trú á að þetta fari í hringi því ég man að þegar diskóið var við völd, var minna um lifandi flutning og þá voru plötusnúðarnir allsráðandi. Þegar diskóið rann út þá duttu plötusnúðarnir inni í hljómsveitirnar. Þetta breytist og fer í bylgjur."



**SIGGA BEINTEINS →** „Það er hræðilegt að það þurfi að loka þessu húsi, þetta er eina húsið þar sem hægt er að vera með svona dinner, „show" og dansleik á eftir. Þetta hús er svo sérstakt og flott. Það var frábært að vinna fyrir Ólaf Laufdal. Það verður mikil eftirsjá hjá flestu tónlistarfólki sem ég þekki. Ég á margar minningar þaðan og var mikið að spila og syngja í þessu húsi. Ég setti til dæmis upp Tinu Turner tribute, á árunum 2006-2007, það var rosalega skemmtilegt. Svo var Stjórnin húshljómsveit þarna í þrjú ár. Það var mjög eftirminnilegt þegar ég hitti John Travolta og Tom Jones. Það kom mér sérstaklega á óvart hvað Travolta var lítill en hann kom hingað stuttu eftir Grease-ævintýrið. Við í Stjórninni spilum í lokahófinu, það verður talið í allt þetta skemmtilegasta og við rifjum gamla prógrammið."



**ÓLAFUR LAUFDAL, STOFNANDI BROADWAY** →„Ég hætti fyrir tíu árum en þetta var meiriháttar tími þegar ég byggði upp Broadway. Ég var menntaður þjónn og stofnaði Hollywood sem var vinsælasti veitingastaðurinn í bænum. Eftir það byggði ég svo Broadway í Álfabakka, sem tók 1.500 manns og þar komu fram margir frægir skemmtikraftar. Svo kom upp sú staða að mig vantaði stærra pláss og þá byggði ég Hótel Ísland í Ármúla. Þar hafði ég leyfi fyrir 2.200 manns. Ég á frábærar minningar og það var gaman að hitta svona mikið af heimsfrægum skemmtikröftum. Þegar ég hætti með reksturinn þá var mjög mikið að gera. Sonur minn, Arnar Laufdal tók við rekstrinum og það gekk mjög vel. Við vorum alltaf með stærstu árshátíðirnar en eftir hrunið urðu margar árshátíðir minni. Það var alltaf nóg að gera þegar við vorum með þetta. Reksturinn var í fínu lagi þegar ég hætti, en ég ætlaði að taka því rólega og gerði það í eitt til tvö ár en svo fór að byggja hús í Grímsnesi og er nú með Hótel Grímsborgir."



# MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM OG GJAFAVÖRU!



**Islandia** borðstofuhúsgögn, spænsk hönnun og framleiðsla. Fáanleg í eik og hnotu.



HTL 7908 sófasett 3+1+1, verð 496.000,-, verð nú 396.800,-



Klukka NexTime16.400,-, nú 13.940,-



Kökudiskur LSA með hjálmi, kr. 12.800,-



Sófi Sphera, verð frá 415.000,-, verð nú frá 352.750,-



Sófi Crescent, verð frá 338.000,- verð nú frá 270.400,-



Lugtir Hübsch, verð frá kr. 4.400,- til 8.700,-

# HEIMA HÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland


## NÆRMYND



## Steinunn Sigurðardóttir

**Fatahönnuður**
**ALDUR 54 ára**

Steinunn Sigurðardóttir er hæfileikaríkur fatahönnuður en Calvin Klein sagði í vikunni að hún væri hæfileikaríkasti hönnuður sem hann hefði kynnst á lífsleiðinni. Það er ekki í fyrsta sinn sem Steinunn fær lof að utan, en hún var meðal annars fyrsti fatahönnuðurinn til þess að fá sænsku Söderberg-verðlaunin árið 2008. Ári seinna, 2009, var hún borgarlistamaður Reykjavíkur.

Hún Steinunn er gríðarlega vinnusöm og drífandi. Hún er skapandi, með frjóa hugsun og mjög fágaðan smekk. Hún er alltaf með mörg járn í eldinum og gerir miklar kröfur til sín, hættir aldrei fyrr en hún er ánægð með niðurstöðuna. Svo hugsar hún vel um alla í kringum sig, fjölskyldu sína og alla þá sem standa henni nærri. Síðan er hún náttúrulega ástin í lífi mínu og ég er alltaf stoltur af henni.



***Páll Hjaltason, eiginmaður***

Hún er ótrúlega klár og góð í sínu fagi. Hún er líka svo rosalega mikil fjölskyldumanneskja og heldur vel utan um stórfjölskylduna. Henni þykir vænt um þau tengsl og ræktar þau mjög vel. Hún er líka mjög ákveðin kona og veit hvað hún vill en það hefur líka skilað henni árangri. Síðan er hún líka mjög hjálpsöm og hlý, það er alltaf hægt að leita til hennar.



***Ilmur Kristjánsdóttir, vinkona***

Steinunn er einstök fagmanneskja og ótrúlegur fjársjóður fyrir íslenska hönnunarsamfélagið og samfélagið í heild. Hún hefur kraftmikla og sterka sýn á framtíðaratvinnulífið á Íslandi sem ég vona að verði að veruleika. Það besta við Steinunni er þó hjartahlýjan og ómótstæðileg lífsgleðin sem smitar alla sem hún umgengst.



***Dagur B. Eggertsson, vinur***


**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið



**SOCKERKAKA** kökuform
1,5l. Sílíkongúmmí
Ljósblátt **1.190,-**

**IRIS** pottaleppar. B21×L21cm
Grátt **495,-/2 í pk.**

**SOCKERKAKA** bökunarmotta og -hnífur. B45×L62cm
Ljósblátt **1.690,-**

**55,-/stk.**
**TEKLA** diskaþurrkur
100% bómull. B50×L65cm
Hvítt/rautt

# Fermingarveisla í toppformi

**695,-**
**MAGASIN** kökukefli
L43cm. Gegnheilt birki

**DRÖMMAR**
kökuform. Teflonhúðað. 1,7l
B25×L37, H3cm. Rautt **995,-**

**IDEALISK** mælikanna. 1l. H13,5cm
Ryðfrítt stál **695,-**



**DRÖMMAR** kökuform
Pappír. Ýmsir litir
Ø4, H4cm **125,-/65 í pk.**
Ø7, H2,5cm **295,-/60 í pk.**

**DRÖMMAR** kökumót
Plast. Ø23cm. Ljósblátt
**1.190,-/14 í setti**

**DRÖMMAR**
stenslar. 5 mismunandi mynstur
Ljósblátt **395,-/5 í setti**

**795,-/6 í pk.**
**SOCKERKAKA** kökuform. Sílíkongúmmí.
Ø6, H5cm. Ýmsir litir

**BLANDA** skálar. Glært gler
Ø20, H9cm **795,-**
Ø28, H13cm **1.490,-**

**295,-**
**GUBBRÖRA**
sleikja. L25cm
Ýmsir litir

**DRÖMMAR** tertuspjöld Ø18cm. Ýmsir litir/ýmsar tegundir **695,-/4 í pk.**

**DRÖMMAR** kökuskreytingasett. Inniheldur: Spaða, kökuskera, 2 sprautupoka og 6 sprautuhausa **995,-**

**SOCKERKAKA** kökuform
0,5 og 1,6l. Sílíkongúmmí
Ljósblátt **1.690,-/2 í setti**

© Inter IKEA Systems B.V. 2014

**VEITINGASTAÐURINN**
**0,-**
Börn, tólf ára og yngri, fá að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli

**Vegna árshátíðar starfsfólks verður versluninni lokað kl. 18 í dag, laugardag**

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**